

Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006 til 2008 I. bindi



Ritstjóri: Sólveig Guðmundsdóttir Beck

Höfundar efnis: Ágústa Edwald, Jóhann Gunnarsson Robin,
Lísa Rut Björnsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson



Fornleifastofnun Íslands
FS417-06011
Reykjavík
2009

Forsíðumynd er útihústóft RA-371:002 á Húsum, horft til suðurs

© Fornleifastofnun Íslands 2009

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

EFNI

I. bindi

I. INNGANGUR	4
II. UM FORNLEIFASKRÁNINGU OG LÖGGJÖF	6
III. BYGGÐASAGA ÁSAHREPPS	8
IV. FORNLEIFASKRÁ	15
RA-358 Ás	17
RA-359 Ásmúli	40
RA-360 Framnes	44
RA-361 Áskot (Vesturkot/Suðurkot/Kot)	49
RA-362 Norðurkot (Norður Áskot/Imbukot)	52
RA-363 Hellnatún	53
RA-364 Ásmundarstaðir	71
RA-365 Sel	85
RA-366 Áshóll	97
RA-368 Berustaðir	109
RA-369 Efri Hamrar	127
RA-370 Hárlaugstaðir	141
RA-371 Húsar	158
RA-372 Hamrar (Syðri)	176
RA-373 Hamrahóll	184
RA-374 Sauðholt	190
RA-375 Kálfholt	201
RA-376 Kálfholtshjáleiga	218
RA-377 Krókur	222

II. bindi

IV. FORNLEIFASKRÁ (FRH.)

RA-378 Heiði	
RA-379 Herríðarhóll	
RA-408 Sumarliðabær	
RA-424 Vetleifsholt	
RA-425 Hellir	
RA-426 Rifshalakot	
RA-427 Gata	
RA-428 Lindarbær	
RA-429 Kastalabrekka	
RA-430 Gíslakot	
RA-431 Hrútur	
RA-432 Ráðagerði	
RA-673 Holtamannafréttur	
RA-674 Þóristungur	

V. SAMANTEKT

VI. VERNDUN OG KYNNING MINJA Í ÁSAHREPPI

VII. HEIMILDASKRÁ

VIII. VIÐAUKAR

I. Inngangur

Á árunum 2006 til 2008 fór aðalskráning fornleifa í Ásahreppi og Holtamannaafretti fram í þremur áföngum. Á þessum svæðum voru samtals skráðar um 750 fornleifar.

Haustið 2006 fór fram fyrsti áfangi skráningar í Ásahreppi. Fór skráningin fram síðari hluta ágústmánaðar og fram í september og voru skrásetjarar þau Sólveig Guðmundsdóttir Beck jarðfornleifafræðingur og Stefán Ólafsson fornleifafræðingur. Skráðar voru 15 jarðir af 31 á þessu tímabili. Samtals voru skráðar 372 fornleifar eða svo til allur suðvesturhluti skráningarsvæðisins á austurbakka Þjórsár norðan við Hrútsvatn og Safamýri sem þýðir að meðaltali voru um 25 fornleifar á hverri jörð. Af jörðunum 15 sem skráðar voru þetta ár voru þrjár (Norðurkot, Efri-Hamrar og Húsar) farnar í eyði.

Sumarið 2007 fór fram annar áfangi verkefnisins og sá þá Sólveig Guðmundsdóttir Beck alfarið um skráninguna. Hún hófst síðari hluta júlímánaðar 2007 og var unnin með hléum allt fram í mars árið 2008 og skráðar voru 16 jarðir. Samtals voru skráðar 325 fornleifar sem þýðir að meðaltali voru um 20 fornleifar á hverri jörð. Af þeim 16 bæjum sem skráðir voru eru sex farnir í eyði (Hellir, Gata, Lindarbær, Gíslakot, Hrútur og Ráðagerði).

Síðsumars 2008 fór svo fram þriðji og síðasti áfangi skráningarinnar. Þá skráðu Ágústa Edwald fornleifafræðingur og Jóhann Gunnarson Robin nemi fornminjar á Holtamannaafretti og í Þóristungum. Unnið var á vettvangi dagana 18.-22. ágúst 2008 og skráðar voru alls 54 fornleifar á þeim tíma. Hér gefur á að líta niðurstöður skráningaráfanganna þriggja. Stærstur hluti skýrslunnar fjallar um minjar í sjálfum hreppnum en í V. kafla er að finna samantekt um minjar á afretti. Um samantekt upplýsinga og frágang lokaskýrslu sá Sólveig Guðmundsdóttir Beck en Lís Rut Björnsdóttir sá um kortagerð.

Efnisskipan í þessari skýrslu er með þeim hætti að á eftir inngangi er kafli um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf og aðferðir við fornleifaskráningu (II. kafli). Í kjölfar hans fylgir kafli um staðhætti og byggðaðróun á skráningarsvæðinu (III. kafli). Fjórði kafli er sjálf fornleifaskráin, þ.e. skrá yfir allar þekktar fornleifar í Ásahreppi og á Holtamannaafretti, ásamt myndefni. Í V. kafla er samantekt um helstu minjaflokka á svæðinu og settar fram tillögur um kynningu fornminja og frekari rannsóknir á þeim. Sökum umfangs skýrslunnar er henni skipt í tvö bindi. Í fyrra bindi eru kaflar I, II og III og hluti af IV. kafla, þ.e. fornleifaskrá fyrir Áshverfistorfu og alla aðra bæi norðan við hana fyrir utan Heiði, Herríðarhól og Sumarliðabæ. Í öðru bindi eru fornleifaskrá fyrir Vtleifsholtshverfið í syðri hluta Ásahrepps og þá þrjá bæi í norðanverðum hreppnum sem ekki komust fyrir í fyrsta bindi, ásamt kafla V og heimildaskrá, hnitaskrá á ISN93 formati og minjakortum.

Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við skráninguna á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir fá þó allir þeir fróðu og hjálpsömu heimildamenn sem rætt var við. Nöfn allra þeirra heimildarmanna sem rætt var við má sjá í heimildaskrá.

II. Um fornleifaskráningu og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bærjastaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjastaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

III. Byggðasaga Ásahrepps

Ásahreppur nær frá Gíslholtsvatni og nyrðri landamerkjum Króks og Herríðarhóls við Þjórsá í norðri að syðri landamerkjum Sauðholts við Steinslæk og Vetleifsholts í Safamýri í suðri. Hreppurinn var myndaður árið 1892 úr suðurhluta Holtamannahrepps hins forna. Árið 1936 var svo syðsti hluti Ásahrepps klofinn frá við stofnun Djúpárhrepps.¹ Um Ásahrepp renna tveir vatnsmiklir lækir sem kallast Steinslækur og Rauðilækur og skipta þeir hreppnum sunnanverðum gróflega í þrjá hluta, Vetleifsholtshverfi, Áshverfistorfu og loks Hamrahverfi ásamt Kálfholti og Sauðholti. Fjórði og nyrsti hluti hreppsins er svo afmakaður af þjóðvegi eitt í suðri og Þjórsá í norðri. Í hreppnum eru bæirnir Vetleifsholt, Rifshalakot, Lindarbær, Kastalabrekka, Efri- og Neðri-Sumarliðabærir, Herríðarhóll, Heiði, Krókur, Þjórsártún, Kálfholt, Sauðholt, Lækjartún, Hamrahóll, Syðri-Hamrar, Hárlaugsstaðir, Efri-Hamrar, Berustaðir, Áshóll, Sel, Ásmundarstaðir, Hellnatún, Framnes, Ásmúli og Ás.

Til þess að gefa yfir byggðarsögu Ásahrepps er litið fyrst til elstu heimilda sem til eru um hreppinn eins og fornrita (Landnámabók, Sturlungasögu og annarra Íslendingasagna), fornbréfa og jarðabóka ásamt því að leita uppi nýlegar upplýsingar um kumlafundi. Í íslenskum fornsögum er ekki minnst á marga bæi í hreppnum. Í Landnámabók² er getið Áskelshöfða, Jólgeirsstaða, Vetleifsholts og Sumarliðabæjar og má af því ætla að þeir hafi verið meðal þeirra bæja sem byggðir voru fyrst. Maður að nafni Áskell hnokan nam land milli Steinslækjar og Þjórsár, og bjó á Áskelshöfða. Bræðurnir Ráðormur og Jólgeir komu saman vestur um haf til Íslands. Ráðormur nam land fyrir austan Rauðalæk að Rangá og bjó í Vetleifsholti en Jólgeir eignaðist landið fyrir utan Rauðalæk vestur til Steinslækjar og bjó á Jólgeirsstöðum. Sumarliðabær er einnig nefndur í Landnámu en aðeins er sagt frá bæjarnafninu og hver hafi búið þar. Ekkert kemur fram um það hver kom þar fyrst eða um afmörkun landins sem numið var en hugsanlegt er að mikill hluti landsins sem nú er ofan við þjóðveg 1 hafi þá tilheyrt landnámi því er Sumarliðabær var í ef hér er um landnámsbæ að ræða. Samkvæmt Orra Vésteinssyni er þó einnig hugsanlegt að hér sé um annan Sumarliðabæ að ræða þar sem sagt er að þar heiti nú “undir Brekkum” sem myndi geta átt við Brekkur hjá Gunnarsholti og kæmi það betur heim og saman þar sem ábúendur þessa Sumarliðabæjar voru afkomendur Ketils Hængs sem nam Rangárvöllu. Í fornsögunum er aðeins minnst á bæinn Kálfholt en það er í Flóamannasögu³, sem talið er að gæti hafa verið skrifuð um 1300⁴.

¹ Sunnlenskar byggðir V, 293

² ÍF I, 348, 367

³ ÍF XIII, 268-269

Bæirnir Áskelshöfði og Jólgeirsstaðir eru nú löngu horfnir en Vettleifsholt var til skamms tíma ein af aðaljörðum hreppsins. Ekki er vitað hvenær Áskelshöfði fór í eyði eða hvar hann var nákvæmlega staðsettur en menn eins og Guðjón Jónsson fyrrum bóndi í Ási⁵ og Helgi Hannesson⁶ meðal annarra hafa sett fram tilgátur um að hann hafi verið nálægt Þjórsá í landi Kálfholtis þar sem nú kallast Grjótanes og Ferjuholt en að ekki hafi verið búið þar lengi og að Kálfholt hafi hugsanlega tekið fljótlega við sem stærsti bærinn í landinu sem Áskell upprunalega eignaði sér. Hinsvegar er vitað nokkurn veginn hvar Jólgeirsstaðir og gamli Vettleifsholtisbærinn stóðu. Kuml eru talin óræk sönnun fyrir byggð á 10. öld og myndu því styðja getgátur um landnámsbæi á svæðinu en því miður hafa engin ótvíræð kuml enn fundist í Ásahreppi. Í landi Hamrahóls (áður Syðri-Hamra) hefur þó fundist í svokölluðum Leynhóli spjót, öxi og skeifa með 6 götum. Munnmæli eru til um að á þessu svæði hafi einhvern tíman verið háður bardagi en ekki hefur verið grafið frekar í hólinn til að rannsaka hvort gripirnir komu úr kumli eður ei.⁷

Dreifing kirkna og bænhusa á miðöldum getur einnig gefið mikilvægar vísbendingar um byggðasögu. Slík hús voru mjög víða á bæjum fyrir siðaskipti og talið er að þau hafi verið reist um eða stuttu eftir kristnitöku í heimagrafreitum. Kirkja á Jólgeirsstöðum er nefnd í kirknaskrá Páls biskups frá því um 1200⁸ sem þýðir að þar hefur verið prestur en ekki er vitað hvenær hún lagðist af og engar yngri heimildir eru til um hana. Mannabein hafa fundist í rústum Jólgeirsstaða eftir að sandrof hafði afhjúpað bæjarhólinn.⁹ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns¹⁰ er sagt frá munnmælum um að hugsanlega hafi kirkjan verið flutt frá Jólgeirsstöðum yfir í Odda austan við Rangá. Talið er að sjálfur bærinn hafi verið kominn í eyði ekki seinna en á 15. öld vegna sandfoks.¹¹ Kirkna er einnig getið í Kálfholti og í Ási í skrá Páls biskups og er því mjög líklegt að þessir bæir hafi verið orðnir sjálfstæðir í byrjun 11. aldar. Kirkjurnar hafa þá báðar staðið í hátt í 200 ár og var prestskyld á báðum stöðum. Eftir siðaskipti var Áskirkja þó gerð að annexíu sem þjónað var frá Kálfholti og enn er kirkja í Kálfholti á meðan Áskirkja var lögð niður árið 1908.¹²

Til er máldagi frá 1397 um hálfkirkju á Hömrum¹³ en óljóst er hvort sú kirkja var á Efri- eða Syðri-Hömrum. Hamra er einnig getið í máldaga Oddakirkju frá árinu 1270¹⁴ en

⁴ ÍF XIII, CLVIII

⁵ Sunnlenskar byggðir V, 345-346

⁶ Þykkuskinna II, 293

⁷ KHKE, 69

⁸ DI XII, 7

⁹ JÁM I, 365

¹⁰ JÁM I, 365

¹¹ Sunnlenskar byggðir V, 344

¹² Sunnlenskar byggðir V, 340-342

¹³ DI IV, 60

¹⁴ DI II, 86-88

ekki verður af honum séð við hvorn bæinn er átt. Engar vísbendingar eða munnlegar heimildir eru til um staðsetningu kirkjunnar, hvorki á Efri- né Syðri-Hömrum.

Engar heimildir hafa fundist um aðrar kirkjur eða bænhús í Kálfholtsprestakalli en kenningar hafa þó verið settar fram af heimafólki á Herriðarhóli um að þar hafi eitt sinn staðið bænhús og verið grafreitur.

Í máldaga frá 1397 er nefnd hálfkirkja¹⁵ í Vetleifsholti sem tilheyrir Oddasókn. Líklegt er að þar hafi verið reist bænhús fljótlega eftir kristnitöku og jafnvel verið sjálfstæð sókn fyrir Vetleifsholtshverfið þó kirkjunni væri þjónað frá Odda. Ekki er vitað hvenær Vetleifsholtskirkja er lögð af og eru öll ummerki um hana við bæjarhólinn í Vetleifsholti horfin vegna túnasléttunar.

Í máldaga Oddakirkju frá árinu 1270 er einnig minnst á bæina Gásahús, Heiði og Krók í Holtum¹⁶. Talið er að Gásahús séu hugsanlega annað nafn á þeim bæ sem heitir nú Húsar. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að tímasetning elstu heimilda um bæi gefi góðar vísbendingar um það hvenær þeir voru fyrst byggðir og getur vel verið, þó engar eldri heimildir hafi fundist um þá áður, að þessir bæir hafi verið komnir í byggð stuttu eftir landnám.

Eins og komið hefur fram hér að ofan er vitað um að minnsta kosti 10 bæi sem byggðir hafa verið á svæðinu fyrir lok 13. aldar; Vetleifsholt, Ás, Áskelshöfða, Kálfholt, Jólgeirsstaði, Hamra, Gásahús, Sumarliðabæ (ef um sama bæ er að ræða), Heiði og Krók. Ef horft er á landfræðilega staðsetningu þessara bæja hefur Ás trúlega verið byggður úr landnámi Jólgeirs mjög snemma og Kálfholt byggt úr landnámi Áskels. Óvíst er að líta megi á Heiði, Krók, Hamra og Gásahús (ef það er sami bæ og Húsar) sem landnámsbæi og ef til vill sennilegra að þeir hafi byggst úr landnámi Áskels. Engar heimildir hafa fundist sem varpa ljósi á það hvors Hamrabæjarins er getið í máldöggunum en helst má færa fyrir því rök að kirkjan hafi verið á Syðri-Hömrum. Sterkasta vísbendingin er sú að Syðri Hamrar voru heldur meiri jörð, eða 30 hdr með Hamrahóli á móti 20 hdr Efri-Hamra, og þó að það sé alls ekki án undantekninga voru kirkjur heldur á dýrari jörðum en ódýrari. Landrými er nægt á bæjarstæði Syðri-Hamra og því hafa smátt og smátt byggst í kringum bæinn nokkur býli með nöfn tengd hamrinum s.s. Hamrahóll og Hamraholt. Ekki er um slíkt að ræða á Efri-Hömrum. Þar er bæjarhólinn ofar í landinu á mjóum hjalla undir hamrinum með bratta brekku í suðri og engin býli hafa safnast það fyrir í kring sem bendir til að landgæðin séu þar hlutfallslega minni. Eins og fram kom hér að ofan hafa einnig fundist fornleifar sem hugsanlega gætu verið úr kumli í

¹⁵ DI IV, 61

¹⁶ DI II, 86-88

landi Hamrahóls. Ef það er rétt til getið þá myndi það styðja að Syðri-Hamrar hefðu byggst snemma þó ekki sé hægt að útiloka að fornleifarnar séu eldri en byggðin. Það er ekki fyrr en í jarðabókum frá 1686 og 1695/97¹⁷ að báðir bæirnir koma fyrir en jarðir bæjanna liggja ekki saman í dag þar sem bærinn Hárlaugsstaðir aðskilur þær. Hárlaugsstaða er ekki getið fyrr en á 16. öld¹⁸ en þó mun fyrr en nöfnin Syðri- og Efri-Hamrar. Ef Efri- og Syðri-Hamrar voru eitt sinn sama jörðin gæti verið að Hárlaugsstaðir hafi verið byggðir fyrst úr landi Hamra og Efri-Hamrar svo byggðir úr landi Hárlaugsstaða. Annar möguleiki er þó að nöfnin Efri- og Syðri-Hamrar tengist alls ekki þar sem náttúrulegir hamrar eru til staðar ofan við bæ á báðum stöðum. Til greina kæmi að Sumarliðabær hafi átt landsvæðið þar sem Efri-Hamrar og Hárlaugsstaðir eru núna og þegar annar bær var byggður ofar en Hamrar úr landi Sumarliðabæjar eða Hárlaugsstaða einnig undir náttúrulegum hömrum hafi hann fengið svipað nafn með lausu forskeyti (Efri-) framan við til aðgreiningar og því forskeytinu Syðri-seinna bætt framan við nafn eldri bæjarins til frekari aðgreiningar.

Í jarðabréfum frá 1654¹⁹ kemur bærinn Berustaðir til sögunnar. Bærinn er skráður í Kálfholtssókn sem kemur á óvart því bærinn er miklu nær Ási en Kálfholti og skilja jarðir Áshóls, Ásmundarstaða og Sels í Ásasókn Berustaði að mestu frá öðrum jörðum í Kálfholtssókn. Berustaðir hafa einnig mjög líklega annað hvort verið byggðir úr landi Áss eða Jólgeirsstaða ef miðað er við staðsetningu jarðarinnar innan landnáms Jólgeirs. Orri Vésteinsson telur eina hugsanlega skýringu vera þá að Berustaðir hafi upphaflega átt sókn til Jólgeirsstaða en þegar kirkjan lagðist af hafi sóknin lagst til Kálfhólts. Þegar Jólgeirsstaðajörðin var svo gefin Áskirkju á fyrri hluta 15. aldar²⁰ hafi þau býli (eins og Áshóll, Ásmundarstaðir, Sel) sem byggðust upp innan hennar færst undir Áskirkju vegna eignarhaldstengslanna. Það gæti þá þýtt að Berustaðir hafi verið komnir í byggð strax á 15. öld, að minnsta kosti 200 árum fyrir elstu heimildir.

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708-1709 eru svo enn fleiri bæir komnir til sögunnar og þegar nær dregur aldamótunum 1900 verður skipting landsvæða skýrari og heimildir fleiri. Samkvæmt Árna og Páli voru á 17. öld í byggð fimm hjáleigur og afbýli úr löndum Kálfhólts, Áss og Veleifshólts. Bæirnir Geldnautatún og Imbukot voru hjáleigur í landi Áss. Geldnautatún var í byggð á árunum 1663-1667 en aðeins er vitað að Imbukot var í byggð í nokkur ár fyrir 1690. Pottur var hjáleiga í landi Kálfhólts og var í byggð 1679-1708.

¹⁷ TOILR 1967, 99-100

¹⁸ DI IX, 256

¹⁹ Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 1-9

²⁰ DI IV 61-62 og DI VII, 41

Vetleifsholtshellir og Pétursbýli voru svo afbýli frá Vetleifsholti. Vetleifsholtshellir var í byggð um 1670 og Pétursbýli fyrir 1665.

Bæirnir Sauðholt og Herríðarhóll koma fyrst fram í heimildum í jarðabókum frá 1686 og 1695/97.²¹ Hvenær Sauðholt hefur byggst er óljóst en það hefur trúlega ekki gerst fyrr en farið var að þrengja að í landi Kálfholtss vegna þess hve stór hluti Sauðholtslands hverfur undir vatn er flóð verða í Þjórsár. Bærinn Herríðarhóll er frekar óþekkt stærð. Bærinn er nefndur eftir litlum keilulaga hól heima við bæ sem kallast Herríðarhóll. Nafnið Herríður kemur fyrir í Landnámu en engar heimildir hafa fundist um nafnið á Íslandi eftir það.²² Herríður sú var kona Geirmundar heljarskinns en hún var frá Elliðaey á Breiðarfirði og bjó á Geirmundarstöðum sunnan við Breiðarfjörð eftir hjónavígslu og því virðast engin tengsl vera þaðan við Ásahrepp en þó hefur sú sögn fylgt heimamönnum að Herríður þessi sé grafin heima við bæ.²³ Uppruni bæjarnafnsins er því ótryggur en það að mannsnafnið er fornt gæti bent til að hann hafi byggst mjög snemma og ef bænhús fyndist á bæjarhólnum eins og fram kom hér að ofan myndi sá fundur styðja þá hugmynd.

Aðrir bæir og býli sem koma fram í Jarðabók Árna og Páls eru Ásmúli, Framnes, Áskot, Hellnatún, Ásmundarstaðir, Sel, Áshóll, Hamrahóll, Kálfholtshjáleiga, Neðri-Sumarliðabær, Rifshalakot, Gata, Lindarbær og Kastalabrekka/Vetleifsholtspartur. Um þessa bæi og býli fundust ekki eldri heimildir frá því fyrir byrjun 18. aldar en lítill vafi leikur á því að margir af þessum bæjum hafa byggst á miðöldum og sumir á landnámsöld þó heimildir um þá finnist ekki²⁴.

Bæirnir Ásmúli, Framnes, Áskot, Hellnatún, Ásmundarstaðir, Sel og Áshóll eru trúlega allir byggðir úr landi Áss (eða Jólgeirsstaða) en í hvaða röð er ómögulegt að segja. Bærinn Hamrahóll er mjög líklega byggður úr landi Syðri-Hamra og Kálfholtshjáleiga úr landi Kálfholtss. Neðri-Sumarliðabær er svo byggður úr landi Sumarliðabæjar (nú Efri) og var þeim formlega skipt árið 1702²⁵. Ef sá Sumarliðabær sem nefndur er í Landnámu er ekki sá sami og nú er í byggð í Ásahreppi (Sumarliðabær, Efri) eru elstu heimildir um hinn síðarnefnda jarðabréf frá árinu 1504²⁶ og jarðabækur frá 1686 og 1695/97²⁷. Ekki er þó ólíklegt að bærinn hafi verið kominn í byggð löngu fyrir þann tíma og þá líklega byggst úr landnámi Áskels.

²¹ TOILR 1967, 99-100

²² Nöfn Íslendinga, 294

²³ ÍF I, 152, 156, 157

²⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I

²⁵ JÁM I, 343

²⁶ DI VII, 715

²⁷ TOILR 1967, 99-100

Í Vetleifsholtshverfi voru í byrjun 18. aldar komin í byggð fjögur býli; Rifshalakot, Gata, Lindarbær og Vetleifsholtspartur (Kastalabrekka). Öll voru þau byggð úr landi Vetleifsholts en hvenær og í hvaða röð er óþekkt.

Úr landi Berustaða var svo byggt býlið Þórarinsstaðir. Heimildir um það eru mjög takmarkaðar en talið er að það hafi verið í byggð löngu fyrir 1840 svo líklega hefur það verið stofnað eitthvað fyrir og/eða í byrjun 19. aldar.²⁸ Er líða tók á 19. öld var Hamraholt byggt úr landi Syðri-Hamra og var þar byggð á árunum 1861-1879 en nú hefur verið sléttað yfir bæjarstæðið. Býlunum fjölgaði einnig smátt og smátt í Vetleifsholtshverfi á 19. öld en sum þeirra entust ekki lengi. Talið er að þessi þróun hafi geta orðið vegna aukins framboðs á slægju í Safamýri á þessum tíma.²⁹ Lambhúsholt (1803) og Björnsholt (1804) voru byggð úr landi Vetleifsholts í tímaröð trúlega á sama stað en þó hefur það ekki verið staðfest. Bærinn Nýlenda var byggð úr landi Rifshalakots og var búið þar árið 1813³⁰ en óvíst er hve lengi. Nafni Nýlendu var breytt í kringum 1930 í Pétursbýli og talið er út frá heimildum að Gíslakot hafi einnig staðið á sama stað en ekki hefur verið hægt að staðfesta það.³¹ Ráðagerði var byggt úr landi Vetleifsholts og var þar búið frá 1828 til 1934³² og Rifshalakotshjáleiga hefur trúlega verið byggð úr landi Rifshalakots á svipuðum tíma eða fyrir 1830³³ en talið er að nafni hennar hafi verið breytt í Hrútur eitthvað fyrir 1836. Hrútur fór í eyði um 1907.³⁴ Ekki hefur þó verið staðfest að bæirnir tveir hafi í raun staðið á sama stað. Um aldamótin 1900 eru svo reist býlin Ásgarður og Þjórsártún. Þjórsártún var byggt úr landi Kálfholts árið 1898 sem læknisbústaður³⁵ og samkvæmt örnefnalýsingum var grasbýli frá Ási í byggð um 1908 og var það kallað Ásgarður. Síðast en ekki síst er svo talin þurrabúðin Fífilbrekka. Fífilbrekka var reist í landi Kálfholts um 1912 og var þar búið til 1921³⁶.

Nokkur býli voru einnig skráð sem óljóst er hvort voru raunverulegir mannabústaðir og/eða þá hvenær þau voru í byggð. Þessi býli eru Illugabæli³⁷, Kristínarás³⁸, Kofalaut³⁹, Kotsklettur⁴⁰ og Ranakot.⁴¹ Illugabæli og Kristínarás voru samkvæmt heimildarmanni hugsanleg býli byggð úr landi Hárlaugsstaða. Kofalaut var byggð í landi Neðri-

²⁸ SSR, 209

²⁹ Sunnlenskar byggðir V, 311-313

³⁰ Húsvitjunarbók Oddasóknar 1813

³¹ Sunnlenskar byggðir V, 393

³² Sunnlenskar byggðir V, 397

³³ Manntal Oddasóknar 1830

³⁴ Sunnlenskar byggðir V, 398

³⁵ Sunnlenskar byggðir V, 362

³⁶ Ö-Kálfholt, 5; Sunnlenskar byggðir V, 356

³⁷ Heimildarmaður Árni Kristinsson, Borgarholti

³⁸ Sami

³⁹ Ö-Neðri-Sumarliðabæjar, 3

⁴⁰ Ö-Króks, 1

⁴¹ Ö-Vetleifsholtshverfis, 7

Sumarliðabæjar, Kotsklettur í landi Króks og Ranakot í landi Rifshalakots. Engar ýtarlegar heimildir hafa fundist um þessi býli aðrar en örnefnin og frásagnir heimildarmanna.

IV. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

númer jarðar eins og í Jarðatali Johnsens 1847

númer fornleifar á tiltekinni jarð

sérheiti

tegund fornleifar

hlutverk fornleifar

hnattstaða í gráðum og mínútum (WGS84 vörpun)

Sýslutákn

BO-104-025

Gömlugömluhús

tóft

beitarhús

“Við það sund rétt við gamla veginn er einstakur klettur, Grautarklettur [104:023]... Upp af Grautarkletti eru gamlar húsarústir, sem nefndar eru Gömlugömluhús. Þar voru fjárhús endur fyrir löngu,” segir í örnefnalýsingu. Rústir sem passa við þessa lýsingu eru 230 m austur af Grautarkletti en um 2,8 km NNA af bæ 001. Vestan undir litlu og lágu klapparholti með hundapúfu efst. Í kring eru hálfgrónir melar og myrarsund til skiptis, sundurgráfin af smálækjum. Þessar rústir eru ekki jafn ellilegar og hefði mátt vænta af lýsingu og nafninu. Leifar sjást af tveimur samstæðum, aflöngum húsum sem snúa austur-vestur með dyr í vestur. Stærð alls 12 x 10 m og er milliveggur þykkari en útveggirnir. Veggjahæð er mest um 0,7 m en veggir eru mikið hrundir inn. Sér samt víða í grjóti í þeim. Hvorki vottar fyrir gördum né hlöðu eða heygardi.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Höfn, 6-7

heimild sem vitnað er í, númeri færsla í heimildaskrá

harta sem stöðjar að fornleifi, t.d. v/ framkvæmda eða náttúrufala

Upplýsingar: Gróttir veggir svartir, grjóthleðnar skástríkaðar

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar

hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.


RA-358 Ás

100 hdr., 1709, Kirkjustaður. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls DI XII, 7 [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III 218 1397: Máldagi kirkjunnar. DI IV 61-62 [um 1480]: Máldagi kirkjunnar. "Mariukirkia oc hins heilaga olafs kongs j ase ä jordina geirolfsstade er kolbeinn peturs son gaf henni." DI VI, 322. 1495. Jarðarinnar getið í testamenti Sólveigar. DI VII, 245. [1491-1518]: Máldagi kirkjunnar. "Kirkian I Ase á Jólgeirstade er Kolbeinn Petursson gaf henne. Hún á Reka er greindur Kolbeinn gaf henne. er liggur fyrir Þyckvabæ. Enn þesse eru þar fíorumork. fyrir vestan audner I midt Burfell. enn fyrir austan tendurStika. og þaðan rettsyni I þyckvabæar [biorg] Skardsfiall austanvert." DI VII, 41. "Í Landnámi getur Áss í Holtum í sambandi við kristnitökuna. ... Bærinn var á tímabili nefndur Riddaraás vegna þess að Björn ríki Þorleifsson hafði átt Ás og að líkindum haft þar bú." SB V, 381. Afbýli, Hóll 10 hdr, Sel 10 hdr, Ásmundarstaðir 7 hdr., Ámúli 10 hdr., Framnes 7 hdr., Kot (í eyði) 3 hdr, Imbukot (í eyði) 3 hdr. og Hellnatún 10 hdr. Einnig eyðihjáleigan Geldnautatún. Stutt frá Hóli er eyðibýlið Jólgeirsstaðir. Ítak á jörðin í Næfurholts skógi, sc. fjórðu hverju hríslu, og er hann mjög eyddur, so varla er til kolagjörðar. Engjapláts í Ferjulandi heitri klofskella ... Item er ábúandi hjer ferjutolls frí á Snadhólaferju, þá flutningur er á. Rekafjöru á jörðin fyrir þykkvabæjarlandi, sem kölluð er Eystri Ássfjara; kirkjan hjer á og rekafjöru fyrri háfslandi, heitri Ytri-Ássfjara. Fjörufar á og þessi jörð fyrir einn mann í Stokkseyrarfjöru, krossmessna í milli á sumar." JÁM I, 364 Ás var einbýli fram til 1840, nú fjórbyli. 1709: "Engjunum spillir grjót og sandur, sem Rauðilækur uppá ber í vatnavöxtum og ísa leysingu." JÁM I, 364. 1840: "Rétt góð heyskaparjörð og sæmileg hagajörð." SSR, 205 1920: Tún 10,6 ha, sléttað 5,8 ha, garðar 3400 m², með Áskoti. "Landareign Áss er víðlend, landið algróið og grasgefið, enda jarðveguri djúpur. Mest er það mýrlendi, sem nú er búið að þurrka með framræslu að stórum hluta. Víða veita ásar, hólur og rimabörð gott skjól í högum. Engjalönd voru stór, nokkuð votlend, grassprettu árviss. Þær voru véltækar að miklum hluta. Heyfengur var um 2000 hestburðir en fóðurgildi tæplega í meðallagi." SB V, 381.

Ás með Áskoti og Norðurkoti, Ásahreppi

Stærð túna: 10,6 ha
Þar af slétt: 5,8 ha
Stærð matjurtagarða: 3400 m²

- 001 Bæjarhóll
- 002 Áskirkja/kirkjugarður
- 003 Útihús
- 004 Ásgarður
- 011 Traðir
- 012 Geldnautatún
- 013 Stekkatúnshellir I
- 014 Stekkatúnshellir II
- 017 Áshellir
- 019 Lambhellir
- 023 Mýlla
- 024 Kálgarður
- 025 Kálgarður
- 029 Gömlutraðir
- 030 Fjóshóll
- 031 Brunnur
- 038 Stekkatún
- 041 Kálgarður
- 042 Túngarður
- 362:001 Norðurkot
- 361:001 Áskot
- 361:002 Kálgarður
- 361:003 Kálgarður



Túnakort Áss frá því um 1920

RA-358:001 Ás bæjarhóll bústaður

63°50.476N 20°35.245V

Í örnefnaskrá segir svo: „Á Áshverfistorfunni voru þessar jarðir í byggð árið 1940: Ás I, Ás II, Ás, Áskot, Hellatún, Framnes og Ásmúli." Einbýlt var á Ási fram til 1840 þegar jörðinni var breytt í tvíbýli. Íbúðarhúsið á Ási II er enn á gamla bæjarstæðinu, byggt 1898 og er eitt af fjórum fyrstu timburhúsunum í hreppnum byggð fyrir aldamótin 1900. Kirkja stóð á Ási fram til 1908 og stóð hún austan megin við íbúðarhúsið á Ási II og var hún inni í kirkjugarði sem enn stendur. Bæjarhóll Áss er um 600 m VNV við Hellnatún (RA-363), um 820 m SV við Framnes (RA-360) og um 3200 m NA við Berustaði (RA-368). Enn stendur hús á bæjarstæðinu og eru nokkur tré þar við. Íbúðarhús byggt úr timbri stendur enn á bæjarhólnum girt lágrí girðingu sem er 5-8 m frá húsinu og eru nokkur tré í garðinum. Kjallari er undir húsinu sem virðist vera nokkuð djúpur sé miðað við staðsetningu glugga en ekki er víst að full lofthæð sé í honum. Hóllinn mun vera um 50x30 m að stærð og snýr í austur og vestur. Erfitt er að segja til um hversu hár hóllinn er í raun. Ekki er mikill munur milli hæðar á kirkjugarði og bæjarstæði sem gæti bent til að uppsöfnunin sé veruleg þar sem Ás er gamall kirkjustaður en umfram það eru ekki skýr mörk á bæjarhólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Áshverfistorfa, 1

RA-358:002 Áskirkja kirkjugarður kirkja

63°51.568N 20°34.243V

ÁS Í HOLTUM (R) -Maríu, Ólafi (KÁLFHOLTSANNEXÍA)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7

[1367]: xxxiv. Mariukirkia og hins heilaga olafs kongs j ase a iij kugillde

Vilchins maldage er hier fyllre; Hítardalsbók DI III 218

1397: a .iij. kugillde

þar skal greida presti .iiij. merkur

Jtem hefur so micid aukist. Þriu kugilldi.

Jtem Peturs kyr.

Jtem Olafs kyr. oc gefa vndann miolkina j bædi mäl.

Jtem .vj. Peturs ær

Kirkian a reka er Kolbeinn bondi gaf henne

Jtem gaf þuridur Kolbeinsdotter [ornamenti

fiordung j ollumm skogum þeim er fylgia Næfraholti; Máld DI IV 61-62

[um 1480]: Olafskirkia j ase. Mariukirkia oc hins heilaga olafs kongs j ase ä jordina geirolfsstade er kolbeinn peturs son gaf henni.

vij kyr oc skal gefa miolk vnndann einni fatækum monnum huernn miduikudag j bæde mal. iiij asaudar kugillde.

hun a reka er greindur kolbeinn bonde gaf henni er liggur fyrir þyckuabæ. Enn þesse eru þar fiorumork. fyrir vestann audnner j mitt burfell. Enn fyrir austan stenndur stika oc þadann rettsyne j þyckuabæiar biorg j skrdzfiall austannvertt.

jtem a kirkian fyrir jnnann sig et cetera.

kirkian ä fiordung j ollumm skogumm þeim er fylgia nefrahollte.

jtem gaf ormur til kirkiunnar eitt kugillde oce inn hest. nyiann duk ätta alna langann med ronndumm oc annann iiij alnna. stora munnlaog et cetera.

þar skal greida presti iiij merkur kaups.

Einginn reiknnijnnngskapur gior af porcione vmm langann tijma.

jtem fiell þä einns xij manude er magnnus var radzmadurinn. vj aurar j porcione. Máld DI VI, 322 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 123b]

[1491-1518]: As

Kirkian I Ase á Jólgeirstade er Kolbeinn Petursson gaf henne.

Hún á Reka er greindur Kolbeinn gaf henne. er liggur fyrir Þyckvabæ. Enn þesse eru þar

fiorumork. fyrir vestan audner I midt Burfell. enn fyrir austan stendur Stika. og þáðan rettsyni I þyckvabæar [biorg] Skardsfjall austanvert.

Item á kirkian 12 kugillde.

Item I kirkjunne þrenn messuklæde. 1 kaleikur brákadur.

Item 2 kluckur. 2 koparhialmar.

Item Járnhíálmur. 2 kertapípur með kopar.

item 1 alltaresklæde.

item brún með 10 skilddum með Silfur. og 2 smápeningar milllum hvers skilddar.

item eitt glóðarker. Máld DI VII, 41 [Lbs 108 4to, bl. 560]

1709: kirkjustaður; JÁM I: 363.


27.5.1803: Áskirkja lögð niður, en kom þó ei til framkvæmda; (PP, 69) [konungsbréf].

20.5.1908: Áskirkja aftur lögð niður og sóknin lögð til Kálfhólts; (PP, 69) [stjórnarráðsbréf].

"Einnig heima við bæina girtur blettur, og er það Áskirkjugarður. Stóð þar kirkja (Áskirkja) til 1906." segir í örnefnalýsingu. Beint austur af íbúarhúsi reistu 1898 er kirkjugarður og stóð kirkjan í miðjum garðinum. Um það bil 8 m eru á milli íbúðarhússins og kirkjugarðsins. Kirkjugarðurinn er, ásamt bæjarstæðinu (RA-358:001), sunnan og fremst á bakka. Framan við garðinn eru svo tún sem liggja neðar í landinu. Kirkjugarðurinn er ferhyrndur og hefur lága eða um það bil 30 cm upphlaðna vegg sem sennilega eru bara úr torfi, þó getur verið grjótt í þeim en það sést ekki. Grindverki hefur verið komið fyrir í þessum lágu garðveggjum úr rörum eða pípum og er hlið á vesturvegg garðsins. Garðveggurinn að sunnan er mjög óljós, bara smá bunga, annars eru í garðinum upphlaðin leiði ómerkt og merkt, það yngsta frá síðasta áratug 20. aldar. Óvíst er að búið sé að grafa í kirkjustæðið sem er líklegast 4-6 m beint vestur af hliðinu, kirkjustæðið er nokkurn veginn ferhyrnt og slétt og sér þar ekkert til veggja og ekki er hægt að merkja fyrir dæld heldur. Ekki hefur staðið kirkja þar síðan 1906. Tré eru ekki í garðinum en nokkrir runnar.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Áshverfistorfa, 2



0 5 10
metrar

Kirkjugarður Áskirkju

RA-358:003 heimild um útihús

63°50.517N 20°35.271V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 20 m NV við bæ, 20-30 m A við bæjarlæk og um 210 ANA við Vesturkot RA-361:001. Á þessum stað stendur nú félagsheimilið Ásgarður fast vestan við malbikaða heimreið. Ekkert sést til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-358:004 Ásgarður heimild um býli

63°50.521N 20°35.475V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var bygging um 115 m NNA við Vesturkot RA-361:001 og um 190 m NV við Ás 001. Í Sunnlenskum byggðum V er talað um Ásgarð sem var lítið grasbýli frá Ási I. "Framan við Norðurkotstún (vestarlega, H.G.) er hóll, sem heitir Húðarhóll (núna oft nefndur Ásgarður). Árið 1908 var bær byggður á hólum, og hét hann Ásgarður. Hann var

rifinn eftir 8 ár. Bæjarmegin við þennan hól er Nautatún." segir í örnefnalýsingu sem passar við staðsetningu byggingar á túnakorti. Á þessum stað er nú rofabarð þar sem skín í móbergsgrunn fast sunnan við Ásveg og fast norðan sléttaðs túns norðan við Vesturkot RA-361:001. Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Hjónin Sigurður Guðbrandsson, f. 1879, og Kristín Benediktsdóttir, f. 1878, byggðu sér lítinn, snotran bæ norðarlega á Ásgarðssléttu sem var ofan við túngarðinn í Vestur-Áskoti. Þetta gerðist 1908 og þarna bjuggu þau hjónin til 1915. Býlinu fylgdi 2/3 ha, lands, sem þau ræktuðu í kálgarð og tún. Engar engjar fylgdu [...] Við brottför þeirra [ábúandanna] voru húsin rifin og bæjartóftirnar jafnaðar við jörðu. Þar er nú ofurlítill hæð í túninu." Í dag sést ekkert til fornleifa annað en glerbrot, járnnaclar, viðarbútar og fleira smádrasl á jörðinni. Girðing liggur yfir svæðið í ANA-VSV. Hólnum sem lýst er í örnefnalýsingu er nú horfinn undir Ásveg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 388; Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-358:005 *Nauthólsgirðing* heimild um rétt 63°51.944N 20°34.724V
 "Nautgirðingarhóll er nokkuð stór hóll suðaustur af bæ, beint upp af Stekkjargili (364:018). Mörkin liggja beint úr Einstökunös í hólinn og beygja síðan meira til vesturs og þá beint í Steinslæk. Þarna var búin að vera nautagirðing, frá því Steinn [fæddur 1916] man fyrst, og var, meðan naut voru haldin í hreppunum, áður en sæðingar komu til sögunnar. Hóllinn er allur í landi Ásmundarstaða, en girðingin í Áslandi." segir í örnefnaskrá. Víðáttumikið deigt grasi- og mosagróið mýrlendi og mjög þýft. Í dag sést ekkert til fornleifa á svæðinu. Samkvæmt Jóni Á. Jóhannssyni heimildamanni var girðingin ekki garðlög heldur venjuleg vírgirðing. Ekki er þó ólíklegt að á einhverjum tímapunkti hafi verið garðlög á svæðinu sem þjónuðu sama tilgangi en ekkert sést til slíkra mannvirkja í dag.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 3

RA-358:006 *Ásmúlavað/Lækjarmótavað* leið vað 63°49.470N 20°35.920V
 „Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stytstur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað." segir í Blöndu VII. „Leiðin [RA-358:036] yfir hreppinn lá frá Ferjuhamri [RA-357:007] yfir mýrarsund að Hrútsvatni og meðfram því norðanverðu, fyrir neðan bæinn Ásmúla, yfir Ásengjar og að Rauðalæk þar sem hann beygir til suðurs í Andalæk. Eftir það lá vegurinn með Rauðalæknum, um 10-12 km leið eftir eyrum hans og bökkum, og var vegarstaðið miðað við hvar þurrlendast var, en Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir farvegi í Andalæk. Til þess að vegurinn væri sem beinastur var farið yfir 19 vöð á læknum á allri leiðinni, og hafði hvert vað sitt nafn. Oft kom fyrir að lækurinn varð ófær, einkum á haustin í vatnavöxtum, og urðu menn þá að fara með bæjum yfir mýrar og holt og rímateinunga" segir í Sögu XXI. Í grein Inga eru talin öll þau vöð sem liggja að Ásbrú en hvergi minnst á Ásmúlavað eða Lækjarmótavað, líklegast er að Lækjamótavað sé í nágrenni við lækjamót Rauðalækjar, Þverlækjar og Andalækjar og vel getur svo verið. Það er þá um 2 km suðsuðvestan við bæjarhól 001 og um 1,5 km suðaustan við bæjarhólinn á Ásmúla RA-359:001 og um 2 km suðvestan við bæjarhól á Hellnatúni RA-363:001. Lækjamót í frekar sléttu landi sem mikið hefur verið framræst. Bakkinn vestan megin við Þverlæk hefur góðar eyrar en að austan verðu er bakkinn brattari, eru þó eyrar þar líka. Ekki er víst að þetta vað sé stígvélafært.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320; Guðjón Ingi Hauksson: "Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir" Saga XXI, 141-142

RA-358:007 *Vörðuvað* leið vað

63°50.103N 20°35.080V

Í Blöndu VII segir: “Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stýztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns.” Í örnefnaskrá segir svo: “Þá verða talin vöð þau, sem kunn eru á Rauðalæk innan Áshverfistorfu, byrjað fremst: Lækjamótavað [RA-358:006], Brúarendavað [RA-358:009], Breiðabakkavað [RA-360:013], Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027], Grænarimavað [RA-363:019] og Ísleifsvað [RA-363:028].” Í grein eftir Guðjón Inga Hauksson í Sögu XXI er kort sem sýnir staðsetningu allra vaða á Rauðalæk frá Syðri Rauðalæk að Hrútsvatni. Vörðuvað er um 710 m sunnan við Ás (001), um 655 m SV við Hellnatún (RA-363:001) og um 3 m sunnan við suðurenda skurðar sem skilur að Áskotsland og Ásland. Norðurbakki lækjar er um 15-20 m breiður sandbakki sem auðvelt er að komast niður að læk um. Lækurinn er um 5-8 m breiður en ekki stígvélafær. Suðurbakki lækjarins er einnig um 5-8 m sandbakki og hér var farið yfir á vaðinu N-S. Ekkert sést til gatna til eða frá vaðinu í dag.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Blanda VII, 320; Ö-Áshverfistorfa, 5; Saga XXI, 157

RA-358:008 *Gamli kálgarður* heimild um kálgarð

Í örnefnaskrá segir svo: “Frá heimreiðinni (veginum) norðan að Ási er skurður ofan við Gamla túnið, er liggur til austurs (í skurð milli Áss og Hellatúns). Ofan við hann er nýgræðutún. Þar eru tveir hólar, sem heita Harðhausrimar. Neðan við skurðinn, fyrir honum miðjum, Gamlikálgarður, en þar fyrir austan er brún, sem nefnd er Bringir (Bringar).” Þessi fornleif verður skráð sumarið 2007.

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 1

RA-358:009 *Brúarendavað* leið vað

63°49.706N 20°35.623V

Í Blöndu VII segir: “Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stýztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns.” Í örnefnaskrá segir svo: “Þá verða talin vöð þau, sem kunn eru á Rauðalæk innan Áshverfistorfu, byrjað fremst: Lækjamótavað [RA-358:006], Brúarendavað [RA-358:050], Breiðabakkavað [RA-360:013], Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027], Grænarimavað [RA-363:019] og Ísleifsvað [RA-363:028].” Í grein eftir Guðjón Inga Hauksson í Sögu XXI er kort sem sýnir staðsetningu allra vaða á Rauðalæk frá Syðri Rauðalæk að Hrútsvatni. Brúarendavað er um 1,5 km suðvestan við bæjarhól Áss (001) og um 900 – 1000 m austan við Hrútselli (360:014). Bakkarnir eru lágir og eyrnar stórar, lækurinn breiður og grunnur. Mjög gott vað, breiðar eyrar beggja vegna og einnig eru bakkarnir lágir sem gerir aðkomuna að læknum mjög góða. Merki eftir vélhjólaumferð er við vaðið sem er stígvélafært.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Blanda VII, 320; Ö-Áshverfistorfa, 5; Saga XXI, 157

RA-358:010 *Ásbrú* heimild um brú

63°49.840N 20°37.032V

Í örnefnaskrá segir svo: "Tungan að austan milli Rauðalækjar og Framneskeldu heitir Grafteigur [361:007]. Voru þar engjar frá Norður-Áskoti. Sunnan við lá hin gamla þjóðleið yfir þverar Ásengjar er Ásbrú nefndist. Lagðist niður sem alfaraleið um sl. aldamót, er Þjósárbrúin var byggð. [...] Norðan við vatnið kemur aftur gamla þjóðleiðin fyrrnefnda, og nefnist þar Ásmúlalbrú [359:011]. Milli hennar og Ásbrúar var farið meðfram vatninu fyrir neðan bakkann." Ásbrú er um 810 m SSV við Framnes (360:001) og um 1500 m SSV við Áskot (361:001). Brúin var hluti af Holtavegi hinum forna (358:036). Brúin lá frá grasigrónum norðurbakka Rauðalækjar um mjög deiga mýri vestur í fjöru við norðurenda Hrútsvatns. Eins og fram kom að ofan voru "brýr" eða upphlaðnir vegir austan og vestan megin við Hrútsvatn sem kölluðust Ásbrú og Ásmúlalbrú. Brýrnar lágu úr sitt hvorri áttinni (A og V) og komu saman í fjörunni við Hrútsvatn norðanvert. Í grein Guðjóns Inga Haukssonar í Sögu XXI er Ásbrú lýst svo: "Ásbrúin liggur frá Hrútsvatni austur í Rauðalæk 320 faðma löng mest gerð úr torfhnausum, [...] Ásbrúin, Ægisíðubruin og Reiðholtsbrúin voru samanlagt um 905 faðmar á lengd og gerðar úr torfhnausum, sem virðast vera nær eina byggingarefnið, og er ljóst að "brýrnar" þurftu brýnt viðhald, og nefnir sýslumaður alltaf mól og grjót. Torfi úr brúarskurðum hafði verið dengt ofan í verstu foröðin og talist vegabætur fyrir 1864". Í dag er þetta svæði enn frekar deigt og mjög grasigróið. Á svæðinu þar sem Ásbrú var áður er nú um 2 m breiður, gamall og grasigróinn vegaslóði frá Brúarendavaði (358:009) á Rauðalæk að Hrútsvatni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 3; Saga XXI 1983, 130-161

RA-358:011 gata traðir

63°50.471N 20°35.504V

Á túnakorti frá árinu 1920 er 2-4 m breið heimreið sem liggur A-V og byrjar um 60 m NNV við Ás (RA-358:001) og liggur í vestur um 260 m og liggur fram hjá Áskoti (RA-361:001) um 20 m N við það. Á austurenda beygir hún í NA og liggur um 60 m út úr túni. Útihús (003) stóð fast norðvestan við beygjuna. Á þessu svæði er nú malarvegur sem liggur A-V um 300-350 m frá Ási II, yfir bæjargilið fram hjá Áskoti (RA-361:001) að norðanverðu og fram hjá útihúsunum frá Áskoti að sunnanverðu og tengist Ásvegi 275 á vesturendanum. Ekkert sést til eldri traða.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-358:012 *Gelldnautatún* bæjarstæði býli

63°50.487N 20°35.382V

"Á milli þessa býlis [Imbukots, sjá RA-361] og heimajarðar túnsins var lítil hjáleiga, kölluð Gelldnautatún. Hefur ei byggð verið í 42 ár, Bygging hjelst í 4 ár." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. "Býli þetta var um 100 m s.v. frá Norður-Áskoti og lágu tún saman. Bærinn stóð sunnarlega í Nautatúni og mótaði fyrri vatnsbóli hans (brunni) til skamms tíma. Þar hafa fundist hleðslur og leifar af fjósflór." segir í Sunnlenskum Byggðum V. Í örnefnaskrá segir: "Bæjarmegin við þennan hól [Húðarhóll] er Nautatún. Þar var býli frá 1663 til 1667, Geldnautatún." Í dag er þetta svæði um 95 m vestan við bæ 001 og um 200 m sunnan við Norðurkot RA-362:001. Á þessum stað er nú sléttað tún sunnan við heimreið 011. Sennilega ekki búið þar frá því á 17. öld og ekkert sést til fornleifa í dag.

Hættumat: hættu, vegna túnræktar

Heimildir: JÁM I, 369; SB V, 387; Ö-Áshverfistorfa, 2


RA-358:013 *Stekkatúnshellir I* hellir hesthús

63°50.661N 20°34.868V

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð

fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs." segir í Manngerðir hellar. "Fyrir norðan Ásbæina eru fjórir hólur, sem heita Torfhóll. Stekkatún, í því eru tveir mjög stórir fjár- og heyhellar frá Ási, og Biskupshóll og Stekkatúnshali ([Stekkatúns]rani)." segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er um 430 m ANA við Ás (001) og um 10 m sunnan við bárujárnsklætt hesthús (áður minkahús) frá Ási. Hellirinn er höggvinn inn í grasigróinn bergrima sem er 6-8 m hár, 50-60 m breiður, 150-200 m langur og liggur SA-NV.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingarskrá segir svo: "Ás. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stekkatúni (tveir), í smáhól skammt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey)." Í Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu frá 1839-1873 segir svo: "Í Ási eru 4 heima við og einn upp í högunum. Einn af þeim er heyhellir, tekur víst af 200 hestum, mikið hár á sumum stöðum, í hönum skal vera letur. Annar er brúkaður bæði fyrir lömb og tekur 60 við jötur; annar í Stekkjartúninu er bæði fjár- og heyhellir, tekur undir 100 fjár og af 60 hestum hey, en hinn er brúkaður fyrir hesthús, tekur 18 hesta við stall." Í Manngerðum hellum segir svo: "Í skýrslum um tjón af völdum jarðskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist of há, hrun kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið. [...] Stekkatúnshellar I og II eru í sandsteinshóli í s.k. stekkatúni norðaustur af bæjarhúsum. Sætermoen mældi og teiknaði Stekkatúnshelli I fyrir Einar Benediktsson árið 1915. Vegna lögunarinnar kallaði hann hellinn "Vinkelheller ved Ás". Þá var inngangurinn í hann að sunnan. Matthías Þórðarson kom að Ási tveimur árum síðar eða 1917 og á lýsing hans af hellinum ennþá furðu vel við. Þegar hann var á ferð hafði nýlega verið gerður inngangur í hellinn að norðvestan og reistur forskáli með 10 þrepum niður. Einnig var nýleg hlaða sem byggð hafði verið yfir þann hluta hellisins sem hruninn var. Matthías segir að þegar hlaðan var gerð hafi framhald hellisins komið í ljós og lágu hvelfingabrot með höggföllum á gólfinu en undir þeim um 25 cm þykkt lag af taði. Nýleg hlaða og fjárhús, hvort tveggja steinsteipt, hafa verið reist á sama stað og gamla hlaðan við hellinn stóð. Forskálarnir sem voru við inngang hellisins eru hrundir beggja vegna og þrepin inn frá þeim eru grafin í hrun. Að sunnan hefur það borist inn um innganginn í nokkrum mæli, en þó fyrst og fremst niður um strompinn. Strompurinn var lokaður með steinhellum og jarðvegi. Fyrir nokkrum árum fór hjól á hlöðnum heyvagni niður um þessa þekju og er mikill moldarbingur þar neðan undir. Hinn strompurinn er 1,4 x 1,2 m² og sandsteinsþykktin er um 40 cm. Yfir honum liggja helluleifar og þykk mold þar ofan á. Strompurinn á miðjum helli er trekmyndaður, 1,9 x 2,0 m² neðst en ca. 0,5 x 0,5 m² efst. Sandsteinninn er 1,10 m þykkur og þar ofan á er um 1,0 m torfhleðsla. Engin upphækkun er úti fyrir. Steinsteiptur garði, 65, cm breiður, er á miðju gólfi. Noður úr hellishluta þeim sem liggur að hlöðunni er gat eða renna á ská upp úr hellinum. Hlaðið er fyrir gatið úti. Þarna voru göng upp í hesthús sem stóð við hellinn áður en núverandi hús voru byggð. Hlaðan var hálf full af heyfyrningum þegar hellirinn var skoðaður svo ekki varð séð hvernig hellisveggirnir ganga inn í hana. Framhald er á hellinum úr hinum enda hlöðunnar. Í enda hans er gat upp úr og hefur mikil mold komið niður um það.



Stekkatúnshelli I um 430 m ANA við Ás (001)

Þarna voru göng upp í hesthús sem stóð við hellinn áður en núverandi hús voru byggð. Hlaðan var hálf full af heyfyrningum þegar hellirinn var skoðaður svo ekki varð séð hvernig hellisveggirnir ganga inn í hana. Framhald er á hellinum úr hinum enda hlöðunnar. Í enda hans er gat upp úr og hefur mikil mold komið niður um það.

Hellirinn hefur náð mun lengra til austurs og tengdist Stekkatúnshelli II, sem er austar í hólnum en milligöngin eru fyrir löngu hrunin. Ef hellirinn hefur einhvern tíma verið samfelldur frá norðurenda Stekkatúnshellis I um hlöðuna og inn í Stekkatúnshelli II hefur hann verið um 80 m langur og þar með lengstur allra manngerðra hellar á landinu. Þetta er hellirinn sem sóknarlýsingin frá um 1840 segir að hafi tekið upp undir 100 fjár og 60 hestburði af heyi. Hugsanlegt er að hann sé einn af þeim hellum sem hrundi í skjálftunum 1896. Eftir það hefur hlaðan verið byggð yfir opið. Á 20. öld voru kindur hafðar í suðurálmú hellisins. Hrútar og tryppi voru höfð í norðvesturhlutanum inni við hlöðuna. Í austurenda hellisins, austan við hlöðuna, voru göng. Við hlöðuna var hesthús fram yfir 1950. Þá var hlaðan endurbyggð og fjárhús reist við hana. Þeim var breytt í refaskála á 9 áratugnum. Hætt var að nota hellinn milli 1950 og 1960." Þessi lýsing á hellinum hér að ofan er mjög ítarleg og því lítið við hana að bæta. Í dag er allur NA hluti hellis hruninn og hesthús byggt um 10 m NA við NA enda hellisins. Hellirinn liggur NA-SV í bergrana sem liggur SA-NV. Kúpt manngert op er inn í hellinn á SV horni ranans um 1,7 m hátt og 2 m breitt. Hluti hellisins sem stendur ennþá er um 8-10 m langur, 6-8 m breiður og 1,6-1,8 m á hæð. Tvö útskot eru til beggja hliða (fjögur alls) inni í helli rétt innan við SV op hans. 14 m eru frá brún rima að hellisopinu sem hefur þurft að höggva í burtu áður en þak byrjar að myndast. Í hellinum hafa verið steiptar undirstöður fyrir eitthvað í gólfi hans. Við enda aflanga hellisins var stórt rými um 8x7 m stórt sem lá NV-SA. Í þessum enda hellisins sést um 0,6 m þykkt lag af taði og öðrum mannvistarlögum. Hellirinn var þar um 1,8-2 m hár áður en lögin tóku að myndast en í suðvesturenda hellisins er þak hans hrundið og 4-6 m djúp hola myndast ofan í hólnum í staðinn.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Sýslu- og sóknalýsingar Rangárvallasýslu, 199-200; Manngerðir hellar, 130-132; Ö-Áshverfistorfa, 4



Suðvesturinnangangur inn í Stekkatúnshelli I (til vinstri) og hrundið þak í NV enda hellis (til hægri)

RA-358:014 Stekkatúnshellir II hellir fjárskýli 63°50.666N 20°34.783V

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs." segir í Manngerðir hellar. "Fyrir norðan Ásbæina eru fjórir hólar, sem heita Torfhóll. Stekkatún, í því eru tveir mjög stórir fjár- og heyhellar frá Ási, og Biskupshóll og Stekkatúnshali ([Stekkatúns]rani)." segir í örnefnalýsingu. Hellir var um 70 m A við helli 013, um 480 m ANA við Ás 001 og um 25 m sunnan við bárujárnsklætt hesthús (áður minkahús) frá Ási 001. Hellirinn var höggvinn inn í grasigróinn bergrima sem er 6-8 m hár, 50-60 m

breiður, 150-200 m langur og liggur SA-NV.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingarskrá segir svo: “ÁS. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stekkatúni (tveir), í smáhól skammt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólnum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey).” Í Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu frá 1839-1873 segir svo: “Í Ási eru 4 heima við og einn upp í högunum. Einn af þeim er heyhellir, tekur víst af 200 hestum, mikið hár á sumum stöðum, í hönum skal vera letur. Annar er brúkaður bæði fyrir lömb og tekur 60 við jötur; annar í Stekkjartúninu er bæði fjár- og heyhellir, tekur undir 100 fjár og af 60 hestum hey, en hinn er brúkaður fyrir hesthús, tekur 18 hesta við stall.” Í Manngerðum hellum segir svo: “Í skýrslum um tjón af völdum jarðskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist of há, hrun kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið. [...] Stekkatúnshellir II. Um þennan helli er litlu við að bæta umfram það sem grunnmyndin sýnir. Hann er í stuttu máli sagt ónýtur. Lýsing Matthíasar Þórðarsonar á honum er fremur óskýr en þó má vel þekkja hann. Húsin sem þá stóðu við hellinn eru nú öll fallin. Hlaða sem Matthías sagði nýlega árið 1917, og byggð var yfir miðhluta hellisins, er nú þekjulaus en hlaðnir grjóttveggir hennar standa að töluverðu leyti enn. Síðast voru kindur í honum. Hann féll úr notkun 1964, síðastur allra hella í Ási. Á síðustu árum hefur rusli verið hent í hellinn í nokkrum mæli og sennilega færi best á því að hann yrði nýttur þannig meðan rúm leyfir.” Í dag er hellirinn, sem lá N-S þvert á náttúrulegan rimann, allur fallinn saman. Aðeins sést nú í op hans í norðurhlíð rimans sem var kúpt, að minnsta kosti 2 m á breidd og 1 m á hæð. Einnig sést smá gat efst á rímanum um 3 m sunnan við hellisopið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Sýslu- og sóknalýsingar Rangárvallasýslu, 199-200; Manngerðir hellar, 130-132; Ö-Áshverfistorfa, 4

RA-358:015 *Skollhólahellir* hellir fjárskýli 63°51.276N 20°34.056V

“Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs.” segir í Manngerðir hellar. “Suður af Hávörðuhól er Tjarnarhóll, en næstsyðsti Skollhóllinn nefnist Hellishóll. Í honum eru tveir hellar frá Ási, notaðir til fjár- og heygeymslu, en syðstur er Fremstihóll.” segir í örnefnalýsingu. Hellir er 1,8 km norðaustur af bæjarhól Áss (RA-358:001). Hellirinn er í túni sem er notað fyrir hagagöngu hesta.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingarskrá segir svo: “ÁS. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stekkatúni (tveir), í smáhól skammt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólnum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey).” Í Manngerðum hellum segir svo: “[...] í lýsingu Kálfholts-, Áss og Háfssókna frá



Manngerður hellir í Skollhólum, horft er í NA

Því um 1840 er dálítill klausa um hella í Ási: Í Ási eru 4 heima við og einn upp í högunum. [...] Sá 5ti tekur meir 100 fjár. Þessi 5ti hellir í Ási er í svokölluðum Skollhólum, norður-landnorður frá Ási. Þar er mér nú sagt, að víst muni rúnaletur vera.” Í skýrslum um tjón af völdum jarskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist of há, hrun kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið. [...] Skollhólahellir. Utan túns að Ási, um 1800 m norð-norðaustur af bæjunum, standa sandsteinshólar upp úr víðáttumiklu mýrlendi. Þeir nefnast einu nafni Skollahólar, en einstakir hólar og hólaþyrpingar bera eigin nöfn. Hellishóll heitir einn hóllinn. Þar eru mikil ummerki mannlegra athafnasemi, tóftarbrota, hellar og garðlög. Langmesta mannvirkið þarna er Skollhólahellir, gripahús mikið og fornt. Matthías Þórðarson lýsti Skollahólahelli og mældi stærð hans. Þó eru einkennilegar gloppur í lýsingunni, einkum hvað varðar ristur og letur á veggjum. Skollhólahellir er hið haganlegasta hús en þó engin listasmíði. Hann stendur enn allvel þótt úr honum séu allar hurðir en nokkurt hrun hefur nýlega orðið úr þaki hans og hleðslum. Aðalhellirinn stefnir nálægt því í austur-vestur og er nú um 25 m að lengd, en 3-5 m á breidd. Við vestruenda hans gengur afhellir á ská norðvestur frá aðalhellinum, nálægt 7 x 3 m². Hæð hellisins er á bilinu 1,7-2,3 m en ef jarðvegi og taði væri mokað af gólfi hans, myndi hann eflaust dýpka allnokkuð. Óljós dæld er í hólinn út frá vesturenda hellisins, um 10 m löng. Ef til vill er þetta fallin þekja og hefur hellirinn þá upprunalega náð lengra til vesturs. Fjórir inngangar eða dyr eru á Skollhólahelli en ekki munu þó nema einn eða tveir hafa verið í notkun samtímis. Stærsta opið er á vesturenda. Þar má ganga niður í hellinn og stendur og stendur gólfið 1,5-2,0 m lægra en opið. Á síðari tímum hefur þetta op alltaf verið lokað með sandsteinshleðslu sem nú er fallin. E.t.v. hefur það aldrei verið notað sem innangur því fast þar innan við eru mjóar dyr í suðvegg hellisins. Þar er tröppur upp að fara, 8 þrep segir matthías Þórðarson, en þær eru nú grafnar í mold og fallna steinhleðslu sem í dyrunum hefur verið. Hermann Guðjónsson, sem fæddur er í Ási og uppalinn þar, segir að inngangur þessi hafa ekki verið notaður á allrasíðasta brúkunarskeiði hellisins en þó örugglega fram á fjórða áratuginn. Gróið hefur fyrir opið að utan og sjást þar aðeins óljós merki um dyr en umhverfis sér fyrir hleðslum að forskála, 4 x 4 m². Nú er þessi inngangur að opnast á ný og komið gat á jarðvegsþekjuna. Þriðji inngangurinn er nálægt hinum enda hellisins, einnig á suðurvegg. Um hann hefur búfenaður farið. Allmörg þrep er þar upp að ganga. Sams konar forskáli hefur verið þar úti fyrir og við vestari innganginn en tættarnar eru nokkuð óljósar. Vegna erfiðleika við að koma taði upp þrepin úr hellinum var á seinni hluta fjórða áratugarins gerður nýr inngangur gegnt eystri forskálanum, þar sem hægt var að koma börum og hestakerru við, að sögn hermanns Guðjónssonar. Þá var gamla innganginum lokað með bárujárnri og tyrft yfir. Nú er þessi þekja fallin og grjót og jarðvegur hylja þrepin. Yngsti inngangurinn er heldur lágur og óvandaður og á síðustu árum hefur orðið allnokkurt hrun úr loftinu við hann. Tveir strompar eru á hellinum. Við vestari strompinn eru 3 m frá gólfi og upp úr en loftþykkt er 1,4 m. Við eystra opið eru 4,0 m frá gólfi og upp úr en loftþykktin er 1,8 m. Hleðsla er innan í þessum strompi. Engar upphækkanir sjást lengur við strompana úti á hólnum en fyrrum voru þær til staðar. Lag hellisins er hið sígilda form ofan til en neðar eru þeir grafnir inn undir sandsteininn neðst fyrir jötur. Axarför eru um alla hvelfinguna og niður á miðja vegg en máð burtu þar fyrir neðan. Fyrir miðjum norðurvegg gengur hellirinn mjög út undir sig, og er það breiður og lágur sveigur inn undir bergið, líklega afleiðing hruns. Leifar af hellujötum sjást með báðum veggjum. Jatan norðan megin er tiltölulega heilleg. Hún er úr basalhellum sem raðað hefur verið upp á rönd. Breidd hennar er 60-70 cm, nema þar sem sveigurinn er í vegginn, þar er hún allt að 2,25 m breið. Við suðurvegg vottar fyrir sams konar hellujötu. leifar af tréverki sjást við jöturnar sem hefur átt að verna því að skepnurnar træðu upp í þær. Steypt drykkjarker er hálfgrafið í hrun við nýjustu dyrnar. Þar er og brunnur undir hruninu. Brunnurinn var garfinn árið 1929. Austurendi hellisins virðist yngri en vesturendinn, t.d. ber þar mun meira á meitil- og axarförum á veggjum. Um afhellinn er fátt að

seja. Hann er lítill miðað við aðalhellinn. Grópir eru í veggina beggja vegna í mynninu fyrir skilrúm sem þar hefur verið. Baggageat er í loftinu ferhyrnt, 1,4 x 1,6 m² og hleðsla í því ofan á sandsteininn. Hæðin mjókkar upp þannig að opið í torfþekjuna úti á hól er 1 x 1 m². Hermann Guðjónsson segir að sökum smæðar afhellisins hafi jafnan verið sett hey í vesturenda aðalhellisins. Í honum hafi verið hlaðinn veggur þar sem hann er mjóstur milli strompanna. Á þeim tíma var einnig trégarði eftir miðjum austurhluta hellisins að endilöngu. Garðanum var skipt í tvennt, sá eystri var tæplega 5 m að lengd og náði fast austur af gafli hellisins, sá vestari var 9-10 m að lengd og um 80 cm gangur á milli þeirra. Einnig var um eins metra bil frá innri enda lengri garðans að heyhellisvegg. Ekki sést tangur né tetur eftir af þessum görðum nú né milliveggnum. Garðarnir voru fjarlægðir á seinni hluta 4 áratugarins um leið og dyrnar voru settar á norðurvegg hellisins. Hermann telur að á 19. öld hafi hellirinn verið hafður undir sauði. Þeir voru miklu léttari á fóðrum en ær og gæti hafa nægt sá vetrarforði sem komst í afhellinn. Grópirnar þar í mynninu kunna að vera frá þeim tíma. eftir að sauðabúskapur lagðist af hafa ær verið hafðar í Skollhólum, en þá hefur jafnframt orðið að taka hluta af aðalhellinum undir hey. Vorið 1909 varð sú breyting í Ási að þriðji bóndinn hóf þar búskap svo þar var þá þríbýli, en hafði verið tvíbýli frá 1840. Segir Hermann að einn Ásbænda hafi verið með ær sínar í hellinum til vors 1945. Síðan þá hafi hann ekki verið notaður. Allmikið er um stafi og ristur á hellisveggjunum, einkanlega kringum mynni afhellisins. Þetta eru mjög misgömul verk, sum alveg ný, önnur fornleg mjög, máð og mosavaxin. [...] Hér eru vafalítið rúnir þær sem minnst er á í sóknarlýsingunni frá um 1840. Ekki er víst að krossarnir tengist letrinu neitt, en þó eru þeir fornlegir eins og það og virðast síst yngri. Flöturinn undir letrinu hefur verið sléttður áður en það var rist og er hér því ekki um neitt handahófskennt krot að ræða. Flöturinn er 50x 30 cm² og stærstu stafirnir allt að 6 cm háir." Lítið er hægt að bæta við hina ýtarlegu lýsingu sem hér er að ofan. Í dag er op hellisins um 3 m breitt og um 1,50 m hátt, þegar komið er inn í hellinn er alveg hægt að standa uppréttur, lofthæð gæti verið rúmir 2 m. Hellirinn skiptist í 2 hólf, það stærra liggur til austnorðausturs og hefur sumstaðar hrúnið úr loftinu gót svo að dagsbirtu gætir í hellinum. Hitt hólflið liggur til norðvesturs og er að öllum líkindum ekki eins langt því þeim megin lækkar hólloinn. Ekki ber mikið á taði í hólum svo að ekki hefur verið mikið um skepnur þar, alla vega ekki nýlega.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 130, 133-137; Ö-Áshverfistorfa, 4

RA-358:016 *Litlihellir* hellir útihús

Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingarskrá segir svo: "ÁS. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stekkatúni (tveir), í smáhól skammt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey)." Í Manngerðum hellum segir svo: "Í skýrslum um tjón af völdum jarðskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist of há, hrún kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið. [...] Litlihellir í Skollhólum. Í vesturenda Hellishóls gengur rani til norðurs, jafnhár hólum. Í norðurenda ranans var gerður fjárhellir inn í sandsteininn, 6-7 m langur, 4 m víður og 2 m á hæð. Guðjón Jónsson bóndi í Ási II (1909-1954) gerði hellinn á öðrum áratug aldarinnar. Úti fyrir hellismunnum var hlaðinn forskáli úr sandsteinum sem höggvinn var til úr uppgreftri hellisins. Hann var

tæplega 3 m langur, 1,5 m hár og 1 m víður. Gólf hans var hallalaust, í jarðhæð, og gengur niður eina tröppu í hellinn. Þar voru fódraðar veturgamlar ær og hellirinn því ýmist kallaður Gimbrahellir eða Litlihellir til aðgreiningar frá Skollhólahelli. Lengst af var trégarði í hellinum miðjum að endilöngu en á fjórða áratugnum var garðinn rifinn og jötur settar með veggjum. Hellirinn rúmaði 20 kindur. Síðan hætt var að nota hellinn hefur mikið hrúnið úr lofti hans út við munnann og hann styst svo mjög að nú er hann líkari hellisgjögrri en því fallega húsi sem hann áður var. Árið 1928 var heyhlaða reist uppi á hólum. Hún snéri í norður - suður svo norðurgafi hennar var við suðurgafi hellisins. Enginn gangur var þó þar á milli. Hún var grafin í hólinn niður á berg og þar ofan á sett trégrind með háu risi, klædd bárujárni. Nú er hlaðan horfin en tóftir sýna hvar hún var."

Litlihellir fannst ekki við skráningu sumarið 2006. Eftir ítarlegri eftirgrennslan í heimildum við ritun þessarar skýrslu kom í ljós að mjög líklegt er að búið sé að reisa hús og hestagirðingu á svæðinu þar sem hellirinn var áður. Reynt verður að staðfesta nákvæma staðsetningu hans sumarið 2007.

Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 137-138

RA-358:017 *Áshellir, Heyhellirinn* hellir hlaða 63°50.510N 20°35.230V

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs." segir í Sunnlenskar Byggðir V. "Nær bænum er Lambahellishóll, í honum er hellir, sem Lambahellir nefnist, en heima við bæinn er Heyhellir (notaður enn til heygeymslu). Í fyrstu munu Lambahellir og Heyhellir hafa verið einn hellir, en svo hefur loftið í miðju hans fallið niður um þvert og úr orðið tveir hellar; er enn laut í hólum, er sýna (svo) verksummerkin." segir í örnefnalýsingu. Lítið op ofan í Áshellir er um 5 m A við íbúðarhús Áss II, um 1,5 m frá SV horni hlöðu NA við íbúðarhúsið og um 52 m vestan við Lambhelli (019). Hluti hellis var þar sem hlaða og hesthúsið standa nú. Á þessu svæði er malarborið plan sem keyrt er um á leið suður á tún og geymdar eru heyrúllur á planinu.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingaskrá segir svo: "ÁS. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stekkatúni (tveir), í smáhól skammt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey)." Í Sýslu- og sóknalýsingu Rangárvallasýslu frá 1839-1873 segir svo: "Í Ási eru 4 [hellar] heima við og einn upp í högunum. Einn af þeim er heyhellir, tekur víst af 200 hestum, mikið hár á sumum stöðum, í hönum skal vera letur. Annar er brúkaður fyrir lömb og tekur 60 við jötu [...]." Í Manngerðum hellum segir svo: "Í skýrslum um tjón af völdum jarskjálftanna 1896 er nefnt að 9 hellar hafi fallið í Ási. Þessi tala virðist of há, hrun kann að hafa orðið í 9 hellum en ekki er líklegt að þeir hafi allir gerfallið. [...] Áshellir, Heyhellirinn eða Þinghellirinn gamli. Stærsti og e.t.v. merkilegasti hellirinn í Ási var Heyhellirinn eða Þinghellirinn gamli, stundum nefndur Áshellir og er það nafn notað hér. Þessi hellir er ekki lengur til. Þegar nýtt íbúðarhús var byggt á jörðinni um 1952 lenti hann í grunni þess, þótt friðlýstur væri. Á síðustu öld og fram eftir þessari var hellinn lengst af notaður sem heyhlaða við fjósið. [...] Hlóðir og aska fundust þar eitt sinn í föllnum afhelli að sögn Matthíasar Þórðarsonar. Mannabústaður hefur hann því e.t.v. verið um eitthvert skeið. Innangengt var úr gamla bænum í Ási í hellinn. Þar var hola í kjallaranum, sem Grotta kallaðist, og op úr helli í hellinn. Um aldamótin 1900 voru manntalsþing háð í Áshelli, þó ekki nema einu sinni eða tvisvar. Um það leyti féll allmikið stykki úr hellisloftinu svo ekki þóti forsvaranlegt að stenfa þangað fjölmenni. Um aldur Áshellis er lítið vitað. Ártalið 1756 sem krotað var á hellisvegginn er vísbending um lágmarksaldur hans en sennilega er hann miklu eldri og ævafor. Eftir lýsingu Matthíasar Þórðarsonar að dæma bar hann þess merki

að hafa verið mun stærri fyrrum og hefur líklega oft verið endurgerður og mótaður af breytilegum þörfum frá kynslóð til kynslóðar.” Þessi hellir var týndur en nýlega hefur opnast gat niður í hann. Opið er um 2 m á breidd og 3 m á lengd niður í gegnum þak hellis. Samkvæmt Guðmundi Haukssyni ábúanda nær hellirinn um 15 m í A meðfram hlöðuvegg og er horft er niður í hellinn virðist einnig vera smá útskot til norðurs. Ekki er hægt að sjá hvort hellir lá nær íbúðarhúsinu í vestur vegna hruns.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 381; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Sýslu- og sóknalýsingar Rangárvallasýslu, 199-200; Manngerðir hellar, 130, 138-139; Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-358:018 hellir hesthús 63°50.751N 20°34.731V

”Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs.” segir í Sunnlenskum byggðum V. Manngerður hellir var um 655 m ANA við 001, um 10-40 m SA-A við Ásveg 275 og um 190 m NA við Stekkatúnshelli I (013). Hann var grafinn inn í grasivaxinn bergrana sem liggur NA-SV og er nú í sléttuðu túni. Raninn er um 1-3 m hár, um 100 m langur og 30-40 m breiður. Í Manngerðum hellum segir svo: “Biskupshóll er norður af Stekkjartúninu í Ási [358:047]. Hermann Guðjónsson frá Ási segir að hellir hafi verið norðvestan í hólnum, 12 fermetrar að stærð. Þetta var þurr og þrífalegur hellir sem gengið var niður í um eina tröppu. Í hellinum voru jafnan tryppi, 5-6 talsins, og vetrarforði af heyi fyrir þau. Sú sögn fylgir hellinum að við hann hafi Skálholtsbiskupar slegið upp tjöldum í vísitasíuferðum. Um miðja þessa öld var hóllin lækkaður og hellirinn fylltur upp.” Í dag er þessi hellir horfinn og ekkert er á hann minnst í Sýslu- og sóknarlýsingum Rangárvallasýslu.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: SB V, 381; Manngerðir hellar, 138

RA-358:019 Lambahellir hellir lambhús 63°50.515N 20°35.164V

”Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs.” segir í Sunnlenskar byggðir V. Í örnefnaskrá segir svo: “Nær bænum er Lambahellishóll, í honum er hellir, sem Lambahellir nefnist, en heima við bæinn er Heyhellir (notaður enn til heygeymslu). Í fyrstu munu Lambahellir og Heyhellir hafa verið einn hellir, en svo hefur loftið í miðju hans fallið niður um þvert og úr orðið tveir hellar; er enn laut í hólnum, er sýna (svo) verksummerkin.” Lambahellir er um 70 m A við Ás II og um 57 m NA við Ás I (001). Fast sunnan við Lambahelli er sléttuð tún en fast norðan, austan og vestan við hann er órækt



Inngangur í Lambhelli, horft í V

gróin háu grasi. Um 10-12 m vestar er svo malarplan fyrir heyrúllur.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingarskrá segir svo: "Ás. Hellar manngjörvir, fornir, við bæinn (einn), í svonefndu Stekkatúni (tveir), í smáhól skammt fyrir norðvestan það (einn), austur á heimatúninu (einn) og í hólum norðvestur frá bænum (einn mikill sauðahellir með afhelli fyrir hey)." Í Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu frá 1839-1873 segir svo: "Í Ási eru 4 [hellar] heima við og einn upp í högunum. Einn af þeim er heyhellir, tekur víst af 200 hestum, mikið hár á sumum stöðum, í hönum skal vera letur. Annar er brúkaður fyrir lömb og tekur 60 við jötu [...]." Í Manngerðum hellum segir svo: "Lambahellir er austan í bæjarhólum og ekki aðgengilegur. Fyrir framan hann er braggæræksni og hellirinn sjálfur er fullur af drasli. Matthías Þórðarson mældi hann upp og lýsir honum í alllöngu máli. Hann var þá um 10 m að lengd og 6 m þar sem hann var breiðastur og með tvo strompa í lofti. Hann var lambhús og hafði hvort býlið í Ási sinn hluta hellisins. Hlaða var við hann og tveir forskálar. Matthías taldi að hann væri endi á helli sem hefði verið mun stærri fyrrum. Hugsanlegt er að hellarnir í bæjarhólum í Ási hafi tengst bæjarhúsum og hver öðrum með einhverjum hætti." Í dag er nú op inn í Lambahelli þar sem áður stóð braggi. Opið er um 6 m á breidd og 1,5-1,7 m á hæð og liggur hellirinn A-V. Þak hans er kúpt og hrútið hefur úr því við opið. Ekki er hægt að fara nema 6-8 m inn í helli í dag vegna hruns úr þaki. Útskot sem ekki er búið að fylla upp í er til hægri er gengið er inn og er þar upprunalegur inngangur inn í hellinn. Hellisopið þar er lítil hringlaga hola sem nú er falin í gróðri um 4-6 m frá aðalhellu. Um 8 m í vestur frá aðal hellisopi hefur þak hellisins hrútið og fyllt hefur verið upp í það með mól og sandi.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: SB V, 381; Sýslu- og sóknalýsingar Rangárvallasýslu, 199-200; Manngerðir hellar, 142; Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-358:020 hellir fjárskýli

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs." segir í Sunnlenskar byggðir V. Í dag eru aðeins þrír hellar hálf uppistandandi í landi Áss og vitað er um staðsetningu þriggja annarra. Staðsetning annarra hella sem getið er í heimildum er óþekkt.

Heimildir: SB V, 381

RA-358:021 hellir fjárskýli

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs." segir í Sunnlenskar byggðir V. Í dag eru aðeins þrír hellar hálf uppistandandi í landi Áss og vitað er um staðsetningu þriggja annarra. Staðsetning annarra hella sem getið er í heimildum er óþekkt.

Heimildir: SB V, 381

RA-358:022 hellir fjárskýli

"Í Ási voru 10 móbergshellar og fram til 1932 höfðu bændur nægilegt rými í þeim fyrir allan sauðfénað sinn og hey handa honum, að sauðum undanskyldum. Þetta voru hlý og góð fénaðarhús og því til mikilla hlunninda. Við jarðaskiptin 1932 lentu hellarnir allir innan landareignar jarðarinnar Ás I. Nú er notkun þeirra lokið og frost molar þá niður frá ári til árs."

segir í Sunnlenskar byggðir V. Í dag eru aðeins hellar þrír hálf uppistandandi í landi Áss og vitað er um staðsetningu þriggja annarra. Staðsetning annarra hella sem getið er í heimildum er óþekkt.

Heimildir: SB V, 381


RA-358:023 tóft mylla

63°50.455N 20°35.334V

"Vatnsknúin kornmylla fyrir Ásbæi var sett upp 1911, rétt norðan gömlu heimreiðarinnar sem lá að bænum sunnan bæjarhólsins. Mylluna reisti Sigurður Símonarson vinnumaður í Ási. Hún var aflögð 1915." segir Sunnlenskum byggðum V. Samkvæmt Guðbirni Ingvari Jónssyni, heimildamanni, var myllan um 75 m VSV við 001, um 3-4 m A við bæjargil og um 10 m V við malarveg sem liggur suður að sumarbústað sem kallast Ástún. Ástún er á suðurenda móbergsrana sem Harðhaus er í. Tóftin er á austurbakka Ásgils (bæjargils). Bakki gilsins er um 2-5 m hár og vaxinn háu grasi þar sem tóftin stendur sunnan undir hæsta punkti gilsbakka. Í dag sést aðeins hola í bakka Ásgils sem er um 4 m á lengd, 4 m á breidd og 0,8-1,2 m djúp. Svæðið er vaxið háu grasi svo erfitt er að greina tóftarbrot en í V út frá hringlaga holu er skurður sem liggur niður að læk í Ásgili. Ofan í holunni er bárujárnsbrak.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 381



Tóft myllu 023 um 75 m VSV við 001, ljósmynd tekin í vestur

RA-358:024 heimild um kálgarð

63°50.472N 20°35.284V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður S, SV og V við og 2-5 m frá Ási (001) og um 180 m austan við Áskot (RA-361:001). Í dag er þetta svæði sléttur bali vaxinn háu grasi S, SV og V við hús. Partur af svæðinu sunnan við húsið er nú girtur af sem skrautgarður kringum íbúðarhúsið með limgerði í kring. Ekkert sést til fornleifar en samkvæmt túnakortinu var garðurinn um 900-1000 fermetrar að flatarmáli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-358:025 garðlag kálgarður

63°50.488N 20°35.239V

Á túnakorti frá því um 1920 var kálgarður á svæðinu milli Áss (001) og kirkjugarðs (002). Í

dag er svæðið sléttaður garður með trjám og runnagróðri. Ekkert sést til leifa þessa kálgarðs í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 1

RA-358:026 *Harðhaus* frásögn hellir 63°50.499N 20°35.081V

"Norðan undir honum [Harðhaus] er laut, sem nefnd er Leynir (en lautin austan undir Harðhaus er nafnlaus. H.G.). Við hólinn er bundin sú sögn, að þar muni vera hellir, sem ekki megji grafa upp, vegna þess, að þeim sem það geri, sýnist bærinn standa í björtu báli." segir í örnefnalýsingu. Harðhaus er um 100-140 m SA til A við Ás (001) og um 70 m S til SA við Lambhelli (019). Harðhaus er í sléttuðu túni. Hólinn er um 1-3 m hár, um 40 m breiður og um 200-250 m langur móbergsrani sem liggur VSV-ANA þvert yfir túnið og heldur áfram í SV suður fyrir kirkjugarð. Ekkert sést til hellisins í dag. Ekki er ólíklegt að í þessum rana hafi verið hellir en þó sjást engar dældir í honum sem gefa til kynna fallið þak hellis.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar


Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 1

RA-358:027 tóft beitarhús 63°50.934N 20°36.979V

Upp í Ásunum innar er kelda, sem kölluð er Rauðimígandi. Upp af henni er rimi, kallaður Músarrimi. Innan við þann rima voru fjárhús frá Áskoti. Flötin neðan í Ásunum innan við þau heitir Flesjur." segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 1630 m NV við Ás (RA-358:001) og um 1500 m NV við Áskot (RA-361:001). Tóftin er á brún Ásanna á hraunbergsklöpp í mosa- og grasigrónum móa til NA og SV með rofabarð og mýri til SA. Til NV við tóft er svo brekka sem hallar 20-30° í NV. Tóftin er tvískipt, um 18 m löng, 6-9 m á breidd og snýr NV-SA. Hólfin tvö eru samsíða, snúa NV-SA og 0,5 m breiðir inngangar voru inn í þau bæði á NV hlið þeirra. Suðvestara hólfið er 2x14 m að innanmáli og norðeystra hólfið 2x3 m að innanmáli. Mikið grjóthrun er inni í suðvestara hólfinu en það er hugsanlegt að því hafi verið skipt í hlöðu eða heygarð og gripahús með hlöðnum vegg í miðjunni. Gólf tóftarinnar er mjög ógreinilegt vegna hruns úr veggjum og því engar greinilegar undirstöður fyrir garða sjáanlegar. Norðeystra hólfið gæti hugsanlega hafa verið hrútakofi. Veggir tóftarinnar eru grasi- og mosagrónir, 0,6-1,4 m á hæð og 1,5-3 m á breidd. Tóftin er öll hlaðin úr torfi og grjóti en fjöldi umfara er óþekktur.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 4



Fjárhústóft um 1630 m NV við Ás, ljósmynd tekin í NV

RA-358:028 *Fjóshóll* örnefni fjós

"Norðan við heimreiðina (058) að vestan að Ási er hóll, sem kallaður er Fjóshóll." segir í örnefnalýsingu. Staðsetning þessa hól er óþekkt og ekkert sést til hól norðan við heimreiðina.

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-358:029 *Gömlutraðir* gata traðir

63°50.458N 20°35.241V

"Fremst á Skákinni, í suðvestur frá bænum, ofan við Gömlutraðir, er Háabrekka." segir í örnefnalýsingu. Gömlutraðir lágu A-V um 55 m sunnan við Ás (001) og um 200 m VSV við Áskot (RA-361:001) áður en núverandi þjóðvegur 275 komst í gagnið. Þetta svæði er nú í sléttuðu túni sunnan við bratta brekku sem hallar 20-30° í suður sunnan við Ás (001). Óljósar mjóar og langar dældir eru í túni en þær gætu allt eins verið eftir stór ökutæki. Á túnakorti frá því um 1920 eru engar traðir á þessu svæði og því hljóta þær að vera eitthvað eldri en kortið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-358:030 *Fjóshóll* heimild um fjós

63°50.499N 20°35.519V

"Vestast á því [Geldnautatúni] er hóll, sem Fjóshóll nefnist. Á honum stóð nautafjós Eiríks Sveinssonar, sem bjó einn á Ási frá 1793 til 1840. Fremst í túninu er brunnur [354:031]." segir í örnefnalýsingu. Fjóshóll var um 230 m vestan við Ás (001) og um 75 m norðan við Áskot (RA-361:001). Þetta svæði er nú í sléttuðu túni. Hvorki hóll né útihús sést nú í túni.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-358:031 heimild um brunn

63°50.478N 20°35.376V

"Vestast á því [Geldnautatúni] er hóll, sem Fjóshóll nefnist. Á honum stóð nautafjós Eiríks Sveinssonar [358:030], sem bjó einn á Ási frá 1793 til 1840. Fremst í túninu er brunnur." segir í örnefnalýsingu. Brunnur var um 100 m SA við Ás (001), um 105 m A við Áskot (RA-361:001) og um 25 m S við heimreið (011). Brunnurinn var staðsettur mjög sunnarlega í sléttuðu túni en nýbúið er að fylla upp í hann. Ekkert sést til fornleifar í dag.

Hættumat: stórhætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-358:032 *Lambhústún* örnefni lambhús

63°50.327N 20°35.331V

"Í túninu neðst austan við gilið [Áskotsgil] er Lambhústún, en beint á móti, vestan við gilið, er Fjárhústún." segir í örnefnalýsingu. Lambhústún er um 280 m SV við Ás (001) og um 270 m S við Áskot (RA-361:001) A við Áskotsgil. Á þessu svæði er nú sléttuð tún sem liggur N-S. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-358:033 *Fjárhústún* örnefni fjárhús

63°50.328N 20°35.475V

"Í túninu neðst austan við gilið [Áskotsgil] er Lambhústún, en beint á móti, vestan við gilið, er Fjárhústún." segir í örnefnalýsingu. Tún þetta er um 330 m SV við Ás (001) og um 24 m S við Áskot (RA-361:001) V við Áskotsgil. Á þessu svæði er nú sléttuð tún í órækt sem liggur N-S samsíða Lambhústúni með Áskotsgil á milli. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-358:034 tóftir beitarhús

63°51.321N 20°36.118V

Tvær tóftir eru um 1700 m N við bæ (001), um 1900 m SSV við Ásmundarstaði (RA-364:001) og 20-30 m SA við brún Ásholts.

Tóftirnar eru í þýfðum grasi- og mosagrónum móa. Vestari tóftin (A) er einföld, um 6 m löng og 5 m breið að utanmáli og snýr NV-SA. Innanmál hennar er 3 m á lengd og 2 m á breidd. Tóftin er grasi- og mosagróin og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Um 0,5 m breiður inngangur er á vesturhlið tóftar og veggir hennar eru 1-1,5 m á breidd og 0,6-1,2 m á hæð. Hlutverk þessarar tóftar eru óljós en hefur



Tvær fjárhústóftir um 1700 m N við Ás

trúlega verið einhvers konar skýli. Um 60 m austur er önnur tóft (B) sem er þrískipt, um 15 m

á lengd og 12-15 m á breidd og snýr NV-SA. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru grasigrónir. Vel sést í grjóthleðslur í öllum veggjum hennar en fjöldi umfara er óþekktur. Tóftinni er skipt í tvö ferköntuð hólfi og er stærra hólfinu skipt í hlöðu og fjárhús (Hólf I og II). Hólfið er 13 m á lengd og 8 m á breidd að innanmáli. Hlaðan hefur verið 3 m á breidd og 8 m á lengd og snúið NA-SV. Fjárhúsið var NV við hlöðuna, um 8 m á breidd og 10 m á lengd að innanmáli og snéri NV-SA. Hlaðnar tröppur voru úr fjárhúsi niður í hlöðu sem er um 0,5 m dýpra niður en fjárhús.



Tóft 358:034A um 1700 m N við Ás 001, horft í NA

Veggir fjárhússins eru um 1-2 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð á meðan veggir hlöðunnar eru 1,5-2 m háir og um 2 m breiðir. Inni í fjárhúsi sjást 2-3 undirstöður fyrir garða en aðeins ein þeirra er greinilega hlaðin úr grjóti. SV við stóra hólfið er smærra hólf (Hólf III) um 2 m á breidd og 4,5 m á lengd að innanmáli. Veggir þess eru um 1,5 m þykkir og 0,4-0,5 m háir og það snýr NV-SA. Trúlega hefur hólfið verið hrútakofi. Viðarþil hefur verið á allri NV hlið tóftarinnar og skilið á milli hlöðu og fjárhúss og fjárhúss og hrútakofa.

Hættumat: engin hætta



Tóft 358:034B um 1700 m N við Ás 001, hólfi I er til vinstri (horft í VNV) og hólfi II til hægri (horft í SV)

RA-358:035 *Gamla-Stekkatún* örnefni stekkur 63°50.662N 20°34.431V
 "Vestan við Hnakkhólsgilskjafinn er mói, sem Gamla-Stekkatún nefnist." segir í örnefnalýsingu. Gamla Stekkatún er um 755 m norðaustan við bæ (001), um 355 m A við Stekkatúnshelli I (013) og um 540 m NNA við Hellnatún (RA-363:001). Túnið snýr A-V, er mjög þýft og í órækt, notað sem hrossahagar. Það liggur samsíða sunnan við Stekkatún (038). Ekkert sést til stekkjatóta á svæðinu. Líklegt er að túnið taki nafn af fjárhellunum (013 og 014) í Stekkatúni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 5

RA-358:036 *Holtavegur forni* gata leið 63° 49.688N 20° 35.693V
 Í örnefnaskrá segir svo: "Tungan að austan milli Rauðalækjar og Framneskeldu heitir Grafteigur [RA-361:007]. Voru þar engjar frá Norður-Áskoti. Sunnan við lá hin gamla þjóðleið yfir þverar Ásengjar er Ásbrú [010] nefndist. Lagðist niður sem alfaraleið um sl. aldamót, er Þjórsárbrúin var byggð. [...] Norðan við vatnið kemur aftur gamla þjóðleiðin fyrrnefnda, og nefnist þar Ásmúlalæk [359:013]. Milli hennar og Ásbrúar var farið meðfram vatninu fyrir neðan bakkann." Í grein sem kallast "Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir" í Sögu XXI eftir Guðjón Inga Hauksson er henni lýst svo: "Leiðin yfir hreppinn frá Ferjuhamri yfir mýrarsund að Hrótsvatni og meðfram því að norðanverðu, fyrir neðan bæinn Ásmúla, yfir Ásengjar og að Rauðalæk þar sem hann beygir til suðurs í Andalæk. Eftir það lá vegurinn með Rauðalæknum, um 10-12 km leið eftir eyrum hans og bökkum, og var vegarstæðið miðað við hvar þurrlandast var, en Rauðilækur rennur í bugðum og krókum eftir farvegi í Andalæk. Til þess að vegurinn væri sem stystur var farið yfir 19 vöð á læknum á allri leiðinni, og hafði hvert vað sitt nafn. Oft kom fyrir að lækurinn varð ófær, einkum á haustin í vatnavöxtum, og urðu menn þá að fara með bæjum yfir mýrar og holt og rímateyginga. Þessi leið var þjóðleið um Holtin alveg til 1895, en hana fóru þeir helst sem áttu erindi á Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Selvog, Herðísarvík og Grindavík". Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Um sama leyti og séra Benedikt sendi sóknarlýsingu sína frá sér, urðu þáttaskil í samgöngumálum þessa svæðis og fleiri byggða í Rangárvallasýslu. Þar hófst þá skipuleg og þróttmikil framfarasókn til bættra ferðaleiða. „Alfaravegurinn" [RA-365:023] norðan bæja í Áshverfi var lagður niður en annar nýr gerður sunnan þeirra. Lá hann frá Steinslæk við Prestsvað [RA-374:010] að Hrótsvatni, síðan eftir fjöru þess að norðanverðu og áfram yfir blautt engjasvæði að Rauðalæk hjá Brúarendavaði [009]." Um Ásahrepp rennur Rauðilækur í SV um 150 m SA við Hellnatún (RA-363:001) en leiðin beygði svo í vestur við Brúarendavað um 1500 m SSV við Ás (001) og þar lá Ásbrú (010) yfir Ásengjar. Leiðin liggur meðfram grasigrónum bökkum Rauðalækjar um mjög deiga mýri og vestur í fjöru við norðurenda Hrótsvatns. Í Þykkskinu

segir: "Holtavegur forni milli Ferju og Ægissíðu. Frá fornu fari lá fjölfarin þjóðleið yfir neðanverð Holtin - milli Sandhólaferju og Ægissíðu. Hin forna leið lá frá Ferjuhamri, yfir Reiðholt, Ferjusund og Flatholt, að Hrútsvatni norðanverðu. Svo meðfram Hrútsvatni norðanmegin og neðan við Ásmúlatún. Síðan frá austurenda vatnsins, yfir Ásengjar niður að Rauðalæk, kippkorn neðan við Framnes. Þaðan fylgdi vegurinn Rauðalæk upp á móts við Brekkur - lá ýmist ofan eða framan lækjar, ellegar eftir honum. Enda var á þeirri leið farið 19 sinnum yfir lækinn. Með Rauðalæk lá leiðin í austur, en neðan við Brekkur beygði hún í landsuður, upp í norðurtaglið á Miðmundarholti. Þeirri stefnu hélt hún að mestu eftir holtinu og lágum rimum austur að Ægisíðusundi fyrir ofan Fauskás. Svo yfir sundið og Ægisíðuheiði - niður að Ægisíðuvaði, sem var á Rangá litlu neðan en brúin stendur nú. Auðsýnilega var leiðin valin með það sjónarmið fyrir augum að sem víðast væri fast undir fæti. Eigi varð þó hjá því komist að fara þyrfti yfir nokkur meira og minna torfær mýrarsund. Flestar aldir Íslandsbyggðar sýnast menn hafa sætt sig við að svamla á víð og dreif um þessa votu mýrarsvakka. Þó var fyrir miðja 19. öld hafist handa og hlaðnir mjóir vegaspottar yfir verstu slörkin. Þær vegabætur voru nefndar brýr. Brýrnar beindu umferðinni allri í eina slóð. Það leiddi til þess að þær entust illa - og fljótt varð illfært við annan eða báða enda þeirra. Þess vegna þurfti að halda þeim við og lengja þær jafnt og þétt. Þannig urðu sumar brýrnar mörg hundruð metra langar á fáum árum. Lengstu brýrnar á Ferjuvegi voru þessar fjórar: Reiðholtsbrú í Ferjusundi á milli Reiðholts og Flatholts [sjá RA-359:011-012]. Ásbrú [010] við norðurbakka Rauðalækjar út yfir Ásengjar. Brú milli Miðmundaholts og Rauðalækjar. Og brú í Ægisíðusundi, með fimm metra langri bitabru yfir Ægissíðugil." Lítil ummerki um þessa þjóðleið finnast í dag en í Ásahreppi hafa verið skráð 8 vöð (RA-358:007, RA-358:009, RA-360:013, RA-363:019, RA-363:024, RA-363:025, RA-363:027 og RA-363:028) og fjórar upphlaðnar brýr (RA-358:010 og RA-359:011, 012 og 013) sem hluti af þessari leið.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 3; Saga XXI 1983, 130-161; Þykkuskinna - Sunnlenskar þjóðsögur og þættir, 50-51; SB V, 307

RA-358:037 *Útgarðsrimi* garðlag heygarður 63°49.864N 20°36.019V
 "Engjarnar, sem takmarkast af Ásbrú, Framneskeldu og Grafteig [RA-361:007], heita Útgarður. Í honum norðarlega er rimi, sem ber nafnið Útgarðsrimi. Er það forn heygarður." segir í örnefnalýsingu. Útgarðsrimi er um 1,3 km suðvestan við gamla bæjarstæði Áss (RA-358:001) og um 600 m SSV við Framnesbæinn (RA-360:001). Skurðir eru bæði norðan og sunnan megin við heygarðinn. Tóftin er í blautri grasmikilli mýri sem í hafa verið grafnir framræsluskurðir. Mannvirkið er á kafi í grasi og ekki er hægt að sjá neina neinar hleðslur fyrir grasi. Það eina sem hægt er að greina er nokkur ójafna og önnur gróðursamsetning sem mynda rúnaðan ferhyrning, veggir gætu verið um 1m á þykkt og um 20 cm á hæð en sjálf tóftin er um 14x16m að stærð og snýr austur og vestur. Þar sem illmögulegt var að skoða tóftina var reynt að gera sér grein fyrir henni með traðki og virtist þannig sem innrabyrði tóftarinnar væri greinilegra en hið ytra.

Hættumat: hættu, vegna rasks

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 3



Heygarður um 1,3 km SV við bæ (001), ljósmynd tekin í austur

RA-358:038 Stekkatún örnefni stekkur

63°50.726N 20°34.366V

"Fyrir norðan Ásbæina eru fjórir hólar, sem heita Torfhóll. Stekkatún, í því eru tveir mjög stórir fjár- og heyhellar [013-014] frá Ási," segir í örnefnalýsingu. Stekkatún er um 860 m austan við Ás (358:001) og um 672 m NNA við Berustaði (363:001). Svæðið er mjög þýft tún í órækt sem liggur A-V. Ekkert sést til stekkjartófta. Hugsanlegt er að túnið taki sér nafn af fjárhellunum sem í því eru (358:013-014).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 4

RA-358:039 Byrgishóll örnefni fjárskýli

63°51.568N 20°34.234V

"Mynda þeir [Skollhólar] norðast beina og reglulega hólaröð, sem kallaðir eru einu nafni Efrihólar, en nöfn einstakra hóla eru þessi: Þrípúfuhóll, vestastur, þá Hávörðuhóll, þá Byrgishóll, en Skarðhóll austastur; eru þá nöfn einstakra Efrihóla upptalin." segir í örnefna-lýsingu. Byrgishóll er um 570 m norðan við Skollhólahelli (RA-358:015) og um 2,2 km SSV við gamla bæjarstæðið á Ási (RA-358:001). Landið er mjög hæðótt og kennileita ríkt, vel gróið og nýtt sem beitiland fyrir hesta. Ekki eru neinar hleðslur sjáanlegar en skútarnir sem finna má upp við bergvegginn eru fín skýli sem leita má í skjól fyrir regni og vindum.



Byrgishóll um 2,2 km SSV við Ás 001

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 4

RA-358:040 Byrgi heimild um varnargarð

63°51.397N 20°36.058V

"Gil innar í Ásunum heitir Svartagil. Niður undan því er rimi, sem heitir Byrgi. Var þar áður fyrir skjólgarður fyrir hross, hlaðinn úr torfi." segir í örnefnalýsingu. Labbað var ofan á Ásnum

meðfram brún langleiðina að Ásmundarstöðum en ekkert sást til mannvirkja á flötunum fyrir neðan. Neðan við ásin er mosa- og grasivaxin brekka og svo tekur við slétt mýrlendi alveg NV að Steinslæk. Hnit var tekið um 100 m austan við Ásmannanes undir fyrsta gili austan við nesið. Fannst ekki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 4

RA-358:041 heimild um kálgarð

63°50.515N 20°35.453V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður um 110 m N við Áskot (RA-361:001), um 180 m NV við Ás (001) og um 30-40 m SSA við Ásveg 275. Svæðið er nú í sléttuðu túni. Ekkert sést til kálgarðsins í dag en samkvæmt túnakorti var hann fast austan við Ásgarð [004] og um 400 fermetrar að flatarmáli.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-358:042 garðlag túngarður

63°50.643N 20°34.772V

Garðlag er um 500 m ANA við Ás (001) og um 40 m sunnan við Stekkatúnshelli II (014). Garðlagið liggur SV í og meðfram austurenda grasigróins bergrana í Stekkatúni (038). Garðlagið er um 180 m langt, um 1,5-2 m á breidd og um 0,4-1 m á hæð. Garðlagið er mjög rofið hér og þar vegna hrossabeitar. Garðlagið er torfhlaðið og liggur ASA-VNV um 108 m áður en það beygir í norður og liggur N-S um 72 m þar sem það endar við hlið sem hleypir hrossum inn á Stekkatún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður um 500 m ANA við Ás

RA-358:043 garðlag óþekkt

63°50.629N 20°34.653V

Garðlag er um 590 m austan við Ás (001) og um 377 N við Hellnatún (RA-363:001). Garðlagið er í mjög þýfðu túni (035) í órækt. Garðlagið er mosa- og grasigróið, um 110 m á lengd, um 1,5-2 m á breidd, 0,4-0,6 m á hæð og liggur N-S. Meðfram austurhlið þess er um 0,2-0,4 m djúp dæld sem líkist kindagötu sem liggur fast samsíða garð-laginu. Hugsanlegt er að þessi myndun sé ekki hlaðið garðlag heldur hafi myndast er lagnir eða línur voru lagðar yfir túnið eða eitthvað slíkt en ekki er hægt að skera úr um það að svo stöddu án frekari rannsókna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag um 590 m A við Ás 001

RA-358:044 Preststígsbrún heimild um leið

63° 51.246N 20° 36.525V

Í örnefnalýsingu segir svo: Nefið þar upp af [Flesjum], austan megin, nefnist Ásmannanef, en mýrarbrúnin fyrir neðan það Preststígsbrún." Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Ýtarlega lýsir séra Benedikt þremur alfaravegum [sjá RA-365:023, RA-374:007 og RA-370:037]


austan Egilsstaðarferju [RA-375:018], enda allar að hluta til í landi Kálfholts, [...]. Sú þriðja beint heim að Kálfholti,, eftir sem vörðurnar og brýrnar vísa á héðan austur að Syðri-Hömrum, austur yfir Steinslæk á Selsvaði [RA-365:012], fyrir ofan Sel [RA-365:001] og Ásmundarstaði [RA-364:001] austur í Árbæjarsókn. Nýlagðar brýr á þessum vegi eru þrjár brýr frá ánni og að Kálfholti [RA-375:001], ein þaðan að læknum [Steinslæk] en frá læknum að Seli er illfær mýri og mikið torvelt að endurbæta hana, þar yfir er þó kirkjuvegur prests að Áskirkju [sjá RA-358:002 og RA-358:044]" [...]. Preststígsbrún er um 1750 m NNV við Ás (001) og um 3400 m ANA við Berustaði (RA-368:001). Mjög líklegt er að í Preststígsbrún hafi kirkjuvegur prests úr Kálfholti að Áskirkju legið upp á Ásana og þaðan yfir að Ási eftir að komið var fram hjá Ásmundarstöðum. Í brekkubotninum á þessu svæði er grasi- og mosagróinn mói en neðan við brekkurnar er mýri alveg NV að Steinslæk. Á svæðinu eru aðeins nokkrar ógreinilega hesta og kindagötur. Sumar þeirra liggja ANA-VSV meðfram brún ássins, en engar ná mjög langt, og aðrar liggja upp og niður af ásnum án ákveðinnar stefnu. Hugsanlegt er að farið hafi verið um Preststíg á leið til kirkju í Kálfholti frá Áshverfistorfu en engar heimildir hafa fundist um slíkt.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 4; SB V, 306-307

RA-359 Ásmúli

10 hdr 1708. 1840: "Þar er reytingsheyskapur." SSR, 205. 1920: Tún 2,5 ha, sléttað 1 ha, garðar 1020 m². "Þetta er fremur landlítill jörð og var áður fremur votlend en þó þurrir bakkar meðfram Steinslæk og Hrútsvatni, stóru stöðuvatni við túnfót sem er hin mesta bæjarprýði." SB V, 390.



Kort af túnum Ásmúla frá því um 1920

RA-359:001 Ásmúli bæjarhóll bústaður

63° 50.055N 20° 37.168V

Á Áshverfistorfunni voru þessar jarðir í byggð árið 1940: Ás I, Ás II, Ás, Áskot, Hellatún, Framnes og Ásmúli," segir í örnefnaskrá. Ásmúli er sunnan við veg nr. 275, um 500-600 m norðan við Hrútsvatn og um 1,8 km suðvestan við íbúðarhúsið á Ási RA-358:001 sem var byggt 1898. Íbúðarhús byggt 1947 stendur á bæjarhólnum. Á hólnum stendur íbúðarhús og umhverfis það er skrudgarður, hallar landið til suðurs niður að Hrútsvatni. Á bæjarhólnum sem er 45x25 m að stærð og snýr austur og vestur stendur tréhús með steiptan kjallara, framhlið snýr til suðurs. Austan og sunnan megin á hólnum eru steinhleðslur og má þar einnig sjá vott af tröppum sem legið hafa upp á hólnum en hliðar hans eru nokkuð brattar. Rotpró hefur verið komið fyrir vestan bæjarhóls, alveg þétt upp við hann. Alls staðar umhverfis bæjarhólinn er trjágróður (aspir) en upp á sjálfum bæjarhólnum við íbúðarhúsið er runnagróður. Í vesturendanum á hólnum er hlaðinn inngangur sem annaðhvort hefur verið lokað eða fallið saman.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Áshverfistorfa, 1



Bæjarhóll Ásmúla RA-359:001, horft í NA

RA-359:002 heimild um útihús

63° 50.069N 20° 37.263V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var útihús um 80 m norðvestan við bæ (001). Þar

fannst engin tóft og ekkert útihús. Þar er núna afgirt svæði sem er notað sem beitiland fyrir hesta. Landið er slétt en hallar örlítið til suðurs. Ekkert sér til fornleifa og ekki var hægt að greina dæld eða önnur ummerki um að þarna hefði staðið útihús. Túnið er þó að vísu vel sprottið grasi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-359:003 heimild um útihús 63° 50.084N 20° 37.207V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var útihús um 60 m norðan við bæ (001) og standa þar enn útihús. Munu þau standa á sama stað og eldri húsin stóðu. Húsin standa við bæjarhlaðið sem er á milli útihúsanna og íbúðarhússins. Ekkert sér til fornleifa en þar sem eldri útihús stóðu samkvæmt túnakorti standa steipt útihús með viðbyggingum úr timbri og munu þau vera notuð sem hesthús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-359:004 heimild um útihús 63° 50.054N 20° 37.078V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var útihús um 80 m austan við bæ (001) og um 120 m suðaustan við útihús 003. Þetta er slétt land sem hallar til suðurs, það er afgirt og er þar ræktaður skógur. Ekkert sér til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-359:005 heimild um kálgarð 63° 50.039N 20° 37.181V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var kálgarður alveg þétt sunnanmegin við bæjarhólinn (001). Slétt og grösugt land, girt af og notað sem hrossabeit. Kálgarðurinn hefur verið undir bakka sem bærinn stendur við en þar sér ekkert til minja nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-359:006 heimild um kálgarð 63° 50.052N 20° 37.219V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var kálgarður beint vestan við bæ (001) og alveg upp við hann. Slétt og grösugt land, girt af og notað sem hrossabeit. Ekkert sér til minja.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-359:007 tóft fjárhús 63° 50.057N 20° 37.165V

Tóft er alveg við bæjarhólinn eða á bæjarhólnum austan megin og er ekki nema 3 m austar en íbúðarhúsið (001) byggt 1947 og 10 m norðar en það. Tóftin er við bæjarhlaðið í sléttu landi þétt við bílplan. Tóftin er 17x10 m að stærð, snýr norður og suður og er hleðsluhæð veggja um 160 cm og þykkt um 2 m. Grjóthleðslur eru greinilegar í veggjum og munu þær vera um 7 umför og hlaðnar með sömu aðferð og notuð er þegar torfveggur úr klumbruhnaus er hlaðinn. Nokkuð er um sandstein eða móberg í hleðslunum. Tóftin er tvö hól og er stærra hólfið sunnan megin í tóftinni, það er 8x3 m að stærð og liggur garði eftir því endilöngu sem gefur til kynna að það hafi verið notað sem fjárhús. Norðan megin við það er annað smærra hólfið sem er 2x1 m að stærð og snýr vestur og austur. Op er á báðum hólfunum sem snúa að gangi sem liggur út um norður gafl, er opið á stærra hólfinu í norðausturhorninu en á því litla á um austurgaflinn. Vesturveggur tóftarinnar er mjög breiður eða um 5 m, vestast og nyrst út úr honum kemur veggur sem er 4 m langur og snýr beint til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar



Fjárhústóft um 3 m A við 001, horft í S á ljósmynd

RA-359:008 *Stekkarnef* örnefni stekkur 63° 49.854N 20° 37.050V
 "Vestan við Hrútselli er Stekkarnef." segir í örnefnalýsingu. Stekkarnef er 1,9 km suðvestan við gamla bæjarstæðið á Ási (RA-358:001) og um 260-270 m VNV við Hrútselli (RA-360:014). Stekkarnef er nokkuð áberandi, þetta er ekki tangi heldur frekar horn sem skagar út í Hrútsvatn. Bakkinn er brattur og liggur slétt og slegið tún alveg fram á bakkabrún. Á þessu svæði er í dag slétt og slegið tún. Ekki sér til fornleifa og engin vitneskja virðist vera til um stekk á þessum slóðum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 3

RA-359:009 *Mókelda* örnefni mógrafir 63° 49.950N 20° 37.096V
 "Þar fyrir norðan [Stekkarnef, 008] er kelda, sem Mókelda heitir." segir í örnefnalýsingu. Mókelda er um 1,8 km VSV við gamla bæjarstæðið á Ási (RA-358:001), um 200 m suðaustan við Ásmúlabæinn (001) og liggur niður að bakka Hrútsvatns. Vestan við ræktað og slegið tún í óræktuðu landi á bakka djúprar keldu. Mókeldan er um 3 m djúpur gilskorningur sem er í um 50 m fjarlægð frá bakka Hrútsvatns. Suðaustan megin við mókelduna er gróinn skápur sem gæti verið mógröf, hann er um 8x4 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur og er um 80 cm djúp.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 3



Hugsanleg mógröf í Mókeldu

RA-359:010 *Flatholt* tóft beitarhús 63° 50.054N 20° 38.187V
 "Vestan við vatnið [Hrútsvatn], norðan við Þrísprænur, er vík sem heitir Forarvík. Þar fyrir

norðan er holt, sem kallað er Flatholt. Þar eru fjárhús frá Ásmúla." segir í örnefnalýsingu. Fjárhús þessi eru um 2,5 km VSV við gamla bæinn á Ási (RA-358:001), um 1 km VNV við Stekkarnef og um 820-830 m beint vestur af Ásmúla (001). Tóftin er á holti sem er afgirt og notað sem beitiland fyrir nautgripi. Fjárhúsin gætu verið tvö, annað er braggi með steypum grunni og er um 15x9 m að stærð og í góðu ástandi. Hitt er aftur á móti mun óljósara en gæti hafa verið fjárhús einhvern tímann, það er 10 m austar en bragginn og er lítið annað en hryggur sem er þó um 90 cm hár. Landið er mjög slétt svo þetta er mjög líklega mannaverk en mikið rof er í veggjarbrotinu. Veggjarbrotið er um 19 m langt og um 5 m breitt snýr í norður og suður en syðst er beygja á því til austurs sem gefur til kynna að þetta gæti verið vestur veggur á húsi. Austan við vegginn eru tvær dældir og passar það við stefnu veggjarins en ekkert bar á austurvegnum og er það frekar dularfullt. Nokkrir steinar eru á víð og dreyf við veggjarbrotið en svo sem ekkert sem hægt er að leggja neinn skilning í. Svæðið sem bæði húsin eru á er um 30x30 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 3

RA-359:011 *Þjósárbakkabrú* heimild um brú 63° 50.316N 20° 38.858V

Þjósárbakkabrú var hluti af Holtavegi hinum forna RA-358:036 og var hún um 1500 m VNV við Ásmúla 001 og 50-80 m ASA við Reiðholt. Á þessu svæði er malarvegur 275 sem liggur A-V að Þjósá frá Þjóðvegi 1. Búið er að grafa mikið af skurðum, þurrka upp mýrar og slétta tún á þessu svæði. Ekkert sést til brúar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Saga XXI 1983, 130-161

RA-359:012 *Reiðholts- og Ferjubrú* heimild um brú 63° 50.217N 20° 37.711V

Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Þegar brúin yfir Ferjusund (Reiðholtsbrú) var fullbyggð, varð hún 670 m löng. Hún er nú að mestu horfin undir Þjóðveg af nýrri gerð." Í grein sem kallast "Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir" í Sögu XXI eftir Guðjón Inga Hauksson kemur fram að Reiðholts- og Ferjubrú og Flatholtsbrú voru hlutar af Holtavegi hinum forna RA-358:036 og voru þær um 540 m NV við Ásmúla 001, um 2100 m VSV við Ás RA-358:001 vestan og norðvestan undir Flatholti. Á þessu svæði liggur vegur 275 A-V í átt að Reiðholti niður af Flatholti. Búið er að grafa mikið af skurðum, þurrka upp mýrar og slétta tún á þessu svæði. Ekkert sést til brúanna og ekki er ljóst hversu langar þær voru samtals eða hvort mjög langt var á milli þeirra en allar hafa þær verið á þessu svæði litla svæði milli Flatholts og Reiðholts.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB V, 308; Saga XXI 1983, 130-161

RA-359:013 *Ásmúlabrú* heimild um brú 63° 50.066N 20° 37.523V

Í örnefnaskrá segir svo: "Tungan að austan milli Rauðalækjar og Framneskeldu heitir Grafteigur [361:007]. Voru þar engjar frá Norður-Áskoti. Sunnan við lá hin gamla Þjóðleið yfir þverar Ásengjar er Ásbrú [RA-358:010] nefndist. Lagðist niður sem alfaraleið um sl. aldamót, er Þjósárbrúin var byggð. [...] Norðan við vatnið kemur aftur gamla Þjóðleiðin fyrrnefnda, og nefnist þar Ásmúlabrú. Milli hennar og Ásbrúar var farið meðfram vatninu fyrir neðan bakkann." Nákvæm staðsetning Ásmúlabrúar er óþekkt. Brúin lá frá grasigrónu norðvesturhorni Hrútsvatn um mjög deiga mýri í átt að Reiðholti. Eins og fram kom að ofan voru "brýr" eða upphlaðnir vegir austan og vestan megin við Hrútsvatn sem kölluðust Ásbrú og Ásmúlabrú. Brýrnar lágu úr sitt hvorri áttinni (A og V) og komu saman í fjörunni við Hrútsvatn norðanvert. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 3

RA-360 Framnes

7 hdr 1708, byggt úr landi Áss.

1840: "... sæmileg heyskaparjörð." SSR, 205, 1920: Tún 2 ha, sléttað 0,5 ha, garðar 740 m². "Jörðin er landlítill, hæg og notarleg til búskapar, jafnland með aflíðandi halla, klettáttum ásbrúnum og gróðursælum brekkum. Víðast hvar er djúpur jarðvegur svo allt land er ræktanlegt. Var fremur blautlent, meiri hlutinn mýrlendi sem nú er búið að grafa fram og þurrka að mestu." SB V, 389.




Túnakort Framness frá því um 1920

RA-360:001 Framnes bæjarhóll bústaður

63°50.168N 20°35.953V

Á Áshverfistorfunni voru þessar jarðir í byggð árið 1940: Ás I, Ás II, Ás, Áskot, Hellatún, Framnes og Ásmúli." segir í örnefnaskrá. Gamli torfbærinn í Framnesi er um 825 m VSV við Ás (RA-358), um 20 m SSV við nýja íbúðarhúsið og um 4000 m suðvestan við Berustaði (RA-368). Bæjarstæðið er á suður brún 4-6 m hárrar hæðar. Hæðin er grasivaxin og brún hennar liggur VSV-ANA. Fyrir sunnan bæjarsstæðið niðri á sléttunni sunnan við það er þýfður mói og mýri en ofan við það uppi á bakkanum eru sléttuð tún að norðan, austan og vestan. Gamli torfbærinn er ennþá á bæjarstæðinu milli nýja íbúðarhússins og steinsteyptra útihúsa með bárujárnsþökum. Gamall steinsteyptur súrheys-turn er fast norðan og austan við gamla bæinn. Veggir gamla



Bæjarhóllinn á Framnesi árið 2006

bæjarins eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Eru um 2 m á hæð og eru um 2 m þykkir. Þökin eru ennþá uppi í góðu ásigkomulagi en örlítið hefur hrunið úr suðausturhorni húss. Húsið er þrískipt með burstapak sem er 2,5-3 m hátt. Það er um 10-15 m langt og 15 m breitt. Þökin eru úr bárujárni og torfi hlaðið ofaná. Þessi hús stóðu er fjölskylda Guðbjarnar Ingvars Jónssonar, heimildamanns, flutti í Framnes árið 1924. Í dag eru aðeins þrjú hús, sem áður voru inngangur í bæ og hlóðaeldhús sem stóðu hlið við hlið og útihús fyrir hesta og kýr sem stendur nú fast norðvestan við þau. Fyrir 1947 var baðstofa fast austan við innganginn inn í bæ en hún hrundi eftir að flutt var í nýja íbúðarhúsið. Ekkert sést til þeirrar tóftar vegna sléttunar. Árið 1940 var útihúsinu öllu breitt í fjós en áður var hesthúsið í norðurenda hússins en fjósið í syðri enda þess. Enginn greinanlegur bæjarhóll er sjáanlegur á svæðinu þar sem torfbærinn stendur enn í dag og búið er að raska talsvert svæðinu umhverfis hann vegna nýbygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Áshverfistorfa, 1



Bæjarhóll Framness 001, horft í N (vinstri) og S (hægri)

RA-360:002 heimild um hesthús 63°50.197N 20°36.047V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 90 m norðvestan við bæ (001). Guðbjörn I. Jónsson, heimildamaður, sagði að húsin hefðu verið hesthús sem voru um 95 m norðvestan við bæjarhól og 2-5 m austan við heimreið. Húsin hrundu í járðskjálfta og sléttað var yfir. Á þessum stað er vegkantur vaxinn háu grasi. Svæðið er austan við malbikaða heimreiðina og vestan við sléttað tún norðan við eldri bæjarhúsin. Girðing liggur norður-suður yfir svæðið. Í dag sést ekkert til fornleifa. Aðeins er um 0,4 m há bunga í vegkanti þar sem húsin stóðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-360:003 heimild um útihús 63°50.199N 20°35.919V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var útihús um 60 m norðaustan við bæ (001). Á þessu svæði er nú sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-360:004 heimild um mógrafir 63°50.224N 20°36.063V

Samkvæmt Sunnlenskum byggðum V var mótak á jörðinni. Samkvæmt Guðbirni I. Jónssyni, heimildamanni, var svæðið um 100 m austan við fjárhús sem byggt var um 1950, um 140 m NNV við bæ (001) og um 30 m austan við heimreið. Á þessum stað er nú sléttað tún í órækt. Ekkert sést til mógrafa í dag vegna sléttunar. Samkvæmt Guðbirni var hætt að taka mó árið 1929 en 4-5 stungur voru niður á mó og 4-5 stungur niður af mó á staðnum. Svæðið var ekki

stórt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 389

RA-360:005 heimild um kálgarð

63°50.152N 20°35.944V

Samkvæmt túnakorti var um 100 m² kálgarður 5-20 m sunnan við bæjarhól. Kálgarðurinn stóð trúlega í brekku sem hallar um 5-10° til SSA frá bæ (001) sem í dag er gróin háu grasi og njóla. Ekkert sést til fornleifa. Svæði hefur verið raskað að hluta til vegna bygginga útihúss fast suðvestan gamla bæjarins. Vesturendi garðs hefur farið undir bárujárnsklæddan bragga sem er suðvestan við gamla bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-360:006 gata traðir

63°50.177N 20°36.086V

Samkvæmt túnakorti lá heimreið í norðvestur frá bæ (001) um 90 m að túnenda. Þetta svæði er í dag í sléttuðu túni, undir malbikaðri heimreið og útihúsi. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-360:007 Grænhóll hleðsla þingstaður

63°50.348N 20°35.744V

Hóllinn er staðsettur um 375 m norðaustan við Framnes (001) og um 290 m VSV við Áskot (RA-361:001). Þetta svæði er nú í sléttuðu túni. Ferhyrnt gerði sem er 30 m á breidd og 30 m á lengd með 1,4-1,5 m háa og 2 m breiða vegg. Innan í gerðinu stendur 3 m hár grasigróinn hóll sem fyllir svo til alveg út í svæðið innan gerðisins. Inngangur inn í gerðið er á norðurhlið. Grænhóll var byggður af Ungmennafélagi Ásahrepps sem stofnað var 1911. Tré voru gróðursett í austurhluta hólís á meðan pallar til að sitja á voru skornir inn í hólinn að vestan verðu. Svæðið var notað fyrir böll og fundi en síðasti fundur sem heimildamaður mundi eftir var haldinn í kringum 1940.



Grænhóll 007 um 375 m NA við Framnes 001

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-360:008 Brúsastaðir örnefni draugur

63°50.261N 20°36.588V

"Mýrarbrúnnin norðan við Framnes kallast Þrípáfubrunn. Á henni voru Brúsastaðir. Ummæli herma, að þar hafi útburður haldið sig." segir í örnefnalýsingu. Guðbjörn I. Jónsson, heimildamaður, sagði Brúsastaði hafa staðið um 300 m frá vegamótum niður að Framnesi í vestur meðfram Ásvegi og 50 m neðan við veg í suður. Á þessu svæði er nú sléttuð tún í órákt, mjög þýft. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðbirni voru Brúsastaðir mjólkurskýli sem stóð við veg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 3

RA-360:009 þúst óþekkt

63°50.122N 20°35.966V

Þúst er um 85 m SSV við bæ (001) niðri á sléttunni. Þetta svæði er nú í túni í órákt. Þústin lítur út eins og smátt hringlaga gerði með 3 hugsanlegum útgöngum. Þústin er mjög þýfð og

ógreinileg en hleðslur eru 0,6-0,8 m háar og 2 m breiðar. Hólfið er 10 m á lengd og 8 m á breidd, vaxið háu grasi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst 009 um 85 m SSV við bæjarhól

RA-360:010 frásögn útihús

63°50.195N 20°35.973V

Samkvæmt Guðbirni I. Jónssyni, heimildamanni, voru útihús um 54 m norðan við bæ (001) og um 42 m norðvestan við íbúðarhús. Þetta svæði er nú í sléttuðu túni. Hér voru 2 útihús en ekkert sést til fornleifa í dag vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-360:011 frásögn útihús

63°50.177N 20°35.941V


Samkvæmt Guðbirni I. Jónssyni, heimildamanni, voru útihús um 20 m norðaustan við bæ (001) á staðnum þar sem íbúðarhúsið er í dag. Á þessu svæði er nú sléttað plan og húsgrunnur. Í dag sést ekkert til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-360:012 tóft fjárhús

63°50.035N 20°36.248V

Tóft fjárhúss og hlöðu er um 350 m suðvestan við bæ (001) og um 340 m SSV við útihús 002. Samkvæmt Guðbirni I. Jónssyni, heimildamanni, er tóftin meira en 100 ára og voru húsin notuð fram til ársins 1950. Tóftin var endurbyggð um 1930 af Jóni Halldórssyni og var í notkun meðan hann bjó á jörðinni. Tóftin er uppi á brún hárrar hæðar. Tíu metrum fyrir vestan hana er sléttuð tún uppi á bakkanum. Norðan við tóftina er vegslóði sem liggur austur-vestur norðan við hana upp á bakkann og inn á tún fyrir vestan hana. Við SSA enda tóftar er brött brekka sem hallar um 30-40° til suðausturs niður að skurði um 20 m frá brekkubrún. Tóftin er þrískipt og snýr NNV-SSA. Hún er um 22 m á lengd og 15 m á breidd. Veggir hennar eru 2-3 m á breidd og 1,2-2,5 m háir í fjárhúsi og hlöðu. Grjóthleðslur sjást aðeins á einum stað í austurvegg fjárhúss og því er ekki hægt að segja til um fjölda umfara í veggjum. Tóftin er annars grasigróin. Fjárhúsi og hlöðu var trúlega skipt upp með viðarpili þar sem hlöðuhólf er miklu dýpra en fjárhúshólfið en engar hleðslur eru á milli. Innanmál hlöðu er 4x4 m og innanmál



Fjárhústóft um 350 m suðvestan við bæ

fjárhúss er 10x2 m. Einnig er smá hólfr sjáanlegt fast austan við fjárhús. Mikið hefur hrúnið inn í fjárhús og hlöðu úr veggjum. Inngangur var á norðuhlið fjárhúss. Þriðja hólfið er ógreinilegt og grasvaxið. Veggir þess eru um 1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Útgangur var trúlega á norðurhlið hóls sem var 4 x2,5 m að innanmáli. Langás þess og fjárhúss liggur NNV-SSA.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Fjárhús 350 m V við bæ 001, horft til SA (vinstri) og VSV (hægr)

RA-360:013 *Breiðabakkavað* vað

63°49.959N 20°35.409V

Í Blöndu VII segir: “Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stytstur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns.” Í örnefnaskrá segir svo: “Þá verða talin vöð þau, sem kunn eru á Rauðalæk innan Áshverfistorfu, byrjað fremst: Lækjamótavað [RA-358:006], Brúarendavað [RA-358:009], Breiðabakkavað [RA-360:013], Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027], Grænarimavað [RA-363:019] og Ísleifsvað [RA-363:028].” Í grein eftir Guðjón Inga Hauksson í Sögu XXI er kort sem sýnir staðsetningu allra vaða á Rauðalæk frá Syðri Rauðalæk að Hrútsvatni. Breiðabakkavað sem á er minnst hér að ofan er um 1 km norðaustan við Framnesbæinn (RA-360) og um 900 - 1000 m suðsuðvestan við bæinn á Ási 001. Lækurinn er breiður og hefur góðar eyrar beggja vegna. Vaðið liggur í VSV og ANA og er stígvélafært og gott.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: “Holtavegur hinn forni” Blanda VII, 320; Ö-Áshverfistorfa, 5; Guðjón Ingi Hauksson: “Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir frá Sandhólaferju að Ytri Rangá í Holtamannahreppi hinum forna”, Saga XXI, 157

RA-360:014 *HrútsHELLIR* þjóðsaga draugur

63°49.799N 20°36.760V

Í örnefnaskrá segir: “Munnmæli eru til um það, að draugur hafi í fyrndinni haldið til í búrhorninu í Ási í mórauðu hrútslíki, og hafi hann verið kveðinn niður í svokölluðum HrútsHELLI; er talið, að hann hafi verið í Móbergshelli norðan við vatnið [Hrútsvatni].” HrútsHELLIR er við norðausturströnd Hrútsvatns, um 260 m suðaustan við svokallað Stekkarnef (RA-359:008) og um 1,8 km suðvestan við gamla bæjarstaðið á Ási (RA-358:001). Svæðið er í fjöruborði Hrútsvatns milli bakka og fjöruborðs. Móbergshella er alveg upp við bakkann og frekar smásteinótt í kring. Engan helli er að sjá, heldur eingöngu 3 m háan móbergsklett sem nær alveg upp á bakkann og móbergshellu sem nær alveg niður í fjöruborðið. Hafi hér verið helli hefur hann fallið saman og brotunum skolað í vatnið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 2

RA-361 Áskot (Vesturkot/Suðurkot/Kot)

Kot byggðist úr landi Áss, í eyði árið 1709, þá í eyði í 3 ár. Býlið í byggð til 1946.

RA-361:001 Áskot bæjarhóll bústaður 63°50.460N 20°35.501V
Samkvæmt túnakorti Áss (RA-358) frá 1920 er Áskot um 220 m vestan við Ás. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I er Áskot skráð undir nafninu Kot. Þar segir: "Kot er nú í eyði og hefur ekki bygst í nærstu 3 ár, þangað til hefur þar jafnaðarlega byggð verið og lengur en menn muna." Í örnefnaskrá segir svo: "Á Áshverfistorfunni voru þessar jarðir í byggð árið 1940: Ás, Ás II, Ás, Áskot, Hellatún, Framnes og Ásmúli." Í Sunnlenskum byggðum V segir svo: "Bæjarhúsin stóðu rúmlega 100 m s.v. frá Geldnautatúni [...] Öll útihús hafa verið jöfnuð við jörðu en íbúðarhúsið er notað sem sumarbústaður." Áskot er í dag um 200 m VSV við Ás (RA-358:001) og um 40 m norðan við nýja íbúðarhúsið í Áskoti. Á þessum stað er gamla íbúðarhúsið ennþá en er nú notað sem hæsnahús. Umhverfis húsið er nú vel snyrtur 40x35 m stór garður og limgerði. Um 11 m austan við húsið er malarvegur sem liggur í suður frá RA-358:058 að nýja íbúðarhúsinu í Áskoti. Húsið er bárujárnsklædd viðargrind á steinsteypum grunni. Húsið snýr austur-vestur, er 10 m á lengd, 7 m á breidd og um 3,5 m á hæð. Mjög líklegt að húsið standi á leifum eldri bygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort Áss 1920; JÁM I, 367; Ö-Áshverfistorfa,1; SB V, 388

RA-361:002 garðlag kálgarður 63°50.453N 20°35.490V
Á túnakorti Áss (RA-358:001) er kálgarður fast sunnan við Áskot. Í dag er þetta svæði um 195 m VSV við Ás og um 25-30 m norðan við nýja íbúðarhúsið í Áskoti. Á þessu svæði er nú sléttaður garður með limgerði og matjurtagarður sem bæði liggja A-V. Ekkert sést til fornleifa í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-361:003 garðlag kálgarður 63°50.459N 20°35.684V
Á túnakorti Áss (RA-358) er kálgarður um 150 m VNV við Áskot og um 50 m NNV við núverandi útihús í Áskoti. Um þetta svæði er nú malbikaður vegur, Ásvegur 275. Ekkert sést til fornleifa í dag.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort Áss 1920

RA-361:004 Sigvaldatótt tóft beitarhús 63°50.623N 20°37.757V
Í örnefnaskrá segir: "Smávik vestan í Ásunum nefnist Minna-Breiðavík. Þar niður undan er Sigvaldatótt." Sigvaldatótt er um 2100 m VNV við Ás (RA-358:001), um 1700 m NV við Framnes (RA-360:001) og um 700-800 m ASA við Steinslæk. Tóftin er á kletti NV við Ásana í brekku sem hallar 10-15° í NV. Sléttlendur mosa- og grasigróinn mói er allt um kring. Tóftin er einföld, um 12 á lengd, 6 m á breidd og snýr NNV-SSA. Tóftin er mosa- og grasigróin og byggð úr sandsteini og hraungrjóti. Veggir hennar eru um 0,4-0,6 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Ekki er greinilegt hvar útgangur var á tóftinni en í miðri tóftinni er 0,2-0,4 m há, um 1 m breidd og 6 m löng hlaðin undirstaða fyrir garða. Um 0,8 metrar eru milli innri veggjar og undirstöðu garðans. Fast VNV við tóft er mjög gott skjól norðan undir 1,5-1,6 m háum kletti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 4



Sigvaldatóft um 2100 m VNV við Ás, mynd tekin í SSA

RA-361:005 *Hemjuvað* heimild um vað 63°50.776N 20°38.680V
 "Lækjarkakinn fram við landamerki Ásmúla og Sandhólaferju heitir Prestbakki. Ofar með læknum er tangi, sem heitir Hemjur. Þar er vað á læknum, Hemjuvað." segir í örnefnalýsingu. Hemjuvað var trúlega sunnan við umræddan tanga en hann er um 2800 m VNV við Ás 358:001 og um 850 m NV við Sigvaldatótt (004) við S enda garðlags 006. Tanginn er flatur og mýrlendur, vaxinn háu grasi og mjög þýfður. Á austurbakka lækjar sunnan við Hemjurnar er bakinn lágur, aflíðandi og endar í sandströnd sem nær um 2 m út í læk. Á vesturbakka lækjar er hér einnig aflíðandi sandströnd. Vaðið er ekki stígvélafært.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Ashverfistorfa, 4

RA-361:006 garðlag óþekkt 63°50.808N 20°38.510V
 Garðlag er um 700-800 m NV við Ásana, um 40 m SSA við Steinslæk og um 2700 m VNV við Ás (358:001). Garðlagið er í þýfðri mýri á Hemjunesi. Það er grasi- og mosagróið, um 130 m á lengd, um 0,4-1,2 m á hæð og um 1,5-2 m á breidd. Það liggur A-V á vesturbakka Steinslækjar og endar um 30 m frá Steinslæk í vestri og um 40 m SSA við Steinslæk í austri. Í vestri heldur garðlagið áfram á vesturbakka Steinslækjar í landi Sauðholts (RA-374).

Hættumat: engin hættu



Garðlag um 2700 m VNV við Ás 358:001

RA-361:007 *Grafteigur* náma mógrafir

Í örnefnaskrá segir: "Tungan að austan milli Rauðalækjar og Framneskeldu heitir Grafteigur. Voru þar engjar frá Norður-Áskoti [Norðurkoti, RA-362:001]." Grafteigur er 1,1 km SSV við gamla bæjarstæðið á Ási (RA-358:001) og um 600 m beint suður af Framnesbænum (RA-360:001). Er þetta frekar stórt svæði sem afmarkast af Rauðalæk til austurs og skurðum til norðurs, vesturs og suðurs. Í Grafteig fannst ein mógröf lítið eitt austarlega eða 20 - 25 m norðan við Rauðalæk og dregur mýri þessi sennilega nafn sitt af slíkum mógröfum. Framræst mýri sem er mjög grasi vaxin og hefur verið mjög blaut. Að öllum líkindum er örnefnið tilkomið vegna þess að í Grafteig hafi verið tekinn mór þó að núna séu þær horfnar sökum mikils grasvaxtar. Ein mógröf fannst þó, er hún svo til ferhyrnd 8x12 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur en frá miðjum suðaustur endanum kemur smá áframhald á gryfjunni sem er 7x4 m langt og liggur til austurs. Alls er mógröfin 20x8 m að stærð og um 30 cm djúp.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 3

63°49.926N 20°35.576V



Mógröf á Grafteigi

RA-362 Norðurkot (Norður Áskot/Imbukot)


Byggt úr landi Áss, einnig nefnt Imbukot. Í eyði 1709, síðan 1690. "Býli þetta var rúmlega í 200 m fjarlægð norður af Ásbænum, 3 hundruð að fornu mati." Í eyði frá 1902. SB V, 386

RA-362:001 Norðurkot bæjarhóll bústaður 63°50.598N 20°35.369V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I er Norðurkot nefnt Imbukot. Þar segir: "Imbukot. Þar hefur ekki bygð verið í nærstu 19 ár [...] Í milli þessa býlis og heimajarðar túnsins var lítill hjáleiga kölluð Gelldnautatun [358:012]." Í örnefnaskrá segir: "Vestan við Bæjargilið norðast er Norðurkotstún. Stóð þar bær til 1902, sem hét Norður Áskot, jörðin var lögð undir Ás II og III." Á túnakorti Áss (RA-358) frá 1920 er Norðurkot sýnt sem lítill kross í túni um 220 m NNV við bæjarhús í Ási. "Bæjarhúsin stóðu á svonefndu Norðurkotstúni, nálægt miðju þess. [...] Frá því um 1828 og rúmlega út öldina var það lengstum í byggð. [...] Þar er nú lág bunga í túni sem bærinn stóð." segir í Sunnlenskum byggðum. Norðurkot var um 230 m norðan við 001 og 30-40 m norðan við Ásveg 275. Svæðið er nú í sléttuðu túni sem notað er sem beithagi fyrir hross. Í túninu sést smá hæð 0,4-0,8 m há, um 29 m á lengd og 20 m á breidd. Hæðin er aflöng, fagurgræn og liggur VNV-ASA. 4-5 mjög óljósar ferhyrndar dældir sjást í hæðinni sem liggja allar norður-suður. Ekki er ólíklegt að tóftarleifar finnist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Túnakort Áss 1920; JÁM I, 367-368; Ö-Áshverfistorfa, 2; SB V, 386



Bæjarhóll Norðurkots um 230 m N við Ás 001, ljósmynd tekin í SA

RA-363 *Hellnatún*

Byggt úr landi Áss, nú tvíbýli.

1709: "Engjum spillir Rauðilækur með möl og sandi." JÁM I, 368.

1840: "... sæmileg heyskaparjörð." SSR, 205


1920: Tún 2,5 ha, sléttað 1 ha, garðar 120 m².

Hellnatún, Ásahreppi

Stærð túna: 2,5 ha

Þar af slétt: 1,0 ha

Stærð matjurtagarða: 720 m²



Túnakort Hellnatúns


RA-363:001 *Hellnatún* bæjarhóll bústaður 63°50.376N 20°34.570V

Í ornefnaskrá segir svo: "Á Áshverfistorfunni voru þessar jarðir í byggð árið 1940: Ás I, Ás II, Ás, Áskot, Hellatún, Framnes og Ásmúli." Bæjarhóll Hellnatúns er um 600 m suðaustan við Ás (RA-358:001), um 170 m sunnan við íbúðarhúsin í Hellatúni og 300-350 m norðan við Rauðalæk. Nú í eyði. Bæjarhóllinn er á miðjum löngum grasigrónum bergrima sem snýr A-V. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I segir: "Hellir er innar af bænum, brúkaður fyrir búr og eldivið [...]" Í Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu fyrir 1839-1873 segir: "Í Hellatúni eru víst 4, einn er innanbæjar, brúkaður fyrir búr." Í dag er bæjarhóllinn um 28 m á lengd, 20 m á breidd og 1,5 - 3,0 m á hæð. Hann er grasigróinn og langás hans liggur austur - vestur en hólfin sem sjást á hólnum snúa norður - suður. Aðeins ein tóft er sjáanleg á bæjarhólnum sjálfum. Hún er um 10 m á breidd og 20 m á lengd. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti, standa 1,5 - 2,0 m hátt og eru um 2 m breiðir. Tóftinni var skipt í 2 grjót og torfbyggð hólfi og 1 helli (hugsanlega sami hellir og 363:008) en innra lag nyrðri tóftarinnar og hellsisins er óskýrt vegna mikils braks af tré og bárujárnri úr hrundu þaki sem fyllir tóftina. Syðsta hólfi tóftarinnar er mjög greinilegt þar sem þak hennar er löngu hrunið en stærð nyðra hólfsins og hellisins er ekki hægt að mæla nákvæmlega vegna hruns þó bárujárnsþak með burst standi enn í heilu lagi en hálf sigið yfir miðju tóftinni. Um 5 m langt timburþil með inngangi hefur trúlega verið á suðurhlíð syðsta hólfsins en hólfið sjálft er um 5 m breitt og um 7-8 m langt. Nyðra hólfið er um 8 m langt og 5-6 m breitt. Veggir hólfa eru svipaðir á hæð eða um 1,5 - 2 m háir. Syðri og nyðri tóftin hafa verið aðskildar með 1,5 m breiðum og 3,5 m

löngum göngum. Tvær holur sjást einnig nyrst á bæjarhólnum og eru þær trúlega hrun ofan í manngerða hellinn grafinn inn í bergið. Inngangur hans sést ógreinilega í gegnum allt brakið í miðhólfinu en hann er bogalaga og er hlaðinn veggur úr bergbrotum og torfi ofan á brún opsins inn í hellinn. Líklega hafa einnig staðið húsatóftir fast austan og vestan við hólfin sem eru sjáanleg ef tekið er mið af stærð bæjarhóls. Á norðvestur horni hans eru ummerki um hól. Hólfið er grasigróið og þýft, um 9 m á lengd og 8 m á breidd en aðeins 0,6 m djúpt. Engin merki eru um grjóthleðslur eða inngang nema óljóst á sameiginlegum grjótvegg tóftanna sem eru sjáanlegar á miðjum bæjarhól. Þar sem mótar fyrir veggjum eru þeir um 1,5 - 2,0 m breiðir. Enginn heimildamaður fannst fyrir bæinn Hellnatún svo ekki er vitað um nákvæman tilgang tóftanna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 1; JÁM I, 368; Sýslu- og sóknalýsingar fyrir Rangarvallasýslu, 199-200




Bæjarhóll Hellnatúns 001 um 600 m SA við Ás (358:001), ljósmynd tekin í NNA

RA-363:002 Bolhellir tóft+hellir hesthús

63°50.472N 20°34.639V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 er útihús um 160 m norðvestan við bæjarhól og ljóst er að staðurinn kemur heim og saman við helli sem kallaður er Bolhellir. Framan við hellinn er tóft. Í Manngerðum hellum segir svo: "Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum. [...] Gimbrahellir, Bolhellir og Gjögrið eru allir í hæðarhrygg í túnið milli Hellatúns og Áss." Í Friðlýsingarskrá segir svo: "Hellar tveir manngjörvir, fornir, 2 í



Bolhellir, tóft og hellir um 187 m NNV við bæjarhól

túninu rétt fyrir norðan bæinn, einn milli þeirra og bæjarins, 2 og 1 smágjörgur í bala, sem er fyrir norðvestan túnið." Í ornefnaskrá segir: "Vestar en í miðju Hellistúni er hellisskúti, sem heitir Helgugjörgur, en austast er hellir, kallaður Bolhellir. Sagt er, að þegar hellirinn var tekinn til notkunar, hafi fundizt þar klafabönd, og mun nafnið helgast af því." Bolhellir er um 187 m NNV við bæjarhól og 100-125 m norðvestan við íbúðarhúsin í Hellatúni. Tóftin er framan við hellismunnann í óræktuðu túni suðaustan í bergrima sem snýr austur-vestur samsíða rímanum sem bæjarhóll er á. Um 15 m sunnan við tóftina er lækur í skurði sem rennur austur-vestur.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Manngerðum hellum segir svo: "Bolhellir er í fullri notkun. Nú eru kindur hafðar í honum en áður voru þar hestar enda er hellirinn stundum nefndur Hesthúsið. Hellismuninn er víður og er hesthúsið byggt framan við hann en hellirinn sjálfur er hlaða. Hesthúsið er hlaðið, að mestu úr sandsteini en einnig úr basalhellum, sums staðar röðuðum (skáhlöðnum). Burstalaga bárujárnsþak er yfir. Óvandaður trégarði myndar skilrúm milli húss og hlöðu. Gólf hellisins er nokkru lægra en gólfið í húsinu. Fremst til vinstri í honum er útskot inn í vegginn og þar í er fallinn hleðsla. Innst í horninu vinstra megin er mikil torfhleðsla sem lokar af hella tvo. Sá fremri gengur nokkuð hornrétt inn til vinstri og er fullur af mold. Fast innan við þennna ranghala má sjá yfir torfhleðsluna langan afhelli, 6-8 m, og ekki víst að sjáist inn í botn. Fremst, yfir torfhleðslunni, sér fyrir opi úr hellinum. Strompurinn er víður og jafn upp úr, 1,0-1,1 m í þvermál, sandsteinsþykktin er 40-50 cm. Þar ofan á er hlaðið sandsteini og smáhellum á ská, 40-50 cm á þykkt, og yfir er bárujárnslok. Þak hellisins er tvíbogmyndað. Annar boginn hefur sömu stefnu og lokaði afhellirinn en hinn eins og aðalhellirinn. Smá brík gengur niður úr þakinu milli boganna. Engar álegtranir eru á veggjum en járnlykkjur tvær eru á einum stað í hellisvegg." Bolhellir hefur verið grafinn inn í rímann. Inngangur inn í hellinn er bogalaga, 1,5-2,0 m hár og um 4 m breiður. Tóft hefur verið hlaðin fyrir framan opið úr grjóti og torfi. Aðeins norðurveggur tóftar er náttúrulegur bergveggur. Bárujárnsþak með burst stendur ennþá, aðeins sigið í miðjunni, ofan á veggjum tóftar en inngangurinn er að hluta hruninn. Húsinu hefur verið skipt í tvennt samsíða langás tóftar. Ekki var farið inn í tóftina vegna hrunhættu en áætlað var að hún væri 6-7 m á lengd og 4 m á breidd að innanmáli og 6 m á breidd og 10 m á breidd að utanmáli. Veggir tóftar eru um 2 m á breidd og 1,5 - 2,0 m á hæð. Níu umföer eru í steinhleðslum við inngang tóftar, flatir steinar hver ofan á öðrum. Uppi á rímanum norðan við tóft er strompurinn og ein gryfja sem myndast hefur vegna hruns ofan í hellinn, strompurinn er um 4 x 3 m að flatarmáli og gryfjan er 1,5 x 1,5 m að flatarmáli.



Bolhellir 002 um 160 m NV við bæjarhól 001

Hættumat: hættu, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1920; Manngerðir hellar, 129; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Ö-Áshverfistorfa, 5

RA-363:003 *Gimbrahellir* hellir lambhús 63°50.466N 20°34.705V


"... annar [hellir] í túninu, fyrir lömb ..." segir í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í Manngerðum hellum segir svo: "Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum.

... Gimbrahellir, Bolhellir og Gjögrið eru allir í hæðarhrygg í túnið milli Hellatúns og Áss.". "Hellar tveir manngjörvir, fornir, 2 í túninu rétt fyrir norðan bæinn, einn milli þeirra og bæjarins, 2 og 1 smágjörgur í bala, sem er fyrir norðvestan túnið." segir í friðlýsingarskrá ÁG. Gimbrahellir er um 200 m norðan við bæjarhól, um 178 m vestnorðvestan við íbúðarhús í Hellatúni, um 55 m vestan við Bolhelli og um 35 m austan við Helgugjögur. Hellirinn er grafinn inn í grasivaxinn bergrima sem liggur austur - vestur, um 4 - 8 m hár og um 60 - 100 m breiður.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Manngerðum hellum segir svo: "Forskálinn að Gimbrahelli er hlaðinn úr sandsteini og skáröðuðum basalthellum með torfþaki, bárujárn er undir. Sex mikil helluprep eru niður í hellinn. Hann beygir um 40 gráður til vinstri inn frá þrepunum. Hellisveggurinn er um 80 cm hár út undir þakinu sem er óreglulega bogadregið. Þakið lækkar niður að innganginum, er þar 1,5 m en er annars 1,6-2,0 m, hæst í kringum strompinn, sem er hringlaga, 1,2 m neðst en mjókkar upp og er 0,7 m efst. Þykkt sandsteinsins í strompinum er 50-60 cm. Þar yfir er snyrtileg torfhleðsla. Trégarði á steinhleðslu er í miðjum helli og nær frá gafli og út fyrir stromp. Fyrir hellisgafli er gömul torfhleðsla sem lokar af innsta hluta hellisins. Hægt er að reka prik inn með helli og hellisloftinu um 1,5 m. Þarna virðist vera gamall útgangur og er lögð í hólinn úti fyrir. Til hægri við innganginn er tréjata sem myndar jafnframt skilrúm milli króarinnar og hlöðu. Fyrir jötuendanum eru óvandaðar dyr inn í hlöðuna. Þar er nú nokkurt hey. Fremri endi hlöðunnar er undir sandsteinsþaki en innri hluti hennar er opin. Þar er sandsteins- og torfhleðsla ofan á sandsteininum. Yfir er síðan burstalaga bárujárnsþak. Gimbrahellir er ennþá í notkun sem lambhús." Þak hellisins er nú fallið saman á 2 stöðum, 5 x 4 m stór gryfja yfir austurhellinum og 2,5 x 2 m stór gryfja yfir hellinum norðvestan við inngang. Þak tóftar sem hlaðin var framan við op hellisins er alveg fallin saman en grjóthlaðnir veggir hennar standa ennþá til hálf. Strompur stendur ennþá.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM I, 368; Manngerðir hellar, 126-129; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70



Gimbrahellir, hleðslur og hellir um 200 m N við bæjarhól



Gimbrahellir 004 um 200 m N við bæjarhól 001, horft í N (vinstri) og SV (hægri)

RA-363:004 *Helgugjögur* hellir fjárhús

63°50.457N 20°34.748V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "... annar [hellir] í túninu, fyrir lömb, þriðji skamt frá bænum brúkaður fyrir fjárhús." Í Manngerðum hellum segir svo: "Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum. [...] Gimbrahellir, Bolhellir og Gjögrið eru allir í hæðarhrygg í túnið milli Hellatúns og Áss." Í Friðlýsingaskrá segir svo: "Hellar tveir manngjörvir, fornir, 2 í túninu rétt fyrir norðan bæinn, einn milli þeirra og bæjarins, 2 og 1 smágjögur í bala, sem er fyrir norðvestan túnið." Í Örnefnaskrá segir svo: "Vestar en í miðju Hellistúni er hellisskúti, sem heitir Helgugjögur, en austast er hellir, kallaður Bolhellir. Sagt er, að þegar hellirinn var tekinn til notkunar, hafi fundizt þar klafabönd, og mun nafnið helgast af því." Helgugjögur var um 210 m NNV við bæjarhól og um 213 m VNV við íbúðarhúsin í Hellnatúni. Hellirinn var sá vestasti í nyrsta berghryggnum sem liggur austur-vestur samsíða rímanum sem bæjarhóllinn stendur á.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Manngerðum hellum segir svo: "Gjögrið er í sama hól og Gimbrahellir og Bolhellir. Það er augljóslega bláendinn af föllnum helli. Skorningur sem liggur niður frá Gjöggrinu sýnir hvernig þessi hellir hefur legið. Áður voru þar hænsni en nú er það notað sem ruslgjóta." Í dag er búið að fylla upp í gjóturnar svo til alveg og eru þær orðnar grasigrónar og ógreinilegar. Hellirinn lá NNV-SSA með opið til SSA þvert á náttúrulegan rimann líkt og Gjögrið og Bolhellir. Svæðið sem hellirinn stóð á er a.m.k. 26 m á lengd og 8 m á breidd. Ennþá eru 2 dældir sjáanlegar skornar í tvennt af 1 m breiðri ræmu bergs þar sem ekki hefur fallið úr þaki hellir. Gjóturnar eru aðeins 0,4 - 1,0 m djúpar í dag.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** JÁM I, 368; Manngerðir hellar, 129; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Ö-Áshverfistorfa, 5**RA-363:005** heimild um mógrafir

63°50.262N 20°34.425V

Í Sunnlenskum byggðum V segir að mótak hafi verið á jörðinni. Guðbjörn Jónsson segir mógrafir hafa verið suður af Hellnatúni niður við Rauðalæk og að hætt hafi verið að taka mó árið 1930. Á svæðinu eru nú sléttuð ræktuð tún og þýfð tún í órækt. Ekkert sést til mógrafa.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** SB V, 382**RA-363:006** *Lambhellir* hellir fjárhús

63°50.391N 20°34.531V

"Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum. Inngangur Lambahellis er nú úr heyhlöðu. Hellirinn er ekki í notkun lengur en var lengst af hafður undir hey." segir í Manngerðir hellar, 124-126. Hellarnir eru um 43 m ANA við bæjarhól og um 135 m SSV við íbúðarhúsin í Hellatúni. Til þess að ganga inn hellana þarf að fara ofan í 4 m djúpa gryfju sem er um 13 x 5-7 m að flatarmáli og snýr NNA-SSV. Fast upp við vestur- og suðurhliðar þessarar gryfju eru útihús 012 og 013. Gryfjan hefur mjög líklega verið hlaða. Op hellanna liggja í NNA og ASA inn í vegg stórrar gryfju sem grafin hefur verið ofan í grasivaxinn bergrana sem liggur austur-vestur. Raninn er um 4-5 m hár og er bæjarhóll á honum miðjum.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingarskrá segir svo: "Hellar tveir manngjörvir, fornir, 2 í túninu rétt fyrir norðan bæinn, einn milli þeirra og bæjarins, 2 og 1 smágjögur í bala, sem er fyrir norðvestan túnið." Í Manngerðum hellum segir svo: "Úr hlöðunni er gengið inn í ranghala sem liggur nær hornrétt á aðalhellinn. Hlöðunni hefur verið skáskotið niður með og inn í hellinn svo opið í hann gegnum hlöðuvegginn er ílangt og gengur út í lækandi oddboga á vinstri hönd þegar inn er gengið. Þegar komið er inn úr þessum munna hækkar hellirinn og er vel manngengur. Hann er með reglulegu bogalagi og hallandi sandsteinslögum í veggjum. Aðalhellirinn er bæði víður og hár með tveimur stórum innföllum. Það ytra er fremur óvandað. Sandsteinninn er það 20-40 cm þykkur og engin hleðsla á honum, bara 30

cm þykk mold. Gríðarmikil moldhrúga liggur nú niður undir gatinu, sem þó er vel lokað efst. Innra opið er hins vegar vandað, sandsteinn um 1,0-1,5 m þykkur og hleðslur úr torfi og grjóti ofan á, 1 m þykkar. Þakið er óreglulega bogalaga. Fyrir fremri enda aðalhellisins er hleðsla um eins metra há, en þar yfir er byrgt op út í fjárhús sem stendur við hellinn. Stór járnagli eða meitill er á einum stað í hægri vegg neðarlega. Grópir og skápar eru víða í veggjum. Ranghalinn tengdi lambahellinn við Ærhelli sem nú er fullur af moði og drasli. Hlaðan, sem virðist byggð eftir að Matthías Þórðarson var hér á ferð, gengur niður í enda hans. Úti vottar fyrri strompi eða innfalli í þennan helli og inngangi að forskálatóft um 13 m frá hlöðuvegg. Hellulögð renna er í miðju gólfi ekki langt frá stærsta innfallinu. Er hún kölluð Svelgurinn og tók við vatni sem gekk upp í hellinn eða lak inn í hann. Hún mun vera frá því um aldamót. Þessi hellir var notaður síðast upp úr 1960. Matthías Þórðarson nefnir þriðja hellinn sem fannst skömmu áður en hann var á ferð. Hann mun hafa uppgvötvast með þeim hætti að hestur steig niður um lokaðan inngang. Hellirinn var aldrei mokaður út heldur fylltur af mold við innganginn og honum lokað á ný. Hann hafði svipaða stefnu og Ærhellirinn og lá þar ekki langt frá. Honum var endanlega lokað kringum 1922." Til þess að ganga inn hellana í dag þarf að fara ofan í 4 m djúpa gryfju sem er um 13 x 5-7 m að flatarmáli og snýr NNA-SSV. Fast upp við vestur- og suðurbarma þessarar gryfju eru útihús 012 og 013. Efstu tveir metrarnir af veggjum gryfjunnar eru hlaðnir úr grjóti og torfi. Ofan á veggjunum stóð bárujárnsþak sem nú er hrunið ofan í gryfju ásamt hluta af hlöðnum vegg úr norðaustur horni gryfju. Neðri tveir metrar veggjanna niður á botn eru náttúrulegt berg sem búið er að höggva 2 hella í í norður og austur sitt hvoru megin við norðaustur horn gryfjunnar. Hellisopin eru bogadregin og 1-1,5 m á hæð. Hellisop nyrðri hellis er um 1,5 m hátt og hellirinn er 8-10 m langur og um 2 m breiður. Hinn hellirinn er um 3-4 m breiður og nær 2 m inn í vegginn áður en hann beygir í SSA. Þegar komið er um 2 m lengra eftir að beygt er í SSA lækkar hellirinn en hann nær aðeins um 2-3 m lengra inn að miklu hruni sem lokað hefur hellinum. Um 8x3 m stór aflöng dæld sem snýr SSA-NNV sést rétt austan við byggingu 013 í hólnum sem er trúlega mynduð vegna þessa hruns. Op hans er 1-1,5 m hátt og 3 m breitt og er hann um 1,5-2 m hár þar sem hann er hæstur. Lágt er til loftis í báðum hellisopum og ekki er hægt að standa upprétt fyrr en lenga inn í þá er komið. Ekkert bendir til þess að önnur op hafi verið inn í þessa hella í hólnum austan við gryfju. Hluti austurenda byggingar 012, sem byggður er úr steinsteypu, hefur hrunið ofan í gryfju ásamt hluta úr hlöðnum vestur vegg gryfjunnar. Líklega hefur verið gengið inn í gryfju í gegnum norðurvegg byggingar 013 eða hugsanlega milli bygginga 012 og 013. Erfitt er að segja með fullri vissu hvort hellarnir sem lýst var í felti séu Ærhellir og Lambhellir vegna mikils rasks og breytinga umhverfis bæjarhól en talið er mjög líklegt að þetta séu þeir út frá lýsingum í Manngerðum hellum.



Lambhellir/Ærhellir 006 um 40 m ANA við bæ 001, horft til ANA

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 124-126

RA-363:007 tóft útihús

63°50.383N 20°34.582V

Einföld tóft er um 3 m norðan við norðvesturhorn bæjarhóls. Tóftin er á austurenda lítils grasigróins bergrana. Tóftin er um 8 m á breidd og 12 m á lengd með innanmál um 8x4 m. Veggir hennar standa 1,5-1,8 m á hæð og eru um 1,5-2,0 m á breidd. Tóftin er byggð úr torfi og grjóti með þak úr viði og bárujárni. Tóftinni hefur verið skipt í tvennt í miðju hennar NNV við inngang hennar með viðarþili og garða úr við. Þakið yfir vesturenda tóftar er hrúnið en grindin stendur enn yfir austurenda hennar. Mikið drasl er inni í tóftinni og hrúnið hefur úr veggjum hér og þar. Inngangurinn er um 1 m á breidd og 2 m langur á suðurhlið tóftar. Vestan við tóft í sama bergrima um 1 m frá vesturhlið tóftar hefur hugsanlega staðið önnur bygging eða hellir sem fallið hefur saman því þar er ferhyrnd, ógreinileg, grasigróin dæld um 3 x 3 m að flatarmáli og minna en 0,3 m að dýpt. Líklega hefur húsið verið notað sem fjárhús eða hesthús rétt áður en notkun var hætt.



Útihústóft 007 um 3 m N við bæjarhól 001, horft til N

Hættumat: engin hætta**RA-363:008** hellir búr

63°50.383N 20°34.572V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Hellir er innar af bænum, brúkaður fyrir búr og eldivið ...". Í bæjarhól er op inn í manngerðan helli sem liggur norður-suður í norður niður í berggrunninn út frá bæjarhól (sjá 001). Um 3 m norðan við miðjan bæjarhól Hellnatúns (001) og um 8 m austan við tóft 007 er strompur sem greinilega tilheyrir þessum helli. Um 3 m breiður vegslóði liggur austur-vestur milli bæjarhóls og hellisins. Strompurinn er fast við vegslóðann og liggur hellirinn trúlega undir vegaslóðann og undir strompinn lengra í norður.



Strompur hellis 008 með tóft 007 í bakgrunni, horft í NV

Strompurinn er í suðausturhlið mosa- og grasigróins bergrana sem tóft 007 er á norðan við bæjarhól. Raninn er 1,0-1,2 m hár og 6-8 m breiður. Strompurinn er að hluta til hulinn með ryðgaðri bárujárnsþynnu. Austan við ranann um 3 m norðaustan við strompinn er einnig hola vegna hruns ofan í hellinn. Yfir hana hefur verið sett viðargrind til að varnar því að fólk/dýr detti ofan í hana. Allt svæðið er vaxið háu grasi.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Friðlýsingarskrá segir svo: "Hellar tveir manngjörvir, fornir, 2 í túninu rétt fyrir norðan bæinn, einn milli þeirra og bæjarins, 2 og 1 smágjögur í bala, sem er fyrir norðvestan túnið." Inngangur hellis í bæjarhólnum er í laginu eins og u á hvolfi og er

hlaðinn veggur úr móbergsbrotum og torfi ofan á brún opsins inn í hellinn. Tvær holur sjást einnig nyrst á bæjarhólnum suðvestan og VSV við stromp og eru þær trúlega hrun ofan í hellinn. Strompurinn er hringlaga, hlaðinn upp frá þaki hellis með grjóti og torfi. Hann er um 0,8 m í þvermál. Grjóthleðslur eru bæði lárétt og lóðrétt en aðeins í norður helmingi stromps. Hlið hans nær vegaslóða virðist vera hruninn og er hulinn bárujárni en þó er ekkert sem bendir til hruns á botni hellis. Þegar horft er niður á botn hans sést þó mikið nýlegt drasl og er ályktað að niður á botn hellis séu um 5-6 m. Opið ofan í hellinn norðaustan við strompinn er um 1x1 m að flatarmáli en ekki er hægt að sjá hversu djúpt það er vegna viðargrindar og gróðurs. Ekki var hægt að fara inn í helli vegna hættu á hruni.



Hugsanlegur inngangur í helli 008 innan í hólfi II á bæjarhól

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; JÁM I, 368

RA-363:009 *Lindarhóll* hellir óþekkt

63°50.368N 20°34.658V

"Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum." segir í Manngerðir hellar. "Í hólnum sunnan við Lambhelli eru þrjár dældir sem augljóslega eru eftir fallna hella." segir í Manngerðir hellar. "Austast í hólnum [Austurhól] er Bjarnartótt [363:015], en hólarnir vestan við bæinn kallast Vesturhólar. Sá hæsti heitir Dringhóll [363:010]. Norðan við hann er Kirkjuhóll [363:013]. Norður af honum er Hjáleiguhóll [363:017]. Norður af Hjáleiguhól nefnist Vatnshóll. Framan við D[r]inghól er svonefndur Dalur, og hólinn þar fyrir sunnan Lindarhóll." segir í örnefnalýsingu. Lindarhóll er syðstur og er um 76 m vestan við bæjarhól og um 223 m suðvestan við íbúðarhúsin í Hellatúni. Lindarhóll er grasivaxinn, aflangur hóll sem liggur norðvestur-suðaustur. Hóllinn er vesturhluti bergrimans sem bæjarhóll (001) er á og er sunnan við ranann sem Bolhellir, Gjögrið og Gimbrahellir sitja í. Ofan á og í norðvestan verðum hólnum er um 2 m djúp, 14 m löng og 7 m breið dæld sem liggur NV-SA sem hugsanlega hefur verið manngerður hellir sem fallið hefur saman. Í suðurhlíð hóls er svo dæld sem greinilega hefur verið inngangur í NNA inn í þennan helli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Manngerðir hellar, 124-126, 129; Ö-Áshverfistorfa, 5

RA-363:010 *Dringhóll* hellir óþekkt

63°50.391N 20°34.670V

"Nú eru í Hellnatúni 4 uppistandandi hellar og sagnir um þann fimmta en hann er talinn fullur af jarðvegi. Auk þess sér fyrir a.m.k. 4 föllnum hellum. Inngangur Lambahellir er nú úr heyhlöðu. Hellirinn er ekki í notkun lengur en var lengst af hafður undir hey." segir í Manngerðir hellar. "Í hólnum sunnan við Lambhelli eru þrjár dældir sem augljóslega eru eftir fallna hella." segir í Manngerðir hellar. "Austast í hólnum [Austurhól] er Bjarnartótt [363:015], en hólarnir vestan við bæinn kallast Vesturhólar. Sá hæsti heitir Dringhóll. Norðan við hann er Kirkjuhóll [363:013]. Norður af honum er Hjáleiguhóll [363:017]. Norður af Hjáleiguhól nefnist Vatnshóll. Framan við D[r]inghól er svonefndur Dalur, og hólinn þar

fyrir sunnan Lindarhóll [363:009]." segir í örnefnalýsingu. Dringhóll er um 85 m norðvestan við bæjarhól, um 30 m norðan við Lindarhól og um 200 m VSV við íbúðarhúsin í Hellatúni. Dringhóll er aflangur, grasigróinn bergrani sem er partur af stærri rana sem bæjarhóllinn (001) er á. Hann er hæsti hóllinn, eða um 6 m á hæð, og liggur A-V. Ofan á Dringhól er 1,5 m djúp, 15 m löng og 4 m breið dæld sem liggur norður-suður og önnur sem liggur austur-vestur og er a.m.k. 6 m að lengd og 4 m breidd. Dældirnar eru samtengdar og hugsanlega eftir samfallinn helli. Hugsanlegt er að þetta hafi verið 2 tengd hólf í einum stórum helli. Einnig er smá dæld í vesturenda hóls sem er um 8 m á lengd og 2 m á breidd sem liggur í ANA í átt að fyrrnefndum dældum gæti hún verið eftir opið inn í hellana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Manngerðir hellar, 124-126, 129; Ö-Áshverfistorfa, 5

RA-363:011 brunnur vatnsból

63°50.362N 20°34.577V

Brunnur er 12-15 m frá suðvesturhorni bæjarhóls, um 1 m austan við vegaslóða og um 197 m suðvestan við íbúðarhúsin í Hellatúni. Norðan, sunnan og austan við brunn er grasigróið sléttlendi sem hallar 5-10° til suðvesturs en vestan við brunn er gróinn vegaslóði. Brunnurinn er hringlaga og um 0,6 m í þvermál að innanmáli. Hann er hlaðinn úr grjóti og búið er að byrgja hann með tveimur stórum hraungrjótshellum. Vatnsborð brunns er um 2 m neðan við yfirborð og er vatnsrör úr málm í þvert yfir hann um 0,5 m ofan við vatnsborðið. Dýpt brunns er óþekkt.

Hættumat: engin hætta



Brunnur 011 um 15 m frá bæjarhól 001

RA-363:012 hús óþekkt

63°50.383N 20°34.522V

Hús er um 30 m ANA við bæjarhól (001), fast vestan við gryfju við Lambahelli og Ærhelli (006) og um 143 m SSV við íbúðarhúsin í Hellatúni. Húsið liggur austur-vestur á vesturenda grasigróins rana sem heitir Austurhóll. Húsið er steinsteypt með bárujárns- og torfþaki með burst. Lítur út fyrir að hafa verið notað sem hæsnahús áður en það var yfirgefið. Það er um 2-3 m hátt, 5 m breitt og 13 m langt. Hluti af austurenda hússins er fallinn ofan í gryfju 006. Húsið er trúlega ekki talið til fornleifa



Útihús 012 um 30 m ANA við bæ 001, ljósmynd tekin í ANA

en ekki ólíklegt að það standi á eldri fornleifum.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-363:013 hús óþekkt

63°50.383N 20°34.522V

Hús er um 35 m austan við bæjarhól, um 150 m SSV við íbúðarhúsin í Hellatúni og fast sunnan við gryfju 006. Myndar suðurvegg gryfju. Húsið liggur austur-vestur á vesturenda grasi-gróins rana sem heitir Austurhóll. Húsið er með bárujárnsþaki með 3 m hárrí burst. Tóftin er einföld og snýr austur-vestur. Inngangur inn í tóftina er á vesturhlið hússins en viðarþil loka tóft á báðum endum. Tóftin er 12 m á lengd, 9 m á breidd og 2-3 m á hæð. Veggir tóftar eru hlaðnir úr torfi og grjóti en veggir og gólfíð hafa verið styrktir að innan á einhverjum tímápunkti með steinsteypu. Veggirnir standa 1,5-1,7 m á hæð og eru 2-2,5 m breiðir. Torf hefur verið lagt ofan á bárujárnsþakið til að halda járninu niðri og virðist húsið hafa verið notað sem fuglahús áður en það var yfirgefið. Hugsanlegt er að hellirinn 006 sem liggur norður-suður austan við húsið hafi tengst austurenda þessa húss áður en hann hrundi þar sem norðausturendi þess hefur verið byggt að hluta til inn í hól.



Útihús 013 um 35 m A við bæ 001

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-363:014 hús óþekkt

63°50.381N 20°34.555V

Braggar eru um 0-15 m suðaustan við bæjarhól, um 160 m SSV við íbúðarhúsin í Hellatúni og um 300 m norðan við Rauðalæk. Braggarnir standa fast suðaustan við bæjarhól á sléttuðum grasivöxnum bala. Húsin samanstanda af bárujárnsbragga að norðanverðu, sem er 10 x 10 m að flatarmáli og 5 m hár, og 2 hálfhrundum bárujárns húsum með burstum að sunnanverðu sem eru 14 x 10 m að flatarmáli og um 2-3 m há. Húsin eru með steiptum grunni og voru trúlega notuð sem fuglahús áður en þau voru yfirgefin. Mjög líklega ekki flokkuð sem fornleifar en gætu staðið á eldri leifum svo nálægt bæjarhól.



Útihús 014 fast SA við bæjarhól 001, horft í NNA

Hættumat: engin hætta

RA-363:015 Bjarnartótt tóft óþekkt

63°50.417N 20°34.360V

"Austast í hólum [Austurhól] er Bjarnartótt, en hólarnir vestan við bæinn kallast Vesturhólar. Sá hæsti heitir Dringhóll [363:010]. Norðan við hann er Kirkjuhóll [363:016]. Norður af

honum er Hjáleiguhóll [363:017]. Norður af Hjáleiguhól nefnist Vatnshóll. Framan við D[r]inghól er svonefndur Dalur, og hóllinn þar fyrir sunnan Lindarhóll [363:009]." segir í örnefnalýsingu. Bjarnartótt er á austurenda Austurhóls um 187 m austan við bæjarhól og um 133 m suðaustan við íbúðarhúsin í Hellnatúni. Tóftin er á mosa- og grasigrónu, þýfðu flatlendi við enda Austurhóls. Tóftin er mjög rofin og er um 15 m á lengd og 10 m á breidd. Hún er vaxin háu grasi og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og eru 1,5-2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Líklegra er að þetta sé einhvers konar gerði, t.d. eins og utan um kálgarð, frekar en tóft af útihúsi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 5



Bjarnartóft við austurenda Austurhóls um 187 m A við bæjarhól, mynd tekin í NA

RA-363:016 Kirkjuhóll örnefni

63°50.408N 20°34.699V

"Austast í hólnum [Austurhól] er Bjarnartótt [363:015], en hólarnir vestan við bæinn kallast Vesturhólar. Sá hæsti heitir Dringhóll [363:010]. Norðan við hann er Kirkjuhóll. Norður af honum er Hjáleiguhóll [363:017]. Norður af Hjáleiguhól nefnist Vatnshóll. Framan við D[r]inghól er svonefndur Dalur, og hóllinn þar fyrir sunnan Lindarhóll [363:009]." segir í örnefnalýsingu. Kirkjuhóll er um 125 m norðvestur af bæjarhól (001), um 200 m vestan við íbúðarhúsin í Hellnatúni og um 10 m norðan við Dringhól. Kirkjuhóll er náttúrulegur grasigróinn hóll í laginu eins og kirkja sem snýr norðvestur-suðaustur um 3 m hár. Ekkert sést til fornleifa og ekki er mjög líklegt að hér hafi staðið kirkja. Meiri líkur á því að nafnið sé dregið af lögun hóls sem er aflangur og hækkar til NV líkt og kirkjuturn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 5

RA-363:017 Hjáleiguhóll örnefni

63°50.422N 20°34.682V

"Austast í hólnum [Austurhól] er Bjarnartótt [363:015], en hólarnir vestan við bæinn kallast Vesturhólar. Sá hæsti heitir Dringhóll [363:010]. Norðan við hann er Kirkjuhóll. Norður af honum er Hjáleiguhóll [363:017]. Norður af Hjáleiguhól nefnist Vatnshóll. Framan við D[r]inghól er svonefndur Dalur, og hóllinn þar fyrir sunnan Lindarhóll [363:009]." segir í örnefnalýsingu. Hjáleiguhóll er um 125 m norðvestan við bæjarhól (001), um 175 m vestan við íbúðarhúsin í Hellatúni og um 30 m norðaustan við Kirkjuhól. Hjáleiguhóll er grasigróinn náttúrulegur hóll um 1-2 m hár og 5-10 m breiður sem liggur norðaustur-suðvestur í átt að Kirkjuhól. Ekkert sést til fornleifa. Engar heimildir hafa fundist um hjáleigu á þessu svæði og ekki er líklegt að fornleifar leynist undir yfirborði á þessum stað.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 5

RA-363:018 *Lambhústún* örnefni fjárhús 63°50.314N 20°34.474V
Hóllinn neðan við bæinn [Hellnatún] heitir Lambhústún, en riminn vestan við hann Arnarrími." segir í örnefnalýsingu. Lambhústún kallast rími sem er 140-150 m sunnan við bæjarhól (001) og um 280 m sunnan við íbúðarhúsin í Hellnatúni. Ríminn er 150-200 m langur og 2-5 m hár náttúrulegur bergrími sem liggur austur-vestur. Ríminn er gróinn háu grasi eins og tún í órækt. Ekkert sést til fornleifa og engar vísbendingar um innfallna hella sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 5

RA-363:019 *Grænarímavað* heimild um vað
Í Blöndu VII segir: "Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stýztur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farið var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027] og Ísleifsvað [RA-363:028], öll í landareign Áss og Hellatúns.". Í örnefnaskrá segir svo: "Þá verða talin vöð þau, sem kunn eru á Rauðalæk innan Áshverfistorfu, byrjað fremst: Lækjarmótavað [RA-358:006], Brúarendavað [RA-358:0009], Breiðabakkavað [RA-360:013], Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað, Grænarímavað og Ísleifsvað." Í grein eftir Guðjón Inga Hauksson í Sögu XXI er kort sem sýnir staðsetningu allra vaða frá Syðri Rauðalæk að Hrótsvatni. Grænarímavað verður skráð sumarið 2007.

Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320; Ö-Áshverfistorfa, 5; Guðjón Ingi Hauksson: "Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir frá Sandhólaferju að Ytri Rangá í Holtamannahreppi hinum forna", Saga XXI, 157.

RA-363:020 *Austurhóll* hellir óþekkt 63°50.399N 20°34.464V
"Neðan við (beygjuna) Krikann eru hólar, sem ná vestur að bænum [Hellnatún] og heita Austurhóll." segir í örnefnalýsingu. Dæld eftir hugsanlegt hrúnið hellisþak er um 95 m austan við bæjarhól (001) og um 118 m sunnan við íbúðarhúsin í Hellatúni. Dældin er í grasivöxnum bergríma sem liggur austur-vestur og kallast Austurhóll. Bæjarhóll er vestan við dældina á miðjum rímanum og norðan og sunnan við rímann eru sléttuð tún. Dældin er 6 m breið, 12 m á lengd, 0,5-1,5 m djúp og liggur SSV-NNA. Hún liggur þvert á ríma en ekkert gefur til kynna að op hafi verið grafið norðan eða sunnan megin við hól.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 5

RA-363:021 *garðlag* kálgarður 63°50.368N 20°34.601V
Garðlag, leifar kálgarðs, er um 585 m suðaustan við Ás (RA-358:001), um 5 m vestan við bæjarhól (001) og um 195 m suðvestan við íbúðarhúsin í Hellnatúni. Á þessum stað sést kálgarður á túnakorti frá því um 1920. Garðlagið er undir suðurhlið bergrímans nær vesturenda hans þar sem Dringhóll og Lindarhóll standa en miðju þar sem bæjarhóll stendur. Garðbrot sjást ennþá í austur og vesturenda kálgarðs sem liggur austur-vestur. Garðbrotin eru grasivaxin, um 1,5-2 m breið og 0,6-1,0 m há en kálgarðurinn sjálfur hefur verið um 28 m á lengd og 15 m á breidd og er nú þýfður í miðjunni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920



Garðlag um 3 m vestan við bæjarhól, mynd tekin í SV

RA-363:022 gata traðir

63°50.376N 20°34.587V

Á túnakorti frá 1920 er vegur sýndur liggja í suður niður á milli bæjarhóls (001) og kálgarðs (021). Um 200 m suðvestan við íbúðarhúsin í Hellnatúni er gamall vegslóði. Vegslóðinn liggur í suður á milli bæjarhóls (001) og kálgarðs (021) niður að Rauðalæk um grasigróinn móa og sléttuð tún. Vegurinn er um 3 m breiður, grasigróinn með 0,2-0,4 m djúp hjólför og um 27 m langur frá bæjarhól niður að Rauðalæk.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

RA-363:023 garðlag kálgarður

63°50.368N 20°34.562V

Á túnakorti frá árinu 1920 er kálgarður sýndur fast sunnan við íbúðarhús á bæjarhól. Garðurinn var um 2 m sunnan við bæjarhól, um 615 m suðaustan við Ás og um 183 m suðvestan við íbúðarhúsin í Hellnatúni. Í dag er hér sléttað plan um 14 x 30 m að flatarmáli sem hallar 5-10° í suður, gróið njóla og arfa. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

RA-363:024 Engjavað heimild um vað

63°50.158N 20°34.867V

Í Blöndu VII segir: "Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stytstur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns." Í ornefnaskrá segir svo: "Þá verða talin vöð þau, sem kunn eru á Rauðalæk innan Áshverfistorfu, byrjað fremst: Lækjamótavað [RA-358:006], Brúarendavað [RA-358:009], Breiðabakkavað [RA-360:013], Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027], Grænarimavað [RA-363:019] og Ísleifsvað [RA-363:028]." Í grein eftir Guðjón Inga Hauksson í Sögu XXI er kort sem sýnir staðsetningu allra vaða á Rauðalæk frá Syðri Rauðalæk að Hrútsvatni. Samkvæmt því korti er Engjavað um 685 m sunnan við Ás (RA-358:001) og um 465 SV við Hellnatún (RA-363:001). Á þessu svæði er norðurbakki lækjarins grasigróinn og um 1,5 m hár sitt hvoru megin við 5 m breitt rofabarð þar sem markaskurður milli Hellnatúns (RA-363) og Áss (RA-358) mætir Rauðalæk. Þar er auðvelt að fara niður í læk. Hér er ekki stígvélafært þó lækurinn

virðist ekki straumharður þar sem hann er mjög djúpur og um 15 m á breidd. Fast í suður á suðurbakka lækjar er annað rofabarð sem auðvelt er að komast upp á bakkann um. Sitt hvoru megin við rofabarðið er lækjarbakkinn um 1 m á hæð og grasigróinn. Hér var farið yfir vaðið N-S. Ekkert sést til gatna til eða frá vaðinu í dag.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: “Holtavegur hinn forni” Blanda VII, 320; Ö-Áshverfistorfa, 5; Guðjón Ingi Hauksson: “Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir frá Sandhólaferju að Ytri Rangá í Holtamannahreppi hinum forna”, Saga XXI, 157

RA-363:025 Sigmundarvað heimild um vað 63°50.244N 20°34.414V

Í Blöndu VII segir: “Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stytstur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns.” Í örnefnaskrá segir svo: “Þá verða talin vöð þau, sem kunn eru á Rauðalæk innan Áshverfistorfu, byrjað fremst: Lækjamótavað [RA-358:006], Brúarendavað [RA-358:009], Breiðabakkavað [RA-360:013], Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027], Grænarimavað [RA-363:019] og Ísleifsvað [RA-363:028].” Í grein eftir Guðjón Inga Hauksson í Sögu XXI er kort sem sýnir staðsetningu allra vaða á Rauðalæk frá Syðri Rauðalæk að Hrutsvatni. Sigmundarvað er um 825 m SA við Ás (RA-358:001) og um 275 m sunnan við Hellnatún (RA-363:001). Á þessu svæði er norðurbakki lækjarins 2-3 m breiður sandbakki undir 1-1,5 m háu rofabarði. 2 m breið sandeyja er hér í miðjum læk. Lækurinn er ekki stígvélafer þó lækurinn virðist ekki straumharður þar sem hann er mjög djúpur og um 20 m á breidd. Suðurbakki lækjarins er grasigróinn og um 1,5 m hár. Ekki er hægt að komast auðveldlega upp á hann nema um 50-60 m austar þar sem aflíðandi sandbakki byrjar. Farið var yfir á vaðinu ASA-VNV. Ekkert sést til gatna til eða frá vaðinu í dag.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: “Holtavegur hinn forni” Blanda VII, 320; Ö-Áshverfistorfa, 5; Guðjón Ingi Hauksson: “Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir frá Sandhólaferju að Ytri Rangá í Holtamannahreppi hinum forna”, Saga XXI, 157

RA-363:026 garðlag heygarður/túngarður

63°50.517N 20°34.356V

Tvö gerði og garðlag eru um 320 m norðaustan við bæjarhól (001), um 150 m ANA við íbúðarhúsin í Hellnatúni og 2-5 m frá norðurbakka skurðar sem liggur ANA-VSV fast sunnan við sumarbústað (við hlið bústaðar er viðarbrú yfir þennan skurð) sem stendur norðan við íbúðarhúsin í Hellnatúni. Þetta svæði er grasi- og mosavaxið tún í órækt. Girðing liggur ANA -VSV samsíða skurði og liggur hún fast sunnan við heygarð B. Minjarnar samanstanda af 35 m löngu garðlagi sem liggur austur-vestur og 2 heygörðum sem eru við austur enda þess. Garðurinn, sem trúlega er túngarður, er 0,8-1 m hár og um 1 m á breidd. Fast norðan við garðinn er djúp mjó gata sem liggur samsíða honum. Garðurinn er grasi og mosavaxinn en vestur endi hans er í jaðri lóðar í kringum sumarbústað sem stendur 10-15 m í burtu. Að austan verðu endar garður í litlum heygarði sem liggur



Tveir heygarðar og garðlag um 320 m NA við bæjarhól

norður-suður og er norðurveggur hans austurendi garðlags. Heygarðurinn er 2,5 x 2 m að flatarmáli og með hugsanlegum inngangi á austur hlið. Veggir hans eru 0,6-0,8 m breiðir og 0,4-0,6 m háir. Um 1 m austar er annar aðeins stærri heygarður sem liggur ANA-VSV. Hann er 2,5 x 4 m að flatarmáli með hugsanlegan inngang á suður hlið hans. Báðir heygarðarnir eru smáir, hleðslur þeirra signar og vaxnir mosa og grasi.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks



*Heygarðar og garðlag 026 um 320 m NA við bæ 001, hól A
(vinstri, mynd tekin í V) og hól B (hægri, mynd tekin í ANA)*

RA-363:027 Sauðavað heimild um vað 63°50.277N 20°34.013V

Í Blöndu VII segir: “Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stytstur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns.” Í örnefnaskrá segir svo: “Þá verða talin vöð þau, sem kunn eru á Rauðalæk innan Áshverfistorfu, byrjað fremst: Lækjamótavað [RA-358:006], Brúarendavað [RA-358:009], Breiðabakkavað [RA-360:013], Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027], Grænarimavað [RA-363:019] og Ísleifsvað [RA-363:028].” Í grein eftir Guðjón Inga Hauksson í Sögu XXI er kort sem sýnir staðsetningu allra vaða á Rauðalæk frá Syðri Rauðalæk að Hrótsvatni. Sauðavað er um 1090 m SA við Ás (RA-358:001) og um 490 m SA við Hellnatún (RA-363:001). Á þessu svæði er norðurbakki lækjarins 20-30 m breiður mjög langur aflíðandi sandbakki. Lækurinn er ekki stúgvélafær þó lækurinn virðist ekki straumharður þar sem hann er mjög djúpur og um 10 m breiður. Suðurbakki lækjarins er um 0,6-1,5 m hár og grasigróinn. Aðeins er einn staður þar sem auðvelt er að fara upp á bakkann sunnan megin í rofabarði um 40 m vestan við sandbakkann hinumegin. Farið var yfir A-V á vaðinu. Ekkert sést til gatna til eða frá vaðinu í dag.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320; Ö-Áshverfistorfa, 5; Guðjón Ingi Hauksson: "Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir frá Sandhólaferju að Ytri Rangá í Holtamannahreppi hinum forna", Saga XXI, 157

RA-363:028 Ísleifsvað heimild um vað 63°50.338N 20°33.608V

Í Blöndu VII segir: “Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir eyrum og með bökkum, en til þess að vegurinn væri sem beinastur og stytstur, var farið yfir vöð á læknum. Voru þau 18 á allri leiðinni sem farin var, og höfðu hvert sitt nafn. Hét fremsta vaðið Lækjarmótavað eða Ásmúlavað. Þá var Vörðuvað, Engjavað, Sigmundarvað, Sauðavað og Ísleifsvað, öll í landaereign Áss og Hellatúns.” Í örnefnaskrá segir svo: “Þá verða talin vöð þau, sem kunn eru á Rauðalæk innan Áshverfistorfu, byrjað fremst: Lækjamótavað [RA-358:006], Brúarendavað [RA-358:009], Breiðabakkavað [RA-360:013], Vörðuvað [RA-358:007], Engjavað [RA-

363:024], Sigmundarvað [RA-363:025], Sauðavað [RA-363:027], Grænarimavað [RA-363:019] og Ísleifsvað [RA-363:028].” Í grein eftir Guðjón Inga Hauksson í Sögu XXI er kort sem sýnir staðsetningu allra vaða á Rauðalæk frá Syðri Rauðalæk að Hrútsvatni. Ísleifsvað er um 1380 m ASA við Ás (RA-358:001) og um 790 m ASA við Hellnatún (RA-363:001). Á þessu svæði er norðurbakki lækjarins grasigróinn um 0,4-0,6 m á hæð og hallar 20-30° í SSA. Upp af bakkanum er landið slétt en mjög þýft. Ekkert sést til hestagatna nema á blábrún lækjar eftir nýlegar hestaferðir. Lækurinn er ekki stígvélafær þó hann virðist ekki straumharður þar sem hann er mjög djúpur og um 10 m breiður. Suðurbakki lækjarins er mjög lágur, um 5 m breiður sandbakki. Farið var um vaðið SA-NV yfir læk. Ekkert sést til gatna til eða frá vaðinu í dag.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Guðlaugur E. Einarsson: "Holtavegur hinn forni" Blanda VII, 320; Ö-Áshverfistorfa, 5; Guðjón Ingi Hauksson: "Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir frá Sandhólaferju að Ytri Rangá í Holtamannahreppi hinum forna", Saga XXI, 157

RA-363:029 Ásbyrgi örnefni fjárskýli 63°49.263N 20°35.758V

"Efst í Andalæk rennur Efri-Brúarkelda, en Fremri-Brúarkelda frammar. Austan við lækjarkakkann eru tveir rimar, sem Ásbyrgi nefnast." segir í örnefnalýsingu. Þetta svæði er um 2280 m SV við Hellnatún (RA-363:001), um 2300 m SSV við Ás (RA-358:001) og um 40-100 m ASA við austurbakka Andalækjar. Á svæðinu eru tveir mjög þýfðir 30-50 m langir og 10-20 m breiðir rimar sem standa upp úr mýrinni og eru svæðin milli þúfnanna allt að 1,2 m djúp og þröng. Mjög erfitt er að ganga yfir svæðið. Guðbjörn I. Jónsson, heimildamaður, kannast ekki við að tóftir hafi nokkurn tíman verið á þessu svæði svo hann muni. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshverfistorfa, 6

RA-363:030 tóft beitarhús 63°50.260N 20°34.143V

Tóft er um 413 m suðaustan við bæjarhól (001) og um 35 m NNA við suðurbakka Rauðalækjar. Tóftin er á sléttlendi við Rauðalæk sem er grasivaxið og þýft tún í órækt. Rétt sunnan við tóft er mýri. Hleðslur tóftar eru mjög signar, grasivaxnar, þýfðar og mjög rofnar. Hvergi sést í grjóthleðslur en tóftin hefur trúlega verið þrískipt. Tóftin er 16 m löng, 16 m breið og snýr SSA-NNV. Veggir hennar standa 0,4-0,8 m hátt og eru 1-1,5 m breiðir. Eitt hólft tóftar er mjög greinilegt þar sem það er 1,5-2 m djúp gryfja sem hugsanlega hefur verið hlaða og trúlega hafa húsin verið beitarhús en engin merki um jötur eða garða sjást þó á yfirborði.

Hættumat: engin hætta




Fjárhústóft um 410 m SA við Hellnatún (001), mynd tekin í NNV

RA-363:031 tóft beitarhús

Tóft er um 1100 m suðvestan við Hellnatún (001), um 100 m suðaustan við suðurbakka Rauðalækjar og um 710 m SSA við Framnes. Tóftin er á 22x14 m stóru sléttlendi þar sem umhverfið er þýfður grasigróinn mói en um 2-5 m suðaustan við tóftina er víðáttumikil mjög deig mýri. Tóftin er tvískipt með áföstu gerði suðaustan við tóft. Út úr gerðinu er garðbrot í suðaustur út í mýri sem liggur þvert á garð 032 og hefur trúlega tengst honum á einhverjum tímapunkti. Tóftin er um 12 m löng og 8 m breið. Veggir hennar eru signir og grasigrónir, um 0,6 m - 1,2 m háir og um 1 m - 2,5 m breiðir. Tóftin snýr SSA-NNV og um 0,5 m breiðir inngangar inn í bæði hólfi eru á norðvesturenda hennar. Engin ummerki um jötur eða garða sjást í þessum hólfum. Gerðið er um 10 m breitt og 14 m langt. Gerðið er mjög rofinn vegna gata sem liggja yfir það og er það um 2 m breitt og 0,4-0,8 m á hæð. Um 1 m breiður inngangur er á norðausturenda þess. Ekkert sést í grjóthleðslur og gerðið er grasigróið og mjög þýft.

Hættumat: hætta, vegna rofs

63°49.892N 20°35.351V



Fjárhústóft og gerði um 1100 m SV við Hellnatún og um 100 m SA við Rauðalæk




Beitarhús 024 um 1100 m SV við bæ 001, hólf I og II (vinstri, horft til SA) og hólf III (hægri, horft til ANA)

RA-363:032 garðlag óþekkt

Garðlag byrjar um 1100 m suðvestan við Hellnatún (001), um 10 m frá suðurbakka Rauðalækjar og um 710 m SSA við Framnes (RA-360:001) og liggur í suðvestur 10-15 m austan við tóft 031. Nyrsti hluti garðlagsins stendur á flatlendi við bakka Rauðalækjar þar sem umhverfið er þýfður grasigróinn mói en meirihluti hans stendur í víðáttumikilli mjög deigri mýri suðaustan við tóft 031. Garðurinn er um 1810 m á lengd, 0,4-1 m hár og 1-2 m breiður. Hann er torfhlaðinn og rofinn á stöku stað þar sem hann hefur horfið í mýri eða götur hafa legið um hann. Nyrsti partur hans liggur

63°49.946N 20°35.316V



Um 1810 m langt garðlag um 10-15 m austan við tóft 031

norður-suður og er um 46 m langur. Hann hverfur í mýri í suðri og endar um 10 m frá syðri bakka Rauðalækjar í norðri. Þetta stutta garðbrot hefur trúlega tengst bæði syðra garðlaginu sem byrjar um 75 m suðvestar og garðbrotinu sem liggur út frá tóft 031. Syðri garður liggur um 763 m í suðvestur áður en hann beygir í suður og heldur áfram 1000 m. Garðurinn endar við skurð sem liggur VSV-ANA í mýri út í Andalæk. Garðurinn liggur fast austan við Ásbyrgi (029). Hugsanlegt er að garðlagið hafi myndað mjótt aðhald (um 2000x100 m svæði) meðfram Rauðalæk fyrir búpening en einnig gæti verið um áveitugarð að ræða.

Hættumat: engin hætta




Garðlag 032 um 1100 m SV við Hellnatún (001), myndir teknar í N (vinstri) og SV (hægri)

RA-363:033 tóftir beitarhús

63°50.124N 20°34.880V

Tóftir eru um 530 m suðvestan við bæjarhól í Hellnatúni (001) og um 22 m sunnan við suðurbakka Rauðalækjar. Á þessu svæði er nú flatlendur grasigróinn mói við lækjarbakka Rauðalækjar en 2 til 3 m sunnan við tóftirnar er mjög deig mýri. Á þessu svæði sjást aðeins fjórar 0,4-0,6 m djúpar dældir í landslagi. Svæðið er um 27 m á lengd og 16 m á breidd. Dældirnar eru mjög þýfðar og óskýrar en snúa flestar austur-vestur og eru þær 2-3 m breiðar og 2-10 m langar. Ekki er vitað um hlutverk þessara tófta.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Tóftir um 530 m SV við bæjarhól Hellnatúns (001)

RA-364 Ásmundarstaðir

Byggð úr Ási, jörðin skiptist nú í Ásmundarstaði I-III.

1709: "Engjaslægjum spillir Steinslækurálíka og á Ásmundarstöðum og Seli." JÁM I, 367.

1840: "... allgóð heyskaparjörð eftir hundraðatali hennar." SSR, 205


1920: Tún 2,8 ha, sléttað 0,5 ha, garðar 1020 m².

Ásmundarstaðir, Ásahreppi

Stærð túna: 2,8 ha

Þar af slétt: 0,5 ha

Stærð matjurtagarða: 1020 m²



Túnakort Ásmundarstaða frá árinu 1920

RA-364:001 Ásmundarstaðir bæjarstæði bústaður 63°52.211N 20°34.964V

"Alltaf var kölluð Brekka fyrir neðan klettana, suður af bænum. [...] Neðst í Brekkunni var gamall kálgarður, og áttu bæirnir sinn helminginn hvor. Gott skjól er þarna, og spratt vel í garðinum. Þetta var gamla bæjarstæðið á Ásmundarstöðum. Bærinn stóð þar upphaflega en var fluttur upp eftir vegna snjóþyngsla, hann fennti þarna í kaf. Mjög langt er síðan bærinn var færður, það var löngu áður en faðir Steins kom að Ásmundarstöðum. Brekkan er mjög brött, svo varla er hægt að slá hana með vél." segir í örnefnaskrá. Þetta svæði er um 3300 m SSV við Áshól (RA-366:001), um 80 m sunnan við Austur- og Vesturbæ (002) og um 2200 m VNV við Berustaði (RA-368:001). Á þessu svæði er nú sléttaður bali fast sunnan við bæjarhól vaxinn háu grasi og njóla sem hallar um 5° til suðvesturs. Lækur rennur nú ofan af bæjarhól í suðvestur fast suðaustan við balann. Engar fornleifar og engin greinileg hólmyndun sést á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 1


RA-364:002 Vesturbær/Austurbær bæjarstæði bústaður 63°52.254N 20°34.970V

"Tvíbýli var á Ásmundarstöðum frá 1914, er faðir Steins fór að búa á hálfri jörðinni og byggði bæ, Austurbæ. Bærinn, sem fyrir var, varð þá Vesturbær. Faðir Steins keypti þó ekki jörðina fyrr en 1924. Hann og Þorsteinn Þorsteinsson keyptu sinn helminginn hvor, og fór Þorsteinn að búa í Vesturbænum. Jörðin kostaði þá öll 4000 krónur. [...] Nú eru ein sjö íbúðarhús á Ásmundarstöðum." segir í örnefnaskrá. Í dag er aðeins partur af Vesturbæ ennþá undir þaki um 300 m SSV við Ásmundarstaði II og III, um 80 m norðan við gamla bæjarstæðið (001) og

10-20 m ASA við suðvesturbrún ássins sem það er á. Verið er að reisa nýja viðbyggingu austan við bæ. Vesturbær var byggður 1928. Fast sunnan og suðaustan við bæ er nú stór skógræktarblettur. Austan og norðan við bæ er sléttað malarplan og vestan við bæ er grasgróinn sléttaður garður. Enginn greinanlegur bæjarhóll er á svæðinu sem hefur verið raskað með sléttun og byggingarvinnu. Ekkert sést til húsa frá því fyrir 1928. Um 15 m NNV við Vesturbæ eru tvö útihús byggð úr bárujárn, steinsteypu og grjóti. ANA við Vesturbæ er steinsteyppt íbúðarhús um 40 m í burtu. Um 3 m austan við Vesturbæ er hluti úr gömlum grjóthlöðnum grunni um 1,6 m hár og 5 m langur sem sést aðeins úr suðri sem er mjög líklega leifar af grunni Austurbæjar sem var byggður 1914. Vesturbær og leifar Austurbæjar eru á um 20x40 m svæði sem liggur A-V.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Ásmundarstaðir, 1



Bæjarstæði Ásmundarstaða I og II (002), ljósmynd tekin í suður

RA-364:003 Götuhús heimild um lambhús 63°52.296N 20°34.968V

"Lambhús, sem kallað var Götuhús, var skammt norðan við Vesturbæ, og skammt norður af því fjárhús, líka nefnt Götuhús [005]. Þessi hús voru bæði frá Vesturbænum. [...] Lambhúsið er horfið, en tóft fjárhússins stendur uppi." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakort var útihús um 60 m norðan við bæ 002, um 5 m austan við bárujárnslætt útihús á Ásmundarstöðum. Þetta svæði er nú í sléttuðu túni. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Ásmundarstaðir, 2

RA-364:004 heimild um útihús 63°52.264N 20°34.887V

Samkvæmt túnakorti er útihús um 70 m austan við bæ 002 og 40-50 m vestan við hæsnahús Holtakjúlklings. Á þessum stað er nú steinsteypur húsgrunnur og mosa- og grasgróið 20x13 m sléttlendi. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-364:005 Götuhús heimild um fjárhús 63°52.284N 20°34.970V

Í örnefnaskrá segir svo: "Lambhús, sem kallað var Götuhús, var skammt norðan við Vesturbæ, og skammt norður af því fjárhús, líka nefnt Götuhús. Þessi hús voru bæði frá Vesturbænum. [...] Lambhúsið er horfið, en tóft fjárhússins stendur uppi." Nákvæm staðsetning þessa húss er óþekkt en svæðið sem húsið stóð líklega á er um 55 m N við bæ 002. Á þessum stað er nú sléttað tún, Norðurtún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 2

RA-364:006 garðlag kálgarður 63°52.211N 20°34.964V
"Neðst í Brekkunni var gamall kálgarður, og áttu bæirnir sinn helminginn hvor. Gott skjól er þarna, og spratt vel í garðinum. Þetta var gamla bæjarstæðið á Ásmundarstöðum." segir í örnefnaskrá. Þetta svæði er um 80 m sunnan við bæ 002 og um 118 m suðvestan við húsgrunn 004. Á þessu svæði er nú sléttaður bali fast sunnan við bæjarhól vaxinn háu grasi og njóla sem hallar um 5° til suðvesturs. Lækur rennur nú ofan af bæjarhól í suðvestur fast suðaustan við balann. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 1

RA-364:007 Vesturbæjarfjós heimild um útihús 63°52.263N 20°34.993V
"Vesturbæjarfjós stóð alveg á brekkubrún vestan við bæinn, en Austurbæjarfjós var alveg norðan við bæ." segir í örnefnaskrá. Á túnakorti er útihús um 10 m norðvestan við bæ 002. Á þessu svæði er nú steinsteypt og bárujárnsklædd útihús. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Ásmundarstaðir, 3

RA-364:008 Álfapúfa heimild um huldufólksbústað 63°52.321N 20°34.988V
"Norðarlega fyrir ofan Óræktarbrekku er dálítið hóll með þúfu á, og var þetta kallar ýmist Álfapúfa eða Álfahóll. Talið var, að þarna væri huldufólk, og átti að hafa heyrt þar spunnið á rokk. Blátt bann var við að slá hólinn. Hjá Þorsteini Þorsteinssyni var vinnumaður, sem var mjög nýttinn á slægjur, og sló hann þúfuna eitt sinn. Um veturinn dó snemmbæra hjá Þorsteini, þegar hún bar." segir í örnefnaskrá. Álfapúfa er um 125 m N við bæ 002 og 10-20 m austan við brún ássins. Hóllinn er á grasigróinni brekkubrún uppi á ásnum norðan við bæjarhól. Hóllinn er smár, um 1,5 m hár, 9 m langur og 6 m breiður með hundapúfu á toppnum. Hóllinn er grasigróinn, aflangur og snýr SV-NA. Náttúrulegur hóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 2

RA-364:009 Borgargil örnefni fjárskýli 63°52.849N 20°34.314V
"Lengra norður á Ásnum var hlaðin varða á hól og kölluð Ásvarða. Sennilega hefur varðan verið vegvísir. Rétt sunnan við Ásvörðu standa nú kjúklingahús og útungunarhús frá Ásmundarstöðum. Skammt innar, beint upp af vörðunni, var byggt svínahús. Norðan undir hólnum rennur Borgargil. Í því er vatn, sem kemur undan hæðinni. Það er að hluta í Selslandi og rennur niður á Selsand. [...] Upp af Borgargilinu er nú búið að byggja tvö íbúðarhús, og eru þau kölluð Ásheimar." segir í örnefnaskrá. Borgargil er um 1200 m NNA við bæjarhól 002 og um 670 m vestan við Selhóla 022. Aðeins eitt íbúðarhús er þar í dag. Nafnið Borgargil gefur hugsanlega til kynna fjárskýli á svæðinu en engar heimildir um slík mannvirki hafa fundist. Gilið er 4-5 m djúpt, 2-15 m breitt og liggur NNV-SSA. Mýri og lækjarspræna eru í miðju gili sem er grasi- og mosagróið og þýft. SV og NA við gilið eru klettur sem hægt væri að nota sem aðhald fyrir fé en engin mannvirki eru sjáanleg á yfirborði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 5

RA-364:010 heimild um leið


63°52.306N 20°34.990V

"Lambhús, sem kallað var Götuhaus [003], var skammt norðan við Vesturbæ, og skammt norður af því fjárhús, líka nefnt Götuhaus [005]. Þessi hús voru bæði frá Vesturbænum. Þarna um lá gata, víst upphaflega vegurinn heim að bænum. Lambhúsið er horfið, en tóft fjárhússins stendur uppi." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning hennar er óþekkt í dag. Svæðið þar sem götuhausin stóðu er búið að slétta í tún og byggja útihaus. Ekkert sést til götu. Heimildamaður, Jón Á. Jóhannsson, taldi að leiðin heim að bænum hefði eitt sinn legið meðfram brún ássins í SSA heim að bæ vestan við allar byggingar á brúninni. Engin slík gata var teiknuð á túnakort frá því um 1920.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Ásmundarstaðir, 2**RA-364:011** tóft hesthús

63°52.332N 20°34.970V

"Skammt norðar [en Götuhaus 003 og 005] voru tvö hesthús, sitt frá hvorum bæ. Hesthús Austurbæjar var hlaðið úr grjóti, og voru gríðarstór björg í veggjunum og stallurinn gerður úr feiknastórum hellum. Húsið var búið að standa lengi án þess nokkuð væri hreyft við veggjum þess, en þak hafði verið lagfært. Veggirnir standa enn uppi. Húsið lét ekkert á sjá í jarðskjálftunum 1896 og 1912. Hafa hús á Ásmundarstöðum reyndar ekki hreyfzt mikið í jarðskjálftum." segir í örnefnaskrá. Tóft sem gæti verið af öðru hvoru hesthúsinu er um 145 m N við bæ 002 og um 40 m NA við Maríubrunn 019. Tóftin er uppi á grasigróinni sléttaðri hæð. Tóftin er þrískipt um 15 m á breidd, 17 m á lengd og snýr NV-SA. Veggir hennar eru grasigrónir, 1-2 m á hæð, 1,5-2,5 m á breidd og hlaðnir úr torfi og grjóti en fjöldi umfara er óþekktur. Tóftinni er skipt í þrjú hólfi, tvö (I og II) sem liggja samsíða NV-SA og eitt langt (III) sem liggur NA-SV þvert á tvö minni hólfin fast SA við þau. Tveir inngangar eru á SA hlið tóftarinnar í tvö minni hólfin og komist er inn í stærsta hólfið í gegnum bæði minni hólfin. Suðvestara hólfið er 8x4 m og norðeystra hólfið 10x4 m að innanmáli. Stærsta hólfið er 15x4 m að innanmáli og er nær 4 m norðaustar en þau tvö minni. Grjótveggir hafa gert innganginn milli stærra hólfsins og suðvestara minna hólfsins um 1 m á breidd á meðan hinn er 4 m og þar hefur viðarþil trúlega skipt á milli stærra og minna hólfsins. Veggir í austurhorni stærra hólfsins eru horfnir vegna túnasléttunar og öll tóftin er full af drasli.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Ásmundarstaðir, 2

Hesthústóft um 145 m N við bæjarhól, mynd tekin í S

RA-364:012 tóft+garðlag hesthús

63°52.343N 20°34.972V

"Skammt norðar voru tvö hesthús, sitt frá hvorum bæ. Hesthús Austurbæjar var hlaðið úr grjóti, og voru gríðarstór björg í veggjunum og stallurinn gerður úr feiknastórum hellum. Húsið var búið að standa lengi án þess nokkuð væri hreyft við veggjum þess, en þak hafði verið lagfært. Veggirnir standa enn uppi. Húsið lét ekkert á sjá í jarðskjálftunum 1896 og 1912. Hafa hús á Ásmundarstöðum reyndar ekki hreyfzt mikið í jarðskjálftum." segir í örnefnaskrá. Tóft sem gæti verið af öðru hvoru hesthúsinu er um 166 m N við bæ 002 og um 15 m NNA við tóft 011. Tóftin er uppi á grasigróinni sléttaðri hæð. Tóftin er tvískipt, um 14 m á lengd og 13 m á breidd og snýr NV-SA. Hólfín tvö eru 6x2 m að stærð og snúa NV-SA. Inngangar inn í hólfín eru á NV enda tóftar og eru um 1 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru 0,6-2 m háir, 1,5-2 m breiðir og hlaðnir úr torfi og grjóti. SA veggur SV hólfsins er hruninn og hugsanlegt er að annað stærra hólf hafi verið suðaustan við minni hólfín en þetta svæði hefur verið sléttað verulega svo það er óskýrt. Um 10 m vestan við tóftina er um 70 m langt torfhlaðið garðlag sem liggur niður af hæðinni niður brekkuna í VNV. Enginn sjáanlegur tilgangur er með þessu garðlagi en líklega hefur þetta verið einhvers konar varnargarður. Garðlagið og tóftin eru á um 85x15 m svæði sem snýr VNV-ASA.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Ásmundarstaðir, 2

Hesthústóft um 166 m N við bæ 001, mynd tekin í N

RA-364:013 Miðhús garðlag+tóft túngarður

63°52.363N 20°34.959V

"Þarna norður af [hesthúnum 011 og 012] var Miðhús, sem var fjárhús frá Austurbæ, en er nú horfið. Vestur af Götuhúsi [005] og Miðhúsi er Rani. Hann nær inn að Ás; er móabrekka, sem ekki hefur verið ræktuð." segir í örnefnaskrá. Tóftarbrot sem gætu verið af Miðhúsi eru um 35 m NNA við tóft 012 og um 200 m N við bæ 002. Tóftarbrotin eru undir austurenda sléttaðs túns. Austan við vegginn er grasi- og mosagróin þýfð brekka með rofabörðum hér og þar sem hallar 30-40° til NV. Aðeins NV veggur tóftar stendur ennþá. Greinilegur innfylltur útgangur (sjá rauðar örvar) sést í grjóthlöðnum veggnum sem er partur af garðlagi sem liggur meðfram NV enda túns fast SA við vegg. Veggurinn er 12 m á lengd, 2 m á breidd og inngangurinn hefur verið um 1 m á breidd en nú hefur verið hlaðið upp í hann með grjóti. Grjóthleðslurnar sem sjást eru bæði láréttar og skásettar en fjöldi umfara er óþekktur. Í sléttuðu túni SA við

vegg eru dældir og hólur sem gætu bent til þess að hér hafi staðið útihús áður. Svæðið í túninu er um 19x12 m að stærð og snýr NV-SA. Afgangur garðlags er grasigróið og hlaðið úr torfi en þó glittir í grjóthleðslur hér og þar. Út frá grjóthlaðna veggnum liggur garðlagið um 22 m í NA áður en það hverfur í náttúrulega þýft landslagið. Aðeins NV hlið garðlagsins er sjáanleg og er garðurinn um 0,6-1,2 m hár. Í SV út frá veggnum nær garðlagið um 8 m áður en SA hlið þess birtist í túninu en hún er aldrei hærri en 0,3-0,6 m á hæð. Eftir 24 m tekur garðlagið 90° beygju í SA og heldur áfram um 125 m áður en það hverfur um 3 m NV við malbikaðan veg sem liggur að Ásmundsstöðum. Milli horns og enda er garðlagið um 1,5 m breitt og 0,8-1,2 m hátt. Eftir að garðlagið tekur 90° beygju liggur annað 105 m langt garðlag samsíða SV við hið fyrrnefnda í NV-SA. Aðeins eru um 2 m á milli garðlaganna sem virðast mynda tröð milli Norðurtúns og Gamlatúns. Þetta garðlag er einnig torfhlaðið, um 2 m breitt og 0,6-1 m hátt en báðir endar þess eru þó nokkuð rofnir vegna rofs og hrossabeitar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 2



Tóft og garðlag 013 um 200 m N við bæ 001 (örvar sýna útlínur inngangs)

RA-364:014 Þrívörður varða álagablettur

63°52.412N 20°34.899V

"Skammt norðar en Miðhús var eru Þrívörður (Grjótvörður), þrjár vörður saman. Þær standa á grjóturð, tvær stórar og ein minni. Sagt er, að bóndinn á Ásmundarstöðum eigi að halda þeim við og hlaða upp, ef þær falla. Þá mun búskapur á jörðinni vel ganga. Steinn og Páll bróðir hans hlóðu vörðurnar upp, er þeir voru ungir menn, og hafa þær staðið síðan. Upp úr hverri vörðu er mjór steinn, eins og spjót. Sagt var, að þarna væri fornmannadys. Beint austur af Þrívörðum er búið að byggja þrjú íbúðarhús." segir í örnefnaskrá. Þrjár vörður eru um 300



Þrívörður um 300 m N við bæ 001

m N við bæ 002, um 30 m ASA við steinsteyptu íbúðarhúsin á Ásmundarstöðum II og III. Vörðurnar eru á mosa- og grasigróinni ósléttri bergskriðu. Þrívörður mynda lágan þríhyrning og er stærsta varðan í suðausturhorni hans. Langás þríhyrningsins snýr NA-SV. Svæðið sem þær eru á er um 32x16 m að flatarmáli. Allar vörðurnar eru hlaðnar úr stóru hraungrjóti, bæði

flötum og breiðum steinum. Vörðurnar eru ekki grónar en grjótið er þakið skófum. Stærsta varðan er allt að 3 m há og 3x2,5 m að ummáli. Hinar tvær vörðurnar eru um 1,5 m á hæð og 2x2 m að flatarmáli. Um 6-8 m eru á milli varðanna. Fjöldi umfara óþekktur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 2

RA-364:015 *Þrívörðukofi* tóft fjárhús 63°52.420N 20°34.886V

"Skammt norður af vörðunum var Þrívörðukofi, sem var fjárhús, og voru hafðar þar eldri ærnar á Austurbænum." segir í örnefnaskrá. Þrívörðukofi er um 315 m NNA við bæ 002, um 5 m NA við Þrívörður 014 og um 20 m NV við steinsteyptu íbúðarhúsin á Ásmundarstöðum II og III. Tóftin er í grasi- og mosagrónum móa á brún ássins. Tóftin er tvískipt, er 17 m á lengd, 7 m á breidd og snýr NV-SA. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Veggirnir eru 1,4-1,6 m áhæð og um 2 m á breidd. Um 1 m breiður inngangur var inn í tóftina á NV hlið og var tóftinni trúlega skipt upp í hlöðu sem var 3x4 m að innanmáli og fjárhús sem var 3x9 að innanmáli með viðarþili þar sem engar hleðslur eru sjáanlegar sem skipta upp tóftinni. Hlaðan er að minnsta kosti 0,6 m dýpri en fjárhúsið. Engar undirstöður fyrir garða eða jötur eru sjáanlegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 2



Fjárhústóft um 315 m NNA við bæ og um 20 m NV við Ásmundarstaði II og III, mynd tekin í SA

RA-364:016 *Austurbæjarfjós* heimild um fjós 63°52.264N 20°34.974V

"Vesturbæjarfjós [007] stóð alveg á brekkubrún vestan við bæinn, en Austurbæjarfjós var alveg norðan við bæ." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildarmanni, Jóni Á. Jóhannssyni, var fjósið um 20 m N við bæ 002 milli bæjar og Norðurtúns. Á þessu svæði er nú sandborið sléttað plan. Búið er að rífa fjósið svo ekkert sést til þess í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 3

RA-364:017 *Hólkofi* heimild um fjárhús 63°52.286N 20°34.533V

"Austur af túni og bæ var nafnlaust mýrarsund, og þá Hólkofahóll; á honum var Hólkofi, hús fyrir sauði frá Austurbæ. Milli Hólkofa og bæjar standa nú þrjú hænsnahús og eggjapökkunarhús." segir í örnefnaskrá. Hólkofahóll er um 363 m ANA við 002 og um 100 m

austan við hænsnahús Holtakjúklings. Á þessu svæði eru tveir grasigrónir, lítið þýfðir og ávalir hólar. Hólarnir eru um 3 m háir og 50-80 m í þvermál í túni í órækt. Ekkert sést til Hólkofa á yfirborði í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 3

RA-364:018 heimild um stekk

63°51.985N 20°34.739V

"Suð austast í Hvammi er gil, sem heitir Stekkjargil. Upp á barmi þess var hlaðinn Stekkur. Þar var kringlótt, greinileg hleðsla, er Steinn man fyrst. Nú er búið að bylta landinu þarna, en þó kann að vera, að Stekkurinn sjáist enn. Hvammurinn er nú orðinn að túni." segir í örnefnaskrá. Stekkjargil er um 540 m SSA við bæ 002. Bakkar gilsins eru grasi og mosagrónir og örlítið þýfðir. Svæðinu norðan við gilið hefur mikið verið raskað vegna framræslu mýra. Nákam staðsetning er óþekkt en líklegra er að stekkurinn hafi verið á syðri bakka gilsins frekar en þeim nyrðri þó ekkert sjáist til hans í dag. Ef stekkurinn hefur verið á norðurbakka gilsins er ekki líklegt að mikið finnist af honum vegna jarðrasks.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 3

RA-364:019 *Mariubrunnur* brunnur vatnsból

63°52.322N 20°35.016V

"Beint fyrir neðan klettinn [Gnípa], alveg við hann, er uppspretta, nefnd Mariubrunnur, og rennur lind úr. Í Mariubrunni var talið sérstaklega gott vatn, var tært og hreint, enda enginn leir þarna." segir í örnefnaskrá. Uppspretta er um 130 m N við bæ 002, um 3 m vestur undir Gnípu sem er áberandi klettur um 1,5 m hár og er uppsprettan um 4 m fyrir neðan klettinn. Við uppsprettuna er rofabarð sem er um 3 m breið og 4 m löng silla meðfram brekkunni og er greinilegt að skepnur koma reglulega á þennan stað til að drekka. Vatnið sést hripa út undan klettunum og safnast nú saman í poll í rofabarðinu og rennur svo niður brekkuna í vestur. Rennslið er ekki meira en 0,5-1 lítri á mínútu. Ekkert sést til hleðslna nálægt uppsprettunni og á einhverjum tímapunkti hefur plast tunna verið notuð til að brynnna þeim skepnum sem komið hafa við til að drekka.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Arnkötlustaðir, 2

RA-364:020 náma rista

63°52.428N 20°35.223V

"Heytorfsrista og mjög góð reiðingsrista var í Nesinu [Ásmundarstaðanes út vestur að Steinslæk]. Faðir Steins seldi reiðing, og Steinn seldi mikið einangrunartorf í hús, til dæmis allt í Frystihús Keflavíkur. Allt mýrlendi í landinu er búið að grafa og þurrka." segir í örnefnaskrá. Þetta svæði er 380-390 m NV við bæ 002 og um 275 m vestan við tóft 015. Svæðið er víðáttumikið sléttlendi milli ássins sem Ásmundarstaðir standa á og Steinslækjar. Landið hefur verið ræst fram, er lítið þýft og vel grasi gróið. Engin ummerki um slíkar athafnir sjást á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 4

RA-364:021 *Ásvarða* varða samgöngubót

63°52.740N 20°34.472V

"Lengra norður á Ásnum var hlaðin varða á hól og kölluð Ásvarða. Sennilega hefur varðan verið vegvísir. Rétt sunnan við Ásvörðu standa nú kjúklingahús og útungunarhús frá Ásmundarstöðum. Skammt innar, beint upp af vörðunni, var byggt svínahús." segir í örnefnaskrá. Varðan stóð um 990 m NA við bæ 002 og um 50 m NV við nyrsta hænsnahús (áður svínahús) Holtakjúklings. Á þessu svæði er nú sléttað malarplan sem liggur milli vegar upp að Ásmundarstöðum og breiðasta hænsnahússins sem stendur nyrst á holtinu. Ekkert sést

til vörðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 5

RA-364:022 *Selhólar* örnefni sel

63°52.806N 20°33.497V

"Austur af mýrinni, næst bæ, er Miðhóll. Hólar, sem heita Selhólar, liggja í norður frá Miðhól. Sumir eru stórir, sumir litlir. Engin tóft er þar og ekkert, sem bendir til selstöðu. Þar er allt vallendisgras og ekki mikið þýfi. Þarna voru hagar, en ekki slegið." segir í örnefnaskrá. Hólarnir eru um 675 m VNV við Borgargil 009 og um 1600 m NA við bæ 001. Selhólar eru sandsteinshólar sem saman mynda mjóan, mjög langan og 2-6 m háan rima. Hólarnir eru að hluta mosa-, grasi- og lyngivaxnir en á þó nokkuð mörgum stöðum eru stór rofabörð í hólana vegna hrossabeitar. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 5


RA-364:023 tóft beitarhús

63°52.990N 20°32.988V

"Frá Miðhól er hólaröð, þrír hólar, til norðausturs inn að Vatnsholti. Það er mikið, þurrlegt holt og stórpýft upp úr mýrinni. [...]. Norðaustur á Vatnsholti eru gamlar fjárhústættur frá Ásmundarstöðum, sem enn sjást. Jósef, sem bjó á Ásmundarstöðum (er dáinn fyrir 1904), hafði þar sauði." segir í örnefnaskrá. Beitarhústóft er um 2180 m NA við bæ 002, um 2360 m N við Áshól (RA-368:001) og um 538 m ANA við N enda Selhóla (022). Tóftin er á NA enda Vatnsholts í mosa-, lyngi- og grasigrónum mjög þýfðum móa. Tóftin er tvískipt, er 14 m á lengd, 6 m á breidd og snýr N-S. Tóftin er mjög grasigróin og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir hennar eru signir, um 0,6-1,2 m á hæð og 1,5-2,5 m breiðir. Syðra hólft tóftarinnar er miklu skýrara en hið nyrðra. Innanmál syðri tóftar er 2x2 m og innanmál nyrðri tóftar er 4x2 m. Syðra hólfið er um 0,4-0,6 m dýpra en nyrðra hólft. Hugsanlegur 0,5 m breiður inngangur er á vesturhlið syðra hólfs og 0,5 m breiður inngangur er á norðurhlið nyrðra hólfs. Líklega hafa þetta verið jötuhaus en engin ummerki um garða eða jötur eru sjáanlegar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 5



Fjárhústóft um 2180 m NA við bæ 001, mynd tekin í NA

RA-364:024 heimild um lambhús

63°52.125N 20°34.720V

"Suðaustur af bæ er Hvammur, stór hvilft í brekkuna. Eftir að hætt var að nota Götuhúsið, var lambhúsið frá Vesturbæ fært þangað og byggt næst bænum. Var þá kallað Lambhústún í kringum það." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning hússins er óþekkt en Hvammur er um 315 m ASA við bæ 002 og um 255 m SA við fyrrverandi bæjarstæði 001/kálgarð 006. Þetta svæði er nú í sléttuðu túni sem hallar 5-10° til SV. Ekkert sést til fornleifa þar sem búið er að slétta svæðið í tún og nákvæm staðsetning lambhúsanna er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 3

RA-364:025 garðlag kálgarður

63°52.249N 20°34.977V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður um 2 m sunnan við bæ 002. Á þessu svæði er nú sléttaður grasigróinn garður og stór trjálundur. Ekkert sést til garðlaga en samkvæmt túnakortinu var svæðið um 16x40 m að flatarmáli.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-364:026 garðlag kálgarður

63°52.262N 20°34.991V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður um 5-10 m NV við bæ 002 fast austan og sunnan við Vesturbæjarfjós 002. Á þessu svæði er nú sléttað malar- og sandborið plan. Ekkert sést til garðlaga en samkvæmt túnakortinu var svæðið um 5-10x20 m að flatarmáli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-364:027 garðlag kálgarður

63°52.255N 20°34.956V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var lítið óþekkt mannvirki um 4 m A við bæ 002. Á þessum stað er nú grasi- og njólavaxinn garður og trjálundur. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði en samkvæmt túnakorti var mannvirkið mjög smátt, tæplega um 1x1 m að flatarmáli.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-364:028 gata traðir

63°52.255N 20°34.916V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 voru um 40 m langar traðir sem lágu í ASA út frá bæ 002 suður fyrir útihús 004. Á þessu svæði er núna steinsteypt íbúðarhús og sléttaður garður og trjálundur. Ekkert sést til traðanna í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920

RA-364:029 tóftir beitarhús

63° 52.539N 20° 33.535V

Í örnefnaskrá segir svo: "Skarð er í holtið vestan megin og heitir Vatnsholtsskarð. Þar er tún [032]. Sauðahús var byggt þar um 1930. Þar stendur Móklettahóll; þar er svolítil grjóturð." Fjórar beitarhúsatóftir eru á Vatnsholti um 1,7 km ANA við Ásmundsstaði 001 og um 1,7 km NNV við Berustaði RA-368:001. Tóftirnar eru efst á suðvesturenda Vatnsholt í þýðum grasi- og mosagrónum móa norðaustan og austan við sléttað tún. Allar tóftirnar hafa verið hlaðnar úr

torfi og grjóti og hugsanlega með bárujárnsþökum. Engar leifar þaka sjást þó á svæðinu. Hleðslur tóftanna eru signar og frekar ógreinilegar en þær eru allar á svæði sem er um 40 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr NNA-SSV. Tóft A er um 3 m norðvestan við tóft D. Tóftin er einföld og frekar ógreinileg, um 7 x 6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 1-1,5 m á breidd og 0,2 - 1 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og suðvesturhlið tóftarinnar er öll horfin. Tóftin er skýrust á norðausturhlið og hugsanlegt er að suðausturveggur hennar hafi tengst tóft D á einhvern hátt. Hlutverk óþekkt en hugsanlega gæti verið um að ræða lítið gerði eða heygarð. Tóft B er um 10 m SSV við tóft A. Tóftin er mjög óskýr dæld sem er um 3 x 1,5 m að innanmáli. Mjög ógreinilegir veggir eru umhverfis dældina og eru þeir um 2 m á breidd og um 0,5 m á hæð að innan en 0,2-0,4 m á hæð að utan. Tóftin snýr NNV-SSA og utanmál hennar er um 8 x 6 m. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og tóftin er mjög vel grasi- og mosagróin. Hleðslur eru signar og enginn inngangur sjáanlegur. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en hugsanlega er hér um að ræða heygarð. Tóft C er um 3 m sunnan við tóft B. Tóftin er um 14 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál hennar er um 9 x 3 m. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og hefur tóftin verið grafinn inn í holtið að norðvestanverðu. Veggir hennar eru 1-3 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Gengið hefur verið inn um timburþil að suðaustan. Veggirnir eru mjög signir og vel grónir grasi og mosa en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hér er trúlega um beitarhús að ræða. Tóft D er 6 m norðaustan við tóft C. Tóftin er um 9 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggirnir eru 2-3 m á breidd en innri hlið þeirra er miklu skýrari en sú ytri. Innanmál tóftarinnar er mjög skýrt eða 5 x 2 m og hefur tóftin trúlega einnig verið grafinn niður í holtið en hólfið er um 1 m djúpt. Hlutverk tóftar er óþekkt en trúlega er hér um að ræða lítinn fjárhúskofa.



Sauðahús RA-364:029A-D á Vatnsholti

grjóti og hugsanlega með bárujárnsþökum. Engar leifar þaka sjást þó á svæðinu. Hleðslur tóftanna eru signar og enginn inngangur sjáanlegur. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en hugsanlega er hér um að ræða heygarð. Tóft C er um 3 m sunnan við tóft B. Tóftin er um 14 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál hennar er um 9 x 3 m. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og hefur tóftin verið grafinn inn í holtið að norðvestanverðu. Veggir hennar eru 1-3 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Gengið hefur verið inn um timburþil að suðaustan. Veggirnir eru mjög signir og vel grónir grasi og mosa en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hér er trúlega um beitarhús að ræða. Tóft D er 6 m norðaustan við tóft C. Tóftin er um 9 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggirnir eru 2-3 m á breidd en innri hlið þeirra er miklu skýrari en sú ytri. Innanmál tóftarinnar er mjög skýrt eða 5 x 2 m og hefur tóftin trúlega einnig verið grafinn niður í holtið en hólfið er um 1 m djúpt. Hlutverk tóftar er óþekkt en trúlega er hér um að ræða lítinn fjárhúskofa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 5



Sauðahústóftir RA-370:029A (vinstri) og B (hægri), horft til norðurs og NNV




Sauðahústóftir RA-370:029C (vinstri) og D (hægri), horft til NV og SA

RA-364:030 tóft útihús

63°52.435N 20°34.878V

Tóft er 343 um NNA við bæ 002 og um 30 m NNA við tóft 015. Tóftin er í grasi- og mosagrónum þýfðum móa á brún ássins sem Ásmundarstaðir standa á. Tóftin er einföld, um 14 m á lengd, 7 m á breidd og snýr NA-SV. Veggir hennar eru grasi- og mosagrónir, 0,6-1,5 m háir og um 2 m á breidd. Ekkert sést til grjóthleðslna nema í hrúni í botni tóftar og inngangur í tóftina hefur verið á NA hlið hennar. NA hlið tóftar er meira rofin en sú SV og hækka veggir hennar eftir því sem SV er komið og eru þeir 0,6 m háir á NA hlið en 1,5 m á SV hlið. Þessi tóft lítur út fyrir að vera eldri en aðrar tóftir á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft um 343 m NNA við bæ 001, mynd tekin í SV

RA-364:031 Borgartún heimild um fjárhús

63°52.100N 20°34.895V

"Þar fyrir neðan [Lambadý] er rimahóll, Borgartún. Þar var greinilega tóft, trúlega af fjárhúsi. Búið er að slétta Borgartún." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning tóftarinnar er óþekkt en GPS punktur var tekinn í hesta punkti túnsins í miðju austanverðu Borgartúni um 300 m sunnan við bæ 002. Á þessu svæði er nú sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 3

RA-364:032 garðlag túngarður

63° 52.532N 20° 33.587V

Í örnefnaskrá segir svo: "Skarð er í holtið vestan megin og heitir Vatnsholtsskarð. Þar er tún. Sauðahús [029] var byggt þar um 1930. Þar stendur Móklettahól; þar er svolítil grjóturð." Túngarður er um 50 m vestan við tóftir 029 og um 1 km ANA við Ásmundarstaði 001. Utan við garðlagið eru þýfðir grasi- og mosagrónir móar og deig mýri en sléttað tún er við innri hlið þess. Túngarðurinn umlykur ferkantað svæði sem er sléttað tún. Túnið er um 280 m á lengd, um 210 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Túngarðinn við suðausturhlið svæðisins vantar vegna sléttunar og landamerkjaskurða. Garðlagið er 0,4-1,2 m á hæð, 1,5-2 m á breidd og um 640 m á lengd. Garðlagið er að mestu vel gróið grasi, mosa og lyngi en í vesturhorni túnsins er það í deigri smáþýfðri mýri svo þar er mjög sigið og aðeins gróið mosa. Hér og þar eru skörð í garðinn vegna hrossabeitar og upp úr honum standa viðarstubbar svo girðing hefur greinilega verið á garðinum.



Túngarður RA-364:032, horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Ásmundarstaðir, 5

RA-364:033 garðlag landamerki

63° 52.596N 20° 33.160V

Tvö landamerkjagarðbrot eru um 340 m ANA við sauðahúsatóftir 029 og um 1,7 km norðaustan við Ásmundarstaði 001. Garðbrotin liggja bæði upp 30°-40° bratta brekku upp á þýft og grasigróið holt sem gengur norðvestur-suðaustur út úr Vatnsholti. Lengra garðlagið nær einnig alla leið niður svipaða brekku hinu megin á holtinu. Garðbrotin eru á svæði sem er um 125 m á lengd, um 35 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur á merkjum Berustaða RA-368:001 og Ásmundarstaða. Garðlögin eru torfhlaðin og grasigróin, um 1,5 m á breidd og 0,6-1,5 m á hæð. Lengra garðlagið er um 120 m á lengd, snýr norðaustur-suðvestur og hverfur í landamerkjaskurði í báða enda. Landamerkjagirðing er á öllu garðlaginu. Minna garðlagið er um 23 m á lengd og snýr



Landamerkjagarður RA-370:033, horft til A

norður-suður. Norðurendi þess tengist suðausturhlið stærra garðlagsins um 45 m NA við suðvesturenda þess. Í suðri endar það einnig í landamerkjaskurði. Garðlögin eru bæði rofin hér og þar vegna hrossabeitar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-365 Sel

Byggð úr Ási, nýbýlið Bólstaður byggt árið 1957, í eyði frá 1970 jörðin nýtt frá Bólstað, SB V, 372. 1709: "Slægjum spillir Steinslækur ut supra um Hól segir. Engjavegur ærið blautur." JÁM I, 366. 1840: "[...] hefur rétt góðar engjar við lækinn, en liggur undir sandfoki af sandinum, einkum túnið." SSR, 206. 1920: Tún 2,6 ha, sléttað 1,5 ha, garðar 880 m².



Kort af túnum Sels frá því um 1920

RA-365:001 Sel bæjarhóll bústaður
„Sel er fyrsta jörð sunnan Þjóðvegur 1 þegar komið er austur yfir brúna á Steinslæk. Liggur landareignin meðfram læknum að landamörkum Ásmundarstaða. Jörðin var hluti af hinni fornu Ástorfu," segir í Landi og Fólki. Tvíbýli er á Seli, heitir nýbýlið Bólstaður byggt 1957 og er um 240 m austan við gamla bæjarhólinn. Á Seli hefur nýtt hús verið byggt við suðausturhlutann á gamla bæjarhólnum. Nýtt hús stendur í jaðrinum á bæjarhólnum sem núna er partur af skrúðgarði, heimkeyrslu og bílaplani. Ekkert sér til minja. Bæjarhóllinn er vel

63° 53.175N 20° 35.625V



Bæjarhóll Sels, ljósmynd tekin í austur

ávalur en í honum er einnig hellir, manngerður og friðlýstur RA-365:006. Bæjarhóllinn mun vera um 60x35 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvað mikið af hólnum eru uppsöfnuð mannvistarlög í ljósi þess að hellir er í hólnum en hann gæti verið um metri á hæð. Alveg þétt upp við bæjarhólinn hefur verið byggt nýtt íbúðarhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Land og fólk, 372; Túnakort 1920

RA-365:002 heimild um útihús

63° 53.174N 20° 35.647V

Samkvæmt túnakorti var útihús um 10 m norðvestan við gamla bæinn 001 en þar eru engar minjar lengur. Slétt tún neðan við bæ og ofan við skurð sem skilur heimatúnið frá framræstri mýri sem er notuð sem beitiland fyrir hesta. Ekkert sér til minja.


Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-365:003 *Fjárhúshóll* tóft fjárhús

63° 52.933N 20° 35.743V

„Sunnan við Halann er smámýrarsund, nafnlaust. Þar sunnan við annað tún, og þar er Fjárhúshóll“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti var útihús um 460 m suðsuðvestan við bæjarhól 001 og er þar að finna tóft. Hún er einnig um 570 - 580 m suðvestan við Bólstað eða kvíaból 007, steipt hús byggt 1957. Tóftin er grafin inn í frekar stóran hól sem er í sléttu og grösugu túni. Hleðslur tóftarinnar standa enn og eru mjög fallegar, sjálf tóftin er 13x6m að stærð og er hún „L“ laga sem lýsir sér þannig að innst er ferhyrnt rými sem er 4x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur en að þessu rými liggur 3m breiður og 9m langur gangur úr suðaustri. Aðeins er farið að bera á hrúni úr hleðslum í austurhorni tóftarinnar, er meiri halli á veggnum þar en á öðrum veggjum. Veggir eru um



Fjárhústóft um 460 m SSV við bæ 001

170 cm á hæð og grjóthlaðnir, þeir eru um 10 umför og hefur hvert umfar sinn hleðslumátann, efst hallar grjótið allt til hægri og liggur hver steinninn ofan á þeim næsta. Situr þessi steinaröð á næsta umfari þar fyrir neðan sem er hlaðið steinum sem liggja hver við hliðina á öðrum en umfarið þar fyrir neðan er eins og efsta umfarið nema nú halla steinarnir til vinstri. Þetta minnir því töluvert á það hvernig torfveggur er hlaðinn úr klömbruhnaus.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920, Ö-Sel 2



Fjárhústóft 003 um 460 m SSV við bæ 001, ljósmyndir teknar í norður (til vinstri) og suður (til hægri)

RA-365:004 Fjárhúshóll tóft fjárhús

63° 52.913N 20° 35.729V

„Sunnan við Halann er smámýrarsund, nafnlaust. Þar sunnan við annað tún, og þar er Fjárhúshóll" segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti var útihús um 500 m suðsuðvestan við bæjarhól 001 og er þar að finna tóft, hún er einnig um 600 m suðvestan við Bólstað 007, steyppt hús byggt 1957. Tóftin er í sléttu og grösugu túni. Tóftin er 12x12 m að stærð og er „U" laga það er að segja hefur bara 3 hliðar sem gefur til kynna að gaflinn sem snýr til vestnorðvesturs hafi verið úr timbri. Tóftin er að innanmáli 11x7 m og er ekki skipt í nein hólf. Veggir eru mis þykkir, til dæmis er hluti af suðvestur veggnum um 3 m breiður en gaflinn bara um 1 m. Tóftin er grjóthlaðin en þar sem hleðslurnar eru ekki allar eins má ímynda sér að þær séu misgamlar. Í austurhluta tóftarinnar eru grjóthleðslur úr móbergi eða sandsteini, tilhoggnað og má ætla að það sé elsti hluti tóftarinnar. Þetta eru 5 umför steina og er torf haft á milli. Suðurveggurinn skiptist í tvo hluta, syðsti og innsti hluti hans virðist vera endurhlaðinn, þar er notast við sandsteininn en hleðsluaðferðin er önnur og þar er notast við svipaða aðferð eins og þegar hlaðið er með klömbruhnaus. Ytri hluti þessa veggjar er aftur á móti bara hlaðinn úr torfi og er komið þó nokkuð mikið rof í hann og er hann einnig frekar siginn. Hleðsluhæð veggja er um 130 cm.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920, Ö-Sel 2

Fjárhústóft um 500 m SSV við bæ 001, ljósmynd tekin í SA

RA-365:005 gata leið

63° 53.433N 20° 36.305V

„Slægjum spillir Steinslækur ut supra um Hól segir. Engjavegur ærið blautur," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Engjar eru meðfram læknum og þegar gengið er um þetta svæði eða riðið þá er best að fylgja læknum. Mörg vöð eru á læknum svo hann er auðveldur yfirferðar sér í lagi fyrir reiðmenn en greinileg gata er í landi Sels meðfram læknum. Engjavegur er á bökkum Steinslækjar sem er harður og þurr en engjarnar beggja vegna lækjar eru mjög blautar. Gatan klofnar sumstaðar í 3-4 götur en oft er bara um eina götu að ræða, hún er ógróin í botninn og um 30 cm breið, mjög skýr og um 10 -20 cm djúp. Gatan fylgir svo til alveg bökkum Steinslækjar og ekki er yfir neina skurði að fara í landi Sels.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** JÁM I, 366**RA-365:006** hellir fjárhús

63° 53.177N 20° 35.627V

„Stór hellir við bæjarhús var áður talinn býlinu til bóta," segir í Sunnlenskum byggðum.

„Hellir manngjörður, rjett útnorðurundir bænum." segir í Friðlýsingarskrá. Þessi hellir er eiginlega í bæjarhólnum norðvestanverðum, um 20m norðan við nýtt íbúðarhús sem stendur í jaðri bæjarhólsins 001 og 10 m vestan við hlöðu sem er norðaustan megin við nýja íbúðarhúsið. Hellirinn er við bílaplan alveg heima við íbúðarhús.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR "Í Seli er fornlegur hellir í foksandshól þeim sem bærinn stendur á. Sjást þar víða trjástofnaför í lofti eftir tré sem þarna hafa vaxið er foksandurinn myndaði hólinn. Stofnarnir hafa flestir verið grannir. Hellirinn hefur, að því best er vítað, ævinlega verið notaður fyrir fé en heyið haft utan við. Hann er víður og lágur, rétt um mannhæðar hár þar sem hann er hæstur. Engin axarför sjást. Tveir strompar eru á hellinum. Sandsteinsþykktin í innri strompi er 20 cm en 70 cm í þeim ytri. Brunnur er í hellinum en er nú fallinn saman. Áður fyrr var dælt úr honum upp í gamalt tundurdufl sem stendur við húsið og var það notað sem vatnstankur.



Hellir 006 um 20 m N við bæjarhól 001, horft í SA

Ranghalar tveir, sem hefur verið hlaðið upp í, ganga inn úr hellinum svo að í fullri stærð virðist hann hafa verið alleinkennilegur í laginu. Leifar af steyptri plötu eru við hleðsluna beint á móti inngangi. Hún mun hafa verið notuð sem þurrkallur við baðþró í hellinum. Hellulögn er hér og hvar í gólfi. Vigfús Guðmundsson, síðasti bóndi í Seli, breytti innganginum þegar fjárhús voru byggð framan við hellinn. Af þeim eru nú allmiklar tóftir við hellismunann, 10 x 12 m². Engin þrep eru nú út, en áður voru þau allmörg. Hellirinn er afar fátækur að kroti. Utan við munann fyrir miðju stendur djúpum og greinilegum stofum MG. Heldur innan við miðju á hægri vegg eru nokkur lítil krossmörk. Hellirinn í Seli kemur við sögu í Kambsránsmáli, einu frægasta sakamáli 19. aldar. Árið 1827 var framið rán að Kambi í Flóa. Grímuklaðddir menn brutust inn í bæinn um nótt, ógnuðu heimilisfólkinu og höfðu í brott með sér ýmisa fémuni. Upp komst um ránsmennina fyrir hyggindi þess fræga kvenskörungs Þuríðar fornmanns. Foringi þeirra var Sigurður Gottsvínsson. Þeir voru teknir höndum og hafðir í járnum á Óseyrarnesi. Sigurður strauk úr haldi og kom árla morguns til Gísla Þorkelssonar í Seli og bað hann að leyna sér um daginn. Gísli vísaði honum í hellinn, bar grjót á hellishurðina utanverða og sendi eftir nágrönnum sínum sem handtóku strokumanninn. Sigurður var síðan dæmdur til vistar á Brimarhólmi og átti þaðan aldrei afturkvæmt. Í fjárkláðanum síðari, árið 1858, geymdi Gísli Þorkelsson kvíaær sínar allar nætur í þessum helli, en lét mann fylgja þeim í haga og tókst þannig að verja þær fyrir fjárkláðasmitun." segir í Mannngerðum hellum. Op hellisins er til vestnorðvesturs og er það vel gróið en því hefur verið breytt því einu sinni lágu þangað tröppur. Var opi hellisins breytt til að koma mætti að vélum að honum. Hellirinn er um 8x8 m að stærð og liggur að hluta til undir plani sem er milli nýs íbúðarhúss og hlöðu, liggur vegur að báðum þessum húsum. Tvö göt voru á hellinum en þau hafa verið byrgð og er steinhleðsla með trjáhríslum yfir öðru þeirra. Í hellinum er baðþró fyrir kindur og einnig hleðslur sem voru hlaðnar fyrir ranghala sem gengu inn af hellinum. Hleðslur eru engar framan við hellinn núna og ekki er nein tóft núna framan við inngang hellisins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 372; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Mannngerðir hellar, 117-119

RA-365:007 *Kvíaból* heimild um kvíar

63° 53.185N 20° 35.333V

„Skammt fyrir austan bæinn er flöt, sem nefnist Ból eða Kvíaból. Þar voru kvíar, þar sem ærnar voru mjaltaðar. Vigfús man ekki glögg, hvenær hætt var að færa frá, en telur það hafa verið nálægt 1920, líklega þó aðeins fyrr. Bólið var slétt flöt, jarðvegur þar sendinn og alltaf þurrt," segir í örnefnaskrá. Bólstað, nýbýlinu sem er byggt var út úr Seli 1957, var valinn staður í Kvíabóli, þar sáust þó engar tóftir eða aðrar minjar þegar farið var að byggja. Kvíaból er 240 m austan við bæjarhól 001. Á Kvíabóli stendur íbúðarhús með skrudgarði umhverfis. Ekkert sér til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Sel, 1**RA-365:008** heimild um kálgarð

63° 53.170N 20° 35.616V

„Rétt sunnan við bæinn er Forstandshóll. Sagt var, að gömlu mennirnir hefðu gengið upp á þennan hól til aðgæta, hvort skepnur væru komnar í túnið, því að vel sést yfir af honum. Alveg við hólninn var svolítill kálgarðshola," segir í örnefnaskrá. Þar sem kálgarður var rétt sunnan við bæinn stendur nú nýtt íbúðarhús á Seli en nýja íbúðahúsið var byggt alveg við suðausturjaðarinn á bæjarhólnum 001. Innan skrudgarðs. Kálgarðurinn er alveg horfinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Sel, 1**RA-365:009** *Langabrá* hleðsla brú

63° 53.311N 20° 35.674V

„Frá Norðurtúni að segja má og miðja vega út að Steinslæk var upphlaðin brú, sem nefnd var Löngubrá. Hún var hlaðin upp með kekkjum, líklega gerð fyrir kirkjufólk. Partar af henni sjást enn greinilega," segir í örnefnaskrá. Brúin er í mýri um 260 m norðan við bæjarhól 001, liggur hún í norðvestur eina 130 m. Húsavað 012 er um 340 m beint norðvestur frá þeim stað sem garðlaginu sleppir. Hleðslan eða brúin er í mjög blautri mýri sem liggur milli þess bakka sem bærinn hefur verið reistur á og Steinslækjar. Langabrá er torfhleðsla sem liggur yfir mýri frá suðaustri til norðvesturs, hún er um 130 m löng og um 150 cm breið, nær yfir miðhluta mýrar sem er jafnframt blautasti hluti hennar. Hleðslan er mjög sigin, liggur gata eftir henni endilangri sem klýfur hana og er hún sumstaðar alveg horfin, ber því ekki mikið á henni núna. Hleðsluhæð er vart meiri en 30 cm og víða er hún hlaupin í þúfur en lengst af er hún þó alveg samhangandi.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Sel, 2

Langabrá um 260 m N við bæjarhól 001, horft í SA

RA-365:010 *Sauðholt*svað örnefni vað

63° 52.729N 20° 37.065V

„Þurrir bakkar eru meðfram Steinslæk, og voru þar engjarnar. Slægjustykkinn höfðu öll nöfn. Syðst var Þræthólmi; þar var þræta á landamerkjum. Næsta stykki var Breiðibakki. Skurðir á milli afmörkuðu stykkinn, og milli Breiðabakka og Þræthólma hét Þræthólmaskurður. Næstur Breiðabakka var Stuttibakki. Milli Breiðabakka og Stuttabakka

var Sauðholtsvað á læknum," segir í örnefnaskrá. Sauðholtsvað er um 1,5 km suðvestan við bæjarhól 001 og um 1,1 km vestsuðvestan við fjárhús 004. Lækurinn er lygn en gruggugur því ekki sést til botns, hann er þó ekki djúpur. Vaðið er gott, lækurinn er breiður og bakkarnir liggja aflíðandi niður að honum. Góðar eyrar eru beggja vegna og er vaðið stígvélafært.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sel, 3

RA-365:011 Engjahólavað örnefni vað 63° 53.124N 20° 37.028V

„Engjahólabakki hét á móts við hólana, og þar var Engjahólavað á læknum," segir í örnefnaskrá. Engjahólavað er 1,2 km vestan við bæjarhólinn 001, um 750 m norðar en Sauðhólavað 010 og 1,1 km vestnorðvestan við fjárhús 003. Lækurinn er í sléttu landi og er frekar lygn, hann er gruggugur því ekki sér til botns þó að hann sé ekki djúpur. Stór og góð eyri er sunnan til eða Sels megin en lítið eitt brattara er norðan megin, í landi Syðri-Hamra. Vaðið er stígvélafært.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sel, 3

RA-365:012 Húsavað örnefni vað 63° 53.457N 20° 36.139V

„Þá tók við Breiðanes. Dæla er út frá því og sléttar flesjur, og síðan Þýfðibakki, kargþýfður. Hann nær frá flesjunum í Breiðanesi og upp að Húsavaði á læknum. Það mun vera sama og nefnt var Selsvað á Húsum," segir í örnefnaskrá. Húsavað er um 680-700 m norðvestan við bæjarhól 001 og um 350 m norðvestan við Löngubru 009 og kemur í beinni stefnu af henni þar sem stefna brúarinnar er norðvestur og suðaustur. Vaðið er við góða eyri sem er suðvestanmegin við lækinn, það er að segja Selsmegin, en einnig er ágæt uppkoma norðaustanmegin þó að hún sé brattari. Aðkoman er góð og beggja vegna eru bakkarnir aflíðandi og því þægilegt fyrir hesta, lækurinn er þó þrengri hér en víða annars staðar og er ekki stígvélafært.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sel, 3

RA-365:013 Gamlavað örnefni vað

„Þá tók við Breiðanes. Dæla er út frá því og sléttar flesjur, og síðan Þýfðibakki, kargþýfður. Hann nær frá flesjunum í Breiðanesi og upp að Húsavaði á læknum. Það mun vera sama og nefnt var Selsvað á Húsum. Efsta slægjustykkið var nefnt Gamlavað. Á móts við það stykki var einu sinni vað á læknum, en hann braut þar, svo að mynduðust háir bakkar og ekki var þar lengur fært. Húsavað [012] er stutt sunnar en þetta var." Ekki er vitað nákvæmlega hvar vaðið var er þó hlýtur það að hafa verið skammt norðan við Húsavað 012.

Heimildir: Ö-Sel, 3

RA-365:014 Messurimi gata leið 63° 53.062N 20° 35.335V

„Í austur frá bænum, þegar Selsnesi sleppir, taka við grasflatir, sem nefnast Bót, og efst í henni eru Bótartögl. Bótin var aldrei slegin, en hún er mikið til slétt, sléttist af sandfoki. Nálægt miðri Bótinni, í suðaustur af bænum, er Messurimi. Hann er stutt frá bæ, smárimi í sléttri Bótinni. Þar var gengið um, er farið var til messu í Kálfholti," segir í örnefnaskrá. Messurimi er um 320 m suðaustan við bæjarhólinn 001 og um 230 m beint suður af Bólstað 007 sem er íbúðarhús byggt 1957. Í sléttu túni. Messurimi er lágur rimi sem liggur til norðausturs og suðvesturs, er í sléttum móa og stendur lítið eitt herra. Um hann liggja götur en þær eru grónar í botninn og því ekki mjög greinilegar, þær munu þó vera allt að 5 talsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Sel, 3

RA-365:015 *Gamla-Stekkatún* þúst stekkur 63° 53.300N 20° 35.141V

„Fremst í Bótinni, norðan við Bólið, er smáhóll, sem heitir Gamla-Stekkatún. Vigfús man aðeins eftir tóftabrotum þar," segir í örnefnaskrá. Tóftarbrotið er mjög ógreinilegt og ef túnið hefur tekið nafn af mannvirkinu þá eru þetta mögulega leifar af stekk. Þetta tóftarbrot er 460-470 m norðaustan við bæjarhól 001, um 430 m beint austur af Löngubru 009 og um 270 m norðnorðaustur af Bólstað 007 íbúðarhúsi byggðu 1957. Í jaðri túns. Lítið tóftarbrot sem er nær því að vera bara dæld er við rætur hólss sem er aflangur og snýr suðvestur og norðaustur. Dældin hefur tvo veggir og eitt horn og er hún 5x4 m að stærð og um 50 cm að dýpt, eru veggirnir hæstir í horninu en hverfa út til endanna. Helst lítur út fyrir að grafið hafi verið fyrir stekknunum í hólinn. Ekkert grjótt er við tóftina svo að mögulega hefur allt grjótt verið fjarlæggt úr tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sel, 3



Stekkjartóft um 460 m NA við bæ 001, ljósmynd tekin í NV

RA-365:016 *Jólgeirsstaðir* bæjarstaði bústaður 63° 53.133N 20° 34.566V

Landnámsjörð. „Í suður og útsuður frá þessu býli er eyðipláts, sem heitir Joolgeirstader. Munnmæli eru, að kirkjan hafi hjeðan flutt verið að Odda. Er sögn manna, að í gamallri tíð hafi hjer byggð verið, og eru þar merki til tóftarbrota af grjóti, sem til vottar, líka mannabein og tegund af málmi, er upp kemur úr sandinum nær blástur gengur. Þetta pláts og þar um kríng er sú sandi kafið, að lengd sem svarar vel hálfri bæjarleið. Á kirkjan að Ási þessa Jólgeirsstaði, þeir hafa ekki byggðir verið frá elstu manna tíð, og löngu fyrr, kunna og aldrei aftur að byggjast, því þetta er alt eyðisandur, sem áður sagt er," segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. „Sandfok hefur eytt byggð á Jólgeirsstöðum, ekki seinna en á 15. öld ..." segir í Sunnlenskum byggðum. BJ: „Er rúst Jólgeirsstaða næstum fremst á sandinum, skamt austur frá bænum Seli og spölkorn austur frá Ámundarstöðum, sem standa í hæðarbrúninni." „Austan við Bótina er Jólgeirsstaðahóll, og þar eru Jólgeirsstaðir. Þar voru miklar hleðslur áður, en nálægt seinustu aldamótum voru þær rifnar niður til að nota grjótið úr þeim í brú á Steinslæk. Síðar (1927) var staðurinn friðlýstur. (Árni Óla: Þúsund ára sveitapörp, bls. 13.) Á Jólgeirsstöðum var kirkja til forna. Munnmæli herma, að þegar hún var rifin og flutt, þá hafi verið ákveðið, að hún skyldi endurbyggð þar, sem mennirnir, er fluttu hana, yrðu staddir um sólsetur, og áttu þeir að hafa verið staddir í Odda um það leyti; var þá Oddakirkja reist. (Ó.P.; Vigfús þekkir þessa sögu, en aðrar gerðir hennar eru í bók Árna Óla, Þúsund ára sveitapörp, bls. 18-19.)" segir í örnefnaskrá. Jólgeirsstaðir eru 870 m austan við bæjarhólinn á Seli 001 og um 650 m vestan við Sauðahúsgerði 018. Þeir eru suðaustan við lítinn en frekar háan hól og suðaustan við gatnamótin þar sem vegurinn klofnar til Sels og Ásmundarstaða. 50-60 m norðan við Jólgeirsstaði er svo til ferhyrnt tún, að því liggur vegarslóði sem er gagnstæður heimkeyrslunni að Seli og eru Jólgeirsstaðir suðaustan megin við hann. ÁÓ: "[...] sunnarlega á sandinum er hrúka eða þúst, ekki allmikil. Er þetta einu leifarnar, sem eftir eru af hinum forna jarðvegi, um miðbik sandsins, og hefir þó hrúkan


sett allmjög ofan, frá því er ég man fyrst eftir. Var hún þá stórum víðáttumeiri og hærri. Kollurinn vaxinn vallendis- og töðugresi og vottaði fyrri tóftum og hleðslu. Nú sést ekki lengur töðugresi á þessum stað, og tóftarbrot og hleðslur horfnar með öllu." Gróinn melur en með þunna gróðurhulu og sumstaðar blásinn. „Þykkur moldarbali er undir þeim hluta rústarinnar sem virðist hafa verið frambærinn. Sér þar fyrir undirstöðum hér ov hvar, og sýnist hafa verið 4 hús í röð og snúið stöfnum fram, til suðausturs. Því svo virðist bærinn hafa snúið. Alt er það þó óglögt, því hið bezta af grjótinu hefir verið tekið upp og flutt heim að Seli. ... Litlu austar eru grjótdreifar sem geta verið úr fjós- eða heystæðisrúst eða öðrum peningshúsum." Segir í grein Brynjúlfs Jónssonar sem birtist í árbók Hins íslenska fornleifafélags 1898.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. JÓLGEIRSSTAÐIR Í HOLTUM (R).

C. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7. 1709: Munnmæli eru, að kirkja hafi hjeðan flutt verið að Odda. Er sögn manna, að í gamallri tíð hafi hjer byggð verið, og eru þar merki til tóftabrot af grjóti, sem til vottar, líka mannabein og tegund af málm, er upp kemur úr sandinum nær blástur gengur, JÁM I: 365. „Til er í handriti grein eftir Guðjón Jónsson bónda í Ási um Jólgeirsstaði, skrifuð um 1950. Þar segir: "Þar sem Jólgeirsstaðir stóðu er núna móbergshóll, blásinn að norðan en farin að gróa að sunnan. Hann er suðvestast í Selsandi, um 700 m frá bænum Seli. Þar sjást enn smáleifar af hleðslugrjóti, ösku og beinum. Fram undir síðustu aldamót voru mannabein að blása þar upp. Til þess tíma voru þar húsatóftir og veggjahleðslur úr mjög góðu hleðsluefni, fallegu og kantbeinu blágrýti." Eftir að Ásbændur „léttu þar allt afskiftalaust", þ.e. um 1900, fóru menn að sækja þangað grjót og nú hefur mikið af því verið flutt burt," segir í Sunnlenskum byggðum V. Tóftirnar á Jólgeirsstöðum eru mjög blásnar og mjög óljósar og eru ekki mikið meira en dældir með grónum hryggjum á milli. Nokkuð er af grjóti á víð og dreif sem er þó frekar lítið en er kannski leifar þess grjóts sem var í húsunum, ekkert er þó sjáanlegt af beinum eða öðru sem fyrri skrásetjarar hafa minnst á. Dælaþyrpingin virðist vera á svæði sem er um 56x30 m að stærð og snýr það norðaustur og suðvestur, munu dældirnar vera um 6 talsins og flestar þeirra snúa suðaustur og norðvestur. Vestast er dæld A sem er 17x7 m að stærð og snýr hún suðaustur og norðvestur, út úr henni við norðurendann kemur önnur dæld B sem er um 6x6 m að stærð. Austan við dæld B er dæld C sem er 8x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur en en sunnan við dæld C og austan við dæld A er dæld D sem er 10x7m að stærð og snýr eins og dæld A. Austan við dæld D er síðan dæld E sem er 10x4 að stærð og snýr einnig eins og dæld A. Austan við dæld E og C er stór dæld F sem er jafnstór dæld A. Hún snýr norður suður eins og dæld A en austan við hana er síðasta dældin, dæld g og er hún 7x5 m að stærð og snýr eins og dæld A.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: ÍF I, 367; JÁM I, 365; SB V, 344; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; BJ: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 24-25; ÁÓ: "Jólgeirsstaðir", Árbók 1966, 79.



Eyðibýlið Jólgeirsstaðir um 870 m A við bæjarhól Sels 001, horft í SA á ljósmynd

RA-365:017 Ásar heimild um huldufólksbústað

63° 52.969N 20° 34.112V

„Mosar ná austur að Ásum. Það er ásrani, sem liggur alveg suður að Ásmundarstöðum. Í Ásunum eru klettur, og var þar talin huldufólksbyggð," segir í örnefnaskrá. Þegar horft er til austsuðausturs frá Seli ber fyrir augu lágt fell sem heitir Ásar og eru þar fyrir miðju klettur í fellinu, er álfabyggðin í þeim. Eru klettarnir um 1,3 km ofan og austan við Sel, Ásmundarstaðir eru austar þarna á bakkanum og Sauðahúsgerði 018 eru um 400 m norðaustur. Klettaborg á lágu felli eða bakka sem sést vel til heiman frá Seli.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Sel, 4



Ásar um 1300 m austan við bæjarhól 001, horft í austur

RA-365:018 Sauðahúsgerði tóft+garðlag fjárhús

63° 53.124N 20° 33.780V

„Sunnan við Breiðavík er Sauðahúsgerði í Ásunum. Þar voru sauðahús og ræktaður

túnblettur, sem alltaf var sleginn áður fyrr. Sauðahúsin voru lögð niður líklega um 1940," segir í örnefnaskrá. Undir klettum í felli sem er kallað Ásar er tófarbrot með garðlagi umhverfis, eru þessi tóftarbrot kölluð Sauðahúsgerði. Þau eru um 1,5 km austan við bæjarhól 001, 100m norðaustan við Haugholtsþúfu 019 og um 650 m beint austur af Jólgeirsstöðum 016. Gerðið er í töluverðum bratta, undir klettum í hlíðum lágs fells. Á Sauðahúsagerði er að finna tóftaþyrpingu með túngarði umhverfis, túngarðurinn afmarkar svæði sem er 45x35 m að stærð og innan hans eru tvær tóftir og við túngarðinn eru tvö gerði. Fyrst skal lýsa tóft RA-365:018a, hún er efst upp við klettana og er um 13x7 m að stærð, hún snýr suðvestur og norðaustur og skiptist í þrjú hólf sem snúa öll eins. Sennilega hefur tóftin verið byggð upp að klettunum til að spara byggingarefni þar sem gera má ráð fyrir því að klettarnir hafi myndað suðurgaflinn. Tóftin hefur stór op til suðurs sem gefur til kynna að á henni hafi verið timburgafl. Austasta hólfíð er stærst, 7x3 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, suðvestan við það er 5x3 m stórt hólf og suðvestan við það er þriðja hólfíð sem er 3x4 m stórt. Hleðsluhæð veggja er um 90 cm og breidd þeirra um 1 m, sumstaðar sést í hleðslur og er hægt að telja þar um 5 umför. Eru stórir steinar hafðir neðst en smærri að ofan. Túngarður RA-365:018b er á Sauðahúsgerði sem afmarkar svæði sem er 45x35 m að stærð eins og áður sagði. Ekki er um garð að ræða til suðurs því þar afmarkar klettabeltið túnið. Víða er þó garðurinn farnir að láta á sjá, til dæmis er nyrsti hluti vesturhliðarinnar svo til alveg horfinn og af norðurhliðinni eru bara 10 m greinilegir. Austurhliðin er sennilega best þótt hún sé víða hlaupinn í þúfur og mikið sigin. Hleðsluhæð garðsins er um 70 cm en um 120 cm á breidd. Ekki sést í grjóti í garðinum en ekki kæmi á óvart að það hefði verið notað þar sem nóg er af því í umhverfinu. Þúst eða dæld RA-




Sauðahúsagerði, horft til suðurs yfir svæðið

365:018c er 5 m norðan við tóft 018a og innan túngarðs 018b, hún er 9x4 m að stærð og snýr í norður og suður. Það ber aðeins á litlum veggjahleðslum við báða langveggi sem eru um 20 cm háar og svipað breiðar og eru þær frekar óljósar. Gerði RA-365:018d er við utanverðan túngarðinn að austanverðu um 12 m austan við tóft 018a. Það er 7x5 m að stærð snýr norður og suður og er meira eins og dæld því ytra byrði veggja er mjög óljóst. Ekki er hægt að greina neina hólfaskiptingu í dældinni. Annað gerði eða hugsanlega tóft RA-365:018e er við innanverðan garðinn í norður horninu. Það eða hún, eftir því hvort þetta er greði eða tóft virðist vera um 3x4 m að stærð en bæði norðurveggur og vesturveggur eru frekar ógreinilegir. Sá nyrðri er einfaldlega mjög óljós og mögulega hefur verið op þar. Vesturveggurinn er aftur á móti bara ein stór þúfa sem er frekar óregluleg í laginu og er meiri um sig en aðrir veggir og kannski ekki sjálfgefið að um vegg sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sel, 4



Sauðhúsagerði um 1,5 km A við bæjarhól 001

RA-365:019 *Haugholtsþúfa* álagablettur

63° 53.080N 20° 33.870V

„Rétt sunnar er Haugsholtsþúfa, dálítill hóll eða þúfa, og lítur helzt út fyrir, að hún hafi verið hlaðin upp. Segja munnmæli, að þar sé grafinn fjársjóður, sem ekki megi hreyfa. Einhverju sinni átti að reyna að grafa í Haugsholtsþúfu, en þá stóð bærinn í björtu báli. Það var fyrir minni Vigfúsar, en það sést, að grafið hefur verið í þúfunu," segir í örnefnaskrá. Haugholtsþúfa er um 110 m suðvestan við Sauðahúsgerði 018, um 700 m austan við Jólgeirsstaði 016 og um 1,2 km austan við Bólstað 007, steinhús byggt 1957. Þúfan er á brekkubrún á frekar lágu felli og er umhverfi hennar mosa- og lyng gróið. Haugholtsþúfa er stór þúfa, um metri á hæð og 3-4 m í þvermál. Hún er norðaustan til á Ásum og sést hún vel frá Seli, hún er með hundapúfu í kollinn og er alveg fram á brekkubrún í mólendi. Þúfan er í raun ekki með það slétt yfirborð að ummerki eftir uppgröft séu greinileg.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Sel, 4*Haugholtsþúfa, horft til suðurs***RA-365:020** *Skjólkvíavík* örnefni kvíar

63° 52.990N 20° 34.099V

„Dálítið sunnar en Haugsholtsþúfa er Skjólkvíavík. Það er eiginlega gil og valllendishlíðarbrekkur að því beggja megin. Klettur er beggja megin og skjólgott, sérstaklega sunnan megin. Þar sprettur upp vatn undan Ásunum og er notað í sumarbústað á Mosunum," segir í örnefnaskrá. Skjólkvíavík er 360-370m suðvestan við Sauðahúsgerði 018, 470m suðaustan við Jólgeirsstaði 016 og 1,4 km austan við bæjarhólinn 001. Skjólgott grasivaxið grunnt gil undir klettum og er lítil uppspretta er í því, að undanskildum smá bala hallar landið nokkuð til suðurs. Ekkert sér til minja og hugsanlega er þetta bara náttúrunafn.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Sel, 4**RA-365:021** *Stekkatún* garðlag túngarður

63° 53.310N 20° 35.181V

Garðlag er 280 m norðaustan við Bólstað 007 og 500 m norðvestan við Jólgeirsstaði 016. Þetta garðlag er að hluta utan um tún sem heitir Stekkatún. Garðlag sem liggur umhverfis slétt og slegið tún. Garðurinn er um 360 m langur og liggur frá suðvestri til norðausturs, út úr endum hans koma tveir gaflar eða hliðar mis langar sú syðri er um 80 m löng en sú nyrðri um 200 m, það vantar því alveg norðvestur hliðina. Garðurinn er vel hlaðinn og eru hleðslur enn tiltölulega brattar, hann er grannur efst, um 30 cm en um 150 cm neðst, hleðsluhæðin er um 90 cm. Í syðri og nyrðri hliðunum hefur verið komið fyrir girðingu en ekki í langhliðinni. Ekki varð vart við neitt grjótt í garðlaginu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**RA-365:022** heimild um kálgarð

63° 53.164N 20° 35.621V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður 30 m sunnan við útihús 002 og um 25 -30 m suðvestan við bæinn 001. Tún sem er notað undir hagabeit hrossa. Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1917

RA-365:023 heimild um leið


63° 53.457N 20° 36.139V

Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Ýtarlega lýsir séra Benedikt þremur alfaravegum austan Egilsstaðarferju [RA-375:018], enda allar að hluta til í landi Kálfholts, [...]. Sú þriðja beint heim að Kálfholti, eftir sem vörðurnar og brýrnar vísa á hédan austur að Syðri-Hömrum, austur yfir Steinslæk á Selsvaði [012], fyrir ofan Sel og Ásmundarstaði austur í Árbæjarsókn. Nýlagðar brýr á þessum vegi eru þrjár brýr frá ánni og að Kálfholti, ein þaðan að læknum [Steinslæk] en frá læknum að Seli er illfær mýri og mikið torvelt að endurbæta hana, þar yfir er þó kirkjuvegur prests að Áskirkju [sjá RA-358:044]" [...]. Selvað er um 680-700 m norðvestan við bæjarhól 001 og um 350 m norðvestan við Löngubrá 009 og kemur í beinni stefnu af henni þar sem stefna brúarinnar er norðvestur og suðaustur. Leiðin lá frá Egilsstaðarferju í suðaustur framhjá Kálfholti og Seli að norðan yfir Steinslæk framhjá Jólgeirsstöðum að sunnan og yfir Rauðalæk yfir í Árbæjarsókn. Selvað er við góða eyri sem er suðvestanmegin við lækinn, það er að segja Selsmegin, en einnig er ágæt uppkoma norðaustanmegin þó að hún sé brattari. Aðkoman er góð og beggja vegna eru bakkarnir aflíðandi og því þægilegt fyrir hesta, lækurinn er þó þrengri hér en víða annars staðar og er ekki stígvélafært. Ekkert sést til gata til eða frá vaði.

Heimildir: SB V, 306-307

RA-366 Áshóll

"Bærinn Áshóll stendur á eystri bakka Steinslækjar, niður frá Hárlausstöðum. [...] Þetta er meðalstór jörð, nokkuð að jöfnu mýrlend og þúrlend. Nokkur hluti Selsands er í landi jarðarinnar. [...] Hún er hluti hinnar fornu Ástorfu." SB V, 371. 1709: "Engjum spillir Steinslækur og ber uppá þær grjót og sand nær vatanvextir eru og í ísaleysíngu rífur grasrót af." JÁM I, 365. 1920: Tún 1,5 ha, sléttað 0,5 ha, garðar 1040 m².



Túnakort Áshóls frá árinu 1920

RA-366:001 Áshóll bæjarstæði bústaður 65°53.998N 20°34.513V
Bæjarhóll var um 25 m austan við núverandi steinsteypt íbúðarhús á Áshóli, um 790 m sunnan við Hárlausstaði (RA-370:001) og um 860 m SV við Efri-Hamra (RA-369:001). Þarna er nú aðeins malbikaður vegur sem liggur yfir svæðið þar sem gamli bæjarhóllinn var áður upp að íbúðarhúsi. Sléttuð tún eru SV við götuna neðan við húsið, malarbali fyrir heyrúllur er NA við veginn og malarhlað við íbúðarhúsið NV við hann. Ekkert sést til fornleifa í dag og engar. Árið 1896 hrundi torfbærinn sem stóð á gamla bæjarhólum í jarðskjálfta og var endurbyggður aðeins norðar. Nýr torfbær var svo aftur byggður um 1920, aftur aðeins norðar og er mynd af honum í Þykkaskinnu. Grétar Geirsson og Lára Kristjánsdóttir bjuggu þar í 10 ár áður en nýja íbúðarhúsið var byggt árið 1975 vestan við gamla bæjarhólinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Þykkaskinna

RA-366:002 heimild um fjárhús 63°53.962N 20°34.618V
Á túnakorti frá árinu 1920 er útihús sýnt um 120 m SV við bæjarhól 001. Um 120 m SV við bæjarhól er endi hólins 100 m vestan við nýja íbúðarhúsið. Þar eru engar tóftir í dag en samkvæmt Grétari og Lára, heimildamönnum, voru fjárhús utan í hól fyrir framan kartöflu-garðinn þeirra sem er um 20 m austan við vesturenda hól. Hóllinn er gróinn háu grasi og tré og njólar á víð og dreif um hólinn. Vestan, sunnan og norðvestan við hólinn er tún. Vesturhlíð hólins hallar 10-15° í vestur. Húsin hafa trúlega staðið við rætur hólins um 10 m austan við tún eða í túni fyrir vestan hólinn rétt neðan við rætur hans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-366:003 Markvarða varða landamerki 63°53.020N 20°32.427V
Landamerki: "Markakelda er í suðvesturhorninu við Steinslæk, síðan ræður Steinslækur að Svartagilskjalti. Þaðan er bein lína í Flaghól, síðan bein lína í Markvörðu í Vatnsholtsmýri og úr henni í aðra vörðu [004], þar sem austurhornmark Selsjarðar er. Þaðan bein lína í fyrrnefnda Markakeldu við Steinslæk." Samkvæmt Láru Kristjánsdóttur og Grétari Geirssyni, heimildamönnum, var Markavarða um 2500 m SA við bæjarhól 001 og um 680 m SV við þjóðveg 1. Vatnsholtsmýri er í dag hálfþurrt flatlendi. Girðing er nú á landamerkjum. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Áshóll, 1

RA-366:004 varða landamerki 65°53.080N 20°32.792V
"Markakelda er í suðvesturhorninu við Steinslæk, síðan ræður Steinslækur að Svartagilskjalti. Þaðan er bein lína í Flaghól, síðan bein lína í Markvörðu [003] í Vatnsholtsmýri og úr henni í aðra vörðu, þar sem austurhornmark Selsjarðar er. Þaðan bein lína í fyrrnefnda Markakeldu við Steinslæk." Samkvæmt Láru Kristjánsdóttur og Grétari Geirssyni, heimildamönnum, stóð varða um 2200 m sunnan við bæjarhól 001, um 320 m norðvestan við Markvörðu og um 800 m SV við þjóðveg 1. Á svæðinu er nú 2-3 m breiður skurður á landamerkjum í grasigrónum móa. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Áshóll, 1

RA-366:005 tóftir beitarhús 63°53.869N 20°32.565V
Beitarhústóftir eru um 1600 m ASA við bæjarhól (001) og um 1500 m ASA við tóft 009. Um 20-50 m NV, V og SV við tóftirnar eru torfhláðnir túngarðar (025). Tóftirnar eru í þýfðum mosa- og grasigrónum móa. Landsvæðið er kallað Sléttaland og þaðan sést vel heim að



Fjárhústóftir 005 (til vinstri) og garðlag 025 og tóftir 005 (til hægri) um 1600 m ASA við bæjarhól 001

Áshóli. Tóftirnar eru grasigrónar, hleðslur þeirra eru signar og snúa NNV-SSA. Vestari tóftin er einföld en hin eystri er þreföld og eru um 10 m á milli þeirra. Vestari tóftin er 8 m á lengd og 7 m á breidd. Hún er þýfð að innan og norðurveggur tóftar er mjög rofinn og 0,3-0,4 hár. Suðurveggur tóftar er hinsvegar mjög skýr, 1,2-1,4 m hár og 2 m breiðir. Tóftin er vaxin háu grasi og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Dýpt hólsins er um 0,8-1,4 m og enginn inngangur sjáanlegur. Eystri tóftin er 17 m á lengd og 15 m á breidd. Tóftin er grasigróin,

Þýfð og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tvö hólf tóftarinnar snúa NNV-SSA og eru 7 m á lengd og 3 m á breidd. Þessi hólf voru líklega fjárhús og inngangar inn í þau voru líklega á NNV enda tóftarinnar. Engar undirstöður fyrir garða eru sjáanlegar í hólfunum. Þriðja hólfíð er SSA við þau, snýr NNA-SSV og er 3 m á breidd og 9 m á lengd. Þetta hólf var líklega notað sem hlaða. Veggir tóftarinnar eru 2-3 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð en enginn inngangur er sjáanlegur.

Hættumat: engin hætta



Tóftir 005 um 1600 m ASA við bæjarhól 001 (vestari tóft til vinstri), horft í SSA til vinstri og í NA til hægri

RA-366:006 heimild um fjárskýli

65°54.026N 20°34.537V

"Suðvestan undir þeim hól [nýju íbúðarhúsin] voru tveir hólar, sem nefndust Borgir, en búið er að jafna þá út. Þar beint niður af er Borgarvað [007] á Steinslæk. Ingvaldur kannast ekki við, að Borgir væru hólar, og segir, að þeir hljóti að hafa verið litlir. Hann taldi að Borgarvað drægi nafn af fjárborgum, sem þarna hefðu verið." segir í örnefnalýsingu. Svæðið er um 50 m NV við íbúðarhúsið á Áshóli, samkvæmt korti sem gert var 1988 af Landkostum hf og Ingvaldi Ólafssyni, ekki SV við bæ. Lækjarbakkinn er hér vaxinn háu grasi og njóla. Halli brekkunnar er um 25° í VNV. Ekkert sést til fornleifa í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Áshóll, 1-2

RA-366:007 *Borgarvað* heimild um vað

63°54.027N 20°34.551V

"Suðvestan undir þeim hól [nýju íbúðarhúsin] voru tveir hólar, sem nefndust Borgir [006], en búið er að jafna þá út. Þar beint niður af er Borgarvað á Steinslæk. Ingvaldur kannast ekki við, að Borgir væru hólar, og segir, að þeir hljóti að hafa verið litlir. Hann taldi að Borgarvað drægi nafn af fjárborgum, sem þarna hefðu verið." segir í örnefnalýsingu. Á örnefnakorti frá árinu 1988 sem gert var af Landkostum hf og Ingvaldi Ólafssyni er Borgarvað um 50 m NV undir Áshól og um 100 m NA við Gerði (008). Á þessum stað er lækjarbakkinn um 0,3 m hár og hefur verið raskað með vinnuvélum. Í norður heldur bakki áfram að vera lágur en til suðurs hverfur hann eftir 8-10 m og verður um 3 m hár og hallar 40° til vesturs. Steinslækur er mjög gruggugur svo ekki er hægt að meta hversu djúpur hann er en hann er ekki stígvélafær. Vesturbakki lækjarins er hár og brattur en ekki ógjörningur að komast þar upp. Bakkar eru grasigrónir báðu megin lækjar. Grétar Geirsson, heimildamaður, taldi þó líklegra að vað hefði verið í Leynikverk NNA við bæ. Þar virðist vera auðveldara að komast yfir á sandeyri. Ekkert sést til gatna til eða frá læk.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Áshóll, 1-2

RA-366:008 Gerði heimild um vörslugarð

63°53.986N 20°34.629V

"Fram (þ.e. Suður) af Borgunum, lækjarmegin, var mýrarhorn, sem nú er orðið að túni. Það var kallað Gerði. Ingivaldur man eftir, að vottaði fyrir garði í kringum það." segir í örnefnalýsingu. Gerði var 90-100 m vestan við bæ 001 og um 5 m SA við Steinslæk. Svæðið er nú sléttatún NV við Áshól. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Áshóll, 2**RA-366:009** tóftir hesthús

63°54.016N 20°34.333V

"Næst túninu, fyrir austan bæinn, var mýrarlægð, sem hét Veita, og voru í henni pyttir. Hún hefur nú verið þurrkuð. Við suðausturhornið á henni er nefndur Dagmálahóll. Ingivaldur man ekki eftir þessu nafni og ekki, að dagmál væru miðuð við þennan stað. Þetta getur varla kallast hóll, en stóð aðeins upp úr mýrinni, og tættur voru þarna, sem gátu verið af hesthúsi eða öðru áþekku." segir í örnefnalýsingu. Þrjár tóftir eru um 150-210 m ANA við bæ 001 og um 10-15 m SSV við Steinslæk og kemur staðsetning þeirra heim og saman við lýsingu örnefnaskrár á Dagmálahól. Samkvæmt Grétari Geirssyni og Láru Kristjánsdóttur, heimildamönnum, voru þetta hesthús. Austan, norðan og suðaustan við tóftirnar er þýfður mói en vestan, suðvestan og norðvestan við þær er mjög deig mýri. Tóftirnar þrjár eru á um 60x18 m svæði sem snýr A-V. Vestasta tóftin (A) er tvískipt, um 13 m löng, 6-7 m breið og snýr N-S. Veggir hennar eru mjög grasi- og mosagrónir, 0,2-1,5 m háir og 1,5-3 m breiðir en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Nyrðra hólf tóftarinnar er skýrt og er 5 m á lengd og 4-5 m á breidd að innanmáli en innanmál syðra hólfins er óskýrt. Um 1 m breiður inngangur hefur líklega verið á norðurenda tóftar og 1 m breiðar hlaðnar dyr á milli hólfanna inni í tóftinni. Miðtóftin (C) er um 40 m ASA við tóft A. Tóft C er einföld, um 7 m á lengd og 4 m á breidd að utanmáli, um 4 m á lengd og 2 m á breidd að innanmáli og snýr A-V. Veggir hennar eru grasigrónir, 1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en inngangur hefur trúlega verið á




Tóftir 009 um 150-210 m ANA við bæ 001, tóft A er efst (horft til N), tóft B í miðjunni (horft til V) og tóft C er neðst (horft til NA)

austurhlið tóftar. Þriðja tóftin (B) fjærst bæ er einföld og um 25 m ASA við tóft C. Tóftin er um 7 m á lengd og 6 m á breidd að utanmáli, 3 m á lengd og 2,5 á breidd að innanmáli og snýr N-S. Veggir hennar eru grasigrónir, 1,5-2 m á breidd og 0,4-0,5 á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar en inngangur hefur trúlega verið á norðurhlið tóftar. Þessi tóft er skýrust af öllum þremur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshóll, 2



Hesthústóftir 009 um 150-210 m ANA við bæ 001


RA-366:010 *Mónef* náma mógrafir

63°54.065N 20°33.941V

"Innriveita nær nærri því inn undir Mónef eru líklega u.þ.b. 100 metrar á milli. Mónef er nef út að læknum. Þar var tekinn mór." segir í örnefnalýsingu. Mógrafir eru í Mónefi um 480 m austan við bæ 001, um 307 m ANA við 011 og 0,2-1 m sunnan við Steinslæk. Grafirnar eru sunnan við rofabarð meðfram Steinslæk sem lækurinn er sífellt að brjóta meira og meira niður. Rofabarðið er 2-3 m hátt utan í bakka lækjarins og liggur A-V. Sunnan við grafirnar er sléttað tún. Bakkinn er vaxinn háu grasi. "Mjög djúpt var niður á móinn, líklega tveir metrar, og síðan tóku við margar stungur af mó, líklega einar tíu, þannig að grafirnar urður mjög djúpar. Grá lög voru í mónum, e.t.v. öskulög, og var þetta kallað skessuskítur." segir í örnefnalýsingu. Á svæðinu eru þrjár grafir sjáanlegar. Grafirnar eru ferkantaðar og 2-3 m djúpar. Frá yfirborði bakka eru 0,5-1 m niður á grafirnar líkt og tvö stór svæði hafi verið opnuð en áhuginn svo beinst aðallega að þremur stöðum þar sem farið var dýpra niður. Tvær grafir á eystra svæðinu sem er 12 m á breidd og 16 m á lengd og ein gröf á vestara svæðinu sem er 11 m á lengd og 8 m á breidd. Grafirnar eru 2-4 m á breidd og 3-4 m á lengd. Heildarstærð svæðisins er 12 m á breidd og 36 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Ö-Áshóll, 2-3



Mógryfjur í Mónefi um 480 m austan við bæ 001

RA-366:011 heimild um mógrafir

63°54.005N 20°34.291V

"Mór var líka tekinn fyrir austan bæ, austan við Veitu, en það var í smærri stíl og munu þær grafir horfnar nú." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Grétari Geirssyni og Láru Kristjánsdóttur, heimildamönnum, var svæðið þar sem mórinn var tekinn um 180 m austan við bæ 001 og 20-30 m SV við tóftir 009. Í dag er svæðið víðáttumikill sléttlendur mýrarfláki. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshóll, 3

RA-366:012 Gilvað gata vað

63°54.130N 20°33.784V

"Innan við Mónef [010] er Hvammur. ... Hvammur er inn að Gilvaði á lækum. Gilvað er, þar sem gilið milli Efri-Hamra og Hárlaugsstæða kemur í lækinn." segir í örnefnalýsingu. Gilvað er um 460 m austan við tóftir 009 og um 640 m austan við bæ 001. Svæðið á austurbakka Steinslækjar er um 5 m breitt moldarbarð sem sker lækjarbakka og hallar 10-15° í vestur. Vesturbakki Steinslækjar er aflíðandi malareyri sem hallar 5° í austur. Sitt hvoru megin við vaðið á austurbakka lækjarins er bakkinn meira en 2 m á hæð og grasigróinn. Hrossastóð fara greinilega oft hér yfir. Á vesturbakka Steinslækjar við vaðið er annar lítill lækur sem rennur út í Steinslæk. Lækurinn er hér ekki stígvélafær. Trúlega hefur verið farið yfir á vaðinu á leið frá Efri Hömrum á aðra bæi í nágrenninu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshóll, 3

RA-366:013 gata leið

63°54.131N 20°33.771V

"Innan við Mónef [010] er Hvammur. ... Hvammur er inn að Gilvaði [012] á læknum. Gilvað er, þar sem gilið milli Efri-Hamra og Hárlaugsstæða kemur í lækinn." segir í örnefnalýsingu. Gata er um 460 m austan við tóftir 009 og um 640 m austan við bæ 001. Svæðið á austurbakka Steinslækjar er um 5 m breitt moldarbarð sem sker lækjarbakka og hallar 10-15° í vestur. Annars er austurbakki lækjarins vel grasigróinn. Vesturbakki Steinslækjar er aflíðandi malareyri sem hallar 5° í austur. Sitt hvoru megin við Gilvað á austurbakka lækjarins er bakkinn meira en 2 m á hæð og grasigróinn. Hrossastóð fara greinilega oft hér yfir. Á vesturbakka Steinslækjar við Gilvað er annar lítill lækur sem rennur út í Steinslæk. Lækurinn er hér ekki stígvélafær. Tveir til þrír hestatroðningar sem trúlega lágu upp að Efri Hömrum frá öðrum bæjum í nágrenninu liggja samsíða upp á austurbakka Steinslækjar í SV frá Gilvaði. Þessir troðningar eru grasigrónir, 0,3-0,5 m breiðir og 0,2-0,4 m djúpir hlið við hlið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshóll, 3

RA-366:014 Svartagilsvað heimild um vað

65°53.913N 20°32.156V

"Þar sem Svartagil kemur í Steinslæk, er vað á honum, sem kallað var Svartagilsvað. Farið var um þetta vað milli Áshóls og Sumarliðabæjar [leið 015]." segir í örnefnalýsingu. Vað er um 1900 m ASA við bæ 001, um 343 m ANA við tóftir 005 og 4-5 m vestan við Steinslæk. Mjóir bakkar Svartagilslækjar í Svartagili eru mjög þýfðir, mosa- og grasigrónir og um 0,3-0,5 m háir. Þar sem farið var yfir lækinn er nú sandborinn vegur sem liggur upp að sumarbústað sem stendur SSA við vaðið á vesturbakka Steinslækjar. Svartagilslækur er nú leiddur undir veginn um plaströr. Vestan við vaðið er 4 m hár hóll sem sandvegurinn liggur upp á, í austri er Steinslækur og í suðri og norðri er malarbakki og vegur. Ekkert sést til náttúrulega umhverfisins við vaðið í dag vegna rasks.

Hættumat: engin hætt**Heimildir:** Ö-Áshóll, 4**RA-366:015** gata leið

65°53.873N 20°32.189V

"Þar sem Svartagil kemur í Steinslæk, er vað á honum, sem kallað var Svartagilsvað [014]. Farið var um þetta vað milli Áshóls og Sumarliðabæjar." segir í örnefnalýsingu. Gata liggur N-S meðfram Steinslæk um Svartagilsvað og beygir svo í VSV vestan við sumarbústað sem byggður hefur verið á svæðinu. Gatan er um 1900 m ASA við bæ 001, um 355 m ANA við tóftir 005 og um 3-5 m V við Steinslæk. Gatan liggur meðfram Steinslæk á mosa- og grasigrónum og þýfðum bakkanum og um þýfða móa vestan við sumarbústaðinn. Gatan er einföld hestagata um 0,2-0,6 m djúp og 0,3-0,6 m breið. Gatan kemur úr SV og beygir til norðurs vestan við sumarbústað. Gatan hverfur undir veg að sumarbústaðnum en kemur aftur í ljós norður á Þýfðakrók. Barmar götunnar eru grónir meðan botn hennar er moldarflag sunnan við Svartagilsvað en gatan er öll grasigróin norðan við vaðið.

Hættumat: engin hætt**Heimildir:** Ö-Áshóll, 4**RA-366:016** garðlag landamerki

63°53.892N 20°32.152V

"Sem fyrr segir, eru landamerki Áshóls og Þjóðólfshaga úr Svartagilskjafi í Flaghól. Mörkin liggja um Markalág. Það er mjó, gróin laut, sem liggur upp brekkuna frá Svartagili upp í Ásbrúnnin. Þar var hlaðinn garður." segir í örnefnalýsingu. Garðlag er um 40 m sunnan við Svartagilsvað 014, um 2 m vestan við Steinslæk og 1930 m ASA við bæ 001. Garðlagið er í grasigrónum og þýfðum móa og liggur í suður að þjóðvegi 1 um Markalág. Nútíma landamerkjagirðing liggur ofan á garðinum alla leið. Garðlagið er 0,5-1 m á hæð, 1-1,5 m á breidd og um 1770 m langur. Garðlagið er grasgróið, hlaðið úr torfi og lítur út fyrir að vera mjög gamalt á köflum. Um 6 m frá Steinslæk hefur 5 m partur af garðlaginu verið fjarlægður vegna sumarbústaðavegar. Eftir 12 m í VNV frá Steinslæk beygir garðlagið í SSA og liggur framhjá sumarbústaðnum um 15 m í burtu. Um 240 m frá norðurenda garðlagsins er 6 m skarð vegna malarvegar sem liggur einnig að sumarbústaðnum. Um 300 m frá norðurenda garðlagsins er um 60 m langt skarð vegna malbikaðs vegs og rimlahliðs að



*Landamerkjagarður 016 um
1930 m ASA við bæ 001, horft til
SSA (ofan) og SV (neðan)*

Sumarliðabæ. Á um 310 m bili á þessu svæði sunnan við veg er garðlagið mjög rofið vegna vatnsaga. Um 550 m sunnan við norðurenda garðlagsins er deig mýri alveg að suðurenda garðlagssins um 1100 m sunnan við norðurenda við þjóðveg 1. Garðlagið heldur áfram um 15 m SV við þjóðveginn um 710 m í SV í deigri mýri og þar endar jörð Áshóls.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Áshóll, 5

RA-366:017 heimild um lögn

63°54.113N 20°33.202V

"Innan við Hádegiskeldur eru Kistuhólar við lækinn. Kistuhólar eru þrír, nokkuð langir og mjóir hólar. Bakkin meðfram þeim er kallaður Kistuhólabakki, og við innsta hólinn er Kistuhólahylur. Ingivaldur hefur heyrt, að Kistuhólar hafi dregið nafn af laxakistum. Hann man eftir grjóthrígu á eyri við lækinn, sem talið var, að kisturnar hafi verið festar með." segir í örnefnalýsingu. Kistuhólar eru um 470 m ASA við Gilsvað 012 og um 1000 m austan við bæ 001. Á bakka Steinslækjar NV, N og V við Kistuhóla er þýfður grasigróinn bali. Lækjarbakkin er um 3 m á hæð og 30-50 m frá bakkanum austan og sunnan við hólana er einnig þýfður grasigróinn bali. Austan við hólana er djúpur skurður, grafinn til að þurrka svæðið. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshóll, 3

RA-366:018 Kistudý/Peningadý þjóðsaga

65°53.217N 20°33.287V

"Mörkin milli Áshóls og Sels munu liggja um hann [Kistuklett]. Kistuklettur dregur nafn af dýi, sem er neðan undir honum er neft er Kistudý eða Peningadý. Dýið er töluvert stórt um sig, og kom fyrir að kindur fóru í það." segir í örnefnaskrá. Kistuklettur er um 1770 m SSA við bæ 001, um 200 m SV við skógræktargirðingu sunnan við þjóðveg 1 og um 40 m ANA við landamerkjagirðingu. Á svæðinu er mjög deig mýri NV undir Kistukletti vaxin grófu grasi. Frá Kistukletti sést auðveldlega yfir að Áshóli. "Sú sögn er um Peningadý, að í því sé kista full af gulli. Hún á að vera uppi sjöundu hverja Jónsmessunótt." segir í örnefnaskrá. Ekkert sést til fornleifa en sannarlega væri hægt að sökkva gulli á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshóll, 6

RA-366:019 garðlag landamerki

63°53.425N 20°34.784V

Garðlag er um 1100 m SSV við bæ 001, um 1740 m VNV við austurhornmark Selsjarðar 004 og um 80 m VNV við veg að Ásmundarstöðum. Garðlagið liggur á landamerkjum Áshóls og Sels (RA-365) í sléttuðu túni í órækt. Garðlagið er torfhláðið, 0,8-1,2 m á hæð, 2 m á breidd og 665 m langt. Garðlagið er grasigróið, liggur NV-SA og landamerkjagirðing Sels og Áshóls liggur eftir því endirlöngu. Um 185 m NV við SA enda garðlagsins eru 7 m af garðlagi sem liggja í SV út frá garðlaginu í áttina að Seli og fast SA við beygjuna er 3 m skarð í garðinn vegna umferðar um hlið á girðingunni. Eftir það verður garðurinn mjög ógreinilegur og endar um 480 m NV þegar hann hverfur í skurð. Mikið af þessu garðlagi er horfið vegna landrofs.



Garður um 1100 m SSV við Áshól (001, horft í SA)

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-366:020 heimild um kálgarð

63°53.777N 20°33.775V

"Meðfram Selsandi að norðan eru Jaðrar sem nú eru tún. Fyrst voru þarna kálgarðar; var sett þrisvar niður í hvert stykki, en síðan gert að túni." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Láru Kristjánsdóttur og Grétari Geirssyni, heimildamönnum, var kálgarður í austurenda túns í Jöðrunum um 730 m SA við bæ 001, um 150 m NA við þjóðveg 1 og um 20 m SV við gamla þjóðveginn. Svæðið er nú í sléttuðu túni. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Áshóll, 6

RA-366:021 *Borgarholt* heimild um beitarhús/fjárskýli 63°53.758N 20°34.252V

"Í suður af bænum, sunnan við veginn, er holt, sem heitir Borgarholt. Austan í því eru fjárhús, og telur Ingivaldur, að holtið dragi nafn þar af, þar hafi verið fjárborg." segir í örnefnalýsingu. Borgarholt er um 20 m SV við þjóðveg 1, um 500 m sunnan við bæ 001 og um 30 m VNV við veg að Ásmundarstöðum. Borgarholt er 3-5 m há aflöng hæð sem er aflöng og liggur A-V. Hæðin er gróin háu grasi og rafmagnsstaur er efst á holtinu. Ekkert sést til fornleifa. Tvær hrúgur af grjóti eru á hæðinni sem gætu verið úr rústinni sem var rutt út samkvæmt Láru Kristjánsdóttur og Grétari Geirssyni, heimildarmönnum, þegar rafmagnsstaur var settur upp á hæðinni.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Áshóll, 6

RA-366:022 heimild um kálgarð

63°53.997N 20°34.474V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður 10-20 m austan við bæ 001 sem var um 10 m á lengd og 10 m á breidd. Þetta svæði er í dag um 45 m austan við íbúðarhúsið á Áshóli og um 40 m sunnan við hlöðu. Á þessu svæði er nú sléttaður malarbali fyrir vinnuvélar. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-366:023 Stekkjarnes tóftir+garðlag stekkur

63°53.792N 20°35.156V

"Skammt fyrir norðan Markakeldur er hóll við lækinn, sem heitir Engihóll, svolítill strýta. Honum fylgir bakki, sem heitir Engihólsbakki. Norðan við Engihólsbakka er Stekkjarnes með læknum. Þar vottar fyrir veggjahleðslu." segir í örnefnalýsingu. Tvær einfaldar tóftir eru á Stekkjarnesi um 645 m vestan við bæ 001, um 550 m NA við landamerkjagarð 019 og um 1 m frá bakka Steinslækjar. Tóftirnar og garðlagið standa í þýfðum flatlendum móa á tanga við Steinslæk. Garðlagið afmarkar Stekkjarnes og innan þess eru tvær einfaldar tóftir. Alls er svæðið um 75x45 m stórt. Tóftirnar eru grasigrónar, þýfðar og hvergi sést í grjóthleðslur. Tóftirnar snúa NA-SV og er norðeystri tóftin 16 m frá þeirri suðvestari. Norðeystri tóftin er um 2 m frá bakka



Stekkjatóftir á Stekkjarnesi um 645 m V við bæ 001

Steinslækjar. Hún er 8 m löng og 5 m breið að utanmáli og 2 m breið og 5 m löng að innanmáli. 1 m breiður inngangur er á SV hlið og veggir hennar eru 1-1,5 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð. Suðvestari tóftin er 6 m á lengd og 4 m á breidd að utanmáli og 2 m á breidd og 4 m á lengd að innanmáli. Um 0,5 m breiður inngangur er sjáanlegur á SA hlið tóftar. Garðlagið er grasigróið og torfhlaðið um 72 m á lengd, 0,8-1 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. og girðir það af allt Stekkjanesið þar sem það liggur frá austurbakka til vesturbakka þess. Við norðurenda garðlags er 8 m skarð vegna hrossastíga.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Áshóll, 7



Tóftir (til vinstri) og garðlag (til hægri) 023 á Stekkjarnesi, horft til NA (vinstri) og V (hægri)

RA-366:024 heimild um kálgarð

63°53.987N 20°34.497V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður 10-20 m norðan við bæ 001 sem var um 30 m á lengd og 25 m á breidd. Þetta svæði er í dag um 25 m suðaustan við íbúðarhúsið á Áshóli og um 60 m SSV við hlöðu í sléttuðu túni. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920

RA-366:025 garðlag túngarður

63°53.828N 20°33.860V

Garðlag er um 635 m SA við bæ 001 og um 200 m NA við þjóðveg 1. Garðlagið er í grasi- og mosagrónum mjög þýfðum móa. Garðlagið er torfhlaðið, grasi- og mosagróið en kinda- og hestastígar hafa rofið garðlagið hér og þar. Það liggur í ófullkominn hálfhring og hefur trúlega á einhverjum tímupunkti afmarkað um 1000x200m stórt svæði sem snýr A-V með Steinslæk sem norðurmörk þess. Garðurinn kemur í ljós í þýfðum móa, liggur um 61 m í SA áður en hann beygir í austur og heldur áfram um 528 m. Garðlagið endar um 10 m vestan við túngirðingu þar sem það er skorið í tvennt um 1200 m ASA við bæ 001 en þar hefur það lent undir sléttuðu túni á um 265 m löngum kafla. Um 10 m austan við austurenda túnsins liggur garðlagið áfram um 138 m í austur áður en það beygir í NNA og heldur áfram 180 m í áttina að Svartabakka framhjá tóftum 005. Garðlagið lítur út fyrir að vera frekar gamalt, er alls um 910 m að lengd, um 1-2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta




Garðlag (025) og tóftir 005 um 635 m SA við bæ 001

RA-366:026 tóft óþekkt

63°53.380N 20°33.312V

Tóft er um 1500 m SSA við bæ 001, um 25 m VNV við vesturhorn skógræktargirðingar sunnan við þjóðveg 1 í lítilli laut um 305 m norðan við Kistuklett. Tóftin er í lítilli grasi-, lyngi- og mosagróinni laut í þýfðum móa. Tóftin er einföld (hugsanlega tvöföld), um 5 m löng, 4 m breið og liggur VNV-ASA. Veggir hennar eru um 1 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð. Tóftin er þýfð að innan og norðurveggur hennar fellur inn í umhverfið. Sunnan og vestan við tóftina virðist hafa verið 1 m breitt og 5 m langt gerði sem snýr NNA-SSV. Um 0,5 m breiður inngangur er á vesturhlið hennar. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hugsanlega hefur þessi tóft þjónað tilgangi heystæðis eða jafnvel verið stekkur en engar ritaðar heimildir hafa fundist um tilgang hennar.

Hættumat: engin hætta



Tóft um 1500 m SSA við bæ Áshól (001), horft til NV

RA-366:027 *Jólgeirshaugur* þjóðsaga legstaður 6353.117N 2033.197V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Rangárvallasýslu segir: "Jólgeirsstaðir [RA-365:016] á að gizka 200 faðma austur-landnorður frá Seli [RA-365:001] er gömul eyðijörð blásin í sand, þar bjó Jólgeir landnámsmaður bróðir Ráðorms. Í munnmælum er, að hann hafi þar dáið kerlingardauða og verið heygður austur á ásununum, þar sjást þó lítil merki til. Áður hann dó, á hann hafa borið gullkistu sína í Gullkistudý [018] þar undir ásnum og lagt stóra hellu yfir." Nákvæm staðsetning þessa leiðis er óþekkt en samkvæmt sögunni virðist það hafa verið á svipuðu svæði og Gullkistudý nema uppi á ásunum eða SSA við Kistuklett. Ásarnir ofan og SSA við Gullkistudý eru þýfðir og vel grónir grasi og mosa. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SSR, 209

RA-368 Berustaðir

20 hdr. 1654/1709. Tvíbýli, formleg landskipti 1959. "Jörðin er ekki landmikil, en þurrlendi að nokkru og skjólgóð." SB V, 378.

1840: "Rétt góð hagajörð, en heyskaparlítill." SSR, 205


1920: Tún 7,4 ha, sléttað 5 ha, garðar 1280 m².

Berustaðir, Ásahreppi

Stærð túna: 7,4 ha

Þar af slétt: 5,0 ha

Stærð matjurtagarða: 1280 m²



Túnakort Berustaða frá því um 1920

RA-368:001 Berustaðir bæjarstæði bústaður

63°51.732N 20°32.541V

Á Berustöðum stóð áður timburhús sem byggt var árið 1907 um 15-30 m suðvestan við núverandi útihús og súrheysturn sem standa norðaustast á 3-4 m háum náttúrulegum rima sem snýr norðaustur-suðvestur, um 95 m suðsuðvestan við Berustaði I og fast suðaustan við smátt timburhús sem var áður eldhús gamla bæjarins. Bærinn var timburhús sem byggt var árið 1907. Á svæðinu þar sem húsið stóð er nú trjálundur og garður ásamt litlu timburhúsi sem áður var viðbyggt eldhús gamla bæjarins. Svæðið þar sem bærinn stóð er um 35 m á breidd og 60 m á




Bæjarhóll Berustaða, horft til SV

lengd. Suðaustan við svæðið fast við brekkurætur eru sléttuð tún. Norðvestan við svæðið er 3 m breið malbikuð heimreið og norðvestan við hana er bali þar sem heyrúllur og heyvinnutæki eru geymd. Norðvestan og suðaustan við svæðið eru steipt úthús. Enginn greinilegur bæjarhóll er sjáanlegur og ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1920



RA-368:002 heimild um útihús

63°51.723N 20°32.588V

Á túnakorti frá árinu 1920 er útihús um 20 m suðvestan við 001. Þetta svæði er um 130 m suðvestan við Berustaði I og um 10 m VSV við Litlahelli 008. Í dag eru þarna hlaða og gripahús á malbikuðu hlaði. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-368:003 heimild um hesthús

63°51.713N 20°32.601V

Í örnefnalýsingu segir svo: "Framhesthúsið og Norðurhesthúsið voru heima á hlaði." Á túnakorti frá árinu 1920 eru tvö útihús 30-40 m suðvestan við bæ sem standa saman sem hugsanlega gætu verið þessi tvö hesthús (003 og 004). Þetta svæði er nú um 65 m VSV við 001 og um 150 m suðvestan við Berustaði I. Hér eru nú gripahús klædd bárujárnir. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Berustaðir, 2

RA-368:004 heimild um hesthús

63°51.713N 20°32.601V

Í örnefnalýsingu segir svo: "Framhesthúsið og Norðurhesthúsið voru heima á hlaði." Á túnakorti frá árinu 1920 eru tvö útihús 30-40 m suðvestan við bæ sem standa saman sem hugsanlega gætu verið þessi tvö hesthús (003 og 004). Þetta svæði er nú um 65 m VSV við 001 og um 150 m suðvestan við Berustaði I. Hér eru nú gripahús klædd bárujárnir. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Berustaðir, 2

RA-368:005 heimild um hesthús

63°51.794N 20°32.552V

Á túnakorti frá árinu 1920 er útihús um 90 m norðan við bæ. Samkvæmt Trausta Runólfssyni stóðu hesthús og hlaða á hæð í sléttuðu túni um 120 m norðan við 001 og 50 m norðnorðvestan við Berustaði I og kemur sú frásögn ágætlega heim og saman við túnakortið..

Þetta svæði er nú í sléttuðu túni uppi á háum hól. Ekkert sést til fornleifa í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-368:006 heimild um útihús

63°51.780N 20°32.497V

Á túnakorti frá árinu 1920 er útihús um 55 m norðaustan við 001. Rétt 007 er enn uppistandandi og á túnakortinu er hún um 10 m frá útihúsi 006. Trausti Runólfsson, heimildamaður kannaðist ekki við að útihús hafi verið á þessu svæði. Líklegt er að þessi útihús hafi verið um 105 m norðaustan við bæ (001) frekar en 55 m eins og sýnt er á túnakortinu ef miðað er við núverandi staðsetningu réttar 007. Hér eru núna Berustaðir I 30-40 m norðan (ofan) við heimreið. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920


RA-368:007 mannvirki rétt

63°51.791N 20°32.479V

Í örnefnaskrá segir svo: "Skammt austan við gamla bæinn er hæð, sem heitir Kinn eða Akurkinn (RA-368:019). Þar var byggt íbúðarhús - timburhús - 1980 fyrir Berustaði I. Norðast á Kinn er gömul fjárrétt, hlaðin úr blágrýti." Á túnakorti frá árinu 1920 er rétt hluti af túngarði utan um heimatún um 125 m NA við bæ (001). Þessi rétt er enn um 20 m suðaustan við Berustaði I, um 120 m norðaustan við 001 og um 20 m VSV við bæjarlæk. Réttin er í grasigrónum móa og fast norðaustan við hana er brekka sem er vaxin háu grasi og hallar 15-20° í norðaustur niður að bæjarlæknum. Réttin er um 11 m á breidd og um 20 m á lengd og er hún hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir hennar eru 0,5-1,6 m á hæð og eru 0,8-2,5 m á breidd. Inngangur hennar er um 2 m á breidd á norðvestur hlið. Suðaustur- og norðvesturhliðar réttar er hluti af túngarði 016.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Berustaðir, 1; Túnakort frá 1920



Rétt (007) um 120 m NA við bæjarhól (001), horft til SV

RA-368:008 *Litlihelli*r hellir hrútakofi

63°51.726N 20°32.579V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Hellar fjórir eru í túninu, sem brúkaðir eru fyrir fje, lömb, hesta og eldivið." Í Friðlýsingarskrá segir svo: "Hellar tveir manngjörvir fyrir vestan bæinn." Í örnefnalýsingu segir svo: "Litli hellirinn er rétt vestan við gamla bæinn. Þar voru hrútarnir geymdir að vetrarlagi, áður en hrútakofinn var byggður, en þegar kartöflurækt óx, var hann notaður fyrir kartöflugeymslu." Litlihelli er um 30 m ANA við bæjarhól 001 og um 110 m NA við Berustaðahelli 004. Hleðslurnar sem loka hellisopinun standa á malarbala í hlaði Berustaða III.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Manngerðum hellum segir svo: "Á Berustöðum eru nú tveir hellar uppi standandi. Annar þeirra, Berustaðahelli [011], er tvídyraði hellirinn sem sóknarlýsingin getur um, hinn nefist Litlihelli [008]. [...] Litlihelli. Meðal þeirra húsa sem standa á hlaðinu á Berustöðum er verkfærageymsla og við hliðina á henni lýkur sérkennilegur grasi vaxinn hóll um Litlahelli. Þegar

verkfærageymslan var byggð 1953 var henni valinn staður svo að hún mæti tengjast hellinum. Um leið voru rifnir þrír kofar sem þarna voru; útielldhús, skemma og hesthús. Inngangurinn í Litlahelli var úr hesthúsinu. Nú er þannig um hnúta búið að í gólfinu við vestari langvegg verkfærageymslunnar er hleri og undir honum klefi sem er um 1,1 m á dýpt með hlöðnum veggjum. Þaðan er gengið inn í hellinn um dyr sem eru um 1,2 m á hæð. Um 13 cm eru frá botni klefans og niður á hellisgólfið. Gafl



Litlihelli um 30 m ANA við bæjarhól (001), horft í NNW

hellisins, sá sem snýr að verkfærageymslunni er steypdur, enda hluti af vegg verkfærageymslunnar. Á hinum gafl hellisins er fornlegt letur sem illmögulegt er að ráða og tveir krossar, báðir litlir, 11x10 og 8x11 cm. Hellishvelfingin er regluleg að lögun en hefur einhvern tíma verið stækkuð til hægri. Á lofti eru tvö göt, annað fyrir því sem næst miðjum helli, um 30 cm vítt. Þar er sandsteinninn 55 cm á þykkt. Hitt um 0,5 m frá gafl og nokkru stærra, um 50 cm vítt, en þar er sandsteinninn mjög þunnur. Hellirinn er notaður sem kartöflugeymsla og er hin ákjósanlegasti til þeirra hluta. Áður var hann hafður fyrir hrúta. Á miðju gólfi er ræsi sem tók við vatni sem leitaxði inn í hann í vætutíð." Í dag er helli lokað með hlera og smáu fordyri úr timbri og bárujárni. Hleðslurnar yfir opinu eru 1,8-2 m háar, grasigrónar og byggðar úr torfi og grjóti. Hleðslurnar ná yfir um 10x8 fermetra svæði og mynda óreglulega hringlaga hól með flatan topp. Inngangur hans snýr í suður. Ennþá notaður sem kartöflugeymsla.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM I, 356; ÁG, Friðlýsingarsk., 70; Manngerðir hellar, 120-124; Ö-Berustaðir, 2

RA-368:009 heimild um útihús

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Hellrar fjórir eru í túninu, sem brúkaðir eru fyrir fje, lömb, hesta og eldivið." Einu hellarnir sem nú eru þekktir í landi Berustaða eru Litlihelli (008) og Berustaðahelli (011). Í Manngerðum hellum segir svo: "Varðandi aðra hella á Berustöðum segir Trausti Runólfsson, fyrrum bóndi þar, að þegar hann gróf fyrir fjósi og hlöðubyggingu árið 1957 hafi margt bent til að þar hafi verið hellir fyrrum." Staðsetning þessa hellis er óþekkt í dag. Hellarnir sem Jarðabókin minnst á eru mjög líklega sömu hellar og minnst er á í Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu frá 1839-1873 en þar segir: "Annar hellirinn [009] er þar aflagður vegna vatnsuppgangs og svo eru signar saman á

honum dyrnar. Þriðji [010] hefur líka verið þar, allur niður fallin, sem sagt er að hafi verið fjós fornmanna, máski fyrir 20 naut og hvör bás höggvinn í bergið út af fyrir sig." Í dag er staðsetning þeirra óþekkt.

Heimildir: JÁM I, 356; Manngerðir hellar, 121; Sýslu- og sóknalýsingar Rangárvallasýslu, 199-200

RA-368:010 heimild um fjós

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Hellar fjórir eru í túninu, sem brúkaðir eru fyrir fje, lömb, hesta og eldivið." Einu hellarnir sem nú eru þekktir í landi Berustaða eru Litlihelli (008) og Berustaðahelli (011). Í Manngerðum hellum segir svo: "Varðandi aðra hella á Berustöðum segir Trausti Runólfsson, fyrrum bóndi þar, að þegar hann gróf fyrir fjósi og hlöðubyggingu árið 1957 hafi margt bent til að þar hafi verið hellir fyrrum." Staðsetning þessa hellis er óþekkt í dag. Hellarnir sem Jarðabókin minnst á eru mjög líklega sömu hellar og minnst er á í Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu frá 1839-1873 en þar segir: "Annar hellirinn [009] er þar aflagður vegna vatnsuppgangs og svo eru signar saman á honum dyrnar. Þriðji [010] hefur líka verið þar, allur niður fallin, sem sagt er að hafi verið fjós fornmanna, máski fyrir 20 naut og hvör bás höggvinn í bergið út af fyrir sig." Í dag er staðsetning þeirra óþekkt.

Heimildir: JÁM I, 356; Manngerðir hellar, 121; Sýslu- og sóknalýsingar Rangárvallasýslu, 199-200

RA-368:011 Berustaðarhelli hellir fjárhús

63°51.701N 20°32.655V

"Hellar fjórir eru í túninu, sem brúkaðir eru fyrri fje, lömb, hesta og eldivið." segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í Friðlýsingaskrá segir: "Hellar tveir manngjörvir fyrir vestan bæinn." Í örnefnaskrá segir "Vestan við gamla bæinn eru Hólar. Þar er stór hellir, sem er fjárhús og rúmar um 100 kindur. Þar eru tvær heyllöður, sín frá hvorum bæ, sem hafa verið kallaðar Hólahlöður." Berustaðarhelli er um 20 m norðaustan og austan við Berustaði III og um 100 m vestan við 001. Milli fjóss og Berustaða III er aflangur, grasivaxinn 2-5 m hár hól sem liggur austur-vestur. Í þessum hól eru hellarnir en utan í hólnum norðaustanverðum er nú hesthús um 20 m norðaustan við norður inngang í hellanna.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu frá 1838-1873 segir: "Einn hellirinn er á Berustöðum, tvídyraður, skiptur í þrjú rúm með torfhleðslu, víða hvar fjórar al. á hæð, tekur víst 200 fjár. Í honum er móberg orðið grátt af elli, en glyttir í það víða, þegar í það er skafið. Helli þessi er merkilegur að því, að í honum víða hvar sjást yngri og eldri (já, mikið gamlar) ristur og rósir, sumt af því eru líkl. rúnir, en sumt kannske ómerkilegar rispúr, fyrri utan ártöl og fanganöfn ýmsra manna frá næstliðinni öld. Annar hellirinn [009] er þar aflagður vegna vatnsuppgangs og svo eru signar saman á honum dyrnar. Þriðji [010] hefur líka verið þar, allur niður fallin, sem sagt er, að hafi verið fjós fornmanna, máske fyrir 20 naut og hvör bás höggvinn í bergið út af fyrir sig." Í Manngerðum hellum segir: "Á Berustöðum eru nú tveir hellar uppi standandi. Annar þeirra, Berustaðahelli, er tvídyraði hellirinn sem sóknarlýsingin getur um, hinn nefist Litlihelli [368:008]. Varðandi aðra hella á Berustöðum segir Trausti Runólfsson, fyrrum



Yfirbyggingar yfir Berustaðahelli, horft í NA

Þriðji [010] hefur líka verið þar, allur niður fallin, sem sagt er, að hafi verið fjós fornmanna, máske fyrir 20 naut og hvör bás höggvinn í bergið út af fyrir sig." Í Manngerðum hellum segir: "Á Berustöðum eru nú tveir hellar uppi standandi. Annar þeirra, Berustaðahelli, er tvídyraði hellirinn sem sóknarlýsingin getur um, hinn nefist Litlihelli [368:008]. Varðandi aðra hella á Berustöðum segir Trausti Runólfsson, fyrrum

bóndi þar, að þegar hann gróf fyrir fjósi og hlöðubyggingu árið 1957 hafi margt bent til að þar hafi verið hellir fyrrum. Berustaðahellir. Berustaðahellir er með stærstu hellum. Hann er í bæjarhólnum milli fjóss og íbúðarhúss á Berustöðum II og hefur um langan aldur verið notaður sem fjárhús og svo er enn. Á Berustöðum er tvíbýli en hellirinn fylgir Berustöðum II og er í eign ábúenda þar. Hann er tvískiptur í Austur- og Vesturhelli. Berustaðabændur nota hann báðir og hafa þar gemlinga. Egill Sigurðarson nýtir Vesturhelli en Stefán Runólfsson Austurhelli. Sín hvor hlaðan fylgir hellishlutunum og eru þær byggðar við hellinn hvor fyrir sínum enda. Bæjarhóllinn á berustöðum er úr foksandi og er lagskipting hans bogasveigð eins og hóllinn sjálfur. Dálítið er um för í sandsteininum eftir tré sem sandurinn hefur kaffært þegar hóllinn var að myndast og má sums staðar reka tommustokk meira en metra inn í þau. Hellirinn er allur fornlegur og steinninn í lofti hans er með hvítri húð. Mjög lítið ber á meitlörum í Vestruhellinum. Hann er tiltölulega beinn, 20 m langur með forskálanum, og jafnvíður að framan til, 3-4 m, en víkkar innst, þar sem strompurinn er. Strompurinn er 1,4 m á vídd. Sandsteinsþykktin í honum er 0,8-0,9 m en ofan á honum er 1,5 m torfhleðsla og bárujárnslok yfir. Þakið er hvelft og reglulegt en veggir nokkuð útgrafnir. Trégarði gengur eftir miðjum helli. Undir strompinum er garinn hlaðinn á kafla. Þar er brunnur, hlaðinn efst, um 2 m djúpur. Góður forskáli er fyrir hellinum, með nýlegu bárujárnsþaki. Runólfur Þorsteinsson bóndi á Berustöðum hlóð hann um 1960. Forskálinn er eitt af hans síðustu verkum. Handbragðið er listilegt og ber vott um forn og þjóðlega verkunnáttu. Breið steinþrep þrjú eru niður í hellinn. Norður úr honum innst gnengur hlaðan sem byggð var 1939. Grunnur hennar er grafinn í sandsteininn, 0,3-1,7 m djúpur. Þar ofan á er hleðsla 1,3-2,3 m há. Efst er steinsteypuveggur um 1,5 m hár og bárujárnsþak á. hestuhús og geymsla eru byggð við þann hlöðuendann sem frá hellinum snýr. Í Austurhellinum ber mikið á meitlörum nema þar sem stykki hafa fallið úr lofti. Þar er loftið slétt og bogahvelft samsíða lagskiptingu sandsteinsins. Miðhluti þessa hellisparts er notaður fyrir fé, en hliðar hans beggja vegna eru geymslur undir jarðávexti og alls kyns dót. Strompur er nálægt miðjuum helli, 0,75x1,3 m, sandsteinsþykkt 0,4-0,9 m og 1,5 m torfhleðsla ofan á. Brunnur er í gólfi, steypdur efst, 2 m djúpur. Hlaða gengur suður úr hellinum. Hún var fyrst byggð um 1920. Grunnur hellis er að hluta til grafinn í sandsteininn. Annars eru veggir hellis hlaðnir, 3-3,5 m háir, og bárujárnsþak yfir. Norður úr hellinum inn af forskálanum hefur veið fyllt upp í gjögur inn undir vegginn. Forskálinn sjálfur gengur suður úr hellinum austan við hlöðuna. Hann er hrörlegur nokkuð með gömlu lagi og hellum undir bárujárnsþakinu. Engin þrep eru í honum en halandi gangur inn í hellinn. Áður en mýrlendið fyrir norðvestan Berustaði var ræst fram var grunnvatnsstaða það há að gera varð ræsi í hellisgólfið meðfram vegg Austurhellis og fram af brekkubrún út af austurforskála til varnar bleytu." Lýsingin hér að ofan er mjög skilmerkileg og lítið við hana að bæta. Gengið er inn í hellana að sunnan og norðan verðu. Hellirinn er þrískiptur með 2 hólfi í sunnanverðum hólnum og 1 hólfi í honum norðanverðum. Hlaðnir voru torf og grjóttveggir yfir hellaopin en hellarnir sjálfir höggðir í bergið í hólnum. Einnig voru þakgrindur úr tré og bárujárni notuð til að loka fyrir hellaopin. Svæðið þar sem hellarnir eru er um 25x30 m að flatmáli. Hóllinn er þó um 30x60 m að flatarmáli og er Berustaðahellir í hólnum vestanverðum. Hugsanlegt er að fleiri hellar hafi verið í austanverðum hólnum en þó kannast heimildarmaður ekki við það. Ekki er lengur hægt að fara inn í hellana vegna hættu á hruni eftir jarðsjálfstana árið 2000 en eru þeir þó ennþá undir þaki í dag.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1920; JÁM I, 356; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Sýslu- og sóknalýsingar Rangárvallasýslu, 199-200; Manngerðir hellar, 120-124; Ö-Berustaðir, 2

RA-368:012 garðlag kálgarður

63°51.727N 20°32.554V

Á túnakorti frá því um 1920 voru kálgarðar (012 og 013) um 20 m sunnan, suðaustan og austan við bæ 001 og um 120 m suðvestan við Berustaði I. Utan um kálgarðana voru torfhlaðnir garðar og samkvæmt Trausta Runólfssyni sést ennþá í leifar garðlags 20 m suðvestan við 001 sem umkringdi kálgarð 012. Norðan við garðlagið er malbikað hlað, fyrir sunnan sléttuð tún, fyrir austan er trjálundur og fyrir vestan er fjós. Utan um kálgarða sunnan við bæinn voru torfhlaðnir garðar. Smá brot af garði sem umkringdi kálgarðinn er ennþá milli fjóss og trjálundar suðvestan við litla timburhúsið á bæjarstæðinu. Garðbrotið er 1,5-1,6 m hátt, er um 23 m á lengd og er torfhlaðið. Suðurhlið garðsins er aðeins sjáanleg og ekkert sést til kálgarðsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-368:013** heimild um kálgarð


63°51.741N 20°32.494V

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 voru kálgarðar um 45 m austan við 001 og um 72 m SSV við 006. Þetta svæði er nú í sléttuðu túni og undir malbikuðu plani. Ekkert sést til fornleifa. Garðlög voru í kringum kálgarðinn en búið er að slétta þau öll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-368:014** *Flaghólshringur* gerði rétt

63°53.217N 20°32.051V

"Flaghóll er rétt sunnan við þjóðveginn. Þar voru tvær eða þrjár smáhólstrýtur, en menn muni ekki vissir um, hver þeirra var Flaghóll, en lítið sést fyrir hólnum nú. E.t.v. var það miðhóllinn, en við hann var hlaðinn svonefndur Flaghólshringur, þar sem fé var geymt nóttina áður en það var rekið á fjall." segir í örnefnalýsingu Áshóls. "Þar fyrir norðan er Flaghólsmýri, sem nær upp að þjóðvegi. Í norðurhorni hennar er Flaghóll. Þar var fjárrétt." segir í örnefnalýsingu Berustaða. Flaghólshringur er um 20 m suðaustan við landamerkjagirðingu Áshóls og Berustaða og um 2800 m NNA við Berustaði. Suðaustan við hringinn er stórt rofabarð vegna hrossabeitar, annars er þýfður mói, mosa og grasigróinn, allt í kring. "Réttin var hlaðin úr kekkjum, og óvist að hún sjáist enn." segir í örnefnalýsingu. Lítið er eftir af hólunum sem nefndir eru í örnefnalýsingum vegna landrofs. Suðvestan við hólana sem eftir standa er hugsanlega hringlaga hleðsla. Hringurinn er grasigróinn og hliðar hans standa 0,6-1,2 hátt með dæld í miðjunni. Hliðar hans eru rofnar vegna hrossbeitar. Rádís hingsins er 15-16 m.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Flaghólshringur um 2800 m NNA við Berustaði, horft til SA á ljósmynd

Heimildir: Ö-Áshóll, 5, Ö-Berustaðir, 2

RA-368:015 *Vondibotn* náma mógrafir 63°52.309N 20°31.362V
"Kannske hafa þar [í Folaldspytt] verið gamlar mógrafir, en aðalmógrafirnar voru við Vondabotn og vestan við Bæjargilsbotn [036]." segir í örnefnalýsingu. Staðsetning Vondabotns er um 1440 m norðaustan við Berustaði og um 550 m norðvestan og vestan við Meiritungu. Á þessu svæði er nú sléttað tún í órækt. Ekkert sést til fornleifa þar sem búið er að slétta svæðið og fylla upp í grafirnar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Berustaðir, 4

RA-368:016 garðlag túngarður 63°50.408N 20°34.699V
Á túnakorti frá 1920 eru útlínur túna umhverfis Berustaði sýnd. Um 333 m norðvestan við Berustaði er norðvesturendi túngarðs og um 517 m ASA við 001 er suðausturendi túngarðs. Þessi garður liggur meðfram útjaðri heimatúns um 120 m NV við Berustaði og fylgir útlínunum túna á túnakorti nákvæmlega þar sem í hann sést ennþá. Um 820 m garðs liggja með útjaðri túns í þýfðum móa grónum háu grasi, um 195 m um hrossahaga og framhjá íbúðarhúsi á Berustöðum I. Garðurinn er byggður úr torfi, 1-3 m breiður og 0,4-1,4 m á hæð. Girðing er á garðinum alla 1015 m hans. Mikill hluti garðs er horfinn í tún og undir kartöflugarða en garðurinn virðist þó vera frekar unglegur og hefur honum trúlega verið haldið við eitthvað fram á 20. öld. Túngarðurinn liggur út frá rétt 007 í NA og NV. Út frá réttinni í NA liggur garður um 164 m og er þessi hluti hans mjög rofinn vegna hrossabeitar. Út úr þessum hluta garðlagsins liggur um 85 m langur garðlagsstubbur í SA niður bratta garsigróna brekku. Eftir 164 m í NA frá rétt 007 beygir garður í ASA og liggur ASA-VNV í um 115 m. Við þessa beygju er um 4 m skarð í garð vegna vegaslóða. Um 100 m ASA við hornið sker lækur garð. Um 20 m ASA við lækinn beygir garður ögn í suðaustur og liggur suðaustur-norðvestur í 158 m. Þá beygir garður ögn í SSA og liggur SSA-NNV í um 218 m. Þar beygir garður í suðvestur og liggur suðvestur-norðaustur um 83 m. Garður endar við rimlahlið í heimkeyrslu upp að bæjarhól frá Ásvegi. Hluti garðs liggur svo norðvestur-suðaustur út frá rétt 007. Um 180 m NV við réttina er 5 m skarð í garð vegna vegslóða inn á tún. Um 10 m í norðvestur er skurður sem sker garð. Garður endar við annan skurð um 278 m NV við réttina.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-368:017 gata leið 63°51.797N 20°32.503V
Á túnakorti frá 1920 liggur vegur frá Berustöðum 001 í norðaustur um 100 m milli útihúsa 005 og 006 áður en komið er út fyrir túngarð 016. Á þessu svæði er nú malarvegur frá malbikuðu plani við fjós í norðaustur frá Berustöðum III, í um 100 m framhjá Berustöðum I að norðanverðu út fyrir túngarð og meðfram túngarði 016 í norðvestur upp að hesthúsi norðan við bæ. Gatan er nú horfin undir malbik og malarveg. Hliðið í túngarðinum er ennþá til staðar um 20 m norðvestan við rétt 007.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-368:018 heimild um landamerki

63°53.316N 20°31.915V

"Landamerki jarðarinnar [Berustaða] miðast í suðri við Miðmundahól, sem er skammt vestan við Presthóla, sem eru í Arnkötlustaðalandi. Þaðan er bein stefna í Einstökusnös, og þaðan bein stefna í vörðu, sem var hlaðin norðan við Flaghól," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Trausta Runólfssyni á Berustöðum og Grétari Geirssyni á Áshóli var varða um 2480 m suðaustan við Áshól (RA-366) og um 3000 m norðan til NNA við Berustaði (RA-368) á svæði sem nú er undir Þjóðvegi 1 á gatnamótum að Ásamýri og Þjóðólshaga. Um þennan stað liggur nú malbikaður Þjóðvegur 1 milli Hellu og Selfoss. Búið er að fjarlægja vörðuna vegna vegagerðar. Landamerkjagirðingar jarðanna liggja nú ekki lengur um staðinn sem varðan er á heldur suðvestan og norðaustan við Þjóðveg 1.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar**Heimildir:** Ö-Berustaðir, 1**RA-368:019** Akurinn örnefni akur

63°51.771N 20°32.430V

"Skammt austan við gamla bæinn er hæð, sem heitir Kinn eða Akurinn. Þar var byggt íbúðarhús - timburhús - 1980 fyrir Berustaði I. Norðast á Kinn er gömul fjárrétt, hlaðin úr blágrýti" (RA-368:007) segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Trausta Runólfssyni, heimildamanni, var svæðið 5-10 m suðaustan við íbúðarhúsið á Berustöðum I/útihús 006 og um 100 m austan við 001. Þetta svæði er nú í sléttuðu túni, malbikaðri heimreið og Berustöðum I. Samkvæmt Trausta lá svæðið aðeins niður fyrir núverandi heimreið Berustaða og í norðvestur upp að Berustöðum I/útihúsi 006. Engin ummerki um akuryrkju sjást á þessu 100x90 m stóra svæði en samkvæmt Trausta var ræktað korn þar í kringum 1920.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Berustaðir, 1**RA-368:020** Vörðuholt heimild um landamerki

63°51.275N 20°32.754V

"Þar vestan við [mýrina Hallanda og Fagralæk] eru Smárimar og síðan Vörðuholt. Þar var hlaðin varða úr tiltæku grjóti. Norður af því, og norðan Ásvegar, er Flatholt." segir í örnefnaskrá. Vörðuholt er um 100 m sunnan Ásvegar, um 865 m SSV við Berustaði 001. Holtið er í afgirtu sumarbústaðalandi. SSA í holtinu er sumarhús. Ekkert sést til fornleifa. Stór hundapúfa er í kolli holtsins sem er frekar lágt en áberandi og hefur það frekar brattar hlíðar. Samkvæmt Trausta Runólfssyni stóð varða á holtinu en hann vissi ekki hvort eitthvað væri eftir af henni.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Berustaðir, 5**RA-368:021** Nátthagi heimild um varnargarð

63°51.617N 20°32.408V

"Ofan við rimann [Kálgarðsrima] var afgirtur mýrarblettur, sem hét Nátthagi. Þar var fé geymt um nætur. Hann hefur verið ræstur og ræktaður, og túnin þar milli skurða eru nefnd Efri-, Neðri- og Vestri-Nátthagi." segir í örnefnalýsingu. Þetta svæði er um 240 m suðsuðaustan við Berustaði og 180-200 m norðvestan við Ásveg. Á þessu svæði er sléttað framræst tún sem er slegið og beitt nautgripum. Sést ekki til fornleifa. Samkvæmt Trausta Runólfssyni voru túngarðar utan um hagana en þeir eru allri horfnir í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Berustaðir, 1

RA-368:022 *Kartöflugrotta* gryfja skemma

63°51.730N 20°32.524V

"Rétt austan við hann [Litlahelli] er hola undir bergskúta. Þar voru saltkjötstunnur og kartöflugeymsla, nefnt Kartöflugrotta eða Skemmugryfja." segir í örnefnalýsingu. Um 15 m ASA við bæjarstæði 001 og 45 m ANA við Litlahelli (008) neðan við rætur brekkunnar sem bæjarstæðið er í er gryfja grafin niður í berg neðan við skógræktarblett. Gryfjan er við rætur grasigróinnar brekku. Op niður í gryfju er um 1,5x1,5 m að flatarmáli, ferkantað og byrgt með bárujárni. Opið er hlaðið upp að hluta um 0,2-0,4 m hátt með smáum hraunhellum.



Kartöflugrotta um 15 m ASA við bæ (001), horft í norður

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Berustaðir, 2

RA-368:023 heimild um bað

63°51.725N 20°31.878V

"Þar vestan við Mjókkurnar eru Móklettarnir. Þar var gerð laut í sandbergið og steipt baðþró fyrir sauðfé og settar upp fjárgrindur í kring, meðan baðað var. Síðar var steipt stærri baðþró í garðaenda í fjárhúsinu í Þórarinsstöðum og garðinn hafður fyrir sigpall." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Trausta Runólfssyni, heimildamanni, var baðþró um 530 m ASA við Berustaði, um 100 m NNV við Ásveg/brú yfir Rauðalæk og um 5-10 m suðvestan við læk í gili fast norðaustan við tún norðaustan við rimlahliðið þar sem heimreiðin að Berustöðum byrjar. Suðvesturhlið gilbarms eru móbergs- eða sandsteinsklettar með sillum í. Á stærstu sillunni var baðþróin. Klettarnir eru hálf grasi- og mosagrónir. Ekkert sést til fornleifa en stutt hefur verið að sækja vatn í baðið í Rauðalæk.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Berustaðir, 4

RA-368:024 *Hesthúshóll* heimild um hesthús

63°51.681N 20°32.739V

"Vestan við Rimaflöt er Flái. Norður af honum er Hesthúshóll. Þar var hús fyrir útigangshross og lítil hlaða þar við, kölluð Kumlið." segir í örnefnalýsingu. Hesthús voru á svæði 160-200 m suðvestan við bæjarstæði 001 samkvæmt Trausta Runólfssyni, heimildamanni. Þar er nú nýbyggt fjós. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Berustaðir, 2

RA-368:025 *Kumlið* heimild um hlöðu

63°51.681N 20°32.739V

"Vestan við Rimaflöt er Flái. Norður af honum er Hesthúshóll. Þar var hús fyrir útigangshross og lítil hlaða þar við, kölluð Kumlið." segir í örnefnalýsingu. Kumlið var á svæði 160-200 m suðvestan við bæjarstæði 001 samkvæmt Trausta Runólfssyni. Þar er nú nýbyggt fjós. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Berustaðir, 2

RA-368:026 Þórarinsstaðir tóftaþyrping fjárhús 63°52.438N 20°32.273V

Í örnefnaskrá segir svo: ",Hún [Snasarmýri] nær að Einstökusnös, sem er grýttur holtsemi, er gengur suðaustur úr Vatnsholti, sem er í Ásmundarstaðalandi, og að Einbúa, sem er stakt, flatt og ílangt holt á mýrinni norður af Þórarinsstöðum; skammt ofan við Þórarinsstaðaholt er markaskurðurinn milli Berustaða I og II." Þórarinsstaðir eru 1,3 km NNA við bæjarhól á Berustöðum. Hvergi er Þórarinsstaða getið í heimildum sem býli eða hjáleigu út frá Berustöðum svo að væntanlega hefur ekki verið búið þar. Þetta er þó nokkuð stórt tóftasvæði en þar eru tvö fjárhús vottur að garðlagi og þrjár litlar tóftir. Í sléttu túni sem er smá þýft en einkennandi fyrir svæðið eru nokkrir stórir hólar og eru tóftir á sumum þeirra, er þetta hagabeit fyrir hross. Þórarinsstaðir er tóftasvæði með fimm tóftum og einu garðlagi. Tvær af tóftunum eru áberandi og hafa þær hvoru tveggja verið fjárhús, hér nefndar a og b. Tóft 026a er miðsvæðis og er það tóft af fjárhúsum eins og áður sagði, 85 m vestnorðvestan við hana er önnur fjárhústóft 026b en 50 m austsuðaustan við fjárhústóft 026a eru þrjú lítil tóftabrot. Norðan megin við tóftirnar er svo garðlag sem liggur frá suðaustri til norðvesturs það virðist ekki hafa legið í hring eða umhverfis tóftirnar og því er mögulega ekki um túngarð að ræða heldur garð sem kannski hefur verið byggður í tengslum við fjárhúsin. Hlutverk hans er frekar óljóst.


Tóft 026a er tóft af fjárhúsum. Hún er 15x16 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur og samanstendur af tveim hólfum sem hafa verið fjárhús, einu litlu hólfi sem ekki er vitað hvaða tilgangi þjónaði og svo gryfju sem sennilega hefur verið hlaða. Það er greinilegt að hóllinn sem tóftin er á er móbergshóll og hefur gryfjan sem er suðaustan við fjárhúsin verið hoggin niður í hólinn. Gryfjan er 3 m djúp og svo til alveg ferhyrnd. Hún er 8x6 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Dálítið er af steinum í botninum sem hafa hrunið ofan í gryfjuna en í austurhorni hennar vottar fyrir tröppum. Þétt upp við gryfjuna og beint norðvestur af henni eru fjárhús A, sunnan við þau er lítið hólf sem er 3x4 m að stærð og norðan megin við þau er fjárhús B sem sennilega er reist seinna en hin hólfín. Fjárhús A eru 10x3 m að stærð, hlaðin stóru flögubergi og torfi, hleðslur eru vel grónar, áberandi stórar hellur eru í garðanum sem er 6 m langur og 1 m á breidd. Litla hólfið sem er sunnan við fjárhús A er einnig alveg þétt upp við gryfjuna það er 3x4 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Veggur sem hefur snúið að gryfjunni er alveg fallinn en op er á norðvesturveggnum alveg í horninu vestan megin. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og eru þeir um 6 umför og um 150 cm á hæð. Stórar og fallegar hellur eru framan við opið. Fjárhús B er norðaustan við fjárhús A og eru þau 7x3 m að stærð. Sennilega er fjárhús B byggð seinna en fjárhús A og er ástæðan fyrir því mati afstaða þeirra til gryfjunnar sem nær ekki að fjárhúsum B. Einnig er garðinn í fjárhúsum B fínlegri en í fjárhúsum A en hann er 70 cm breiður og um 5 m langur. Mikið rof er komið í fjárhús B og eru hleðslur lægri í þeim en öðrum hlutum tóftarinnar. Rofið er frekar mikið í norðausturveggnum.



Tóft 368:026a


Tóft 026b er 80-90 m norðvestan við fjárhús 026a og er einnig fjárhús. Fjárhús 026b er á hól sem er mjög þýfður og áberandi í landslaginu, hefur hann brattar en grösugar hliðar. Tóftin er 16x11 m að stærð og snýr í suðaustur og norðvestur. Tóftin er tvö hólfi, fjárhús og ein gryfja

sem sennilega hefur verið heygryfja eða hlaða. Gryfjan er 6x4 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, er hún um 130 cm á dýft. Fjárhúsið er norðvestan megin við gryfjuna og alveg þétt upp við hana en það er 12x8 m að stærð og snúa norðvestur og suðaustur. Mikið rof er í tóftinni og er lítið eftir af veggjum, aðeins óljós veggjabrot eftir í norðanverðri tóftinni, víða má þó sjá í grjóthleðslur og þá aðallega flöguberg og sandstein. Þar sem hleðslan er greinileg er torf og grjót til skiptis og má þar telja allt að 5-6 umför og er vegghleðslan hæst um 120 cm. Garðinn í fjárhúsunum er um 5 m langur og um 1 m breiður en hefur þó sennilega verið lengri. Norðaustan megin við tóftina og alveg þétt upp við hana eru dældir sem gætu mögulega hafa verið mannvirki en þær eru mjög óljósar.



Tóftir 026c og 026d eru mjög nálægt hvor annarri, aðeins um 2 m á milli en um 60 m suðaustan við tóft 026a. Þær eru í hlíðum hólís eða hæðar sem er mjög grösug. Tóft 026c og 2 m suðaustan við tóft 026d, hún er 6x4 m að stærð og snýr í norður og suður. Hleðslur eru mjög signar og ávalar, hleðsluhæðin er um 50 cm og breiddin um 150 cm. Ekkert op er sjáanlegt á tóftinni sem er öll mosavaxin en í botni hennar er vænn grasvöxtur.

Tóft 026d er um 50 m auðstsuðaustan við fjárhús 026a og um 2 m norðvestan við tóft 026c. Hún er 7x3 m að stærð og snýr í norðaustur og suðvestur. Hún er bara eitt hólf en götutroðningur liggur í gegnum tóftina þversum og klýfur veggj hennar. Það lítur út fyrir að mikið rof hafi komið í tóftina því allt norðurhornið vantar og helminginn af austurveggjum en hún er þó öll gróin núna. Hleðsluhæð veggja er um 40 cm og breidd þeirra er einnig um 40 cm.



Þúst eða dæld 026e N63°52.413 V20°32.119 er um 50-55 m austan við fjárhús 026a og um 15 m norðan við tóft 026d. Dældin er um 11x5 m að stærð, er egg-laga, það er að segja hefur engin áberandi horn en brúnir dældarinnar eru nokkuð skarpar og er dældin um 2 m djúp. Í miðri dældinni er hraukur eða þúfa er í miðri dældinni.

Garðlag 026f liggur um 30 m norðan megin við tóftirnar og er það um 160-170 m langt en er frekar ógreinilegt og sigið, um 20-30 cm á hæð. Litlu tóftirnar 026c, 026d og 026e eru mun signari og óljósari en fjárhúsin 026a og 026b. Bæði fjárhúsin 026a og 026b eru bæði byggð á sandsteinshólum svo ekki er að sjá neina uppsöfnun þar eldri bygginga. Garðlagið 026f er líka orðið mjög sigið og ógreinilegt. Þórarinstaðir er tóftasvæði með fimm tóftum og einu garðlagi, tvær af tóftunum eru áberandi og hafa þær hvoru tveggja verið fjárhús en það tóftir 026a og 026b. Tóft 026a er miðsvæðis og er það tóft af fjárhúsum eins og áður sagði, 85 m vestnorðvestan við hana er önnur fjárhústóft 026b en 50 m austsuðaustan við fjárhústóft 026a

eru þrjú lítil tóftabrot. Norðan megin við tóftirnar er svo garðlag sem liggur frá suðaustri til norðvesturs það virðist ekki hafa legið í hring eða umhverfis tóftirnar og því er mögulega ekki um túngarð að ræða heldur garð sem kannski hefur verið byggður í tengslum við fjárhúsin.

Hættumat: hætta, vegna hrossabeitar

Heimildir: Ö-Berustaðir, 2



Þórarinsstaðir um 1300 m NNA við bæ (001), horft til NV

RA-368:027 gata leið

63°52.406N 20°32.017V

Þórarinsstaðir eru 1,3 km NNA við bæjarhól á Berustöðum og um Þórarinsstaði liggja götur. Göturnar liggja um grasigróið land sem einkennist af frekar háum ávölum hæðum eða stórum hólum á þeim stað sem hnitíð var tekið, ekki eru hæðirnar þétt saman heldur er gott flatlendi á milli þeirra og liggja göturnar um það. Göturnar eru skýrar, allt að 60 cm breiðar og um 30 cm djúpar, ógrónar í botni og eru yfirleitt tvær saman. Þær virðast liggja frá bæ en ekki er ljóst hvert göturnar liggja þegar komið er framhjá Þórarinsstöðum RA-368:026.

Hættumat: hætta, vegna rasks

RA-368:028 tóft beitarhús


63°52.693N 20°32.318V

Í ornefnaskrá segir svo: „Norður af Síberíu er Snasarmýri (áður nefnd Vatnsholtsmýri). Hún nær að Einstökusnös, sem er grýttur holtsendi, er gengur suðaustur úr Vatnsholti, sem er í Ásmundarstaðalandi, og að Einbúa, sem er stakt, flatt og ílangt holt á mýrinni norður af Þórarinsstöðum." Trausti Runólfsson sagði að tóft af sauðakofa væri norðan megin á Einbúa en að hann væri sennilega horfinn. Tóft eða þúst er norðan megin í móbergshól sem heitir Einbúi, hún er 1,8 km norðan við bæjarhól 001 og 1,7 km norðan við íbúðarhús í Berustöðum I byggt 1980. Tóftin er á aflöngu flötu holti, er grasið umhverfis tóftina aðeins fíngerðara en það sem er í tóftinni sjálfri, annars er allt holtið grösugt. Tóftin, sem er 10x7 m að stærð, er mjög óljós og blásin, veggir eru svo til engir eftir, bara rétt skuggi af þeim sjáanlegur og því ekki hægt að tala um neina hleðsluhæð. Tóftin snýr norðvestur og suðaustur og gæti hafa skipst í tvö hólf, það eystra er um 7x5 m að stærð og það vestara er um 5x4 m að stærð, bæði snúa þau í norðaustur og suðvestur. Tóftin hefur ekkert innrabyrði, er bara eins og tvær dældir með hrygg í miðju sem skilur þær að. Norðvestan megin í tóftinni er þó greinileg steinadreif sem fylgir brún dældarinnar og gæti verið úr vegghleðslum, því þeir liggja nokkuð margir saman í röð. Þeir eru flatir, standa ekki beint upp úr sverðinum nema eins og stétt. Stærri rýmið er dýpra en það minna og er það allt að 60 cm að dýpt. Veggjabrotið sem er á milli dældanna er um 30 cm á hæð sem og einnig lítil þúfa sem er í miðjunni á stóru dældinni. Grasið í tóftinni er mun vænna en það sem er umhverfis tóftina, einnig er þar mikið safn fífla sem er annars ekki áberandi á holtinu. Lítið veggjabrot eða aflöng þúfa er suðvestan við

tóftina en ekki er víst að hún sé endilega í samhengi við tóftina.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Berustaðir, 2



Beitarhús 028 um 1700 m N við bæ (001), horft til V

RA-368:029 heimild um mógrafir

63°52.722N 20°32.364V

Samkvæmt Trausta Runólfssyni, heimildamanni, var mór sóttur í mýrlent, flatt og ílangt holt sem er norðan og austan við Einbúa norður af Þórarinsstöðum [026]. Landið er flatt og mýrlent, einkennandi fyrir landið eru þó stöku hæðir eða holt sem standa ein sér, ávöl og grösug. Ekki sér lengur til mógrafanna enda hefur verið fyllt upp í skápana, þeir voru orðnir mjög djúpir og hættulegir.


Hættumat: engin hætta

RA-368:030 hleðsla rétt

63°51.892N 20°32.522V

Rétt er 300 m norðan við bæjarhól 001, um 210-220 m norðan við íbúðarhús á Berustöðum I byggt 1980 og um 400 m vestsuðvestan við stekk 031. Réttin er í landi sem einkennist af hæðum eða litlum holtum og hefur réttinni verið fundinn staður í ein slíku. Hvernig réttin hefur upphaflega verið gerð er erfitt að segja en hún virðist hafa verið grafin að hluta inn í móbergshól sem myndar austurhlið hennar en síðan hefur vesturhliðin verið hlaðin. Innanmál réttarinnar er 17x15 m og er hún lítið eitt eggлага eða aflöng. Engir dylkar eru í réttinni og eru hliðar hennar að norðanverðu orðnar mjög skemmdar og er mikið rof í þeim. Mögulegt er að henni hafi verið skipt upp með timburgrindum sem núna hafa verið fjarlægðar. Hún er opin til suðvesturs og í botni hennar, sem er svo til ógróinn, má sjá hjólför eftir stórar vinnuvélar. Hleðsluhæð veggja er um 40 cm.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Rétt (030) um 300 m N við bæ (001), horft til ANA

RA-368:031 tóft stekkur

63°51.961N 20°32.051V

Í örnefnaskrá segir svo: „Sléttan milli Bæjargils og Stekkatúnsgils heitir Rófusléttan, en sléttan norðan við Kúaslétta Ólafía, kennd við strákinn, er þar vann að jarðvinnslu. Þar norður af eru fjárhúsin á Stekkhól." Tóft af stekk er um 580-600 m norðaustur af bæjarhól 001, um 500 m norðaustan við íbúðarhús á Berustöðum byggt 1980 og um 30 m sunnan við fjárhús sem eru tveir rauðir samtengdir braggar með viðbyggingu. Stekkurinn er nyrst í nokkurs konar gilskorningi sem um rennur lækur, gilið er breitt og grunnt en sunnar lækkar landið og myndar breiðari skorning milli bakkanna. Stekkurinn er einfaldur, um 10x5 m að stærð og snýr norður og suður. Norðurendinn á honum er þrengri en suðurendinn sem nemur einum metra. Stekkurinn er frekar greinilegur og er op á suðurgaflinum en kindagata sem liggur um hann klýfur norðurgaflinn alveg við norðausturhornið og því er op þar líka en ekki er víst að þar hafi verið dyr upphaflega. Stekkurinn er allur grasi vaxinn og er byggður upp við grasivaxinn bakka sem myndar austurhlið stekkjarins. Hleðsluhæð veggja er um 40 cm og breidd þeirra um 1 m.


Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Berustaðir, 4

Stekkur (031) um 600 m NA við bæ 001, horft til S

RA-368:032 þúst óþekkt

63°51.967N 20°32.050V

Þúst er um 580-600 m norðaustur af bæjarhól 001, um 500 m norðaustan við íbúðarhús á Berustöðum byggt 1980 og um 20 m sunnan við fjárhús sem eru tveir rauðir samtengdir braggar með viðbyggingu og um 6 m norðan við stekk 031. Þústin er nyrst í nokkurs konar gilskorningi sem um rennur lækur, gilið er breitt og grunnt en sunnar lækkar landið og myndar breiðari skorning milli bakkanna. Þústin



Þúst 032 um 600 m NA við bæ 001, horft í V

er 6x4 m að stærð og snýr vestur og austur, hleðsluhæð er um 50 cm og er innrabyrði skýrt en ytrabyrði óljóst. Þústin er á kafi í grasi.

Hættumat: engin hætta

RA-368:033 heimild um útihús

63°51.998N 20°32.034V

Í örnefnaskrá segir svo: „Sléttan milli Bæjargils og Stekkatúnsgils heitir Rófuslétta, en sléttan norðan við Kúasléttu Ólafía, kennd við strákinn, er þar vann að jarðvinnslu. Þar norður af eru fjárhúsin á Stekkhól. Þau voru flutt þangað frá Þórarinsstöðum um 1960. Aska sást, er verið var að grafa fyrir þar, og nokkrar kofatóftir voru þar í kring." Kofarnir hafa verið jafnaðir við jörðu en þeir hafa verið um 550-560 m norðaustan við íbúðarhús á Berustöðum I byggt 1980, um 650-660 m norðaustan við bæjarhól 001 og um 70-80 m norðan við stekk 031. Þar sem kofarnir stóðu standa tveir braggar notaðir sem fjárhús. Braggarnir standa á grösugu holti, vestan við holtið er gilskorningur og í því lækur en austan við holtið er vegarslóði. Ekkert sér til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Berustaðir, 4

RA-368:034 garðlag túngarður

63°51.822N 20°31.151V

Garðlag nær yfir 1400x700 stórt landsvæði sem liggur NNA-SSV. Suðurendi garðlags er um 20 m NV við Ásveg og um 1100 m ANA við bæjarhól 001. Norðurendi garðlags er um 1400 m norðar en syðri endi þess, um 2000 m NA við bæjarhól 001 og um 350 m NV við Meiritungu. Garðlagið liggur að mestu um grasi- og mosavaxna, þýfða túnjaðra og yfir tún í órákt. Garðlagið er samtals um 2480 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og 0,8-1,5 m á hæð. Það er torfhlaðið, grasi- og mosagróið og mjög þýft á köflum. Að mestu leiti er garðlagið mjög skýrt en á stöku stað eru rofin skörð í garðinn vegna vatnsaga, vegslóða og rollu- og hestagatna. Mestur hluti garðlags liggur meðfram 20-50 m breiðu og 2-4 m djúpu gili sem liggur í NNA frá Ásvegi og fram hjá Meiritungu um 200 m vestan við bæ. Á þremur stöðum skiptist garðlag upp í tvær greinar. Um 500 m norðan við suðurenda garðlags liggur ein grein í NV í um 570 m. Á þessu svæði liggur aðal garðlag ofan í gilið af austur bakkanum og heldur áfram í NNA meðfram vesturbakka þess. Um 580 m norðan við suðurenda garðlagsins er 40 m langur garðlagsstubbur sem liggur út frá aðalgarðlagi í austur niður í gilið og upp hinum megin í áttina að Meiritungu og svo loks um 500 m sunnan við norðurenda garðlagsins liggur ein grein um 260 m í NV. Samkvæmt Trausta Runólfssyni heimildamanni var það hlaðið á 20. öld til að varna búpeningi aðgang að þeim túnnum sem slegin voru. Tvær línur af gaddavír voru einnig strengdar ofan á garðlögnum til að styrkja varnirnar.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Hlutar garðlags 034, horft til SV (vinstri) og VNV (hægri)

RA-368:035 tóft fjárhús

63°52.029N 20°32.430V


Tóft af fjárhúsum sem eru talin vera frá upphafi 20. aldar eru um 470-480 m norðan við íbúðarhús á Berustöðum I byggt 1980 og um 330-340 m vestnorðvestan við stekk 031. Tóftin er í þýfðum grösugum móa í jaðri túns, landið er flatt og það þurrkað upp með framræsluskurðum. Tóftin er 12x11 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur og er stærstur hluti hennar gryfja. Veggir umhverfis gryfjuna hafa óljós ytri mörk en gætu verið um 30 cm háir og um 1 m breiðir en enginn útveggur er til norðvesturs. Innan veggja er gryfja sem hefur um það bil 30° halla en í miðjunni á



Fjárhústóft (035), horft til SA

henni er önnur gryfja sem er 3x3 m að stærð sem hefur svo til þverhnípta vegg, sennilega mun mesta dýpt gryfjunnar allrar vera um 2.50 m. Tóftin á að hafa verið fjárhús og mun gryfjan hafa verið hlaða og er hún grafin í sandstein. Fjárhúsin hafa verið norðvestan megin við gryfjuna því þar vottar fyrir hleðslum sem gætu hafa verið undirstöður graðs. Þar er mikið rof í tóftinni og svörður opinn eftir rask og vottar þar ekki fyrir neinum vegg. Undirstöður graðans sem áður var minnst á liggja frá dýpsta hluta gryfjunnar og eru þær um 120 cm á breidd að utanmáli. Undirstöðurnar eru gerðar af tveim aflöngum hleðslum sem eru um 30 cm á hæð og um 40 cm á breidd en bilið á milli þeirra er um 40 cm. 2 metrum norðvestan við tóftina eða þar sem sjálf fjárhúsin ættu að vera liggur reiðgata eða vegarslóði sem lítur ekki út fyrir að vera mjög gamall.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Fjárhústóft (035) um 480 m N við Berustaði I, horft til NV

RA-368:036 *Bæjargilsbotn* heimild um mógrafir 63°51.862N 20°32.907V


Í Sunnlenskum byggðum er getið um mótak. "Í Jóhannesargilsbotni voru pyttir; merkastur þeirra var Folaldspyttur, þar sem folaldið drukknaði. Kannske hafa þar verið gamlar mógrafir, en aðalmógrafirnar voru við Vondabotn [015] og vestan við Bæjargilsbotn." segir í örnefnalýsingu. Bæjargilsbotn er um 360 m NV við bæjarhól 001 og um 370 m VNV við rétt 001. Svæðið er í dag víðáttumikið sléttlendi vaxið háu grasi, þýft og deigt á stöku stað. Á mjög víðáttumiklu svæði eru fjölmargar 0,5-1,0 m djúpar dældir sem eru mjög deigar. Lögun þeirra er mismunandi, aflangar, ferhyrndar, tígullaga og stærð þeirra er milli 2x2 m og upp í 5x3 m. Búið er að fylla upp í mikið af þeim vegna fallhættu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 378-379; Ö-Berustaðir, 4

RA-369 Efri Hamrar

20 hdr Oddakirkjueign að 10 hdr. 1270: Jarðarinnar e.t.v. getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. 1510: Úrskurðarbréf um það er Herdís Gísladóttir gaf Oddakirkju hálfa jörðina Efri Hamrar. DI VIII, 301. "Heyst segjast menn hafa þessa jörðu eignað afmarkað plást í Ásslandi, sem kallast Krínglumýri og eigi að vega 5 hdr land." JÁM I, 351. "Bærinn Efri-Hamrar stendur hátt í brekku upp frá Steinslæk, milli Sumarliðarbæjar og Hárlaugsstaða. Þetta virðast þeir hamrar er um getur í máldaga Oddakirkju 1270 í röð milli Þjóðólfsdaga og Gásahúsa. ... Landareignin er allvíðlend og skiptast á mýrar og móar. Skjól eru góð." SB V, 368. 1708: "Engjum spillir árlega nefndur Steinslækur með grjóts og sands áburði." JÁM I, 351. 1840: "... langleg jörð að högum og engjum." SSR, 205. 1920: Tún 4,5 ha, sléttað 1,5 ha, garðar 1360 m².




Kort af túnum Efri Hamra frá árinu 1920

RA-369:001 *Efri Hamrar* bærjrhóll bústaður 63°54.324N 20°33.759V

"Bærinn Efri-Hamrar stendur hátt í brekku upp frá Steinslæk milli Sumarliðabæjar og Hárlaugsstaða. [...] Tvíbýli var á jörðinni framan af 20. öld." segir í Sunnlenskum byggðum V. Efri Hamrar eru um 450 m austan við Hárlaugsstaði (RA-370), um 860 m NA við Áshól (RA-366) og um 100 m austan við Hamragil. Á svæðinu eru nú aðeins sumarbústaðir. Bærinn stóð á grasigróinni hæð fast norðan við malarveg sem nú liggur A-V og 10 m sunnan við háa hamra. Sunnan við malarveginn er mjög brött grasigróin brekka sem hallar 30-40° til suðurs. Bærjrhóllinn er um 50 m langur, um 35 m á breidd og 1-4 m á hæð. Hóllinn liggur A-V og endar um 10 m frá hömrinum norðan við hann. Á hólnum sjást ennþá ummerki eftir grunn eldra íbúðarhússins, sem búið er að rífa, ásamt 3 öðrum tóftum (003, 013 og 014). Yngri íbúðarhúsið stendur ennþá VSV við bærjrhól sunnan við malarveg. Íbúðarhúsið hefur verið 14-15 m á lengd og 12-13 m á breidd með grjóthlöðnum grunni. Tvö útihús stóðu fast austan við íbúðarhúsið og annað þeirra, steinsteypt útihús, stendur enn undir þaki SA í bærjrhólum.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 368



Bæjarhóll Efri Hamra, horft til SV

RA-369:002 heimild um útihús

63°54.318N 20°33.831V

Á túnakorti frá 1920 er útihús um 40 m vestan við bæ (001) og í dag er þessi staður um 50 m austan við sumarbústað sem stendur SV við veg sem liggur í austur suður fyrir bæjarhól. Á þessu svæði er sléttaður garður innan girðingar um 5-10 m SA og SV við skógræktarbletti sem fylgja fyrrnefndum sumarbústað. Ekkert sést til útihúss.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920

RA-369:003 tóft útihús

63°54.322N 20°33.726V

Tóft er á bæjarhólnum 001 1-2 m norðan við malarveg og um 5 m austan við steinsteypt útihús. Tóftin er utan í SA enda bæjarhóls í grasivaxinni hlíð. Malarvegur liggur A-V sunnan við tóftina og steinsteypt útihús stendur vestan við tóftina. N, NV og NA við tóft er grasivaxin hlíð. Tóftin er tvískipt, um 14 m á lengd og 13 m á breidd. Hólf tóftar snúa A-V. Tveir inngangar eru á suðurhlíð syðra hólfs og einn á austurhlíð nyrðra hólfs. Veggir tóftar eru 2-3 m breiðir og 1,2-2 m háir. Nyrðra hólfið er 5 x 4 m að innanmáli og syðra hólfið er 9 x 4 m. Syðra hólfið er fullt af viðar- og steypurusli. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og sést í grjóthleðslur á suðurhlíð syðra hólfs og í öllum innveggjum norðurhólfs. Óljóst er hversu mörg umförin eru en í austurvegg syðra hólfs við norðausturhorn þess er um 0,5 m breitt skarð ofan í vegginn sem hugsanlega hefur verið gluggi. Líklegt er að annað hólfið hafi verið vestan við nyrðra hólfið en þó sést engin dæld. Veggir tóftar eru vaxnir háu grasi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft á bæjarhól um 1-2 m N við malarveg, horft til SA

RA-369:004 Vörðuholt örnefni

63°54.442N 20°31.626V

"Vestan við Giljatangur heitir Vörðuholt ..." segir í örnefnalýsingu. Davíð S. Sigfússon, heimildamaður, kannaðist ekki við neina vörðu þar á holtinu. Vörðuholt er um 1750 m austan við bæ (001) og um 500 m austan við Þrándarholt. Grasi- og mosavaxinn mói. NV við holtið er mýri og stendur holtið 8-10 m hærra en hún. Engin varða sjáanleg.

Heimildir: Ö-Efri-Hamar, 2


RA-369:005 Borgarrimar þúst fjárskýli

63°54.900N 20°32.601V

"Fyrir ofan Hamra er Bæjarholt. Austur af enda þess að norðan eru tveir rimar, sem heita Borgarrimar." segir í örnefnalýsingu. Þessir rimar eru um 1430 m NA við bæ (001), um 80 m S við mót tveggja langra skurða og gefur nafn þeirra til kynna að hugsanlega sé að finna fjárskýli á svæðinu. Í dag er þetta svæði sléttlend víðáttumikil mýri. Í mýrinni eru þrjár áberandi skærgrænar þústir sem standa um 0,5-1,5 m upp úr mýrinni. Þústirnar eru mjög þýfðar og grasigrónar. Tvær þeirra eru aflangar og mjög rofnar og rofabarð sker þær endilangar svo ekki er hægt að sjá hvort byggingar hafa staðið þar eður ei. Þriðja þústin sem er næst nyrðri skurði er hringlaga, um 15x14 m að stærð og nær 0,4 til 1 m hátt. Hugsanlega er hægt að sjá eitt eða tvö hólfi í henni en ekki er hægt að segja með vissu hvort um er að ræða rústir eða náttúrulega myndun án frekari rannsókna. Á einum stað í suðurhlið þústar er hugsanlega garðlag utan um þústina en eins og með hólfið er ekki hægt að segja með vissu hvort það er náttúrulegt eða manngert. Örnefnið Borgarrimar gefur til kynna að um fjárskýli gæti verið að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Hamar, 2



Borgarrimar um 1400 m NA við bæjarhól (001), horft til NA

RA-369:006 tóft sel


63°55.325N 20°31.474V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo: "Sögn manna er, að Heiði hafi fyrrum í eyðilegið 3 ár og þá hafi sel sett verið frá Efri-Hömrum þar sem heita Seljabrekkur, heldur ábúandinn Hannes, að ef þessi selstaða væri brúkuð frá Efri-Hömrum, þá mundi ei Heiði byggjast vegna aðþrengingar. [...] Selstöðu á jörðin, þar sem heita Seljabrekkur, og hefur að fornu brúkuð verið, og þykir ábúendanmum á Heiði það of nærri sínu landi, ut supra dictur." Í örnefnaskrá segir svo: "Klettarnir fyrir ofan bæinn heita Hamrar. Upp af þeim er stór mýrarfláki, og ofan við hann eru fyrst Seljabrekkur og milli þeirra ás, sem heitir Miðás." Tvær tóftir eru um 2600 m NA við bæ (001) og um 1200 m NA við Borgarrima (005). Tóftirnar eru fast vestan í Seljabrekkum í þurri grasivaxinni laut. Brekkurnar halla 50-60° í VNV og SV, V og NV við tóftirnar er blaut mýri. Tóftirnar eru tvær og eru báðar aðeins eitt

hólf. Tóftirnar eru grasivaxnar og engar grjóthleðslur sjáanlegar. Veggir þeirra eru um 1,5-2 m á breidd og 0,5-0,8 m á hæð. Vegalengdin milli tófta er tveir metrar. Nyrðri tóftin snýr ANA-VSV. Veggir hennar eru um 1,5-2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Utanmál hennar er 9x8 m og innanmálið 6x5 m. Syðri tóftin snýr A-V. Veggir hennar eru um 1,5-2,5 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Utanmál tóftar er 6x5 m og innanmál hennar er 2x4. Tvær hestagötur liggja N-S austan og vestan megin við tóftirnar og rjúfa skörð í þær báðar. Tóftirnar tvær taka yfir um 18x10 m stórt svæði sem snýr N-S.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM I, 350-351; Ö-Efri-Hamar, 1



Seltóftir um 2600 m NA við bæjarhól



Seltóftir 006 um 2600 m NA við bæjarhól, horft til NV yfir nyrðri tóft (vinstri) og í V yfir þá syðri (hægri)

RA-369:007 Stekkjarnes örnefni stekkur 63°54.119N 20°32.824V
 "Vestan við Breiðanes er Stekkjarnes." segir í örnefnalýsingu. Stekkjarnes er um 850 m SA við bæ (001), um 390 m sunnan við tóft 021 og 1400 m austan við Áshól (RA-366:001). Stekkjarnes er niður við Steinslæk milli Breiðaness og Bæjarness austan við Hrafnsgil og vestan við Flóðalæk. Nesið er flatlent og grasigróið. Ekkert sést til fornleifa. Davíð S. Sigfússon, heimildarmaður, kannaðist ekki við stekk á þessum stað en svæðinu hefur ekkert verið raksað svo vitað sé.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Efri-Hamar, 2

RA-369:008 hellir fjárskýli 63°54.249N 20°33.978V
 Í Manngerðum hellum segir svo: "Efrihamrar standa í brekkunni upp frá Steinslæk milli Hárlaugsstaða og Sumarliðabæjar. Hellir er í brekku í austurbakka Hamragils um 225 m vestan við bæ (001) og 645 m ANA við Áshól (RA-366:001). Brekkan sem hellirinn er grafinn inn í er grasigróin og hallar um 40° í vestur. Uppi á austurbakka Hamragils er sléttað tún. Forskáli hellisins er um 5 m austan við lítinn læk í gílinu í 2 m hæð. Frá honum sést vel yfir að Áshóli. Í Sýslu- og sóknalýsingum Rangárvallasýslu frá 1839-1873 segir: "Einn er á Efrihömrum, fjárhellir, tekur 30 kindur, hvörgi meir en 2 al. á hæð. Upp úr miðjum honum er gluggi 1 1/2 í þvermál; upp af honum er hlaðinn faðmhár strompur að draga til sín hitann." Hellirinn á Efrihömrum er í bæjarlækjargílinu, Hamragili, út og niður frá bænum í 40 m y.s.

Þetta er lítil gripahellir og hlaða. Lítill forskáli er fyrir hellismunnanum. Veggir hans standa enn að nokkru, hlaðnir úr blágrýti, 1-1,5 m á hæð. Væn hella liggur yfir lágum og þröngum dyrum forskálatóftarinnar. Gripahellirinn er 15 m², 5 m langur og 1,7-1,8 m á hæð. Í þaki hans er stórt gat sem fyllt hefur verið í með torfi og mold en sú fylling er nú fallin. Þetta er sennilega glugginn sem nefndur er í sóknarlýsingunni. Hlaðinn garði gengur eftir miðju gólfi, hálfkaffærður í hrúnið. Grópir eru í veggjum fyrir spilverk en engar áletranir að séð verði. Hlaðan er 6x3 m² og 1,7-2,0 m há. Innri helmingur hennar er opinn upp úr og allmikið hrun komið þar inn á gólf. Hleðsluleifar eru í opinu. Opið kann að vera frá jarðskjálftanum 1896 en þá féll hellir á Efrihömrum. Gáttin milli hellishlutanna er um 1,5 m á hæð. Hlaðan hefur eitt sinn verið opin fram úr en haft dyr við hlið núverandi hellisdyra. Nú er hleðsla þar í og úti fyrir sjást lítil verkummerki dyra. Völuberg er í hellisgólfi. Lesa má ártölin 1901-1916 á veggjum." Lýsingin hér að ofan er nokkuð nákvæm og lítið við hana að bæta. Hellirinn var grafinn inn í bergið og torfi og grjóti hlaðið ofaná og fyrir framan hann. Þak hellis er nú hrúnið á tveimur stöðum og sjást opin frá veg ofan við fossinn í Hamragili. Op og þak hellisins eru bogalaga og horfir opið í NV. Hellirinn er tvískiptur. Þegar gengið er í gegnum opið er komið inn í um 5 m langt hólf sem liggur NV-SA. Einum metra innar er mikið af grjóti og mól úr þaki hellis. Labba þarf um tvö skref inn í hellinn áður en hægt er að beygja í NA (til vinstri) inn í innra hellishólf sem liggur eins og hefur verið að minnsta kosti 5-6 m langt. Nú hylur malar og grjóthrun úr þaki SV hluta gólfs. Enginn garði var sjáanlegur. Stærð svæðis sem hellirinn hefur náð yfir með forskála er að minnsta kosti 10x7 m að flatarmáli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Manngerðir hellar, 119-120; Sýslu- og sóknalýsingar Rangárvallasýslu, 199



Hellir um 225 m V við bæjarhól



Inngangur hellis 008 til vinstri (horft í SA) og hrun úr þaki hellis til hægri (horft í ASA)

RA-369:009 heimild um kálgarður

63°54.324N 20°33.703V

Á túnakorti frá 1920 eru tveir kálgarðar fast sunnan við bæ (001). Þetta svæði er nú í sléttuðu túni og undir malarvegi sem liggur SV-NA. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-369:010 heimild um kálgarður

63°54.314N 20°33.762V

Á túnakorti frá 1920 eru tveir kálgarðar fast sunnan við bæ (001). Þetta svæði er nú í sléttuðu túni og undir malarvegi sem liggur SV-NA. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-369:011** heimild um kálgarður

63°54.317N 20°33.771V

Á túnakorti frá 1920 er kálgarður fast vestan við bæ (001). Þetta svæði er í dag undir grunni yngsta bæjarhúss sem byggt var 1969. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-369:012** heimild um leið


65°54.320N 20°33.802V

Á túnakorti frá árinu 1920 er heimreið sem liggur beint í austur frá Hamragili heim að bæ. Svæðinu hefur verið raskað vegna vega- og brúargerðar. Gamla heimreiðin er horfin undir malarveg sem liggur A-V sunnan við bæjarhól og grasivaxinn sléttlendi í kring. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-369:013** þúst óþekkt

63°54.326N 20°33.741V

Þúst er um 5 m norðvestan við rúst 003 og um 10 m norðan við steinsteypu útihús sem stendur ennþá suðaustan í bæjarhól. Þústin er á austanverðum bæjarhól í háu grasi á alla kanta. Þústin er vaxin háu grasi. Hún er um 6x6 m að utanmáli og snýr N-S. Veggir hennar eru 0,3-0,8 m á hæð en þykkt þeirra er óskýr. Grjóthleðslur sjást í SA horni þústar en engin dæld er sjáanleg innan í þessu svæði. Hugsanlega grunnur gamallar byggingar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Þúst um 5 m NV við tóft 003

RA-369:014 tóft útihús

63°54.327N 20°33.757V

Tóft er um 7 m vestan við 013 og 12 m NNV við NA horn steinsteypa útihússins sem er SA í bæjarhólnum. Svæðið er sléttlent og þurrt hátt á bæjarhólnum og allt vaxið háu grasi. Tóftin er tvískipt og snýr langás hennar A-V á meðan langás hólfa sný N-S. Veggir tóftar eru aðeins greinanlegir í vestara hólfi hennar og hvergi sést í grjóthleðslur. Veggirnir eru um 1-1,5 m breiðir og 0,2-1 m á hæð. Utanmál tóftar er 10x8 m og innanmál hólfa eru 4,5x2,5m að vestan og 3x5 m að austan. Tóftin er vaxin háu grasi og er vestara hólfið fullt af viðar- og bárujárnsdrasli. Um 0,5 m breiður inngangur er úr eystra hólfi inn í það vestara í miðjum millivegg og um 3 m breiður inngangur er inn í eystra hólfið á suðurvegg. Hugsanlega hefur þar verið viðarþil sem lokaði hólfinu frekar en grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft um 7 m V við þúst 013, horft til S

RA-369:015 tóftir útihús

Tóft, þúst og garðlag eru um 61 m NA við bæ (001), 1-2 m norðan við malarveg sem liggur A-V sunnan við bæjarhól og um 658 m VNV við austasta sumarbústaðinn í landareign Efri Hamra og tóft 021. Sunnan við bæði mannvirkin er malarvegur og standa tóftin og þústin um 10 m sunnan við hamrana sem gnæfa yfir bæjarhólnum. Norðan, austan og vestan við þær er mjög mosa- og grasigróin brekka sem hallar um 10-20° í suður út frá hömrunum. Í þessari brekku fast norðan við þær er einnig nýlegur 6 m breiður matjurtagarður í órækt sem liggur VSV-ANA. Tóftin er einföld og vaxin háu grasi sem gerir innra byrði hennar mjög óskýrt. Hún er um 8 m á lengd og 7 m á breidd að

utanmáli og 3x4 m





Garðlag við NA horn þústar, horft í NNV

að innanmáli. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og 1-1,5 m á hæð. Mikið hrun er inni í hólfi og er norðurveggur tóftar líkt og skorin inn í brekkuna norðan við hana. Eins metra breiður inngangur er á austurvegg. Þústin er mjög óskýr og er um 1 m ANA við tóftina. Hún er einföld og vaxin háu grasi. Utanmál þústar er um 10x6m og innanmál hennar er 6,5x3,5m. Veggir hennar eru 0,5-1,5 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Miðja þústar er mjög þýfð og um 3 m breitt op er á suðurhlið. Þústin og tóftin liggja ANA-VSV hlið við hlið, vesturendi þústar 1 m frá austurenda tóftar. Garðlagið er torfhlaðið, um 14 m á lengd, 0,2-0,8 m á hæð og 1,5 m á breidd. Garðlagið liggur frá NA horni þústar í NNV alveg upp að hömrunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

63°54.338N 20°33.691V



Tóft (lengst til vinstri), þúst (fyrir miðið) og garðlag um 61 m N við bæjarhól




Þúst til vinstri (horft í NNV) og tóft til hægri (horft í V)

RA-369:016 tóft útihús

63°54.344N 20°33.583V

Tóft er um 145 m austan við bæ (001) og um 570 m vestan við tóft 021. Tóftin er fast sunnan við hrossarétt sem byggð er úr breiðum viðarstaurum og járngrindum. Fast sunnan og vestan við tóftina er sléttuð tún. Austan við hana er svo grasigróinn mói neðan við malarveg sem liggur A-V fast norðan við hestaréttina. Tóftin er einföld, um 15x6 m að utanmáli og 11x3 m að innanmáli. Liggur A-V. Veggir hennar eru hlaðnir úr trofi og grjóti, 0,4-0,8 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Fjöldi umfara er óþekktur. Tveggja metra breiður inngangur er á vesturhlið tóftar sem er full af trjádrumbum, bárujárni og grjóti. Tóftin var mjög líklega fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft um 145 m A við bæjarhól, horft í A

RA-369:017 frásögn um öskuhaug

63°54.331N 20°33.749V

Samkvæmt Davíð S. Sigfússyni, heimildamanni, kom í ljós öskuhaugur um 10 m norðan við steinsteypta útihúsið SA í bæjarhól og 10-15 m sunnan við hamrana milli tófta 013 og 014 er verið var að róta í bæjarhólnum. Þetta svæði er í dag grasivaxið sléttlendi. Ekkert sést til ösku á yfirborði.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-369:018 gerði rétt

63°54.375N 20°33.815V

Rétt er um 105 m norðan við bæ (001), um 365 m suðaustan við Hárlausstaði og um 910 m norðaustan við Áshól. Réttin stendur fast norðvestur undir hömrnum norðan við bæjarhól. Norðan, norðvestan og vestan við réttina er mosa- og grasigróin brekka sem hallar um 20° til vesturs. Réttin er eitt stórt hólf hlaðið úr stóru grjóti og torfi og liggur hún SV-NA. Hún er 26 m á lengd og 6 m á breidd að utanmáli. Veggir hennar eru 1,2-1,6 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Austurveggur réttar er náttúrulegur bergveggur á meðan norður, suður og vesturveggir eru hlaðnir. 1-2 m breiður inngangur er á vesturvegg réttar og út frá suðurhlið hans í VNV er 30 m langt garðlag hlaðið úr torfi og grjóti, hugsanlega til að auðvelda innrekstur í réttina. Garðurinn er 1-1,5 m á breidd, 0,6-0,8 m á hæð og endar við vegslóða sem liggur í NNA meðfram hömrnum. Samkvæmt Davíð S. Sigfússyni heimildarmanni var smalað í þessa rétt til að mjólka.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Rétt og garðlag um 100 m
N við bæjarhól



Rétt til vinstri (horft í SV) og garðlag til hægri (horft í SA)

RA-369:019 heimild mógrafir

63°54.237N 20°33.726V

Samkvæmt Davíð S. Sigfússyni heimildarmanni var mikil mótekja á svæði um 170 m sunnan við bæ (001), um 750 m austan við Áshól og um 100 m norðan við Steinslæk. Grafirnar voru í deigri mýri sem í dag hefur verið skipt í tvennt með djúpum skurði sem liggur A-V. Sunnan við svæðið er Steinslækur, norðan við það eru sléttuð tún og austan og vestan við svæðið eru móar. Ekkert sést til mógrafa. Fyllt var upp í grafirnar vegna slysaþattu. Svæðið hefur verið að minnsta kosti 150x200 m að stærð.

Hættumat: engin hætta


RA-369:020 þúst óþekkt

63°54.243N 20°33.579V

Davíð S. Sigfússon, heimildamaður, benti skráningarmanni á þúst um 210 m sunnan við bæ

(001), um 895 m austan við Áshól og um 2 m sunnan við sléttuð tún. Norðan við þústina eru sléttuð tún, austan, vestan og sunnan við þúst er mýrin þar sem mógrafir 019 voru áður. Þústin er tvískipt, um 13 m á lengd og 6 m á breidd að utanmáli og snýr ANA-VSV. Hún stendur 0,6-1 m upp úr mýrinni og tvær ósljósar dældir um 0,2 m djúpar eru sjáanlegar. Vestari dældin er 2x2 m að innanmáli. Sú austari er 4x3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Þústin gæti hugsanlega hafa verið heystæði.

Hættumat: engin hætta




Þúst um 210 m S við bæjarhól, horft til SV

RA-369:021 tóft beitarhús

63°54.329N 20°32.886V

Tóft er um 712 m austan við bæ (001), um 5 m suðaustan við austasta sumarbústað í landi Efri Hamra og um 1470 m austan við Áshól. Fast vestan, norðvestan, norðan og suðvestan við tóftina er sumarbústaður, sléttuð garðflöt og trjágróður. Austan og norðaustan við tóftina eru sléttuð garðflöt og tré. Sunnan við tóftina er grasigróin brekka sem hallar um 20-30° í átt að Hrafnsgili. Tóftin er einföld og liggur N-S. Hún er 18 m löng og 11 m breið og full af viðar- og bárujárnsdrasli úr þaki hennar. Innanmál hennar er 14x7m. Veggir hennar eru 1,5-2,5 m breiðir og 0,8-1,5 m háir og hlaðnir úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur eru greinilegar á köflum innan í öllum veggjum tóftar en annars er tóftin vel vaxin háu grasi. Tóftinni hefur trúlega verið skipt með viðarþili í hlöðu að sunnanverðu og fjárhús að norðanverðu þar sem 5,5x7 m stórt svæði sem snýr A-V í sunnanverðri tóftinni er 0,3-0,4 m dýpra en nyrðri partur hennar. Engar undirstöður garða sjáanlegar vegna drasls.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Beitarhústóft um 712 m A við bæjarhól (001), horft til SV

RA-369:022 tóft+garðlag heystæði

63°54.424N 20°33.403V

Hugsanlegt heystæði er á Bæjarholti um 345 m NA við bæ (001) og um 22 m NV við vestara fjárhús 024 áfast áveitugörðum sem, samkvæmt Davíð S.Sigfússyni heimildamanni, voru byggðir í kringum

1930-1940. Heystæðið er í þurru grasi- og mosagrónum móa og um 12 m norðar er sléttað tún. Áveitugarðarnir liggja að mestu leyti í deigri mýri nema í um 350 m uppi á hömrunum þar sem það liggur um



Heystæði um 345 m NA við bæjarhól

þurran grasi- og mosavaxinn móa. Heystæðið er byggt við garðlag uppi á hömrunum. Það liggur A-V og er 7x6 m að utanmáli og 4x5 m að innanmáli. Um 0,5 m breiður hugsanlegur inngangur er á vesturhlið þess. Suðurhlið heystæðisins er svo sjálft garðlagið. Stæðið er aðeins eitt hól byggt úr torfi og veggir þess eru 1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Áveitugarðarnir eru byggðir í kringum 1930-1940 svo þeir eru ekki lagalegar fornleifar. Þeir eru torfhlaðin og lengsti partur þeirra sem er tengdur heystæðinu er um 1920 m á lengd, 0,4-1,2 m á hæð og 0,5-2 m á breidd. Fyrstu 120 m liggur garður NA-SV. SV endi garðlags byrjar um 15 m norðan við tóft 016 norðan við malarveginn. Þaðan liggur hann í NA um 120 m áður en hann beygir uppi á hömrunum í ANA og liggur þaðan beina leið að breiðum skurði sem liggur N-S um 50-60 m sunnan við Egghóla. Garðlagið er rofið hér og þar vegna vatnsaga og vegslóða. Þar sem áveitugarðarnir voru byggðir snemma á 20. öld er líklegt að heystæðið hafi verið byggt á sama tíma. Þó er einnig hugsanlegt að áveitugarðarnir hafi verið byggðir við eldra garðlag á brún Bæjarholts og að heystæðið sé því eitthvað eldra.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar



Heystæði til vinstri (horft til V) og hluti garðlags til hægri (horft til NA)


RA-369:023 Þrándarholt tóft óþekkt

63°54.431N 20°32.354V

Tóftin er um 1160 m austan við bæ (001), um 1000 norðaustan við Steinslæk og um 2 m norðvestan við Þrándarholt. Tóftin er fast norðvestan við Þrándarholt í þýfðum mosa- og grasivöxnum móa við rætur brekku sem hallar 50° til norðvesturs. Suðvestan og vestan við hana er deig mýri. Tóftin er þrískipt, liggur NA-SV og er um 13 m löng og 12 m breið að utanmáli. Tvö hól tóftarinnar (A og B) liggja samsíða NA-SV og eru 1,5x4 m að innanmáli.

Um 0,5 m breiður inngangur er á vestara hólfi (A) á meðan það eystra (B) virðist vera opið í báða enda. Þriðja hólfið (C) liggur NV-SA og er 1,5x5 m að innanmáli. Vesturhorn hólfs C tengist austurhorni hólfs B. Um 0,5 m breiður inngangur er á NV vegg hólfs C. Veggir tóftarinnar eru 1-2,5 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Tóftin er mjög þýfð og veggir hennar mjög signir svo erfitt er að sjá upprunalega lögun hólfa, sérstaklega hólfs B. Veggir hennar eru grasi- og mosagrónir og hvergi sést í grjóthleðslur nema stór náttúruleg björg í SA vegg hólfs A. Um 110 m suðvestan við tóft er um 52 m langt grasi- og mosagróið garðbrot sem liggur í NV frá brún Þrándarholts og niður í átt að læk í Hrafnsgili. Garðlagið er torfhlaðið, um 1-1,5 m á breidd og um 0,4-0,6 m á hæð. Svæðið sem tóftin og garðlagið ná yfir er um 120x50 m að flatarmáli.

Hættumat: engin hætta




Tóft til vinstri (horft til V) og garðlag til hægri (horft til SA)

RA-369:024 tóft fjárhús

Tvær fjárhústóftir eru um 400 m austan við bæjarhól 001. Tóft A er um 360 m A við bæ 001, um 5 m sunnan við gerði 022 og um 355 m VNV við tóft 021. Tóft B er um 408 m NV við tóft 021 og um 65 m ASA við tóft A. Báðar tóftirnar sjást uppi á hamrinum frá bæ 001, norður endi tóftar B er beint í austur frá suður

63°54.418N 20°33.379V



Fjárhústóftir um 360-400 m A við bæjarhól

enda tóftar A. Tóftirnar standa á brún hamarsins í grasi- og mosagrónum móa. Brekka hallar um 5° til suðurs. Tóftirnar tvær snúa norður-suður, veggir þeirra eru hlaðnir úr torfi og grjóti og einn inngangur er á suðurhlið hvorrar tóftar. Samkvæmt Davíð Sigfússyni, heimildamanni, voru tóftirnar fjárhús. Tóft A er einföld, um 13 m á lengd og 7 m á breidd. Veggir hennar eru grasi og mosagrónir að utanverðu, 1,5-2 m á breidd og 1,5-1,8 m á hæð. Viðar- og bárujárnsþak hennar er hrúnið ofan í tóftina og virðist bárujárnið hafa verið njörfað niður með torfi. Op var í þaki á norðurenda tóftar svo hugsanlega hefur verið hlaða í þeim enda hennar skilið frá fjárhúsi með viðarþili. Lítur út fyrir að norðurendi tóftar sé byggður inn í brekkuna upp frá hamrinum en tóftin stendur 3 m norðan við brún hans. Tóft B er um 65 m ASA við tóft A. Tóftin er tvískipt 13 m á lengd og 5 m á breidd. Nyrðra hólfið er 3x4 m að innanmáli og syðra hólfið er 3x5 m. Um 0,5 m op var trúlega á milli hólfa en grjótveggurinn milli hólfa er hruninn svo nú aðeins sjást óljósar leifar. Hleðslurnar eru signar og ekkert þak var sjáanlegt. Veggir hennar eru 1,5-2 breiðir og 1-1,6 m háir.

Hættumat: engin hætta




Tóft A er til vinstri (horft til S) og tóft B til hægri (horft í S)

RA-369:025 tóft fjárhús

63°54.395N 20°33.836V

Tóft er um 35 m norðan við rétt 018, um 140 m norðan við bæ 001, um 340 m suðaustan við Hárlaugsstaði og um 40 m suðaustan við læk í Hamragili. Samkvæmt Davíð S. Sigfússyni, heimildamanni, var húsið fjárhús. Tóftin er á bala milli lækjar í Hamragili og hamra fyrir ofan bæ. Á svæðinu eru grasi- og mosagróin mói með rofabörðum hér og þar. Tóftin er einföld,

snýr norður-suður og er grasi- og mosagróin. Tóftin er 14x7 m á breidd að utanmáli og 2x12 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti, eru 0,5-0,6 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Fjöldi umfara óþekktur. Litlir sem engir veggir eru á norður og suðurenda tóftar en mikið er af



Fjárhústóft um 140 m N við bæjarhól, horft til S

hrundu grjóti við suðurenda sem bendir til þess að veggur staðið þar áður en inngangur verið á

norðurhlið. Sunnan við tóftina er vegslóði sem liggur í norðaustur meðfram hömrinum. Engar undirstöður fyrir garða eða jötur eru greinanlegar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-369:026 tóft beitarhús

63°55.007N 20°32.774V

Tóft er um 1500 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m fast norðan við norðanvert horn þar sem tveir langir skurðir sem liggja SA-NV og A-V mætast. Þessir skurðir skilja að tóft 026 og Borgarríma 005. Samkvæmt Davíð Sigfússyni var tóftin sauðahús. Tóftin stendur utan í bakka sem stendur 3-4 m hærra en mýrin sem er sunnan, suðvestan og vestan við hann. Bakkin er mosa- og grasigróinn og mjög þýfður. Rofabarð er sunnan og suðaustan við tóft. Tóftin er tvöföld og liggur NV-SA, með inngang á norðvesturenda hennar. Hún er 17 metrar á lengd og 7 metrar á breidd að utanmáli. Suðausturhólf tóftar er 2x1 m að innanmáli og gæti verið hlaða eða heygarður. Norðvesturhólf hennar er 2x10 m. Steinhlaðin þrep liggja niður í SA hólfið úr NV hólfi. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti, eru 0,4-0,9 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Veggirnir eru grasi- og mosagrónir. Viðarbútar og járn eru ennþá til staðar ofan í hólfum en engin greinanleg ummerki eru um undirstöður fyrir garða eða jötur.

Hættumat: engin hætta



Fjarhústóft um 1500 m NA við bæjarhól, horft til SA

RA-369:027 frásögn um vað

63°54.340N 20°33.917V

Vað var um 132 m VNV við bæ, um 122 m SV við fjárhústóft 025 og um 175 m SSV við helli 008. Lækurinn er í 3-5 m djúpu gili með grasigrónar brekkur á báðar hliðar sem halla 15-30°. Lækurinn er 3-4 m breiður og mjög grunnur og grýttur á brún fossins. Auðvelt að komast yfir gangandi. Sést til gamalla hjólfara sem liggja upp á vesturbakka Hamragils en hvorugu megin sést í gamlar hestagötur í brekkunum. Samkvæmt Davíð Sigfússyni heimildamanni var farið var yfir lækinn á brún fossins í Hamragili áður en brúin kom. Austurbakki gilsins er vaxinn háu grasi og er brattari en rofinn vesturbakkin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-370 Hárlaugstaðir


15 hdr. 1709. [1524]: Gefur Ögmundur biskup Hárlaugsstaði og Hús í Holtum fyrir Kolsholt í Flóa. DI IX, 256. HP telur Hárlaugsstaðir rétt nafn á jörðinni er Háleygsstaðir gætu átt við sem forn nafn. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók 1923, 21. "Jörðin er nokkuð stór, að jöfnu votlend og þurrland, mjög skjólgóð." Nýbýlið Borgarholt stofnað árið 1941. SB V, 366. 1709: "Engjum spillir Steinslækur, nær vatnavextir eru um sumur; ber hann uppá slægjulandið leir og ókláindi, so heyið verður þá peningi ekki til nota, en nær ís leysir um vor og vetur, rótar jakaferð grasrót í burt, og er slægja til keypt, þó gagnlítil sje, af ábúanda á jörðunni Húsum, kemur þar fyrir greiði, sem ábúendur forlíkast um." JÁM I, 357. 1840: "... hefur góða haga, í minna lagi engjar." SSR, 205. 1920: Tún 3,5 ha, sléttað 1,5 ha, garðar 140 m².

Hárlaugsstaðir, Ásahreppi

Stærð túna: 3,5 ha

Þar af slétt: 1,5 ha

Stærð matjurtagarða: 740 m²




Kort af túnum Hárlaugsstaða frá árinu 1920

RA-370:001 Hárlaugstaðir bæjarhóll bústaður 63°54.423N 20°34.458V

"Hárlaugsstaðir standa upp frá Steinslæk og austan Hárlaugsstaðagils og ber bæjarstæðið hátt. [...] Nýbýlið Borgarholt er byggt úr jörðinni og er 1/4 hluti hennar. Bæjarhóll er um 204 m VSV við nýja íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum og 170-175 m A við íbúðarhúsið í Borgarholti." segir í Sunnlenskum byggðum. Bæjarhóllinn er á hárri hæð milli Borgarholts og nýja íbúðarhússins á Hárlaugsstöðum. Um 1 m fyrir norðan hólinn eru steinsteypt hesthús og hlaða. Austan við hólinn er malarvegur sem liggur N-S og hesthús 003. Sunnan við hólinn er sami malarvegur sem beygir A-V við SA horn bæjarhóls og liggur niður að heimreiðinni að Borgarholti og sléttað tún sunnan er við veginn. Vestan við bæjarhóllinn er þýft og grasigróid plan notað sem hagi fyrir hross, álagahóll 012 og öskuhaugur 013. Bæjarhóllinn er þýfður og grasigróinn, aflangur og um 50 m á lengd, 30 m breidd og 1,5-2,0 m á hæð. Hóllinn liggur A-V og á NV horni hans er gamla fjósið 002 sem tengt var gamla torfbænum. Á SV og SA hornum hans hafa verið grafnir grunnar fyrir gamla steypa bæjarhúsinu sem byggt var 1933 og skemmum. Þessar byggingar eru nú horfnar. Gamli torfbærinn stóð milli íbúðarhússins og skemmanna samkvæmt Sigurlaugu Steingrímsdóttur og Kristínu Andersdóttur heimildamönnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 366




Bæjarhóll, um 200 m VSV við nýja íbúðarhúsið á Hárlausstöðum og 175 m A við Borgarholt, horft til NA

RA-370:002 tóft fjós

63°54.426N 20°34.475V

Fjóstóft er um 9 m sunnan við steinsteypt hesthús, um 175 m austan við íbúðarhúsið í Borgarholti og um 210 m vestan við íbúðarhúsið á Hárlausstöðum. Tóftin er í NV jaðri bæjarhóls. Íbúðarhúsið sem byggt var 1933 stóð fast upp við suðurvegg hennar og steinsteypt hesthús stendur fast norðan við norðurhlið hennar. Tóftin er einföld og snýr A-V. Hún er um 16 m á lengd og 9 m á breidd að utanmáli og 11 m á lengd og 3-4 m á breidd að innanmáli. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir hennar grasigrónir og þýfðir, 1-2 m á breidd og 0,6-1,8 m á hæð. Einn 1 m breiður útgangur sést á norðurhlið hennar og annar jafn breiður var áður á vesturhlið hennar. Seinna var fyllt upp í innganginn á vesturhliðinni og bás fyrir tvo kálfa búinn til. Í vesturhluta fjóss voru tvær básaraðir en í austurhluta þess var aðeins ein röð. Flórinn er einnþá sjáanlegur í vesturhluta hólfsins og var hann byggður úr stórum steinhellum. Samkvæmt heimildarmönnum stóðu einnig stórar steinhellur upp á endann milli básanna og eru brot úr einni ennþá til staðar í norðvesturhorni hólfsins. Út frá staðsetningu hennar virðast básarnir hafa verið um 1 m á breidd. Út frá því má giska á að 10-15 kýr hafi komist fyrir í fjósinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Fjóstóft á bæjarhól, horft til NA

RA-370:003 tóft hesthús

63°54.438N 20°34.421V

Samkvæmt túnakorti var útihús um 15 m austan við bæjarhól. Í dag er tóft um 10 m A við bæjarhól 001 og um 168 m VSV við nýja íbúðarhúsið á Hárlausstöðum og samkvæmt Sigurlaugu og Kristínu, heimildamönnum, var tóftin áður hesthús. Tóftin er á lágum

grasigrónum hól og malarvegur liggur sunnan við hana í A-V um 2 m í burtu. Tóftin er tvískipt og liggur N-S. Tóftin er 11 m á lengd og 10 m á breidd og hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir hennar eru um 0,6-2 m á hæð og 1,5-3 m á breidd. Innanmál nyrðra hólfsins er 3x6,5 m og 3x6 m fyrir hið syðra og bæði snúa þau A-V. Um 1 m breiður inngangur er í nyrðra hólfið á norðurhlið tóftar og annar jafn breiður inn í syðra hólfið á eystri hlið tóftar. Einnig eru 1 m breiðar dyr á milli hólfa í miðju milliveggjar. Mikið hefur hrunið úr inngöngunum, millivegg og norðurhlið tóftarinnar. Inn í hólfunum er einnig mikið af grjóti sem fallið hefur úr veggjunum og trjábútum. Þúfur hafa myndast inni í og ofan á veggjunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Hesthústóft um 15 m A við bæjarhól, horft til A

RA-370:004 heimild um fjárhús

63°54.418N 20°34.689V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 voru útihús um 180 m vestan við bæjarhól 001. Árni Kristinsson, heimildamaður, í Borgarholti man eftir fjárhúsum á þessum stað sem er í dag um 190 m vestan við bæjarhól 001 og um 25 m NV við íbúðarhúsið í Borgarholti. Á þessu svæði er nú sléttur malarbali fyrir vinnuvélar gróinn grasi og arfa. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-370:005 heimild um fjárhús

65°54.422N 20°34.690V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 voru útihús um 180 m vestan við bæjarhól 001. Árni Kristinsson, heimildamaður, í Borgarholti man eftir fjárhúsum á þessum stað sem er í dag um 190 m vestan við bæjarhól 001 og um 30 m NV við íbúðarhúsið í Borgarholti. Á þessu svæði er nú sléttur malarbali fyrir vinnuvélar vaxinn grasi og arfa. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-370:006 *Illugabæli* tóft býli

63°54.492N 20°35.378V

Í örnefnaskrá segir svo: "Vestan við gilið [Litlagil] heitir lægðin með veginum Illabæli [eða Illugabæli], og nær það upp að Borgarholti [007], sem er austar, norður af Fossríma, langt holt [...]." Samkvæmt heimildamanni, Árna Kristinssyni, er örnefnið Illabæli rangt og á það að vera Illugabæli. Heimildamaður benti svo skráningarmanni á tóft í Illugabæli um 580 m NV við Borgarholt [007], um 760 m NV við bæjarhól 001, um 200 m austan við þjóðveg og um 40 m vestan við bæjarlæk sem samkvæmt heimildamanni gæti hugsanlega verið gamalt býli. Tóftin er í flatlendri mýri til suðurs og suðausturs og þýfðum móa til norðurs og norðvesturs.

Tóftin er einföld og snýr SSA-NNV. Veggir hennar eru grasivaxnir, þýfðir og signir, um 0,4-1 m á hæð og 1-2 m á breidd. Tóftin er um 16 m á lengd og 11 m á breidd. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og veggir tóftar eru mjög rofnir hér og þar. Innanmál tóftarinnar er 6x12 m og enginn greinilegur inngangur er sjáanlegur.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Hárlaugsstaðir, 1



Illugabæli, um 760 m NNV við bæjarhól, horft til S

RA-370:007 Borgarholt frásögn fjárskýli 63°54.687N 20°34.961V

"Vestan við gilið [Litlagil] heitir lægðin með veginum Illabæli [Illugabæli samkvæmt Árna Kristinssyni heimildarmanni], og nær það upp að Borgarholti, sem er austar, norður af Fossrima, langt holt ..." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildamanni, var fjárskýli um 640 m NNV við bæjarhól 001, um 740 m NV við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum og um 540 m N við íbúðarhúsið í Borgarholti. Þetta svæði er nú sléttað tún á NA enda Borgarholts. Þessu fjárskýli hefur nú verið ýtt í burtu vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hárlaugsstaðir, 1

RA-370:008 Vörðuás örnefni samgöngubót 63°55.113N 20°34.490V

"Austan við hana [Hofmannaflöt] er holt, sem heitir Skollaás. Austan við hana mýrarsund, en fyrir austan það Vörðuás ..." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildamanni, var varða um 250 m SV við tóft 016, um 1240 m norðan við Hárlaugsstaði og um 940 m suðvestan við Sjónarhól. Hæðin sem varðan stóð á er 8-12 m há, grasi- og mosavaxin og þýfð. Hæðin er aflöng og liggur NA-SV. Mastur stendur við NA enda hæðar og varðan stóð á NA enda hennar. Ekkert sést til vörðu í dag. Varðan var sexstrendur stuðlabergsklettur sem var fjarlægður er rafmagnslínur voru reistar á svæðinu.

Heimildir: Ö-Hárlaugsstaðir, 1-2

RA-370:009 tóft beitarhús 63°55.176N 20°34.142V

Tóft er um 1340 m norðan við Hárlaugsstaði, um 175 m suðaustan við tóft 016A og um 1100 m ASA við tóft 029A. Samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildamanni, var tóftin áður hrútakofi. Tóftin er á NA enda Langaáss sem liggur NA-SV um 160 m SA við Vörðuás

samsíða honum. Ásinn er um 6-10 m á hæð, þýfður og mosa- og grasigróninn. Tóftin er einföld og snýr A-V. Hún er um 5 m á lengd og um 4 m á breidd. Veggir hennar eru grjóthlaðnir og hálf mosa- og grasigrónir. Veggirnir eru um 1 m á breidd og 0,5-0,8 m á hæð. Inngangur inn í tóftina er um 0,5 m á breidd á norðurhlið hennar.

Hættumat: engin hætta



Hrútakofi um 1340 m N við bæjarhól, horft til S

RA-370:010 *Borgarhóll* örnefni fjárskýli 63°54.468N 20°34.127V
 "Austast í túninu er stór hæð, sem heitir Borgarhóll." segir í örnefnalýsingu. Borgarhóll er um 80 m austan við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum og um 285 m ANA við bæjarhól 001 og gefur nafn hans til kynna að fjárskýli hafi verið í nágrenninu. Hóllinn er mosa- og grasivaxinn og 6-8 m hár. Stórt rofabarð er austan og sunnan í hólnum vegna hrossabeitar. Ekkert sést til mannvirkja á hólnum og Kristín Andersdóttir, Sigurlaug Steingrímsdóttir og Árni Kristinsson, heimildarmenn, kannast ekki við tóftir á þessu svæði. Líklegra er að hól dragi nafn sitt af náttúrulegri lögun sinni frekar en útihúsum í nágrenni hans.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hárlaugsstaðir, 2-3

RA-370:011 *Kirkjuklettur* heimild um huldufólksbústað 63°54.404N 20°34.152V
 "Austast í túninu er stór hæð, sem heitir Borgarhóll [010]. Þar er Austurklettur. Austan við hann er djúp laut, sem heitir Klauf, og hjá henni Kirkjuklettur (huldufólkskirkja)." segir í örnefnalýsingu. Kirkjuklettur er um 110 m SSA við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum og um 250 m SA við bæjarhól 001. Kirkjuklettur er náttúruleg bergmyndun í djúpri laut milli Borgarhóls og Vesturkletts. Klettarnir þarna líkjast húsi án burstar með turni og liggja klettarnir N-S með "kirkjuturn" í suður. Í lautinni eru 2 klettur sem liggja lægra en Vesturklettur og Austurklettur og Kirkjuklettur er sá austari. Kletturinn er grasigróinn á toppnum og er hann 20 m langur, 6-8 m breiður og 2-5 m hár. Rennur saman við hólinn fyrir norðan hann. Sést til klettar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hárlaugsstaðir, 2-3

RA-370:012 frásögn álagablettur 63°54.417N 20°34.502V
 Hóll sem álög hvíla á er um 145 m ASA við íbúðarhús í Borgarholti, um 20 m SV við fjós 002 og um 240 m vestan við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum. Hóllinn er í þýfðum grasigrónum bala sem notaður er sem hagi fyrir hross. Hóllinn er grasigróinn, aflangur og liggur N-S. Hann er 0,6-0,8 m á hæð, 6 m á breidd og 8 m á lengd. Í langan tíma hefur verið bannað að grafa í hólinn samkvæmt Kristínu Andersdóttir og Sigurlaugu Steingrímsdóttur,

heimildarmönnum þó ástæðan sé óljós í dag. Eitt sinn gróf hundur í hann sem drapst stuttu síðar er hann varð fyrir bíl.

Hættumat: engin hætta

RA-370:013 frásögn öskuhaugur 63°54.430N 20°34.499V

Samkvæmt Sigurlaugu Steingrímsdóttur og Kristínu Andersdóttur, heimildamönnum, var öskuhaugur Hárlaugsstaða 5-10 m vestan við bæjarhól (001), um 150 m austan við íbúðarhúsið í Borgarholti og um 230 m vestan við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum. Svæðið er nú þýfður grasigróinn bali sem notaður er sem hagi fyrir hross. Samkvæmt heimildamönnum var enginn sérstakur haugur heldur var öskunni hent hér og þar á grasbalann vestan við fjós 002. Engir séstakir haugar er sjáanlegur í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-370:014 tóft útihús 63°55.021N 20°35.690V

Tóft er um 65 m SSA við malbikaðan þjóðveg númer 284 að Heiði, um 1600 m NV við Hárlaugsstaði og um 430 m SV við tóft 029A. Frá veginum sést í norður enda tóftarinnar. Tóftin er í þýfðum mosa- og grasigrónum móa á norðurbrún víðáttumikils 2 m hás rofabarðs. Tóftin er einföld og snýr N-S. Allan suðurvegg og einhvern hluta austur- og vesturveggja vatnar vegna landrofs. Tóftin er 6 m á breidd og aðeins 5 m á lengd. Ómögulegt er að vita hversu löng hún var áður. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en grjóthleðslurnar eru aðeins sjáanlegar í þversniði rofabarðsins. Veggir hennar eru 1,5-2 m á breidd og 0,6-1,2 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs



Útihús um 1600 m NV við bæjarhól, horft í NA

RA-370:015 þústir óþekkt 63°54.991N 20°35.975V

Þústir eru um 250 m vestan við tóft 014, um 70 m NV við þjóðveg númer 284 að Hofi og um 1720 m NV við Hárlaugsstaði. Svæðið er þýft og grasigróið sléttlendi sem hallar um 5° til vesturs. Engar álíkar þústir sjást í næsta nágrenni. Þústirnar eru tveir mjög þýfðir grasigrónir hringlaga hólur. Um 45 m eru á milli þeirra. Sá nyrðri er um 20 m á lengd, 17 m á breidd og 1,5-2 m á hæð. Sá syðri er um 15 m langur, 15 m breiður og 1,5-2 m hár. Engin hólfr eru greinanleg í hólunum vegna þúfumyndunar. Hólarnir tveir standa óeðlilega hátt miðað við umhverfi sitt en tilgangur þeirra er óljós.


Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-370:016 tóftir beitarhús

63°55.224N 20°34.327V

Þrjár tóftir eru um 1420 m NNA við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum, um 950 m austan við tóft 029A og um 1200 m VSV við tóft 014. Samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildarmanni, voru húsin byggð í kringum 1917. Tóftirnar eru á 10-15 m háum ás sem liggur SV-NA. Ásinn er grasigróinn og þýfður og eru tóftirnar eru á NA enda hans. Ásinn er um 50-80 m frá manngerðum skurði sem er NV við hann og liggur samsíða honum. Vestasta tóftin (016A) er þrískipt og liggur NV-SA. Tóftin er 17 m á lengd og 12 m á breidd að utanmáli. Tvö hólfi liggja samsíða NV-SA og eru 2 m á breidd og 12 m á lengd og hafa trúlega verið fjárhús. Þriðja hólfið liggur NA-SV og er SA við hin tvö. Hólfið er 2 m á breidd og 7 m á lengd og

hefur trúlega verið hlaða. Veggir tóftarinnar eru 2-3 m á breidd og 1-1,6 m á hæð. Þeir eru grasigrónir en rofabörð eru í þeim hér og þar. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Inngangar inn í tóftina hafa verið á viðarþili á NV hlið og skilið hefur verið á milli allra hólfa með viðarþiljum. Ennþá eru leifar af



Fjárhústóftir um 1400 m NNA við Hárlaugsstaði, ljósmynd af tóft A, horft í N

timbri og bárujárnri inni í tóftinni. Miðtóftin (016B) er einföld og liggur NV-SA. Hún er 5 m á breidd og 5 m á lengd að utanmáli og 2 m á breidd og 2 m á lengd að innanmáli. Veggir hennar eru 0,4-1,2 m á hæð og 1-2 m á breidd. Þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tvö rofabörð eru í veggjunum. Um 1 m breiddur inngangur í tóftina hefur verið á NV hlið og ennþá eru leifar af timbri og bárujárnri í botni hennar. Tóftin gæti hafa verið hrútakofi. Eysta tóftin (016C) er einskipt og snýr NV-SA. Hún er 11 m á lengd og 6 m á breidd að utanmáli og 2 m á breidd og 9 m á lengd að innanmáli. Þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og grjóthleðslur eru sjáanlegar en fjöldi umfara er óþekktur. Veggirnir eru um 2 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Tvö rofabörð eru í veggjunum. Um 2 m breitt op er á SA enda tóftar og hefur trúlega verið lokað með viðarþili. Tóftin hefur trúlega verið fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna rofs




Tóft B til vinstri (horft til SA) og tóft C til hægri (horft til NNV)

RA-370:017 þúst mylla

63°54.153N 20°35.245V

Þúst er um 810 m SV við bæjarhólinn á Hárlaugsstöðum (001), um 210 m SV við brú yfir Stóragil (Hárlaugsstaðagil) og um 1 m NV við læk. Þústin er á grasi- og mosagrónum lækjarbakka sem hallar um 5-10° í SA. Bakkin er 0,5-0,8 m á hæð og er lækurinn hér beinn og straumpungur. Þústin er einföld, um 5 m á lengd og 5 m á breidd að utanmáli og 3 m á lengd og 3 m á breidd að innanmáli en mjög óskýr. Veggir þústarinnar eru um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildamanni, var myllan rifin vegna sífellds þjófnaðar á mjöli.

Hættumat: engin hætta




Þúst um 810 m SV við bæjarhól, horft til NV

RA-370:018 tóft útihús

63°54.383N 20°34.243V

Tóft er um 130 m sunnan við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum og um 190 m SA við bæjarhólinn 001. Samkvæmt Árna, Sigurlaugu og Kristínu, heimildarmönnum, var tóftin ekki í notkun þegar Erlendur Jónsson (f.21.2.1899) sonur Jóns Runólfssonar og Vilborgar Jónsdóttur (ábuenda Hárlaugsstaða 1892-1935) man fyrst eftir sér. Tóftin er á aflöngum kletti sem kallast Vesturklettur og er 4-5 m á hæð og liggur NA-SV. Kletturinn er mosa- og grasigróinn og flatur að ofan. Tóftin er einföld og liggur NA-SV. Hún er um 8 m á lengd og 5 m á breidd að utanmáli og 1,5 m á breidd og 7 m á lengd að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru um 1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð, mosa- og grasigrónir og mjög signir. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar á yfirborði.

Hættumat: engin hætta



Tóft um 190 m SA við bæjarhól, horft til SV

RA-370:019 garðlag túngarður

63°54.416N 20°34.104V

Garðlag er um 84 m ASA við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum, um 72 m SSV við Kirkjuklett (011). Norðan við garðlagið er skógræktarblettur, austan við það er þýfður mói, sunnan við það er klettabrún og vestan við það er tún. Garðlagið er um 50 m á lengd, 0,4-1 m á hæð og 1-2 m á breidd. Það er mosa- og grasivaxið og hlaðið úr torfi. Suðurendi þess er úti á brún Austurkletts. Við þann enda er um 9 m langt skarð í garðlagið vegna rofs. Frá suðurenda liggur garðlagið í norður 25 m áður en það beygir í NNV upp á hól og heldur áfram aðra 25 m áður en það endar snögglega við skógræktarblett SA við íbúðarhúsið. Á túnakorti frá því um 1920 eru útjaðrar heimatúns á svipuðu svæði og garðlagið er í dag svo ekki er ólíklegt að það séu leifar gamals túngarðs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-370:020** tóft rétt

63°54.610N 20°34.532V

Rétt er um 350 m NA við bæjarhól 001, um 370 m N við íbúðarhúsið í Borgarholti og um 380 m NNV við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum. Réttin er í þýfðri og grasigróinni brekku sem hallar um 20° í SSA um 12 m VSV við tún sem er umkringgt háu torfhlöðnu garðlagi sem Erlendur Jónsson byggði á 20.öld með aðstoð vélarafls. Réttin er einföld og liggur NNV-SSA. Réttin er 12 m á breidd og 15 m á lengd. Um 1 m breiður inngangur er á SSA hlið hennar og norður og vesturveggir tóftar eru að hluta til byggðir inn í brekkuna. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti, eru um 2 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð en fjöldi umfara er óþekktur. Innanmál réttar er 10 m á lengd og 7 m á breidd og botn hólfs er mjög lýtið þýfður. Hrunið hefur örlítið úr öllum veggjum.

Hættumat: engin hætta

Rétt 350 m NA við bæjarhól, horft til SA


RA-370:021 Kristínarás bæjarstæði býli

63°54.554N 20°34.633V

Tvær tóftir eru um 25 m vestan við túnið á Kristínarási, um 130 m SV við tóft 020, um 270 m NNV við bæjarhól 001 og um 250 m NNA við íbúðarhúsið í Borgarholti. Samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildamanni, var einsetukona nefnd Kristín sögð hafa búið þarna á ásnum. Tóftirnar eru á 12-15 m háum grasi- og mosagrónum ás 5-10 m frá vesturbrún hans. Austan við þær er sléttað tún umkringgt háu garðlagi sem Erlendur Jónsson byggði á 20. öld með hjálp vélarafls. Vestan við þær neðan við ásin er mjög þýfður grasigróinn hagi. Tóftirnar eru grasi-

og mosagrónar, mjög signar og eru um 2 m á milli þeirra. Í nyrðri tóftinni glittir í grjóthleðslur í norður og austurveggjum hennar. Nyrðri tóftin er einföld, um 10 m á lengd og 6 m á breidd að utanmáli og 6 m á lengd og 2 m á breidd að innanmáli og liggur N-S. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð og hlaðnir úr torfi og grjóti. Enginn inngangur er sjáanlegur. Syðri tóftin er tvískipt, um 8 m á lengd og 7 m á breidd að utanmáli og liggur NV-SA. Innanmál hólfanna sem liggja samsíða NV-SA er 4 m á lengd og 2 m á breidd í SA hólfinu og 2 m á lengd og 2 m á breidd í því NV. Veggir tóftarinnar eru um 1-2 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjáanlegar en inngangur inn í tóftina er um 1 m breiður á NV enda hennar. Einnig eru 1 m breiðar dyr á milli hólfa inni í tóftinni um tvo metra SA við aðalinngang.

Hættumat: engin hætta



Kristínarás, nyrðri tóft til vinstri (horft til NV) en sú syðri til hægri (horft til SSV)

RA-370:022 garðlag óþekkt

Garðlag er 5-10 m NV við íbúðarhúsið í Borgarholti, um 700 m VNV við bæjarhól 001 og um 890 m VNV við íbúðarhúsið á Hárlausstöðum. Svæðið er grasi- og mosagróinn þýfður mói á syðri lækjarbakka læks í Stóragili (Hárlausstaðagili). Garðlagið er að minnsta kosti 28 m langt, 1 m breitt, 0,2-0,4 m hátt og liggur í NNA-SSV meðfram læk. Garðlagið er grjóthlaðið þar sem í það sést á bakka lækjar en ekki er hægt að rekja það mjög langt þar sem það er mjög sokkið í jarðveg þar sem lækurinn hefur ekki rofið frá því. Ekki er alveg ljóst hvort um er að ræða manngerðan garð eða náttúrulega myndun en mjög hugsanlegt er að garðlag hafi verið byggt á þessum stað t.d. til að stýra rennsli lækjarins eða sem flóðvarnargarður.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

63°54.511N 20°35.303V




Garðlag um 700 m VNV við bæjarhól, horft til NNA

RA-370:023 tóftir óþekkt

63°54.426N 20°35.149V

Tvær tóftir eru 560 m vestan við bæjarhól 001, um 380 m vestan við íbúðarhúsið í Borgarholti og um 483 m SV við Kristínarás 021. Tóftirnar eru í þýfðum og grasigrónum móa í brekku sem hallar 10-15° í SV. Tóftirnar tvær eru þýfðir grasi- og mosagrónir hólar og er nyrðri hóllinn um 30 m norðar en sá syðri. Eystri hóllinn (A) er um 15 m á lengd og 13 m á breidd að utanmáli og 6 m á lengd og 4 m á breidd að innanmáli. Ekki er hægt að sjá nema eitt 0,2 m djúpa dæld í miðjum hólnum og er hún mjög þýfð og óskýr. Hóllinn snýr NV-SA og er 2-3 m á hæð. Vestari hóllinn (B) snýr NNV-SSA, er 0,8-1,2 m hár, um 10 m á lengd og 9 m breiður að utanmáli og 3 m á lengd og 3 m á breidd að innanmáli.

Hættumat: engin hætta




Tóftir A (nær) og B (fjær) um 560 m V við bæjarhól, horft í SV

RA-370:024 mannvirki óþekkt

63°54.497N 20°35.227V

Mannvirki er um 640 m VNV við bæjarhól 001, um 460 m NV við íbúðarhúsið í Borgarholti og um 820 m VNV við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum. Svæðið er mosa- og grasigróinn mói sem hallar 5-10° í SA. Um 20 m NA við hólfið er sléttað tún. Mannvirkið er reglulegt ferhyrnt hólfi 17 m á breidd og 18 m á lengd með útskoti um 7 m á breidd og 14 m á lengd sem grafin hafa verið 0,4-0,6 m í jörðu. Hlutverk mannvirkisins er óþekkt en gæti hugsanlega verið gömul mógröf.

Hættumat: engin hætta



Óþekkt mannvirki um 640 m VNV við bæjarhól

RA-370:025 tóftir óþekkt


63°54.454N 20°35.261V

Fjórar tóftir eru um 655 m VNV við bæjarhól 001, um 470 m VNV við íbúðarhúsið í Borgarholti og um 850 m V við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum. Tóftirnar eru á hæð sem liggur NNA-SSV 10-15 m frá læk sem rennur NNA-SSV í Stóragili (Hárlaugsstaðagili). Hæðin er þýfð, grasi- og mosagróin og 4-6 m á hæð. Allar tóftirnar eru austan við lækinn á svæði sem er um 85x35 m að flatarmáli og snýr NNA-SSV. Tvær tóftir (A og B) eru uppi á hæðinni og eru 25 m á milli þeirra. Þriðja tóftin (C) er um 40 m sunnan við þær efstu neðarlega á suðuröxl hæðarinnar. Fjórða tóftin (D) er 3 m frá lækjarkakkanum á litlum

þýfðum, mosa- og grasigrónum bala um 18 m VSV við tóft C og hæðina sem hinar þrjár tóftirnar eru á. Tóft B er nyrst uppi á hæðinni. Hún er einföld, um 8 m á lengd og 6 m á breidd að utanmáli og snýr NA-SV. Innanmál tóftarinnar er óskýrt en hugsanlegur inngangur hefur verið á SV enda hennar. Hún er þýfð og grasi- og mosagróin og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir hennar eru um 2-4 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Tóft A er syðri tóftin uppi á hæðinni. Hún er einnig einföld, um 11 m á lengd og 10 m á breidd að utanmáli og snýr NA-SV. Hún er þýfð, grasi- og mosagróin og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir hennar eru um 4 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Engin inngangur er sjáanlegur og innanmál tóftarinnar er 3 m á lengd og 2 m á breidd.

Tóft C út á öxl hæðarinnar er einföld og snýr N-S. Hún er um 7 m á lengd og 4 m á breidd að utanmáli og 5 m á lengd og 2 m á breidd að innanmáli. Tóftin er óskýr og hallar 10-20° í suður. Veggir hennar eru 0,5-1 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Hvorki grjóthleðslur eða inngangur eru sjáanleg. Tóft D er á lækjarbakkanum og er hún minnst. Hún er einnig einföld og snýr SA-NV. Tóftin er um 4 m á lengd og 3 m á breidd að utanmáli og 2 m á lengd og 1 m á breidd að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru um 1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Hún er skýr, mosa- og grasigróin en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Inngangur er um 0,8 m breiður og er á NA hlið tóftar.

Hættumat: engin hætta



Fjórar tóftir á hæð um 650 m VNV við bæjarhól



Tóft 025A til vinstri (horft til SV) og tóft 025B til hægri (horft til NNA)



Tóft 025C til vinstri (horft til S) og tóft 025D til hægri (horft til SSA)

RA-370:026 náma mógrafir

63°54.194N 20°35.156V

Mógrafir eru um 570 m VSV við íbúðarhúsið í Borgarholti, um 110 m sunnan við malarveginn upp að Borgarholti og 40-50 m austan við læk í Stóragili (Hárlaugsstaðagili). Svæðið er þýfður grasigróinn mói á barmi Stóragils. Í botni grafanna er þýfð deig mýri. Mógrafirnar eru aflangar, ferhyrndar og liggja SSV-NNA. Svæðið er um 75 m á lengd, 18 m á breidd þar sem það er breiðast og 0,4-1 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta



Mógrafir um 570 m VSV við Borgarholt, horft til SSV

RA-370:027 garðlag túngarður

63°54.315N 20°34.851V

Garðlag er um 240 m SV við íbúðarhúsið í Borgarholti og um 15 m sunnan við veginn upp að Borgarholti. SV endi garðlags er 100-150 m NA við þjóðveg 1 og um 560 m NV við íbúðarhúsið á Áshóli (RA-366:001). Garðlagið er í sléttuðu túni í órækt sem hallar 5° í SV. Garðlagið er torfhlaðið, liggur NA-SV, er 425 m á lengd, um 1 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. NA endi garðlags hverfur í þúfur og gras um 15 m sunnan við veginn upp að Borgarholti og SV endi hverfur undir hrúgur af fyllingu 5 m frá skurði sem liggur A-V skáhallt á garð. Samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildamanni, er garðlagið túngarður sem skipti upp engjum frá Borgarholti og Hárlaugsstöðum sem kölluðust Vesturengjar og Austurengjar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Garðlag um 240 m við Borgarholt, horft til SV

RA-370:028 laug sundlaug

63°54.058N 20°34.343V

Sundlaug er um 180 m ANA við íbúðarhúsið á Áshóli um 20 m frá austurbakka Steinslækjar og um 750 m SSV við íbúðarhúsið á Hárlaugsstöðum. Sundlaugin var byggð árið 1915 er Erlendur Jónsson var unglingur var hún í notkun til 1941. Vestan, austan og norðan við sundlauginna er mjög deig grasigróin mýri og sunnan við hana er þurr þýfður mosa- og grasigróinn mói. Sundlaugin var torfhlaðin með malarbotni. Laugin er 17 m á lengd og 6 m á breidd. Líklega hefur vatni verið veitt í lauginna úr litlum læk sem rennur suður í Steinlæk rétt austan við hana. Enginn jarðhiti er í næsta nágrenni. Í dag er hún aðeins 0,5 m á dýpt og er greinilegt að reynt hefur verið að fylla upp í hana og grafinn hefur verið skurður út frá henni svo vatnið sem safnast saman í henni renni út í Steinlæk frekar en að safnast saman. Bakkar laugarinnar eru þurrir, þéttir og grasigrónir.

Hættumat: engin hætta


Sundlaug á austurbakka Steinslækjar um 180 m ANA við íbúðarhúsið á Áshóli, horft til SA

RA-370:029 tóft beitarhús

63°55.235N 20°35.495V

Beitarhústóft er um 1700 m NNV við bæjarhól (001) á Hárlaugsstöðum, um 2400 m NNV við Áshól RA-366:001 og 50 m NNV við veg 284 sem liggur að Hofi. Samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildamanni, var húsið sauðahús sem byggt var um aldamótin 1900. Í veggjum annarrar tóftarinnar (029 eða 030) fannst sauðavala. Tóftin er í grasi- og mosagrónum móa á aflangri hæð sem liggur NA-SV meðfram vegi 284. Á þessum stað er sumarbústaður að rísa. Tóftin er grasigróin, tvískipt og snýr NV-SA. Grjóthlaðnir veggir skipta tóftinni í tvennt með 1 m breiðar dyr á milli þeirra sem nú eru fallnar saman. Tóftin er um 19 m á lengd og 9 m á breidd að innanmáli og hólfin tvö, sem snúa NV-SA, eru um 4 m á lengd og 4 m á breidd (NV hólfi) og 9 m á lengd og 5 m á breidd (SA hólfi). Líklega hefur norðvestara hólfið verið hlaða og hitt skepnuhús. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru 1,5-2,5 m á breidd og 0,4-1,5 m á hæð. Um 1 m breiður inngangur er á SA enda tóftar. Hólfin eru þýfð og gróin háu grasi og víði. Veggir tóftarinnar eru að liðast í sundur og á SA enda tóftar eru veggirnir lægri en annars staðar vegna rofs. Engar undirstöður fyrir garða eða jötur eru greinanlegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Tóft um 1700 m NNV við bæjarhól (001), horft til vesturs á ljósmynd

RA-370:030 tóft hesthús

63°55.202N 20°35.566V

Hesthústóft er um 85 m SV við tóft 029 og 50 m NNV við veg 284 sem liggur að Hofi. Samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildamanni, var húsið trippakofi sem byggt var um aldamótin 1900. Í veggjum annarrar tóftarinnar (029 eða 030) fannst sauðavala. Tóftin er í grasi- og mosagrónum móa á aflangri hæð sem liggur NA-SV meðfram vegi 284. Á þessum stað er sumarbústaður að rísa. Tóftin er grasigróin og snýr NV-SA. Hún er einskipt, um 9 m á lengd og 6 m á breidd að utanmáli og 5 m á lengd og 2 m á breidd að innanmáli. Inngangurinn er 0,6 m breiður á NV enda þess. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og torfi og eru um 2 m á breidd og 1,5-2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft um 85 m SV við tóft 029, horft í vestur á ljósmynd

RA-370:031 garðlag kálgarður

63°54.424N 20°34.492V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var 20x15 m stór kálgarður sem lá N-S fast vestan við bæjarhól. Á þessu svæði er nú grasivaxið og þýft plan notað sem hrossahagi. Ekkert sést til garðlaga í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-370:032 garðlag kálgarður

63°54.438N 20°34.442V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var 15x15 m stór kálgarður við NA horn bæjarhóls. Á þessu svæði er nú sléttað malarplan og steinsteypt hlaða. Ekkert sést til garðlaga í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-370:033 garðlag kálgarður

63°54.430N 20°34.429V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var 15x10 m stór kálgarður sem lá N-S fast austan við austurenda bæjarhóls milli hóls og hesthúss 003. Á þessu svæði er nú malarvegur sem liggur N-S að hesthúsi. Ekkert sést til garðlaga í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-370:034 garðlag kálgarður

63°54.418N 20°34.457V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var 60x10 m stór kálgarður sem lá A-V fast sunnan við suðurenda bæjarhóls. Á þessu svæði er malarvegur sem liggur í vestur að heimreið að Borgarholti. Ekkert sést til garðlaga í dag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-370:035 *Eiríksvarða* heimild um óþekkt

63°54.257N 20°34.771V

"Vestan við bæinn er Hárlausstaðagil [Stóragil samkvæmt Árna Kristinssyni heimildamanni]. Austan við gilið, neðst, er smáhóll, Eiríksvarða." segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 400 m VSV við bæjarhól 001, um 300 m SSV við íbúðarhúsið í Borgarholti og um 2 m SA við skurð sem liggur NA-SV yfir engjarnar. Hóllinn er grasi- og mosagróinn, 3-5 m á hæð og fellur austurhlið hóls inn í landslagið á meðan vesturhlið hans er greinileg. Hóllin er í raun smá öxl í landslaginu. Norðan og sunnan við hólinn eru sléttuð tún í órækt sem kölluðust áður Vestur- og Austurengjar. Girðing liggur þvert yfir hólinn. Engin varða sést á hólnum og Árni Kristinsson kannast ekki við að varða hafi nokkurn tíma verið á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hárlausstaðir, 1

RA-370:036 *Hofmannaflöt* örnefni

65° 55.480N 20° 34.803V

Í örnefnaskrá segir svo: "Austan við Galtarholt eru mýrar, sem heita Vesturkrikar, og upp af þeim Hofmannaflöt." Hofmannaflöt er um 2 km norðan við Hárlausstaði 001, um 1,7 km vestan við Heiði RA-378:001 og 40-60 m suðaustan við beygju í vegi 284 í ASA átt að Heiði. Hofmannaflöt er grasigróin slétt flöt í þýfðum mosagrónum móa. Flötin er slétt, hallar um 2-4° í suður. Hún er egglega og grasigróin, um 35 m á breidd og um 40 m á lengd. Í jöðrum hennar vex víðir. Ekkert sést til fornleifa. Árni Kristinsson, heimildarmaður, þekkir ekki uppruna nafnsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hárlausstaðir, 2



Hofmannaflöt RA-370:036, horft til austurs

RA-370:037 götur leið

63° 55.492N 20° 34.820V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: "Alfaraleiðir yfir sóknirnar eru: Fyrst frá Egilsstaðferju á Þjórsá yfir Kálfholtssókn liggur vegurinn fyrst spölkorn inn með ánni austur yfir mýrarsundið í svokallað Fjárhúsholt austur fyrir framan Lónsheiði, yfir Lónið á jarðbrú í landnorður upp á Miðmundarholt austur fyrir norðan Krosshól fyrir norðan Brattahól austur á Kambsheiði í Marteinstungusókn eða upp á milli Gíslholtsvatna í Hagasókn." Árni Kristinsson, heimildarmaður, benti skráningarmanni á götur um 2000 m norðan við Hárlausstaði 001, um 1700 m vestan við Heiði RA-



Götur RA-370:037, horft til VSV


378:001 og 40-60 m SA við beygju í veg 284 í ASA að Heiði sem hugsanlega gætu tengst þeirri alfaraleið sem lýst er hér að ofan. Á þessu svæði er mosa- og víðigróinn mói. Göturnar eru samsíða og að minnsta kosti 6-10 talsins, um 0,4 m djúpar og <0,3 m breiðar. Göturnar lágu meðal annars frá Heiði (sjá RA-378:018) og þeim hluta sveitarinnar úr ASA og beygðu í SV meðfram Galtarholti í átt að Egilsstaðferju RA-375:018. Við Krosshól voru gatnamót þar sem leiðin skiptist og fór ein leiðin í átt að Króksferju RA-377:006 og hin í átt að Egilsstaðferju (sjá einnig RA-374:007) norðan og sunnan við Hofmannaflöt 036 um þýfða mosa- og víðigróna móa.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SSR, 210

RA-371 Húsar

15 hdr., 1534/1709. "Húsar voru fornbylí í Holtum. Þeirra getur í máldaga Oddakirkju 1270 og hétu þá Gásahús." SB V, 360 sjá DI II, 86-88. [1524]: Gefur Ögmundur biskup Hárlaugsstaði og Hús í Holtum fyrir Kolsholt í Flóa. DI IX, 256. 1534: Ögmundur biskup selur jörðina fyrir 15 hndr. DI IX, 695. 1709: "Engjum spillir Steinslækur eins sem fyrr segir um Hárlaugsstaði." JÁM I, 358. 1920: Tún 3,5 ha, sléttað 0,7 ha, garðar 1600 m².




Kort af túnum Húsa frá því um 1920

RA-371:001 Húsar bærjrhóll bústaður 63° 53.812N 20° 36.572V
 „Húsar voru austasta býlið í Hamrahverfi. Jarðnæði var ekki stórt en grasgefið, skiptist í mýri og móa og hallaði í áttina niður að Steinslæk," segir í Sunnlenskum byggðum V. Húsar eru austan vegar nr. 288 og er bæjartóftin einungis um 80 - 100 m frá honum. Jörðin er í eyði en er í eigu sumarbústaðaeiganda sem hafa byggt sér sumarhús á jörðinni og er bærjrhóllinn um 50 m vestnorðvestan við vestasta sumarhúsið af þeim þremur sem eru á jörðinni. Tvíbýlt var á jörðinni og stóðu bæirnir sennilega fram á 5. áratug 20. aldar en þá var byggt lítið íbúðarhús á jörðinni sem Guðrún Gísladóttir og Menselder Raben Mensaldersson bjuggu seinast í. Það er um 90 m austan bærjrhóllinn 001. Bæjartóftin er vel greinileg og var undir þaki til síðasta áratugar 20. aldar en er nú hrunin. „Austan við er Fjóshóll, og lá braut milli hans og folaldakofans [bæði Fjóshóll og folaldakofinn er hluti af bærjrhúsaröðinni]. Þar var t.d. farið um með kýrnar, og við hirðingu var farið þar með heyvagn, og mátti ekki miklu muna, að vagninn kæmist, brautin var ekki breiðari en svo. Fjóshóll er laus við fjósin, er austan en þau. Hann er sléttur og grasgefinn. Ekki mátti hreyfa við honum, en hann var þó sleginn. Ekkert hús var á hólnum," segir í örnefnalýsingu. Fjóshóllinn er flatur hóll sem er inn í bærjrhúsaröðinni og á bærjrhólnum og eins og segir í örnefnalýsingunni þá hefur ekki verið byggt á honum. Bærjrhóllinn er í sléttu grösugu landi sem er afgirt og þétt upp við bærjrhóllinn eru komnir nokkrir sumarbústaðir. "Fram um 1950 voru bæirnir þar einstakt dæmi um lífskjör íslenskrar alþýðu á liðnum tíma, lágreistir, hlýlegir, hlaðnir úr torfi og grjóti,

löng húsaröð við eina stétt og fjárhúskofar dreifðir út um ógreiðfært tún. [...] Krossbyggt fjögrakúa fjós með hlöðubás var flutt frá Húsum til byggðasafnsins í Skógum og endurbyggt þar [staðsetning útihúsa á Húsum er sýnd á túnakorti frá 1920 en hvaða útihúsamerking á við um fjósið er ekki þekkt]. Beislur í því eru miklar steinhellur alveg með sama hætti og í fornaldarfjósinu í Stöng." segir í Sunnlenskum byggðum V. Bæjarrústin er um 50x30m og snýr austur og vestur, skiptist í 19 hólfi og verða þau merkt með bókstöfum frá a-r. Bæjarrústin skiptist eiginlega í þrjár hólfaraðir og munu flest hólfin hafa haft timburgafl. Í fremstu hólfaröðinni, það er sunnan megin er frekar stór hól sem mun vera Fjóshóll en í nyrstu hólfaröðinni er hólfin stór og opin. Byrjað verður á því að lýsa hólfunum frá austri til vesturs. Austast í tóftinni sunnan megin er hólfi A sem er 4x2m að stærð, hólfi B er vestan megin við það og er 4x3m að stærð en hólfi C er norðan megin við hólfi A og er 3x3m að stærð. Hólfi A og B eru alveg opin til suðurs, það er að segja hafa engan suðurgafli og hólfi C hefur engan norður gafli. Öll þessi hólfi hafa því haft timburgafl. Hólfi D er norðan við hólfi B og er 9x4m að stærð, er op á því til norðausturs og annað til suðvesturs. Gangur er frá hólfi D að hólfi F sem er sunnan við hólfi D og G og vestan við hólfi B, er það 3x3m að stærð og frá því liggja 2m löng göng til suðurs. Vestan við hólfi D er hólfi G sem er 17x7m að stærð og snýr það austur og vestur, er op á því inn í hólfi F um gang sem liggur á milli hólfa. Annað op er vestan megin á hólfi G að hólfi M sem er 14x4m að stærð. Úr hólfi M er síðan innangengt í hólfi K og L. Hólfi K er vestan við hólfi G og er það 4x2m að stærð en hólfi L sem er vestan við hólfi K er 5x1m að stærð, snúa þau bæði norður og suður. Vestan við hólfi L er hólfi N sem er 3x2m að stærð en ekki sést neinn inngangur að því hólfi. Vestan við hólfi F og sunnan við hólfi G er hólfi sem er 13x8m að stærð og vestan við þennan hólfi er hólfi I sem er 7x3m að stærð. Á hólfi I er enginn suðurgafli og síðan er annað op á því sem liggur að hólfi J sem er 4x2m að stærð. Úr hólfi J eru 3m löng göng til suðurs en norðan við hólfi J eru hólfin K og L. Vestan megin við hólfi J og sunnan megin við hólfi N er hólfi O sem er 7x6m að stærð og vestan við hólfi O eru hólfi P, Q og R. Öll snúa þau norður og suður og eru eins og aflangir gangar sem ganga inn í tóftina, P er um 7x1m að stærð, Q er 6x1m að stærð og R er 7x1m að stærð. Norðan megin í tóftinni eru svo vísar að þremur hólfum; hólfi E sem er norðan við hólfi D en það hefur enga vegg í norðurhorninu. Vestan við það og norðan við hólfi G er hólfi H sem er 10x7m að stærð en á því er enginn norðurgafli og vestan megin við það er hólfi S sem er 24x10m að stærð en er eins og hólfi H með engan norðurvegg. Veggheðslur eru um 2 metrar á hæð þar sem þær eru hæstar og eru veggir torf og grjóthlaðnir. Líklegt er að sjálfur bæjarhóllinn sé aðeins stærri en sjálf bæjarrústin og mun hann vera um 1,50 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 360; Ö-Húsar, 4; Túnakort 1920



Tóftir á bæjarhól Húsa

RA-371:002 tóft útihús


63° 53.808N 20° 36.550V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 er tóft er um 4-5 m suðaustan við bæjarhól 001 og svo til fyrir honum miðjum. Kemur það heim og saman við litla tóft sem er 35-40 m austan við sumarhús sem er vestast þriggja sumarhúsa sem eru á jörðinni, suðvestan við tóftina er kartöflugarður. Tóftin er í sléttu landi innan girðingar sem girðir af sumarhús.

Tóftin er 6x5 m að stærð og bara eitt hólf. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er hleðsluhæð veggja um 130 cm. Op er á tóftinni til vesturs og á botni hennar eru glerbrot sem gætu hafa komið úr glugga sem var á húsinu. Flatir steinar eru í gólfi en veggir virðast vera nokkuð innfallnir og er tóftin lítt gróin.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Útihústóft um 5 m SA við bæ 001, horft til S


RA-371:003 tóft útihús

63° 53.843N 20° 36.566V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 50-60 m norðan við bæjarhólinn 001 og er þar að finna litla tóft. Er hún um 80-90 m vestan við tóft 006, um 90 m norðvestan við lítið steinhús sem mun vera Húsar 1 byggt 1952 og um 80-90 m norðnorðvestan við sumarhús sem er vestast þriggja sumarhúsa sem eru á jörðinni. Tóftin er í sléttu og grösugu túni sem er notað sem bithagi fyrir hesta. Tóftin er 9x8 m að stærð og skiptist í tvö hólf sem bæði hafa op til norðurs. Bæði hólfín snúa norður og suður og liggja samhliða. Hólfið vestan megin er heldur minna en hólfið austan megin eða 4x2 m að stærð, en eystra er 5x2 m að stærð. Veggheðslur eru um 120 cm háar og eru steinar og eru viðarleifar á dreif í tóftinni en grjóthleðslur eru einkum áberandi í norðurenda eystra hólfsins. Mikið af þakfni er í tóftinni.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920




Útihústóft um 60 m N við bæ 001, horft til ASA

RA-371:004 tóft útihús

63° 53.868N 20° 36.537V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 100 m norðan við bæjarhól 001 og er þar tóft. Hún er um 20 m vestan við rétt 033 og um 120 m norðan við sumarhús sem er vestast þriggja sumarhúsa sem eru á jörðinni. Tóftin er í sléttu túni sem er bithagi fyrir hesta. Tóftin er einföld. Hún er 9x8 m að stærð og snýr vestur og austur. Hleðsluhæð er um 100 cm og veggjaþykkt um 150 cm. Tvö op hafa hugsanlega verið á tóftinni, stórt op er til vesturs sem gefur til kynna að þar hafi verið trégafl en annað minna op getur hafa verið í norðausturhorninu. Bárujárn og spýtnabrák eru ofan á tóftinni sem munu vera leifar úr þakinu.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920

Tóft um 100 m N við bæ 001, horft til A

RA-371:005 heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 100 m norðan við bæjarhól 001 þétt suðvestan við tóft 004 en þar sér ekkert til minja. Þessi staður er um 20m vestan við rétt 033 og um 120m norðan við sumarhús sem er vestast þriggja sumarhúsa sem eru á jörðinni. Ekki var tekið sér hnit fyrir þessa fornleif þar sem hún á að hafa verið svo nálægt tóft 004. Er hniðið hér að ofan sama og hnit tóftar 004.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-371:006** tóft útihús

63° 53.836N 20° 36.464V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 100 m norðaustan við bæjarhólinn 001 og er þar að finna tóft. Hún er um 70 m norðaustan við sumarhús sem er vestast af þremur sumarhúsum sem eru á jörðinni, og um 20-30 m norðnorðvestan við steinhús á Húsum 1 byggt 1952. Í sléttu og grösugu túni sem er notað sem bithagi fyrir hesta. Tóftin er 9x5 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur, innanmál er 5x3 m og er hún eitt hólf. Op er á tóftinni fyrir miðjum norðvesturvegg sem er langveggur. Hleðsluhæð er um 1m að innanverðu en allt að 2 m að utanverðu. Tóftin er svo til algróin og ekki sást í neinar grjóthleðslur, bárujárn er í botni hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920



Útihústóft um 100 m NA við bæ 001, horft til SA



RA-371:007 tóft útihús

63° 53.830N 20° 36.440V

Samkvæmt túnakorti var útihús um 110 m vestan við bæjarhólinn 001 og er þar að finna tóft. Hún er um 20 m suðaustan við útihús 006 um 10 m norðaustan við lítið steinhús byggt 1952 og um 70 m norðaustan við sumarhús sem er vestast þriggja sumarhúsa sem eru á jörðinni. Í sléttu og grösugu túni sem er notað sem bithagi fyrir hesta. Tóftin er 14x13 m að utanmáli, snýr í norðvestur og suðaustur og skiptist í tvö hólfi. Bæði hólfin virðast hafa haft op til norðvesturs og eru opin það stór að jafnvel má gera ráð fyrir því að þar hafi trégafl verið. Hólfið suðvestan megin er 6x2 m að stærð en hólfið norðaustan megin er 6x5 m að stærð. Í norðaustur hólfinu er blámálaður gámur sem er um 6x2,5 m að stærð og hefur verið fyllt upp í gapið milli tóftarveggja og gáms með jarðvegi. Hitt hólfið er notað undir bárujárnsplötur og annað efni. Suðvesturveggurinn er stystur allra langveggja og hefur mögulega eitthvað verið brotið af honum til að loka vestara hólfinu. Grjóthleðslur eru áberandi í veggjum og sér í lagi milliveggjum sem er milli hólfa og hefur jafnvel eitthvað hrunið úr honum, hleðsluhæð veggja er um 120 cm. Lögum tóftarinnar er undarleg en hún gliðnar töluvert út til norðvesturs og kannski hefur hún eitthvað breyst við framkvæmdir.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Útihústóft um 110 m V við bæ 001, horft til SA

RA-371:008 tóft útihús


63° 53.818N 20° 36.433V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 110 m austan við bæjarhólinn 001. Þar sést eingöngu lítið veggjarbrot, það er 60-70 m austnorðaustur af sumarhúsi sem er vestast af þrem sumarhúsum sem eru á jörðinni og um 90 m norðan við sumarhúsið í miðjunni. Það eru bara um 10 m milli veggjarbrotsins og steinhúss sem er á Húsum 1 byggt 1952. Í sléttu og grösugu túni. Aðeins einn veggur er eftir af tóftinni. Hann er um 6 m langur, hleðsluhæð hans um 1 m og þykkt um 1,20 m. Stefna hans er norður og suður og við norðurendann eru glerbrot sem mögulega hafa komið frá tóftinni en það verður ekki greint hvar opið í tóftina hefur verið því búið er að slétta stærstan part hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920*Veggjabrot tóftar 008, horft til NA***RA-371:009** tóft útihús

63° 53.809N 20° 36.445V

Samkvæmt túnakorti var útihús 90-100 m vestan við bæjarhólinn 001 og er þar að finna litla tóft og er hún um 20 m suðvestan við útihús 008 og um 30 m suðsuðaustan við steinhúsið á Húsum 1 byggt 1952. Tóftin er í sléttu túni og suðvestan við tóftina er troðningur sem liggur að steinhúsi byggðu 1952. Í tóftina hefur verið látið mikið af heyúrgangi og hún að hluta hulin svo að erfitt er að segja til um upprunalega stærð en það sem greint verður gefur til kynna að hún hafi ekki verið minni en 6x5 m. Eins og gefur að skilja er erfitt að segja til um hvort tóftin sé skipt í hólfi eða ekki. Skýrust er tóftin að sunnan og austan. Tóftin snýr í vestnorðvestur og austsuðaustur, hleðsluhæð um 90 cm og veggjaþykkt um 1 m.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920*Útihústóft um 100 m V við bæ 001, horft í NA*

RA-371:010 tóft útihús

63° 53.780N 20° 36.365V

Tóft er um 180 m austsuðaustan við bæjarhólinn 001 og um 20 - 25 m suðsuðvestan við tóft 011. Hún er um 20 m austan við sumarhús sem er annað þriggja sumarhúsa sem eru á jörðinni og um 60 m suðvestan við austasta sumarhúsið. Tóftin er í skruðgarði sem er umhverfis sumarhús og hefur trjám verið plantað norðaustan við tóftina og einnig vestan megin við hana. Ekki eru þó tré í tóftinni sjálfri en milli trágróðurs og tóftar eru aðeins 2 m. Tóftin er 11x6 m að stærð, hún er eitt hólf og snýr norðvestur og suðaustur og er opið á henni suðaustan megin. Innanmál hennar er 7x2 m, hleðsluhæð veggja að innanverðu er um 1,20 m en að utanverðu er hún um 1,80 m. Tóftin er öll vel gróin grasi en þó má sjá grjóthleðslur í veggjum og þá sér í lagi í langveggjum.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar




Útihústóft um 180 m ASA við bæ 001, horft til V

RA-371:011 tóft útihús

63° 53.791N 20° 36.353V

Tóft er rúma 180 m austsuðaustan við bæjarhólinn 001 og 20 - 25 m norðnorðaustan við tóft 010. Hún er í afgirtum skruðgarði sem er umhverfis sumarhús. Þetta sumarhús er eitt þriggja og þeirra austast, er tóftin 30 m suðvestan við þetta sumarhús en um 50 m norðaustan við sumarhúsið sem er í miðjunni. Tóftin er í skruðgarði sumarhúss og hefur trjám verið plantað all nærri henni en næst að suðvestanverðu þar sem aðeins einn metri er á milli. Tóftin er 14x7 m að stærð og er öll mjög skýr, hleðsluhæð veggja að innanverðu er 2 m en að utanverðu er hún ekki nema 90 cm. Tóftin snýr norðaustur og suðvestur og er tvískipt. Stærri hólfið er 8x3 m að innanmáli og hefur op til suðvesturs, á gaflinum en hitt hólfið er norðaustan megin við það og er 2x3 m að stærð. Það snýr norðvestur og suðaustur og hefur op til norðvestur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Útihústóft um 180 m ASA við bæ 001, horft til S

RA-371:012 *Brattistígur* gata leið

63° 54.297N 20° 35.300V

„Í brekkunni var gata, nefnd Brattistígur, og var það nafn ævinlega notað að sögn Margrétar [Einarsdóttur],“ segir í örnefnalýsingu. Brattistígur er í Hárlaugsstaðagili, litlum gilskorningi við mörkin milli Húsa RA-371 og Hárlaugsstaða RA-370, er stígurinn um 30-40 m norður af ræsi sem er undir veginum að Borgarholti. Gilið er mjög grunnt eða eiginlega bara lækjarskorningur. Stígurinn liggur um smá gilskorning niður að Hárlaugsstaðagili, hann er orðinn frekar ógreinilegur og sést lítið af honum nema bara rétt við lækinn. Hann er um 20 cm breiður og ógróinn í botninn. Brattistígur er hluti leiðar sem fólk notaði til að fara milli bæja og til kirkju í Kálfholti.

Hættumat: engin hætt**Heimildir:** Ö-Húsar, 1**RA-371:013** *Kumlholt* örnefni

63° 53.758N 20° 35.623V

„Norðan Steinslækjar, stutt fyrir neðan þjóðveg, er Kumlholt, hátt og langt einstakt holt. Ekki þekkir Margrét [Einarsdóttir] neinar sagnir um nafnið,“ segir í örnefnalýsingu. Kumlholt er norðan Steinslækjar, vestan og suðvestan við þjóðveg nr. 1 og um 700-750 m austsuðaustan við bæjarhólinn á Húsum 001. Stórt gróið hraunholt vaxið móagróðri sem er umlukið sléttri blautri mýri. Ekki varð vart neinna minja á holtinu sjálfu en athyglisverðast eru þrjár hólamyndanir vestast á holtinu. Þær eru frekar lágar, örlítið aflangar og flatar, það er að segja ekki brattar í toppinn en á þeim öllum er lítil hundapúfa þar sem fuglar eiga gjarnan viðkomu. Þessir holar eru grónir en gróðurhulan er frekar þunn. Milli hólanna eru götur RA-371:015 sem láu á engjarnar sem eru umhverfis Kumlholtið. Viss möguleiki er á því að um kuml geti verið að ræða þó að það sé ekki víst. Kuml hefur fundist á öðru Kumlholti á jörðinni Gilsbakka í Eyjafirði.

Hættumat: engin hætt**Heimildir:** Ö-Húsar, 2**RA-371:014** *Tjaldrimi* örnefni tjaldstæði

63° 53.913N 20° 35.071V

„Nær þjóðveginum, alveg með honum, er Tjaldrimi, eini riminn þar. Í Tjaldrima var tjaldað, er verið var við heyskap. Tjaldrimi er rétt hjá Steinslækjarbrú, sem er á þjóðveginum,“ segir í örnefnalýsingu. Tjaldrimi er um 100 m suðaustan við þjóðveg nr. 1 og um 500 m vestan við brú sem liggur yfir Steinslæk. Tjaldrimi er 1,2 km austan við bæjarhól 001. Tjaldrimi er smá upphækkun í landinu, frekar kringlótt svæði sem er umlukið mýrarlandi. Tjaldrimi er næstum því hringlaga móastykki sem er um 20 m í þvermáli og liggur hærra en mýrin sem umlykur það. Ekki er um neinar hleðslur að ræða, þetta lýtur bara út fyrir að vera náttúruleg upphækkun.

Hættumat: engin hætt**Heimildir:** Ö-Húsar, 2**RA-371:015** *Innraskarð* gata leið

63° 53.705N 20° 35.787V

„Norðast í Kumlholti [013] er Innraskarð og syðst Syðraskarð eða Fremraskarð. Farið var um skörðin, t.d. er fært var á engjar.“ segir í örnefnalýsingu. Norðan Steinslækjar, vestan og suðvestan við þjóðveg nr. 1 og um 700-750 m austsuðaustan við gamla bæjarstæðið á Húsum 001 er Kumlholt, hátt og langt einstakt holt. Vestast á þessu holti eru þrjár hólamyndanir og liggja göturnar á milli þeirra. Stórt móagróið hraunholt sem er umlukið sléttri, blautri mýri. Göturnar liggja eftir Kumlholti endilöngu vestur að þremur hólmyndunum þar sem kumlholtið endar. Hefur það verið þurrasta leiðin að fara eftir Kumlholtinu því mýrin umhverfis er mjög blaut. Gatan er ein og er um 40-50 cm breið, frekar djúp á köflum með mold í botni. Lágu göturnar eftir Kumlholti og á engjarnar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Húsar, 2

RA-371:016 *Selsvað* örnefni vað 63° 53.464N 20° 36.130V
„Selsstykkið er við Selsvað. Á Selsvaði er auðvelt að fara yfir Steinslæk, annars er ekki gott að komast yfir hann. Farið var á þessu vaði, er farið var að Seli og annað austur fyrir læk," segir í örnefnalýsingu. Selsvað er um 750-800 m beint suður af gamla bæjarhólnum RA-371:001 og um 530 m suðvestur frá Innraskarði RA-0371:015A sem er vastast á Kumlholti. Vaðið er við góða eyri sem er suðvestanmegin við lækinn, það er að segja Selsmegin en einnig er ágæt uppkoma norðaustan megin þó að hún sé brattari. Aðkoman er góð og beggja vegna eru bakkarnir aflíðandi og því þægilegt fyrir hesta. Lækurinn er þó þrengri hér en víða annars staðar og er ekki stígvélafer. Götur liggja með læknum en ekki sjást götur liggja frá sjálfum bænum.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Húsar, 3

RA-371:017 *Hamrabrú* heimild um samgöngubót 63° 53.691N 20° 36.803V
„Engin enda við Hamrabrú, sem er í mörkum milli Húsa [001] og Syðri-Hamra [RA-372]. Það er svolítill upphækkun, sem gengið var eftir," segir í örnefnalýsingu. Milli Húsa og Syðri-Hamra er lækur á mörkum og er lækurinn mikið grýttur og frekar auðveldur yfirferðar. Er þetta um 300 m suðvestan við gamla bæjarstæðið á Húsum 001 og um 470 m norðaustan við gamla bæjarhólinn á Syðri-Hömrum RA-372:001. Yfir lækinn er rist og liggur girðing um staðinn. Þýft tún og grýttur vatnslítill lækur og liggur girðing yfir læknum frá austri til vesturs. Hefur girðingunni verið komið fyrir á garðlagi sem liggur að læknum. „Trúlega hefur einhvern tíma verið hlaðið þarna upp, þótt ekki sjáist hleðslur nú," segir í örnefnalýsingu. Ekkert sér til minja.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Húsar, 3

RA-371:018 heimild um ristu 63° 53.703N 20° 36.372V
„Milli Brúna og Kumlholts [013] er mýri, sem nefnd var Sund. Í því var rist torf á hús og hey." „Torfið var rist milli Guðnýjarrásar og Selvaðs [016]." segir í örnefnalýsingu. Mýrin nær alveg frá þjóðvegi nr 1, meðfram Kumlholti 013 og þó nokkuð vestur fyrir bæinn á Húsum 001. Mjög blaut mýri. Ekki reyndist unnt að finna nein ummerki eftir ristu.

Hættumat: engin hætt


Heimildir: Ö-Húsar, 3 og 5

RA-371:019 *Fjárhústún* örnefni fjárhús 63° 53.767N 20° 36.416V
„Bringir ná inn, þar sem Brúnir byrja, niður að Sundi og allt að Fjárhúskletti, sem er fyrir austan Fjárhústún. Grasgefinn blettur er uppi á klettinum, en hann mátti ekki slá [020], og var það aldrei gert að sögn Margrétar [Einarsdóttur]," segir í örnefnalýsingu. Það er tóft á Fjárhústúni og er hún um 20 m suðvestan við sumarhús sem er annað þriggja sumarhúsa. Sumarhúsin þrjú eru svo til í röð og er tóftin sem sagt næst húsinu í miðjunni, þá er tóftin um 150 m suðaustan við bæjarhólinn 001. Í grösugu landi sem er er afgirt svæði utan um sumarhús. Tóftin er 13x5 m að stærð og snýr svo til beint í norður og suður. Hún er tvískipt og eru tvö op á henni til hvors enda, ekki er op á milli hólfa. Sennilega hafa hólfin verið jafnbreið eða um 3 m en nyðra hólfið hefur fallið þannig saman að það lítur út fyrir að vera bara 1 m að breidd. Að lengd er nyðra hólfið 7 m en syðra hólfið 5 m. Vesturveggurinn á syðra hólfinu er styttri en austurveggurinn. Opin til endanna eru breið og sennilega má gera ráð fyrir því að trégaflar hafi verið beggja megin á húsinu. Greina má grjóthleðslur í syðra hólfinu og þá er stór steinn eða hella miðsvæðis í nyðra hólfinu við eystri vegginn. Tóftin er

mjög grasi vaxin og lítið sem ekkert rof í henni. Veggir eru um 90 cm á hæð að utanverðu en um 140 cm að innanverðu. Á utanverðum langhliðum tóftarinnar eru hólur eða bungur og helst lýtur út fyrir að grafið hafi verið fyrir tóftinni í gegnum hól.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Húsar, 4



Fjárhústóft 150 m SA við bæ 001, horft til SSA

RA-371:020 *Fjárhúsklettur* álagablettur 63° 53.788N 20° 36.295V

„Bringir ná inn, þar sem Brúnir byrja, niður að Sundi og allt að Fjárhúskletti, sem er fyrir austan Fjárhústún. Grasgefinn blettur er uppi á klettinum, en hann mátti ekki slá, og var það aldrei gert að sögn Margrétar [Einarsdóttur].“ segir í örnefnalýsingu. Vestast á Brúnum er klettur, hann er austan við túnið sem er sunnan við gamla bæinn 001 eða um 230 m austsuðaustan við hann. Um 20 m norðan við klettinn er sumarhús sem er austast þriggja sumarhúsa sem standa svo til í röð á jörðinni. Þýfð grassléttu fyrir ofan kletta, að norðan er afgirt sumarhúsaland og hefur þar verið gróðursett nokkuð af trjám.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Húsar, 4

RA-371:021 garðlag túngarður 63° 53.804N 20° 36.260V

„Bæjarholt heitir alveg fyrir norðan tún, nær að túngarði,“ segir í örnefnalýsingu. Um 300 m langt garðlag er 90-100 m austan og norðan við gamla bæjarhólinn 001 og er sennilega leifarnar af túngarðinum. Túngarðurinn byrjar á bakka sem en framarlega á þessum bakka standa öll þrjú sumarhúsin. Frá bakkanum stefnir það til norðvesturs og er það svo til alveg beint. Annað garðlag er svo 270 m sunnan megin við bæjarhólinn og virðist líka vera hluti af túngarðinum. Það byrjar 130m vestar en hitt og stefnir til suðvesturs í um 300 m þegar það tekur beygju til norðvesturs rúma 100 m en þá hverfur það aftur. Garðlagið liggur um tún og mólendi í frekar sléttu landi. Garðlagið er hægt að rekja á um 300 m löngum kafla en víða er það komið í sundur. Það lítur út fyrir það að rutt hafi verið úr garðinum á tveim stöðum, annars vegar nálægt austasta sumarhúsinu sem er á jörðinni en þau eru þrjú talsins og á öðrum stað lítur út fyrir að notast hafi verið við efni úr garðinum í undirsöður og til að styrkja rafmagnsstaur sem hefur verið settur nánast í túngarðinn. Þar sem garðurinn er best varðveittur er hann um 120 cm á hæð en efst er hann víða um 40 cm breiður. Garðurinn endar við mjög blauta mýri og erfitt er að segja til um það hvort endar hans hafi náð saman.

Garðlagið sunnan við bæinn er svipað og það sem er norðan megin við hann, það er þó helst að nefna að svo virðist sem gata sem eftir öllu garðlaginu sem klýfur garinn. Hann hverfur alveg við Guðnýjarrás sem er lítil lækjarspræna sem kemur undan túninu en hægt er að greina hann beggja vegna við hana. Syðsti hlutinn af garðinum minnir þó meira á kant sem er byggður upp í brekkuna, aðeins neðri brún hans er greinileg.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Húsar, 4

RA-371:022 tóft útihús

63°53.842N 20°36.544V

Lítil tóft er um 60 m norðnorðaustan við bæjarhól 001, um 70 m vestan við útihús 006, um 20 m austan við útihús 003 og um 80 m norðnorðvestan við sumarhús sem er vestast af þrem sumarhúsum sem standa á jörðinni. Í sléttu túni sem er notað undir hagabeit fyrir hross. Tóftin er um 8x6 m að stærð og snýr austnorðaustur og vestsuðvestur. Hleðsluhæð veggja er 160 cm og eru þeir stórir og stæðilegir, um 2 m þykkir. Tóftin er vel gróin, op er á norðurvegg fyrir miðju og í inngangi má greina grjótt í veggjum en einnig sjást trébitar sem hafa haldið uppi þaki.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar



Útihústóft um 60 m NNA við bæ 001, horft til N


RA-371:023 Fjárhústún tóft fjárhús

63° 53.755N 20° 36.441V

„Fjárhústún eru tvö; annað upp af Guðnýjarrás, hitt austur af því og austan við það Fjárhús-kletturinn [020],“ segir í örnefnalýsingu. Á þessu túni er tóft sem er 50 m suðvestan við annað sumarhús af þrem sem eru á jörðinni, um 130 m sunnan við steipt hús byggt 1952 og um 150 m suðaustan við bæjarhólinn 001. Tóftin er í afgirtu, sléttu túni sem er notað sem hrossabeit. Tóftin er 7x6 m að stærð og einföld, gólflöturinn sem er 2x5 m er heldur minna en sjálft innanmál tóftarinnar því meðfram veggjum eru bekkir eða stallar sem eru 30 cm breiðir og 30 cm háir. Tóftin snýr norður og suður, er inngangur á suðurgafli og eru hellur við innganginn. Grjóthleðslur eru ekki sjáanlegar á ytrabyrði tóftainnar en greinilegar innanfrá bæði í veggjum og stöllum. Hleðsluhæð veggja er um 120 cm og þykkt þeirra um 150 cm að undanskildum stöllum. Gólfíð er slétt og grasi vaxið, einnig er tóftin vel grasi vaxin. Það er þó komið rof í utanverðan vesturvegginn. Í tóftinni er nokkurt spýtnabrak.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Húsar, 4



Fjárhústóft um 150 m SA við bæ 001, horft til N

RA-371:024 brunnur vatnsból
„Brunnskákir eru tvær samliggjandi. Vel yfirbyggður brunnur var á mörkum þeirra og sést enn. Mjög gott vatn var í brunninum," segir í örnefnalýsingu. Brunnur er 5 m fyrir framan eða sunnan við bæjarhólinn 001 og við suðvesturjaðar hans, hann er 50 m vestan við vestasta sumarhúsið sem er eitt af þremur sem eru á jörðinni. Brunnurinn er alveg upp við garðlag 039 sem hefur legið utan um sáðreiti sunnan við bæ í sléttu landi. Brunnurinn er girtur af og hulin grjóti og bárujárni.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Húsar, 4

63° 53.804N 20° 36.570V




Brunnur um 5 m S við bæjarhól, horft til NA

RA-371:025 þúst heygarður
Óljós þúst er um 100 m norðaustan við bæjarhól 001, um 30 m norðan við steinhús á Húsum 1 byggt 1952 og um 70 m norðnorðaustan við sumarhús sem er vestast þriggja sumarhúsa sem eru á jörðinni og er þessi þúst að öllum líkindum heystæði. Í sléttu túni sem er notað sem hrossabeit. Þústin er 5x6 m að stærð og er norðvestan við útihús 006. Hún er svo til ferhyrnd og mun þýfðari en nánasta umhverfi og einnig er á henni önnur gróðursamsetning. Ekkert innrabyrði er á henni svo að mögulega gæti þetta verið heytóft. Girðingarefni hefur verið komið fyrir á norðausturenda þústarinnar og sést hann því frekar illa.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

63° 53.839N 20° 36.470V




Heystæði um 100 m NA við bæ 001, horft til ANA

RA-371:026 tóft útihús

63°53.832N 20°36.255V

Tóft er um það bil 260 m austan við bæjarhól 001, um 70 m norðaustan við sumarhús sem er austast þriggja sumarhúsa sem eru á jörðinni og er hún innan girðingar þess. Tóftin er um 40-50 m norðaustan við garðlag 021. Tóftin er í grösugum móa sem hefur verið sléttaður að hluta, innan skrudgarðs sem er umhverfis sumarhús. Tóftin er 7x6 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er einföld og er hleðsluhæð veggja um 90 cm að utanverðu en um 70 cm að innanverðu. Óljóst er hvar op gæti hafa verið á henni en þó hugsanlega til norðvesturs. Tóftin hefur um 2 m þykka vegg sem eru mjög mosavaxnir. Veggirnir eru misgreinilegir og kannski hefur austasti hluti hennar orðið sléttun að bráð. Steinar eru á víð og dreif um tóftina og greina má hleðslur í norðvesturhluta hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar



Útihústóft um 260 m A við bæ 001, horft til SSA

RA-371:027 Móagirðing garðlag túngarður

63° 53.936N 20° 36.533V

„Norður af Stöðlinum var þýfður mói, alltaf nefndur Mói. Hann var seinna hakaður (plægður) í tún, og er nú lítið eftir af honum, en kölluð þar Móagirðing; er gott tún og grasgefið," segir í ornefnalýsingu. Tún með garðlagi umhverfis er 150-200 m norðnorðaustan við bæjarhólinn 001 og um 200 m beint norður af vestasta sumarhúsinu sem er eitt af þremur á jörðinni. Frekar slétt og lítið tún sem er girt af með litlu garðlagi, þýfður mói og mýri eru umhverfis. Garðlagið afmarkar svæði sem er um 100x60 m að stærð og snýr NNA og SSV en reyndar er ekkert garðlag að sunnanverðu. Það er orðið frekar slitrótt og þá sér í lagi að norðvestanverðu en þar hafa partar af garðlaginu hugsanlega hrunið í mýri sem er norðan megin við túnið og er mjög blaut. Garðlagið er 70-80 cm hátt og um 120 cm breitt neðst en u.þ.b 40 cm breitt efst. Austurhlið garðlagsins er best varðveitt. Garðlagið lítur út fyrir að vera allt torfhlaðið og þó ekki mjög fornlegt.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Húsar, 5

RA-371:028 Upp í mó náma mógrafir „Norður af Móanum er Mýri, ekki blaut. Þar var mórinn tekinn, alltaf kallað Upp í mó. Þarna fékkst mikill og góður mór," segir í örnefnalýsingu. Mólendi er norðan við Móagirðingu 027, um 300-350 m norðan við bæjarhólinn 001. Þetta er mýrarland sem einkennist af móagróðri og víða er rof í sverðinum. "Vorur einar 6 stungur ofan af og mórinn sjálfur 12-13 stungur. Ekki var látið á aðra bæi," segir í örnefnalýsingu. Þarna í móanum er ferhyrnd gryfja, 4x7 m að stærð með allt annari gróðursamsetningu og er botninn mun blautari en umhverfis. Sennilega er þetta leifar af mágröf en annars sjást engar slíkar í kring því þær eru sennilega samansignar og illgreinilegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Húsar, 5

63° 54.011N 20° 36.501V



Mógrafir um 350 m N við bæjarhól, horft til SSA


RA-371:029 tóft stekkur

„Hátt holt þar fyrir ofan [hér mun vera átt við „Upp í mó" 028] og fyrir norðvestan Bæjarholt heitir Skjólholt. Mjög skjólsamt er þar. Stekkur var aðeins vestan við holtið, og sést fyrir honum enn," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er 570-580 m norðan við bæjarhólinn 001, um 30-40 m austan við akveg 288 og um 590-600 m norðan við vestasta sumarhúsið sem er eitt af þremur á jörðinni. Er stekkurinn á litlum kletturum sem kemur vestast út úr Skjólholti. Stekkurinn er í smáþýfðum móa vestan í klettaholti og er þar fremst á bakka en neðan við hann er nokkuð bratt niður að vegi. Stekkurinn er 7x3 m að stærð og er hann eitt hólf sem er 1x5 m að innanmáli. Hleðsluhæð veggja er um 70 cm. Stekkurinn snýr norður og suður og hefur opið á honum sennilega verið á vesturvegg en það er frekar óljóst því mikið er hrúnið úr veggjum en grjóthlaðinn mun hann hafa verið, alla vega að hluta. Það er athyglisvert að stekkurinn er staðsettur frekar hátt og eiginlega á nokkru berangri en ekki í laut eða með náttúrulegt aðhald.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Húsar, 5

63°54.120N 20°36.662V



Stekkur um 580 m N við bæ 001, horft til N

RA-371:030 *Tíðholt* gata leið


63° 54.243N 20° 36.268V

„Austan við Skjólholt er Tíðholt. Götur lágu yfir það mitt, og var þar farið til kirkju," segir í örnefnalýsingu. Sjá má greinileg merki um göturnar 400m norðaustan við stekk 029 og um 800m beint norður af sumarhúsi sem er austast af þremur sem standa á jörðinni. Liggja göturnar til vesturs að Kálfholti. Göturnar liggja um þýfðan móa nálægt klettaholti sem er vestan megin við þær. Rafmagnslína liggur yfir sunnanvert holtið frá vestnorðvestri til austsuðausturs. Göturnar eru fleiri en ein en liggja ekki alveg samsíða, eiga það til að liggja saman og klofna aftur. Þær liggja í suðaustur undir Skjólholti og taka svo stefnuna norðaustur yfir Tíðholt. Þær eru nokkuð áberandi eða um 40 cm breiðar og um 20 cm djúpar og ógrónar í botni.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Húsar, 5-6**RA-371:031** tóft beitarhús

63° 54.252N 20° 37.096V

Beitarhúsatóft er um 430-440 m norðvestan við stekk 029 og um 900 m - 1 km norðnorðvestan við bæjarhólinn 001. Tóftin er í sléttu túni sem ber hátt yfir móann umhverfis. Túnið er slegið og hirt. Tóftin er 21x12m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún skiptist í tvö fjárhús með gördum og tvö niðurgrafin hólfr suðaustan við fjárhúsin. Fjárhúsin eru svo til alveg eins bæði um 11-12m á lengd og liggur garði eftir þeim endilöngum sem er hlaðinn úr grjóti og er hann vel gróinn eins og aðrar vegghleðslur. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og er hæð þeirra um 1m. Hægt er að telja um það bil fjögur umför af grjóthleðslum. Trégaflar hafa væntanlega verið á norðurgafli og sennilegt að op hafi verið á eystra hólfinu í suðausturhorninu. Suðaustan við fjárhúsin eru tvær gryfjur, sú stærri er alveg við fjárhúsin og er 8x4m að stærð og um 130 cm djúp, snýr hún þvert á fjárhúsin eða til suðvesturs og norðausturs. Önnur lítil gryfja er suðaustan við þá fyrrenfndu og er hún 2x2 m að stærð og einnig um 130 cm að dýpt. Virðist sem lítið op liggi að henni um suðurgaflinn á tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Beitarhús um 1000 m NNV við bæ 001, horft til SA

RA-371:032 Grásteinn varða landamerki

63° 54.882N 20° 36.814V

„Norðaustur af Selholti (RA-371:031) er slægjuland, sem nefnt er Flóð. Flóðin eru hinum megin við þjóðveginn. Talað var um að fara "upp í Flóð". Vestan við Flóðin er Vatnsstæðisholt, einnig ofan við veg. Það er ekki mjög stórt. Í því er steinn eða varða, sem er á landamerkjum," segir í örnefnalýsingu. Varðan er steinn sem er á merkjum Húsa RA-371, Syðri-Hamra RA-372, Hárlausstaða RA-370 og Króks. Hann er 2 km norðan við bæjarhól á Húsum 001 og 2,6 km norðan við bæjarhólinn á Syðrihömrum RA-372:001. Hann er um 160-180 m norðan við þjóðveg nr 1 og um 10 m vestan við veg sem liggur að Krók, Lónsholti og Miðmundarholti. Steinninn er í jaðri túns sem er norðan megin við hann og móa sem er sunnan megin við hann. Þetta er stór steinn en hann er ekki á háholtinu og ber því ekki mikið á honum. Hann er frekar lágur en við hann er hornstaur og í hann liggja girðingar úr þrem áttum og eru þetta landamerkjagirðingar.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Húsar, 6

Grásteinn um 2000 m N við bæ 001, horft til N

RA-371:033 Stöðull gerði rétt

63° 53.864N 20° 36.516V

„Fyrir norðan túngarðshliðið er Stöðull. Þar voru kýrnar mjólkaðar á sumrin, og þar voru hafðar færikvíar, þar sem ærnar voru mjólkaðar um fráfærur. Margrét man eftir fráfærum; hún hefur verið u.þ.b. 10 ára, þegar þær voru lagðar niður. Fjárrétt á Stöðlinum stendur enn," segir í örnefnalýsingu. Réttin á stöðlinum er gerði sem er áfast túngarðinum að utanverðu. Hún er um 100 m norðnorðaustan við bæjarhólinn 001, það er um 110 m beint norður af sumarhúsi sem er vestast af þremur sumarhúsum sem eru á jörðinni og um 90 m norðnorðvestan við steipt íbúðarhús á Húsum 1 byggt 1952. Gerðið er í sléttu og grösugu túni sem er notað sem bithagi fyrir hesta. Gerðið er byggt upp við túngarðinn RA-371:021, hún liggur suður og norður og er 10x7m að stærð og er hleðsluhæð veggja um 80 cm en þykkt þeirra um 130 cm. Veggirnir eru sumstaðar hlaupnir í þúfur og úr þeim fallið en op er á gerðinu í norðvesturhorninu.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Húsar 5

Gerði um 100 m NNA við bæ 001, horft til S

RA-371:034 þúst óþekkt

63° 53.758N 20° 36.376V

Tóft er um 180-190 m suðaustan við bæjarhól 001, um 40 m sunnan við sumarhús sem er annað þriggja sumarhúsa á jörðinni en húsin eru svo til í einni röð frá vestri og austurs. Tóftin er um 50 m austan við fjárhús 023. Tóftin er í afgirtu túni sumarhúss, hallar túnið til suðurs og er það hagabeit fyrir hross. Tóftin er um 7x6 m að stærð og snýr austur og vestur, hleðsluhæð veggja er um 20 cm en veggjaþykkt um 150 cm. Eru veggir mjög signir og rúnaðir og hleðslur því óljósar. Er tóftin bara eitt hólfið og er alveg opin til suðurs undan brekku. Vera kann að þetta hafi verið frekar einhvers konar aðhald en þar sem þústin er það ógreinileg er erfitt að slá því föstu.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar



Þúst um 190 m SA við bæjarhól, horft til SA

RA-371:035 gata vað

63° 54.295N 20° 35.213V

Við Brattastíg 012 er vað yfir læk sem er um 1,4 km norðaustan við bæjarhól 001 og um 700 m norðan við Tjaldrima 014. Vaðið er í frekar litlum gilskorningi. 30 -40 m sunnan við vaðið er heimkeyrslan að Borgarholti og er ræsi þar undir veginum. Grunnur og aflíðandi gilskorningur, gróinn og lítið eitt þýfður, góð eyri er í læknum þar sem vaðið er og er lækurinn auðveldur yfirferðar.

Hættumat: engin hætta


RA-371:036 tóft útihús

63° 53.872N 20° 36.488V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 130 m norðaustan við bæjarhólinn 001 og er þar að finna litla tóft. Hún er um 30 m austnorðaustan við útihús 004 og um 130 m norður af sumarhúsi sem er vestast af þremur sumarhúsum sem eru á jörðinni, og um 90-100 m norðnorðvestan við steinhús á Húsum 1 byggt 1952. Í sléttu og grösugu túni sem er notað sem bithagi fyrir hesta. Tóftin er 7x5 m að stærð en um 5x2 m að innanmáli og snýr norðnorðvestur og suðsuðaustur og er hleðsluhæð veggja um einn metri. Hún er eitt hólfið og er alveg opin til norðnorðvesturs. Reyndar liggur fallinn trégaflinn yfir norðurhornið á tóftinni. Í vesturveggnum má sjá grjóthleðslu.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Útihústóft um 130 m NA við bæ 001, horft til SA

RA-371:037 heimild um útihús

63° 53.805N 20° 36.321V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 180 m suðvestan við bæjarhólinn 001 og 15 m suðvestan við útihús 038 en þar er nú sumarhús. Innan girðingar sem girðir af sumarhús, slétt land. Ekkert sér til fornleifar og mögulega stendur sumarhús á staðnum þar sem útihúsið stóð áður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-371:038** heimild um útihús

63°53.809N 20°36.305V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 180 m suðvestan við bæjarhólinn 001 og 15 m norðaustan við útihús 037 en þar er sumarhús. Innan girðingar sem liggur utan um sumarhús, slétt land. Ekkert sér til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-371:039** hleðsla kálgarður

6353.806N 2036.570V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður sunnan við bæinn og þétt upp við hann, má enn sjá garðhleðslu sem hefur legið umhverfis kálgarðana sem hafa verið tveir og jafnvel þrír. Kálgarðarnir, sem eru að hluta til enn notaðir til ræktunar á kartöflum af sumarhúsaeigendum, eru innan sumarhúsagirðingar og hafa tré verið gróðursett nærri görðunum. Garðhleðslan afmarkar svæði sem er 60x50 m og er það að stærstum hluta sunnan megin við bæ 001 en einnig vestan megin við hann. Hleðslan er um 50 cm á breidd og um 90 cm á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-371:040** tóft sel

63° 54.440N 20° 36.469V

„Selholt er hátt og stórt holt norðvestur frá Tíðholti [sjá 030]. Tíðholt nær alveg að Selholti, vesturendi þess er milli Selholts og Skjólholts. Fyrir vestan Selholt og suður af því er mikil mýri. Sel var í vestur- eða suðurenda Selholts, og sjást enn veggjabrot," segir í örnefnalýsingu. Grasigróin tóft sem kemur heim og saman við þessa lýsingu er í 6-10 m háu Selholti fast vestan við veg 288 niður í Hamrahverfi um 1,2 km norðan við Húsa 001, um 2,5 km austan við Kálfholt RA-375:001 og um 80 m VSV við tvo sumarbústaði sem standa suðaustan í sama holti. Tóftin er í lítilli laut í SSV-enda Selholts sem er 15-18 x 8-11 m að stærð og snýr norður-suður. Gengið er inn í lautina að sunnanverðu og hallar botn hennar um 5° í suður. Lautin er grasigróin og smápýfð. Þegar þessi tóft var skráð var hún að mestu hulin snjó svo erfitt var að skrá nákvæma lýsingu. Tóftin er ekki stærri en 9 x 6 m að utanmáli og snýr hún norður-suður. Hún er byggð utan í austurhlíð lautarinnar sem hún stendur í. Veggir hennar þar sem þeir sjást (að sunnan og vestan) eru 0,4-0,6 m háir, 1-1,5 m á breidd og grasigrónir. Ekkert sést í grjóthleðslur. Gengið hefur verið inn á suðurhlíð hennar en ekki var hægt að segja til um hvort tóftinni hefur verið skipt upp í fleiri hól né hversu breiður inngangur hennar hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Húsar, 6

RA-372 Hamrar (Syðri)

30 hdr. 1709. 1534/1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88 1397: Máldagi kirkjunnar. "a .xc. j heimalandi. portio Ecclesiæ vm .xix. ár mork oc hundrad." DI IV 60 1534: Ögmundur biskup selur jörðina fyrir 30 hndr. DI IX, 695. {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 57} "Eru þrír bæir aðskildir, liggja tveir samtýnis, þriðji stendur í túnhorninu, sem kallast Hamra Hooll." JÁM I, 358. "Í hinni gömlu Syðri-Hamratorfu eru 3 bæir, Syðri-Hamrar I og II og Hamarhóll. Bæirnir standa í skjóli sunnan undir lágri hamrabrún skammt ofan Steinslækjar." SB V, 358-359. 1709: "Tún jarðarinnar eru ærið þýfð og grýtt og þar fyrir mjög seinunnin, engjavegur langur og blautur. Engjum spillir Steinslækur, ut supra um Hárlaugstaði segir." JÁM I, 360. 1920: Tún 4,3 ha, sléttað 1,3 ha, garðar 2160 m².




Kort af túnum Hamra (Syðri) frá því um 1920

RA-372:001 *Hamrar (Syðri)* bæjarhóll bústaður 63° 53.520N 20° 37.218V
 Syðri-Hamrar er tvíbýli norðvestan vegar nr 288 og standa bæirnir undir hamrabrún sem liggur frá suðvestri til norðausturs og snúa framhlið til suðausturs. Báðir bæirnir stóðu áður á bæjarhólnum og voru þeir sambyggðir en eru það ekki lengur því að nú standa íbúðarhúsin sitt hvoru megin við bæjarhóllinn. Íbúðarhúsið á Syðri-Hömrum I er byggt 1962 vestan megin við bæjarhólinn en Syðri-Hamrar II austan megin við bæjarhólinn 1968. Bæjarhóllinn stendur í sléttu landi milli hamraveggs og vegar sem er frekar nálægt íbúðarhúsunum framanverðum. Landi hallar þó eilítið til suðausturs niður að Steinslæk sem er um það bil 600 m suðaustar.

Bæjarhóllinn er 60x45 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur og er sennilega um 2 m hár. Á vestari hluta hans stendur hlaða og súrheysturn en nokkur veggjabrot standa enn eftir á eystri hlutanum. Þar má greina um það bil 4 hól, þau eru öll nokkurn veginn í beinni línu, austast er hól sem er um 8x10 m að stærð og snýr það norðvestur og suðaustur, vestan við það er annað hól sem er 4x6 m að stærð og snýr það eins og það fyrsta. Þriðja hólfið er 3x4 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur, fjórða hólfið er síðan fast norðvestan við þriðja hólfið og skilur í raun ekkert að nema mismunandi gólfhæð en það er um 3x5 m að stærð. Lítið er um eiginleg veggjabrot á hólum nema alveg suðvestan við þriðja og fjórða hólfið. Hólfin hafa bara innrabyrði af því að þau eru öll niðurgráfin. Norðaustast hefur síðan verið grafið fyrir holu eða skurði í hólinn. Norðvestan til á hólum er síðan fjárhústóft sem er 13x6 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, hún er hlaðin úr grjóti og er hleðsluhæð um 1 m og veggjaþykkt líka um 1 m. Grjóthleðslan er um 5-6 umför, op er á tóftinni til norðvesturs og rétt fyrir innan opið er 4 m langur garði.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Bæjarhóll Syðri-Hamra, horft til NV

RA-372:002 heimild um útkirkju

63° 53.520N 20° 37.218V

HAMRAR Í HOLTUM (R) -Tómási eb - HÁLFKIRKJA

1397: a .xc. j heimalandi. portio Ecclesiæ vm .xix. ár mork oc hundrad; Máld DI IV 60

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 57} Engin vitneskja er til um kirkju eða hvar hún gæti hafa staðið.

Heimildir: DI IV, 60; AM 263 fol. bl. 57

RA-372:003 *Lambhúsklettur* tóft lambhús

63°53.486N 20°37.349V


Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 130 m suðvestan við bæjarhólinn 001 og er þar lítil tóft sem er um 60 m suðvestan við íbúðarhús á Syðri-Hömrum I byggt 1962 og um 50 m ofan við veginn sem liggur neðan við bæina og er nr. 288. Er hún er upp við klettana sem bærinn stendur undir og kallast kletturinn ofan við tóftina Lambhúsklettur. Tóftin er í grasi vöxnu landi sem hallar til suðausturs upp við lágar klappir sem liggja suðvestur og norðaustur.

Tóftin er 11x9 m að stærð, snýr suðvestur og norðaustur og skiptist í tvö hól. Hleðsluhæð er um 1 m en breidd veggja er um 2 m. Bæði hólfin hafa op til suðausturs og einnig er eins og op hafi verið á milli þeirra. Norðausturveggurinn er best varðveittur en gaflinn sem snýr að

klettunum er klofinn af kindagötu eða stíg sem liggur eftir honum endilöngum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Lambhús um 130 m SV við bæ 001, horft til S

RA-372:004 heimild um hesthús

63° 53.531N 20° 37.082V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 110 m austan við bæjarhólinn 001 en þar verður ekki vart við neinar minjar. Þessi staður er um 160 m frá íbúðarhúsi á Syðri-Hömrum I byggt 1962 og um 30 m suðaustan og neðan við veg 288. Þetta er flatt og slétt svæði og stendur járnklætt hús í nágrenni svæðisins með gluggum á suðvesturgaflinum og þar er einnig mikið af heyrúllum. Ekkert sér til minja sökum nýrra bygginga en e.t.v. líka vegna þess að svæðið er geymslupláss fyrir heyrúllur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-372:005 heimild um útihús

63°53.607N 20°37.044V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 215 m norðaustan við bæjarhólinn 001 en þar verður ekki vart við neinar minjar. Þessi staður er um 280 m norðaustan við íbúðarhúsið á Syðri-Hömrum I byggt 1962 og um 60 m norðvestan og ofan við veg 288. Í sléttu túni sem er notað sem bithagi fyrir hross. Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920


RA-372:006 tóft útihús

63°53.497N 20°37.312V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 100 m suðvestan við bæjarhólinn 001 og er þar lítil tóft. Hún er um 30 m suðvestan við íbúðarhúsið á Syðri-Hömrum I byggt 1962 og um 50 m norðaustan og ofan við veg 288. Tóftarbrotin eru í brekku undir klettum sem hallar til suðausturs skammt frá núverandi íbúðarhúsi er þó ekki innan skrudgarðs þess. Tóftin er frekar óljós og hefur sennilega verið eitthvað sléttuð og því ætti e.t.v. betur við að tala um þúst. Hún er þó um 7x5 m að stærð og snýr í suðvestur og norðaustur. Ytrabyrði er greinilegra en innrabyrðið sem er svo til ekkert en hleðsluhæð er um 30 cm. Ekkert op er greinanlegt á henni en það er eins og smá tota komi út úr norðvesturveggnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Útihústöft um 100 m SV við bæ 001, horft til ANA

RA-372:007 heimild um kálgarð

63°53.509N 20°37.251V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast suðvestan megin við bæjarhólinn og um 25 m norðaustan við íbúðarhúsið á Syðri-Hömrum I byggt 1962. Kálgarðurinn sem sýndur er á túnakortinu frá 1920 er núna komin undir útihús. Ekkert sér til fornleifar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-372:008 Kolavatn örnefni kolagröf

63° 54.881N 20° 38.174V

Landamerkjum er lýst svo í örnefnaskrá: "Landamerki að austan eru samliggjandi Húsamörkum [réttara er: Lækjartún/Kálfholtshjáleigu en ekki Húsamörkum þó að það sé sagt í örnefnaskránni], upp í Grástein, framan við Vatnsstæðisholt, þaðan beina línu í svonefndan Lónbotn, þaðan í Kálfalæk, en svo nefnist lækur, sem rennur austan við túnið í Kálfholtshjáleigu. Þessi lína liggur yfir endilagt Kolavatn og þaðan í rima neðan við Gónholt, þaðan í vörðu RA-371:032 á rífi efst í Sauðholtsnesi, svo þaðan í rima (Markarima) suður við Steinslæk, en þaðan ræður lækurinn mörkum." Kolavatn var sunnan þjóðvegur og um 2,6 km norðnorðvestan við bæjarhólinn á Syðri-Hömrum en núna er búið að þurka þetta vatn upp að mestu. Mjög blaut mýri sem er flatlend og nálægt þjóðvegi. Kolavatn hefur verið ræst fram og núna bara mjög blaut mýri. Örnefnið gæti bent til kolagerðar en ekki er til vitneskja um það né að skógur hafi verið í námunda við vatnið og ekki sést neitt til kolagerðar.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Syðri-Hamrar, 1

RA-372:009 varða landamerki

63°52.460N 20°38.789V

Landamerkjum er lýst svo í örnefnaskrá: „Landamerki að austan eru samliggjandi Húsamörkum [réttara er: Lækjartún/Kálfholtshjáleigu en ekki Húsamörkum þó að það sé sagt í örnefnaskránni], upp í Grástein, framan við Vatnsstæðisholt, þaðan beina línu í svonefndan Lónbotn, þaðan í Kálfalæk, en svo nefnist lækur, sem rennur austan við túnið í Kálfholtshjáleigu. Þessi lína liggur yfir endilagt Kolavatn [RA-372:008] og þaðan í rima (Merkjarima) neðan við Gónholt, þaðan í vörðu á rífi efst í Sauðholtsnesi, svo þaðan í rima suður við Steinslæk, en þaðan ræður lækurinn mörkum." Staðsetningin er óljós því búið er að rífa vörðuna en hún mun hafa verið í um það bil 2,4 km suðvestan við bæjarhólinn á Syðri-Hömrum 001. Mýrarland sem hefur verið framræst með mjög djúpum skurðum. Ekkert sér til fornleifa, varðan er svo til óþekkt og einnig staðsetning hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Hamrar, 1

RA-372:010 álagablettur

63° 53.522N 20° 37.266V

"Í klettunum fyrri ofan bæina eru tvær gráviðarhríslur, og var það gömul trú, að ekki mætti við þeim hreyfa, og sagt ef slitin væri grein af þeim, þá dæi einhver á bænum, en við hvert barn, sem fæddist, yxi á þeim ný grein," segir í örnefnalýsingu. Álagablettur þessi er 40 m vestan við bæjarhólinn 001 og 40 m norðan við íbúðarhúsið á Syðri-Hömrum I byggt 1962. Alveg upp við klettana sem eru fyrir ofan bæ í nokkrum hallanda. Hríslurnar sem um ræðir eru farnar en upp við klettana er þröngt afgirt svæði sem ilmreynir og birki vaxa í.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Syðri-Hamrar, 1**RA-372:011** heimild um huldufólksbústað

63° 53.523N 20° 37.278V

"Sagt er, að huldufólk búi í klettunum fyrir ofan Hamra, og oft hafi sézt þar ljós, þegar skyggja tók," segir í örnefnalýsingu. Þetta á við um stað í klettunum sem er 50 m vestan við bæjarhól 001 og um 40 m norðan við Íbúðarhús á Syðri-Hömrum I byggt 1962. Í klettum. Þverhniptur klettaveggur fyrir ofan bæ, nokkuð brött brekka liggur upp að klettunum neðan frá bæjarhólnum

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Syðri-Hamrar, 2**RA-372:012** garðlag


63° 53.565N 20° 37.270V

Garðlag liggur efst og fremst eftir klettabrún sem er ofan við Hamars-bæina og er um 80 m norðvestan við íbúðarhúsið á Syðri-Hömrum I byggt 1962. Garðlagið er alveg fremst á bjargbrún í þýfðu móalandi sem hallar til norðvesturs. Garðlagið er lítið og lágt, gæti verið um 20 cm hátt og um 50 cm á breidd en er um 460 m á lengd. Kannski er það bara leifar af uppsöfnuðum jarðvegi undan girðingu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**RA-372:013** tóft stekkur

63° 53.610N 20° 37.645V

„Þar austur af [það er austur af Torfholti 014] eru Ytribjörg og Etribjörg. Austan við Björgin er lækur, kallaður Gildrulækur. Austan við hann er Stekkjarholt og Stekkjarmýri. [...] Austan við Gildrulæk er Stekkur [...]" segir í örnefnalýsingu Hamrahóls. Það er tóft af stekk um 400 m norðvestan við bæjarhól 001 og kemur staðurinn heim og saman við lýsingu. Stekkurinn er byggður upp við klettaholt sem liggur frá suðaustri til norðvesturs en holtið sjálft er á milli túna sem liggja í norðaustur og suðvestur norðaustan megin við veg nr 288. Stekkurinn er byggður upp við klettaborg sem er í slétu og grösugu landi, liggja tvær girðingar yfir tóftina. Girðingin skiptir löndum milli Syðri-Hamra I og II. Stekkurinn er um 20x5 m að stærð og snýr vestur og austur. Hann virðist bara vera eitt hólf. Einungis hafa verið hlaðnir upp tveir veggir, langveggur og gafl en klettaborgin látin mynda annan langvegginn. Stekkurinn er breiðastur vestast en þrengstur



Stekkur um 400 m NV við bæ, horft til A

austast og þar er jafnframt op á stekknun, einnig er op á honum fyrir miðjum suðurvegg en það gæti verið vegna rasks eða rofs því um það op liggur girðing. Grjóthleðsla fylgir girðingunni næstum því alveg frá opinu sem hún kemur inn um og að klettum og er hlaðið undir girðinguna til að byrgja fyrir gapið milli svarðar og neðrimarka girðingar og kemur upphaflegri hönnun stekkjarins því lítið við. Hleðsluhæð veggja er um 40 cm, þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti en mjög grónir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Handritað örnefnakort sem sýnir afstöðu örnefna, ónákvæmt.; Ö-Hamrahóll, 2

RA-372:014 *Torfholt* örnefni rista 63° 53.758N 20° 38.605V

Torfholt heitir holt sem er norðaustan Gónholts og austan við veg nr 288. Það er í um það bil 1,2 km vestnorðvestan við bæjarhól 001 og norðaustan við nýbýli sem heitir Lyngholt. "Vestan við Miðás er Gónholt, en upp að Kálfalæk er svokallað Torfholt." segir í örnefnalýsingu Hamrahóls. Lágt holt sem er mjög þýft, víða rofið og blásið og notað sem hagabeit. Örnefnið bendir til torfristu en ekki sjást nein greinileg merki um hana núna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Handritað örnefnakort sem sýnir afstöðu örnefna, ónákvæmt.; Ö-Hamrahóll, 2

RA-372:015 *Hreinstótt* tóft beitarhús 63° 52.784N 20° 38.837V

Samkvæmt örnefnakorti var Hreinstótt smá sauðakofi einhverstaðar suðaustan við Keldur og norðvestan við Syðri-Hamra Nes. "Fram með læknum, utan við engjarnar, er svokallað Nes; efst í Nesinu er Krókflóð og Austurflóð og Vesturflóð. Vestan við flóðin er Hreinstótt." segir í örnefnalýsingu Hamrahóls en Hreinstótt tilheyrir Syðri-Hömrum. Samkvæmt Tómasi Steindórssyni, heimildarmanni, er Hreinstótt á svæði um 1,7 km suðvestan við Hamrahól RA-373:001 og um 1,7 km VSV við Sauðholt RA-374:001 en nákvæm staðsetning er óþekkt. Tóftin er á lágum og þýfðum grasigrónum rima sem liggur austur-vestur í deigri mýri. Samkvæmt Tómasi Steindórssyni, heimildarmanni, er tóftin mjög sokkin og óskýr og stendur varla meira en 0,5 m upp úr þúfunum. Tóftin er ekki meira en 4-6 m í þvermál en innanmál hennar er þá trúlega ekki nema 1-2 m. Ekkert sést í grjóthleðslur og eru veggir mög þýfðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hamrahóll 1, Handritað Örnefnakort sem sýnir afstöðu milli örnefna, ónákvæmt.

RA-372:016 heimild um leið 63° 51.296N 20° 37.650V

„Tún jarðarinnar eru ærið þýfð og grýtt og þar fyrir mjög seinunnin, engjavegur lánur og blautur. Engjum spillir Steinslækur, ut supra um Hárlaugstaði " segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns." Engjavegurinn má hafa legið beint yfir engin, það myndi vera stysta leiðin en engin eru mjög blaut og er betra að fylgja Steinslæk því þar er bakkinn þurr og harður. „Leiðin yfir hreppinn lá frá Ferjuhamri yfir mýrarsund að Hrútsvatni og meðfram því norðanverðu, fyrir neðan bæinn Ásmúla, yfir Ásengjar og að Rauðalæk þar sem hann beygir til suðurs í Andalæk. Eftir það lá vegurinn með Rauðalæknum, um 10-12 km leið eftir eyrum hans og bökkum, og var vegarstæðið miðað við hvar þurrlendast var, en Rauðalækur rennur í bugðum og krókum eftir farvegi í Andalæk. Til þess að vegurinn væri sem beinastur var farið yfir 19 vöð á læknum á allri leiðinni, og hafði hver vað sitt nafn. Oft kom fyrir að lækurinn varð ófær, einkum á haustin í vatnavöxtum, og urðu menn þá að fara með bæjum yfir mýrar og holt og rimateinunga" segir í Sögu XXI

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM I, 360; SAGA XXI, 130-161

RA-372:017 heimild um kálgarð

63° 53.495N 20° 37.212V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður fast sunnan við bæjarhólinn og um 50 m austsuðaustan við íbúðarhúsið á Syðri-Hömrum I byggt 1962. Vegur nr 288 sem liggur framan við bæinn liggur að hluta yfir þeim stað þar sem kálgarðurinn mun hafa verið. Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-372:018** *Hamraholt* bæjarstæði býli

63°53.666N 20°37.159V

"Holtið ofan við bæinn heitir Hamraholt. Var þar áður samnefnt býli." segir í örnefnalýsingu. "Hamraholt var býli er Sigurður Þórðarson byggði 1861 á holtinu sem Syðri-Hamrabæirnir standa sunnan undir," segir í Sunnlenskum byggðum. Bærinn hefur nú með öllu verið sléttaður og er þar nú slétt og slegið tún en hann stóð um það bil 250-300 m norðnorðaustan við bæjarhól á Syðri-Hömrum 001, um 300-350 m norðnorðaustan við íbúðarhús á Syðri-Hömrum byggt 1962 og um 550 suðvestan við bæjarhólinn á Húsum RA-371:001. Í sléttu túni sem er bithagi fyrir kýr, landi hallar til suðurs og yfir holtið liggur rafmagnsstrengur. "Sigurður hlóð þar túngarð og ræktaði smátúnblett og kálgarð. Slægjur og beit fékk hann hjá nábum sínum. Sigurður bjó þarna með konu sinni, Málfríði Guðmundsdóttur, til 1879. Þá hættu þau búskap þar og býlið fór í eyði," segir í Sunnlenskum byggðum. Ekkert sér til fornleifa nema mögulega brot af túngarðinum og það sem eftir er af honum er sennilega bara partar af suður- og austurhliðinni. Hann er um 1 m á hæð og um 70 cm á breidd, garðurinn er um 50 m á lengd. Garðurinn er vel gróinn svo ekki sér í neinar grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna túnræktar**Heimildir:** Ö-Hamrahóll, 2; SB V, 356*Garðlag á Hamraholti, horft til SSV***RA-372:019** *Görn* brú samgöngubót

63°53.616N 20°38.371V

Um 45 m norðvestan við Ytribjörg eru nokkrir ryðbrúnir steinar í lækarsprænu, og voru þeir þar settir til að auðvelda yfirferð á læknum og kallað Görn. Brú þessi er 900 m vestnorðvestan við íbúðarhúsið á Syðri-Hömrum byggt 1962. Ákaflega blautt mýrarland sem er notað sem hagabeit fyrir hross. Brúin er í raun bara nokkrir flatir steinar sem liggja yfir lækjarsprænu í landi sem er mjög blautt, eru steinarnir stórir og flatir og orðnir ryðbrúnir.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar*Görn um 900 m VNV við Syðri-Hamra, horft til V*

RA-372:020 þúst óþekkt

63°53.530N 20°37.358V

Lítil þúst er alveg við garðlag RA-372:021 sem liggur eftir og ofan á klettabúninni sem er fyrir ofan Hamra-bæina. Hún er 80-90 m norðvestan við íbúðarhús á Syðri-Hömrum byggt 1962 og um 120 m vestnorðvestan við bæjarhólinn 001. Þústin er í þýfðum móa og alveg við klettabrún. Þústin er 7x5 m að stærð og snýr austur og vestur, hún er byggð upp við garðlag en hleðsluhæð hvoru tveggja er aðeins um 20 cm. Austurgaflinn er aflangur klettur. Þústin gæti hafa verið 2 hólf sem hvort um sig eru um 2x3 m að stærð. Ekki sést neitt hleðslugrjót í veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst um 120 m VNV við bæ 001, horft til A

RA-372:021 garðlag óþekkt


63° 52.646N 20° 38.861V

Þrjú garðlög eru um 1,9 km suðvestan við Hamrahól RA-373:001 og um 1,6 km ANA við Sauðholt RA-374:001. Garðlögin eru í deigri grasigróinni mýri. Garðlögin eru þrjú og eru þau á svæði sem er um 120 x 50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlögin eru öll bein, samsíða og snúa norðaustur-suðvestur en eru mjög ógreinileg. Þau eru torfhlaðin, um 0,3 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Garðlag A er suðaustast og um 55 m á lengd, garðlag B er í miðjunni og um 115 m á lengd og loks er garðlag C norðvestast og er það um 100 m á lengd. Hlutverk þessara garðlaga er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

RA-373 Hamrahóll

30 hdr., 1709. "Eru þrír bæir aðskildir, liggja tveir samtýnis, þriðji stendur í túnhorninu, sem kallast Hamra Hóll." JÁM I, 358. "Jörðin er í meðallagi að stærð, votlend að mestu en landið svo til allt ræst fram og grafið." SB V, 157. Innan landamerkjna sem tilgreind eru í RA-372. 1708: "Tún jarðarinnar eru ærið þýfð og grýtt og þar fyrir mjög seinunnin, engjavegur lánur og blautur. Engjum spillir Steinslækur, ut supra um Hárlaugstaði segir." JÁM I, 360. 1840: "... góðar heyskaparjarðir, en magrir hagar." SSR, 205. 1920: Tún 2,2 ha, sléttað 1 ha, garðar 980 m².



Kort af túnum Hamrahóls frá því um 1920

RA-373:001 Hamrahóll bæjarhóll bústaður

63° 53.408N 20° 37.362V

Hamrahóll er norðvestan vegar nr 288 og stendur núverandi íbúðarhús byggt 1977 undir hamrabrún, þeirri sömu og bæirnir á Syðri-Hömrum. Mynda bæirnir nokkra þyrpingu þarna undir klettunum sem liggja frá suðvestri til norðausturs, er Hamrahóll suðvestastur í röðinni. Bæjarhóllinn er þó sunnan megin við veg nr 288 eða um 100 metrum sunnar en íbúðarhúsið á Hamrahól. Hóllinn er í túni og að hluta til liggur vegur umhverfis hóllinn en útihús standa í norðaustur jaðrinum á honum. Ekkert sér til minja því það er búið að slétta úr tóftunum.



Bæjarhóll Hamrahóls, horft til NNA

Útihús sem standa í norðausturjaðri bæjarhólsins standa í raun enn á þeim stað sem forverar þeirra stóðu. Síðasti bærinn sem stóð á þessum hól var ein húsalengja og stóðu sjálf íbúðarhúsin vestast í þeirri lengju, snéru þau framhlið til suðurs. Bæjarhóllinn gæti hafa verið um 45x35 m að stærð en hann er frekar ógreinilegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-373:002 heimild um útihús

63° 53.474N 20° 37.381V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 90 m norðan við bæjarhól 001. Sér þar ekkert til minja nema dálítil dæld sem er um 30 m norðaustan við íbúðarhúsið á Hamrahóli byggt 1977. Í sléttu túni sem hallar til suðausturs, nálægt klettabelti sem liggur ofan við bæ. Ekkert sér til minja en dældir eru greinilegar og gætu þær verið um 13x10 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920


RA-373:003 tóft útihús

63°53.460N 20°37.461V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 100 m norðnorðvestan við bæjarhól 001 og um 50 m suðvestan við annað útihús 002 sem einnig er sýnt á túnakorti. Á þessum stað er lítil tóft. Tóftin er alveg upp við klettaborg og hallar landið til suðausturs. Slétt tún er suðaustanmegin við tóftina en klettaveggurinn til vesturs. Tóftin er 6x5 m og snýr suðvestur og norðaustur. Hleðsluhæð veggja er um 40 cm og breidd þeirra um 80 cm, er op á henni í austurhorninu. Klettaveggurinn er notaður sem vesturhlið tóftarinnar annars eru veggir grjót- og torfhlaðnir, stór steinn er í suðurhorninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Útihústóft um 120 m NNV við bæ. horft til SV

RA-373:004 Leynhóll gripir

63° 53.394N 20° 37.232V

„Þar í túninu austan við bæinn er hól, sem nefnist Leynhóll. Um hann er sú sögn, að við honum megi ekki hreyfa. Einhvern tíma átti að grafa þar fyrir hellir (svo), og sýnist mönnum þá bærinn standa í björtu báli, og var þá hætt við það verk" segir í örnefnalýsingu. . „Í Hamrahólstúni stendur hól, nefndur Leynihóll [Leynhóll], og er í munnmælum að þar hafi einhvörn tíma verið bardagi, þar hefur líka fundizt rúml(ega) fyrir mannsaldri öxi; af henni mun eyfið vera hjá hreppstjóra Árna Jónssyni á Hofi á Rangárvöllum, og lítið spjót,



Leynhóll um 100 m ASA við bæjarhól, horft til NA

úr hvörju smíðaður hafi verið gæruhnífur. Þar eru menn að geta til að haugur sé í hólnum, hafa menn reynt að grafa í hólninn á 2 stöðum, en hindrast af einhvörjum töfrum eða hvað ég á að kalla það, samt meina ég það eins og hálfreynt.” segir í sýslu og sóknarlýsingum. Leynhóll er um 100 m austsuðaustan við bæjarhólninn 001 og um 170 m suðaustan við íbúðarhúsið á Hamrahóli byggt 1977. Stór hól í túni með brattar hlíðar og er gott útsýni af hólnum. „Fornleifafundur á Syðri-Hömrum, Ásahreppi: Úr fornleifaskýrslu séra Brynjólfs Guðmundarsonar í Kálfholti (einnig til í dönskum útdrætti Finns Magnússonar í Lbs. 268 fol.): „Segja menn mér, að fundizt hafi á næstliðinni öld utan til í stórum hól í Syðri-Hamra túni, kölluðum Leynhól, í öðru sinni spjót, en öðru sinni öxi og einu sinni skeifa með 6 götum. Öxin er enn nú til á Syðri-Hömrum, brúkuð fyrir skógaröxi. Nefndan hól er mér sagt, að menn hafi einhvorn tíma leitast við að grafa upp, en hafi hindrast fyrir missýningar.” „Ekki virðist örugglega mega telja fund þennan til kumla, þótt rétt þyki að geta hans að nokkru.” segir í Kuml og Haugfé eftir Kristján Eldjárn. Engar minjar eru sjáanlegar á hólnum og ekki virðist hann vera manngerður en ekki er ósennilegt að grafið hafi verið í hann.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hamrahóll, 1; KEKH, bls.69; SSR, 214

RA-373:005 *Vaðstykki* örnefni vað


" [...] en neðan með læknum koma svo Leirrófur og svo Brýnisdælur, svo Vaðstykki ..." segir í örnefnalýsingu. Þetta er óþekkt en „Vaðstykki” þarf ekki að draga nafn sitt af vaði yfir Steinslæk, því þarna er mjög blautt eins önnur örnefni gefa til kynna s.s. Illaflóð og Brýnisdælur, alla vega þekkti Tómas Steindórsson ekki til þessa örnefnis og sagði að mjög mörg vöð væru á læknum.

Heimildir: Ö-Hamrahóll, 1

RA-373:006 *Sauðakofasnös* tóft beitarhús 63° 53.205N 20° 37.931V

Lítill tóft er 600 m suðvestan við bæjarhólninn á Hamrahól 001 og 650 m suðvestan við íbúðarhúsið á Hamrahól byggt 1977 en um 280 -290 m suðsuðvestan við fjárhús 009. Önnur lítill tóft 007 er 25 m sunnar. Tóftin er í laut milli klettaborga og grasvaxsins holts sem kallast Sauðakofasnös. Tóftin er 6x5 m að stærð, snýr norðaustur og suðvestur og er eitt hólf. Veggir eru um 120 cm á þykkt og um 90 cm á hæð og eru þeir aðallega hlaðnir úr grjóti, vesturveggurinn er meira hruninn en sá eystri. Veggheðslurnar liggja að klettavegg sem myndar norðvesturgaflinn en op hefur verið á gagnstæðum gafli eða suðausturgaflinum.

Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar




Fjárhústóft um 600 m SV við bæ, horft til NA

RA-373:007 Sauðakofasnös tóft beitarhús

63° 53.193N 20° 37.921V

Lítill tóft er 600 m suðvestan við bæjarhólinn á Hamrahól 001 og 650 m suðvestan við íbúðarhúsið á Hamrahól byggt 1977. Hún er um 300 m suðsuðvestan við fjárhús 009 og um 25 m sunnan við tóft 006. Tóftin er í laut milli klettaborga og grasvaxsins hólts sem kallast Sauðakofasnös. Tóftin er 7x5 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Op hefur verið á suðausturgafli en við norðvesturgaflinn var heyið geymt í lítilli kvos aftan við húsið. Veggirnir eru um 1 m á breidd og um 1 m á hæð, mjög rúnaðir og hleðslur signar. Lítið rof er þó í tóftinni og hún gróin grasi. Víða sést í grjót en sennilega hefur torf verið aðalbyggingarefnið.

Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar



Fjárhústóft um 600 m SV við bæ, horft til SA

RA-373:008 Gildrulækur örnefni

"Þar austur af [005] eru Ytribjörg og Estribjörg. Austan við Björgin er lækur, kallaður Gildrulækur," segir í örnefnalýsingu. Tómas Steindórsson kannaðist ekki við neinar gildir nálægt þessum læk og er hann tiltölulega nálægt bæ. Þetta er dæmigerður holbakka lækur, grannur og lítill og hverfur stundum undir gras og því er auðvelt að stíga óvart í lækinn og bleyta sig í lappirnar.

Heimildir: Ö-Hamrahóll, 2

RA-373:009 tóft fjárhús

63° 53.338N 20° 37.767V

Tóft af fjárhúsum er 350-360 m vestsuðvestan við bæjarhólinn á Hamrahól 001 og um 400 m suðvestan við íbúðarhúsið á Hamrahóli byggt 1977. Tóftin er fremst á bakka sem er grasi vaxinn, sunnan við hann er slétt tún en næsta umhverfi hennar er óslegið grösugt land. Tóftin er 21x11 m að stærð, snýr norðvestur og suðaustur og skiptist í tvö hólfa sem liggja hvort upp af öðru, það syðra er 5x3 m að stærð og það nyðra er



Fjárhústóft um 360 m VSV við bæ, horft til SA

11x3 m að stærð. Op er á norðvesturugaflinum en ekki var hægt að greina op milli hólfa. Meðfram langveggjum er stallur eða bekkur sem er um eins meters breiður og um 60 cm á hæð, gæti verið jata eða garði, annars eru veggir um 160 cm á hæð að innanverðu en allt upp að 2 m að utanverðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-373:010 frásögn fjárhús

63° 53.356N 20° 37.754V

Fjárhús stóðu um 330-340 m vestsuðvestan við bæjarhólinn á Hamrahól 001, um 350 m suðvestan við íbúðarhúsið á Hamrahól byggt 1977 og um 35 m norðar en tóft 009. Þessi fjárhús hafa nú verið sléttuð með öllu og sér ekkert til þeirra nema óljósar dældir. Húsin stóðu framarlega á bakka sem er grasi vaxinn, sunnan við hann er slétt tún en næsta umhverfi er óslegið grösugt land. Ekkert sér til minja.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-373:011 þúst óþekkt

63° 53.463N 20° 37.446V

Lítill þúst er um 50 m vestnorðvestan við íbúðarhús á Hamrahóli byggt 1977 og um 120-130 m norðnorðvestan við bæjarhól 001. Þústin er á smá klettabrún og ræðst suðurgaflinn af brúninni. Þústin er 7x5 m að stærð og snýr í norðvestur og suðaustur, veggjaþykkt er um 30 cm en hleðsluhæð um 20 cm. Ekki er hægt að greina neitt op og mætti helst halda að þetta væri sáðreitur því staðsetningin er sennilega ekki hentug fyrir heystæði en hún minnir helst á lítið heystæði en þau eru venjulegast ekki í túnum heima við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst um 130 m NNV við bæ 001, horft til SSA

RA-373:012 Réttaklettur örnefni rétt


63°53.446N 20°37.472V

"Bót nefnist mýrin fyrir vestan Hamrahól, en fyrir ofan bæinn er stakur klettur, sem heitir Lambhúsklettur RA-372:003. Vestan við hann er vik, sem heitir Kaplaskjól, en vestan við það er Réttaklettur," segir í örnefnalýsingu. Lítill rétt er 115 m norðvestan við gamla bæjarhólinn 001 og um 70 m vestsuðvestan við íbúðarhúsið á Hamrahóli byggt 1977. Réttin er upp við þverhnípta kletta sem eru þó ekki mikið meira en 3 metrar á hæð. Réttin er í jaðri túns sem þó aðskilið frá réttinni af framræsluskurði en næst réttinni er mói. Réttin er 12x5 m að innanmáli, þykkt veggja er um 150 cm og hleðsluhæð þeirra er um 80 cm. Réttin er bara eitt hólf sem liggur í austur og vestur, botninn er sléttur og grasivaxinn, hann hallar lítið eitt til vesturs í áttina að skurði og túni sem er handan við skurðinn. Réttin er byggð upp við klettavegg og er kverk í klettunum þar sem réttin er. Kverkin myndar austurgaflinn og norðurvegginn. Í vesturvegginn hefur verið notað áberandi stórt grjótt en meira torf er í vesturagaflinum. Tvö op eru á suðurveggnum, annað lítið og nokkurn veginn fyrir miðju, hitt

er svo til alveg við vesturgaflinn. Austan megin við það op og sunnan megin við suðurvegginn er 12 m langt garðlag úr torfi og grjóti er það mun skarpara að vestanverðu en austanverðu þar sem það er mun signara og ávalara. Í klettunum vestan til í réttinni er silla sem nefnist Krakkaklettur og voru krakkarnir látnir sitja þar í stúku meðan verið var að sinna skepnunum í réttinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hamrahóll, 2



Rétt um 115 m NV við bæ 001, horft til A

RA-373:013 heimild um kálgarð

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður við norðvestanverðan jaðar bæjarhólsins 001. Tún sem er notað sem hrossabeit, þétt upp við veg nr. 288 sem liggur milli bæja. Ekkert sér til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-373:014 heimild um kálgarð


63° 53.397N 20° 37.352V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður þétt sunnan megin við bæinn 001. Tún sem er notað sem hrossabeit. Ekkert sér til fornleifa.

Heimildir: Túnakort 1920

RA-374 Sauðholt

10 hdr 1709. "beit á jörðin í Kálfholtis landi fyrir engi, so sem áður um getur, en sagt er landsdrottnar vilja eiga 8 vikna beint, mánuð á sumar og annan um vetur á Kálfholtisland." JÁM I, 362. Jörðin hefur verið eyði frá 1947. SB V, 352. 1920: Tún 6 ha, sléttað 2,5 ha, garðar 1380 m². 1709: "Túninu grandar sandur, sem á það fýkur frá Þjórsá." JÁM I, 362. "Tún voru slétt og fremur grasgefin, engjar sæmilega góðar og að nokkru véltækar, hagabeit ágæt og garðland gott." SB V, 352.



Kort frá árinu 1920 af heimatúni Sauðholts RA-374

RA-374:001 Sauðholt bæjarhóll bústaður

63° 52.379N 20° 40.675V

Í Sunnlenskum byggðum segir svo: "Bærinn stóð um 3 km í suðvestur frá Kálfholti og liggja lönd jarðanna saman. Sauðholt var 10 hundruð að fornu mati og ein með kostabestu jörðum Ásahrepps. [...] Þjórsá veldur nokkru landbroti nyrst í landareigninni. Jörðin fór í eyði 1947 og hefur síðan verið nytjuð frá Hárlausstöðum." Bærinn Sauðholt var um 3 km SSV við Kálfholt RA-375:001, um 4,7 km vestan við Ásmundarstaði RA-364:001 og 40-50 m SSV við Sauðholt II sem nú er í byggingu. Bæjarhóll Sauðholts er í sléttuðu túni sem nýtt er sem hrossahagi. Gamli bær Sauðholts var brenndur og rifinn í kringum 1980. Bæjarhóllinn er mjög áberandi í sléttu landinu í kring en samkvæmt Gísla Ástgeirssyni, heimildamanni, voru öll húsin í Sauðholti byggð hátt vegna flóða úr Þjórsá. Hóllinn er um 45 x 35 m að stærð, 2,5 - 3 m á hæð og um snýr austur-vestur. Hóllinn er grasigróinn og tóftir 2-3 húsa (7-8 hólfi) sjást á hólnum. Aðal íbúðarhúsið var á hólnum sunnanverðum. Tóftin er um 34 x 14 m að stærð og liggur austur-vestur. Fjögur hólfi eru greinileg í tóftinni. Samkvæmt Gísla Ástgeirssyni var hlaða (B) í



Bæjarhóll Sauðholts RA-374:001, horft til ASA


austurenda tóftar. Þar er greinilegt hólfið, um 6-7 x 6 m að innanmáli. Veggir hlöðunnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti (4-6 umför), um 2 m á breidd og 1 - 1,6 m háir. Veggirnir eru grasigrónir en eru greinilega rofnir og hafa hrunið að hluta inn í tóftina, sérstaklega í norðurvegg hennar. Um 1 m breiður inngangur var á miðri suðurhlið hennar. Engar leifar þaks eru sjáanlegar. Fast vestan við hlöðuhólfið var aðalbyggingin (A) sem samkvæmt Gísla Ástgeirssyni var timburbyggð með grjóthlöðnum kjallara sem stendur einn eftir. Grunnurinn er niðurgrafinn 1- 1,5 m og eru veggir hans það háir nema norðurveggur hans sem er 1,5 - 2 m á hæð. Hólfið snýr norður-suður. Innanmál kjallarans er um 9 x 6 m. Inngangurinn hefur trúlega verið í timburhúsið á suðurhlið þess. Fast upp við og vestan við A, en um 4 m norðar, er þriðja hólfið (C). Hólfið er um 3 x 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Um 1 m breiður inngangur hefur verið á suðurhlið tóftar en hann er nú hruninn saman. Veggir hólfsins eru 2 - 2,5 m á breidd, hlaðnir úr torfi og grjóti og 0,5 - 1 m á hæð.

Veggirnir eru mjög signir og vel grasi- og mosagrónir og því engar grjóthleðslur sjáanlegar nema á suðurhlið tóftar við innanginn. Engar greinanlegar leifar þaks eru sjáanlegar í hólfinu. Fjórða hólfið (D) er fast vestan við C, en mjög ógreinilegt. Hólfið er óljós um 4 x 3 m stór og 0,3 - 0,4 m djúp dæld sem snýr norður-suður og er hún mjög grasigróin. Trúlega hefur verið fyllt upp í hólfið á þessu svæði svo aðeins útlínur þess eru sjáanlegar í dag. Tóftin hefur trúlega verið um 8 x 8 m að stærð og hefur austurveggur hennar einnig verið

vesturveggur hólfs C. Norðan við bæjartóftina (hólf A-D) eru svo tvær aðrar tóftir. Sú vestari (F) er um 16 x 8 m að stærð og snýr hún austur-vestur. Tóftin er tvískipt og mjög sign. Hólf hennar snúa austur-vestur og er það eystra um 4 x 2 m að innanmáli á meðan það vestara er 6 x 2 m að innanmáli. Enginn inngangur er sjáanlegur og veggir hennar eru þýfðir og grasigrónir svo ekkert sést í grjóthleðslur. Veggir hennar eru 2 - 3 m á breidd og 1 - 1,4 m á hæð. Samkvæmt Gísli Ástgeirssyni var hesthús fast norðan við bæ og er mjög líklegt að þessi tóft hafi verið fyrrnefnt hesthús. Fast sunnan við tóftina er ógreinileg grasigróin ferhyrnd dæld um 0,4 m djúp og um 14 x 4 m að stærð. Hugsanlegt er að dældin hafi verið heygarður en engir greinilegir veggir eru sjáanlegir umhverfis hana. Um 4 m austan við tóft F og hólf E og um 4 m norðan við hlöðu B hefur hugsanlega verið tóft sem hefur verið um 15 x 6 m að stærð og snúið norður-suður. Svæðið er mjög rofið vegna hrossabeitar en hugsanlegur torfhlaðinn veggur, 0,5 - 1 m á hæð og um 1,5 m á breidd er sunnan við steinsteypt rollubað sem er um 3 x 1 m að stærð, um 1,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og norðan, austan og vestan við baðið eru aðeins rofabörð og grasigrónar lágar þúfur sem hugsanlega hafa á einhverjum tímapunkti verið hluti af veggjum torfhlaðinnar tóftar en ekki er hægt að skera úr um það með neinni vissu. Ekki er vitað hvort fjós var í Sauðholti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 352



Bæjarhóll Sauðholts RA-374:001

RA-374:002 heimild um mógrafir

63° 52.197N 20° 40.176V

Í Sunnlenskum byggðum segir að mótak sé í landareigninni. Nákvæm staðsetning þessara mógrafa er ekki lengur þekkt en líklegast hafa þær verið í víðáttumiklu mýrlendi jarðarinnar um 530 m suðaustan við bæ 001. Mikið er um þýfðar og grasigrónar, deigar mýrar í landi Sauðholts. Nákvæm staðsetning mótekju í landi Sauðholts er óþekkt. Ekkert sést til leifa mógrafa.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** SB V, 352**RA-374:003** gerði kálgarður

63° 52.373N 20° 40.654V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Leifar af garðlagi utan um þennan kálgarð eru um 3 m sunnan við bæjarhól 001 og um 10 m vestan við þúst 009. Garðlagið er í þýfðu túni í órækt sem er nýtt sem hrossahagi. Garðlagið er torfhlaðið og grasigróið, um 1,5 m á breidd, 0,8-1 m á hæð og um 40 m á lengd. Garðlagið hefur umlukið kálgarð sem hefur trúlega verið um 25 x 20 m að stærð, en í dag (2007) eru norður- og vesturhlutar garðlagsins alveg horfnir. Þar sem garðlagið sést ennþá er það rofið á stöku stað vegna hestagata. Í miðjum kálgarðinum er nú lítill sumarbústaður.

*Garðlag RA-374:003, horft til SSA***Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-374:004** þúst beitarhús

63° 51.626N 20° 38.690V

"Fyrir vestan Nesbrún, framan til við sauðahúsið, er Svartadæla, [...]" segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Gísla Ástgeirssyni, heimildarmanni, var sauðahús um 2,2 km suðaustan við bæ 001 og um 3,2 km VSV við Ásmundarstaði RA-364:001. Á þessu svæði er aðeins grasigróinn hóll sem virðist hafa verið sléttaður en ekki er vitað hvenær eða hvers vegna það átti sér stað. Hóllinn er í þýfðri og deigri grasi- og mosagróinni mýri. Hóllinn er um 25 x 20 m að stærð, 1-1,5 m á hæð og snýr norður-suður. Í hólnum sjást hleðslugrjót í grasinu hér og þar og er hóllinn þýfður að hluta. Lítið er eftir af sauðahúsinu en trúlega hefur það verið um 12 x 10 m að stærð. Engin hólfr eða vísbendingar um lögun tóftarinnar sjást greinilega þar sem hleðslur eru svo til alveg útflattar.

*Beitarhúsapúst RA-374:004, horft til norðurs***Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Sauðholt, 1

RA-374:005 Byrgi örnefni fjárskýli

"Einnig eru á Eyrinum tveir hólar, er nefnast Byrgi." segir í örnefnalýsingu og gefur örnefnið í skyn að hugsanlega hafi á þessu svæði verið fjárskýli. Engir hólar fundust þó á Eyrinum og er því nákvæm staðsetning þeirra óþekkt. Eyrarnar eru sléttlendar, grónar þykkum mosa og lágum runnagróðri hér og þar. Gísli Ástgeirsson, heimildarmaður, kannaðist ekki örnefnið.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Sauðholt, 2

RA-374:006 tóft óþekkt

63° 51.379N 20° 39.730V

Einföld ógreinileg tóft er um 2 km sunnan við bæ 001 og um 970 m vestan við beitarhúsaþúst 004. Tóftin er í grasigrónum smápýfðum móa. Tóftin er einföld á lágum grasigrónum hól sem er um 8 x 7 m að stærð og um 0,4 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er 3 x 3 m og hugsanlega hefur verið um 1 m breiður inngangur í hólfið á vesturhlið tóftarinnar nær suðvesturhorni hennar. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar, veggir hennar eru signir og er tóftin þýfð að innan. Veggir hennar er um 1 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Hugsanlega er hér um að ræða lítinn heygarð, fjárskýli eða smalabyrgi en engar heimildir hafa fundist um hlutverk tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta



Hugsanlegt fjárskýli RA-374:006, ljósmynd tekin í norðaustur

RA-374:007 Þrasabraut gata leið

63° 50.876N 20° 39.215V

"Þrasabraut nefnast götutroðningar, er liggja fram að Steinslæk, meðfram Sláttudæl og Stóraflóði að austan." segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum V segir um þessa leið: "Ýtarlega lýsir séra Benedikt þremur alfaravegum austan Egilsstaðferju [RA-375:018], enda allar að hluta til í landi Kálfholts, tvær [Þrasabraut 007, leið RA-365:023 og hugsanlega leið RA-370:037] sín í hvora áttina meðfram Þjórsá eða í námunda við hana." Í Sýslu- og sóknarlýsingum



Þrasabraut RA-374:007, horft til norðurs

segir: "Þriðji vegurinn liggur frá ánni suður hjá Sauðholti [001] yfir Steinslæk á hemjum [sjá RA-361:005] austur fyrir ofan Ás [RA-358:001] og Hellatún [RA-363:001] niður að Rauðalæk fyrir framan Arnkötlustaði og hann er hvað skástur." Bæði bíslóði og hestagötur liggja NNV-SSA frá Prestvaði 010 á Steinslæk heim í tún í Sauðholti um hlið í túngarði 015 um 3,2 km vegalengd. Þessi leið lá frá Egilsstaðferju (sjá RA-375:031), um land Sauðholts að Sandhólaferju við Þjórsá um Prestvað 010. Var hún mjög líklega einnig tengd Holtavegi hinum forna RA-358:036 um Hemjuvað RA-361:005 og Rimavað 008 á Steinslæk. Göturnar liggja um grasi- og mosagróinn þýfðan móa og grasigróið sléttað tún í órækt. Hestagöturnar eru 2 til 3 og þær hverfa undir bíslóðann hér og þar en þar á milli sjást þær hlykkjast samsíða honum og eru þær grasigrónar, 0,3-0,6 m breiðar og 0,2-0,4 m á dýpt. Svæðið sem slóðinn og göturnar liggja um er 4-5 m á breidd og er leiðin um 3,2 km löng frá Steinlæk að túnjaðri Sauðholts. Lengra var leiðin ekki rakin.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Sauðholt, 2; SB V, 306-307; SSR, 210

RA-374:008 *Rimavað* heimild um vað 63° 51.008N 20° 38.239V

"Vöð á Steinslæk eru þrjú, austast er Rimavað, þar fyrir vestan Hemjutangavað [RA-361:005], og loks Prestsvað [010]." segir í örnefnalýsingu. Rimavað er um 3,3 km SSA við bæ 001 og um 1,2 km sunnan við sauðahús 004. Ekki er alveg ljóst á hvaða leið vaðið var en hugsanlegt er að Holtavegur hinn forni RA-358:036 hafa tengst Þrasabraut 007 um Prestvað 010 og/þá Rimavað á Steinslæk. Á þessu svæði er lækurinn 4 - 5 m á breidd og frekar grunnur þó trúlega ekki stígvélafær. Bakkar lækjarins eru hér sendnir og auðvelt að komast upp frá og niður að læknum. Botn lækjarins er einnig sendinn og engir steinar eru á þessu svæði til að stikla. Ekkert sést til gata til eða frá vaðinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Sauðholt, 2

RA-374:009 þúst útihús 63° 52.375N 20° 40.639V

Grasigróin þúst er um 30 m suðaustan við bæ 001 og um 12 m ANA við kálgarð 003. Þústin er í þýfðu túni í órækt sem er nýtt sem hrossahagi. Þústin er um 0,5 m á hæð, um 8 x 5 m að stærð og snýr hún norður-suður. Engin dæld sést í dag í miðju þústar og útlínur hennar eru ógreinilegir vegna sléttunar en tvö til þrjú hleðslugrjót sjást í grasinu hér og þar. Mjög líklegt er að leifar útihúss finnist þar undir sverði en nákvæmt hlutverk þess er óþekkt.



Hugsanlegt útihús RA-374:009, horft til SV

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

RA-374:010 *Prestsvað* heimild um vað 63° 50.655N 20° 39.124V

"Vöð á Steinslæk eru þrjú, austast er Rimavað [RA-374:008], þar fyrir vestan Hemjutangavað [RA-361:005], og loks Prestsvað." segir í örnefnalýsingu. Prestsvað er um 3,5 km sunnan við bæ 001 og um 970 m VSV við Rimavað 008. Á þessu svæði er lækurinn um 10 m breiður en óljóst er hversu djúpur hann er en þó er ljóst að hann er venjulega ekki stígvélafær þar sem botninn er sendinn og ekki grjót til að stikla á sjáanlegt. Bakkar hans eru einnig sendnir og

lágir og auðvelt er að komast þar upp frá og niður að læknum. Lítið sem engin merki um götur að vaðinu eru sjáanlegar á bakkanum en um 100 m norðan við vaðið er garðlag 021 og þar eru götur 007 greinilegar. Hafa þær trúlega tengst vaðinu er þær voru í notkun þó lítil sem engin ummerki finnist um slíkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sauðholt, 2

RA-374:011 heimild um kálgarð 63° 52.369N 20° 40.696V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður um 5 m vestan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er þýft tún í órækt. Ekkert sést til kálgarðsins lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-374:012 gata leið 63° 52.383N 20° 40.712V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 lá gata norður-suður frá kálgarði 011 í norður um 100 m út fyrir túngarð NNV við bæ 001. Í dag er þetta svæði um 30 m VNV við bæ og fast NA við garðlag 013. Þessi leið hefur verið farin þegar fara þurfti yfir í Kálholt RA-375:001. Á svæðinu er grasigróið sléttlendi. Á þessu svæði er nú (2007) grasigróinn og sendinn vegslóði sem er um 4 m á breidd og liggur NNV-SSA frá sumarbústað í kálgarði 003 um 145 m út fyrir túngarð í NNV. Ekkert sést til eldri götu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-374:013 garðlag óþekkt 63° 52.405N 20° 40.749V
Garðlag er 30 m VNV við bæ 001 og um 50 m suðaustan við kálgarð 003 samsíða götu 012. Á svæðinu er sléttað grasigróið tún í órækt. Garðlagið er torfhlaðið, 0,3-0,8 m á hæð, 1,5-2 m á breidd, um 55 m á lengd og snýr NNV-SSA. Það hefur trúlega verið sléttað því endar þess deyja smám saman út í tún í báðar áttir. Hugsanlegt er að það hafi einhvern tíman tengst túngarði 015 í NNV og afmarkað götu 012 heim að bæ en um það verður hins vegar ekki fullyrt og því er það skráð stakt hér.



Garðlag RA-374:013, horft til SSA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-374:014 heimild um leið 63° 52.385N 20° 40.631V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var gata fast sunnan við bæ 001 sem lá í austur út fyrir túngarð frá bænum. Hugsanlega er hér um að ræða byrjun leiðar sem notuð var til þess að fara í beitarhús 004 en ekkert sést þó til gata utan við túngarðinn. Á þessu svæði er sléttað tún sem er nýtt sem hrossahagi. Ekkert sést til gata.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-374:015 garðlag túngarður

Túngarður liggur í óreglulegan hring umhverfis




Túngarður RA-374:015, horft til suðurs


63° 52.388N 20° 40.807V

bæjarhólinn 001 í 70-320 m fjarlægð. Túngarðurinn er í sléttuðu túni. Túngarðurinn umkringir óreglulega egglega tún sem er um 460 x 250 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Túngarðurinn er torfhlaðinn, 1,5-2 m á breidd, 0,8-1 m á hæð og um 1050 m á lengd. Hér og þar eru rofin skörð í garðlagið vegna hrossabeitar en reynt hefur verið að fylla upp í þau flest þar sem garðlagið þjónar ennþá sem girðing fyrir hross og hefur málmstikum verið stungið niður í það svo til allan hringinn. Þrjú hlið eru á garðlaginu. Eitt er um 250 m sunnan við bæ og er það um 5 m á breidd og annað er um 4 m á breidd og

um 320 m suðaustan við bæ. Þriðja hliðið er um 15 m á breidd um 115 m norðvestan við bæ þar sem malarvegurinn sem liggur SSA að Sauðholti II hefur verið lagður í gegn um garðlagið. Þar sem fjárhús 018 stóð er einnig um 25 m skarð í garðlagið en hvers vegna er óljóst. Tvö einföld og torfhlaðin hólfr eru byggð við túngarðinn. Annað (A) er um 110 m VNV við bæ (001) og hitt (B) um 270 m suðaustan við bæ. Hólfr A er áfast garðinum að utanverðu, er um 10 x 7 m að utanmáli og um 8 x 4 m að innanmáli. Veggir þess eru um 1 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð og hólfið snýr norðaustur-suðvestur. Um 1 m breiður inngangur hefur verið í hólfið á norðausturhlið þess fast upp við túngarðinn. Hólfr B er einnig áfast garðinum utanverðum og snýr austur-vestur. Hólfið er um 32 x 9 m að utanmáli og um 28 x 5 m að innanmáli. Torfhlaðinn veggur þess er mjög rofinn en hugsanlegir 1-2 m breiðir inngangar hafa verið í suðvesturhorni þess upp við túngarðinn og í norðausturhorni þess, einnig upp við túngarðinn. Veggir gerðisins eru um 2 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Trjágróður hefur verið settur niður í hólfinu og í veggjunum sjálfum. Hugsanlegt er að túngarðurinn hafi tengst garðlagi 013 að NNV-verðu á einhverjum tímupunkti en tilgangur slíks fyrirkomulags er óljós.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar






Gerði RA-374:015A (vinstri), horft í NNA, og B (hægri), horft í VNV

RA-374:016 þústir óþekkt

63° 52.184N 20° 40.244V

Grasigróinn hóll myndaður úr þremur þústum sem er um 500 m SSA við bæ 001 og um 1,6 km NV við beitarhúsaþúst 004. Hóllinn er í þýfðum grasi- og mosagrónum móa. Hóllinn er aflangur, um 35 x 30 m að stærð, um 1,5 m á hæð og snýr norður-suður. Í hólnum eru þrjár fagurgrænar þústir þar sem hugsanlega hafa staðið útihús. Greina má um fimm hugsanleg hólfi í þústunum, 0,2-0,4 m á dýpt og eru þau mjög þýfð en botn þeirra er þó frekar sléttur. Þúst A er um 18 x 16 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þrjú hugsanleg hólfi eru í þústinni. Nyrsta hólfið er um 8 x 4 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Um 2 m sunnan við það er óljóst hólfi sem er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Um 3 m ANA við það er þriðja hólfið. Það er 3 x 1,5-2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Um 3 m SSA við þúst A er þúst B. Þústin er um 10 x 9 m að stærð og snýr NNV-SSA. Ógreinilegt hólfi er í þústinni NNV-verðri sem er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Þúst C er um 3 m ANA við syðri hólfin í þúst A. Þústin er um 14 x 8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Eitt óljóst hólfi er greinanlegt í þústinni sem snýr eins og er um 4 x 2 m að innanmáli. Ekki er ólíklegt að hér sé um gömul útihús að ræða en nákvæmt hlutverk þeirra er óþekkt. Engir inngangar eru greinanlegir í þústunum og engar grjóthleðslur heldur. Hugsanlegt er að hér gæti verið um stekkjarrústir að ræða en engar heimildir hafa fundist um nákvæmt hlutverk þeirra.

Hættumat: engin hætta




Þrjár þústir RA-374:016A-C með óþekkt hlutverk, ljósmynd tekin í ANA

RA-374:017 tóft útihús


63° 52.209N 20° 40.328V

Útihúsatóft er á grasigrónum 1-1,5 m háum hól um 440 m SSA við bæ 001 og um 80 m norðvestan við tóft 016. Hóllinn er í þýfðum móa og gróinn mosa- og grasi. Hóllinn er um 18 x 15 m að stærð og snýr austur-vestur. Á þessu hól hefur trúlega staðið bárujárnsklætt útihús með timburgrind og grjót- og torfhlaðin hlaða. Útihúsið hefur trúlega verið um 10 x 7 m að stærð en þar sem það stóð er aðeins græn slétt flöt. Hlaðan er fast austan við flötina og er um 8 x 4 m að utanmáli og snýr norður-suður. Innanmál hennar er um 6 x 2 m og veggir hennar eru um 1 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Veggir eru grasigrónir svo engar grjóthleðslur eru sjáanlegar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar*Beitarhúsatóft RA-374:017, ljósmynd tekin í suður***RA-374:018** tóft fjárhús

63° 52.257N 20° 40.432V


Tvískipt fjárhústóft er um 290 m SSA við bæ 001 og um 130 m NNV við tóft 017. Á svæðinu er sléttá tún í órækt. Tóftin er ógreinileg en gryfja hlöðu sést ennþá og er hún um 1,2 m djúp og 5 x 3 m að stærð. Fjárhúsið sjálft hefur trúlega verið um 12 x 9 m að stærð en aðeins grasigróinn sléttur pallur er þar eftir. Húsið hefur snúið NNV-SSA. Samkvæmt Gísla Ástgeirssyni var þarna fjárhús byggt úr timbri og bárujárni en ekki er vitað hvenær það var rífið eða hversu margar kindur það tók.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Sauðholt, 2*Fjárhústóft RA-374:018, ljósmynd tekin í suður*

RA-374:019 tóft lambhús


63° 52.321N 20° 40.574V

Einföld tóft er um 140 m SSA við bæ 001 og um 230 m suðaustan við eystra gerðið á túngarði 015. Samkvæmt Gísla Ástgeirssyni var tóftin áður lambhús. "Austan við túnið að framanverðu er Lambhúsdæl, [...]" segir í örnefnalýsingu. Þetta örnefni gæti hugsanlega tengst þessari tóft en dældin sjálf fannst ekki. Á svæðinu er sléttað grasigróið tún í órækt. Tóftin er einföld, um 15 x 10 m að stærð og snýr hún norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru 2-3 m á breidd og 0,8-1,2 m á hæð en þeir hafa sigið talsvert og er innanmál tóftarinnar nú aðeins um 6 x 3 m. Vegna sigs er ekki hægt að sjá hvort veggirnir eru byggðir úr torfi og grjóti eða bara úr torfi en að utan eru þeir mjög grasigrónir og engar grjóthleðslur sjáanlegar. Inngangur hennar sést ekki í dag vegna sigs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Sauðholt, 2*Lambhústóft RA-374:019***RA-374:020** tóftir+gerði óþekkt

63° 52.452N 20° 40.768V

Tvær einfaldar tóftir og gerði eru í hnapp um 160 m norðan við bæ 001 og um 5 m norðan við túngarð 015. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn mói. Á um 20 x 15 m stóru svæði sem snýr norður-suður eru 2 tóftir og 1 gerði. Hleðslur mannvirkjanna eru mjög signar torfhleðslur. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir þeirra eru grasi- og mosagrónir, 1-2 m á breidd og 0,3-1,2 m á hæð. Gerðið er einfalt, um 14 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir þess eru mjög rofnir vegna hrossabeitar en þó mosagrónir. Innanmál þess er um 10 x 7 m. Um 2-4 m sunnan við gerðið eru tvær einfaldar tóftir B og C hlið við hlið og er tóft B um 3 m vestan við tóft C. Báðar tóftir snúa austur-vestur. Tóft B er um 5 x 4 m að stærð. Innanmál hennar er um 2 x 1 m. Tóft C er einnig um 5 x 4,5-5 m að stærð. Innanmál

*Tvær einfaldar tóftir og gerði RA-374:020A-C*

hennar er um 3 x 1 m. Hlutverk mannvirkjanna er óþekkt en hugsanlegt er að hér sé um að ræða kofa fyrir hrúta eða lömb og aðhald eða rétt fyrir búpening.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóftir og gerði RA-374:020A-C.
Gerði A er hér að ofan til hægri
(horft til norðvesturs), tóft B að
ofan til vinstri (horft til vesturs)
og tóft A hér til hliðar (horft til
vesturs)

RA-374:021 garðlag óþekkt

63° 50.768N 20° 38.735V

Garðlag í landi Sauðholts á norðurbakka Steinslækjar er um 4,3 km suðvestan við Ásmundsstaði RA-364:001 og um 3,4 km SSA við Sauðholt 001. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn mói. Garðlagið er torfhlaðið, um 2 m á breidd, 0,5-0,8 m á hæð og um 830 m á lengd. Garðlagið er grasigróið og liggur um ANA-VSV meðfram norðurbakka Steinslækjar. Í ANA kemur garðlagið strax í ljós á bakka Steinslækjar suðvestan við Hemjutanga og er það framhald af garðlagi RA-361:006 í landi Áskots sem skráð var sumarið 2006. Um 830 m VSV hverfur garðlagið svo í þúfur og rofabörð. Ekki er alveg ljóst hvert nákvæmt hlutverk garðlagsins hefur verið en það er staðsett mjög nálægt norðurbakka Steinslækjar og suður-landamerkjum Sauðholts. Hugsanlega gæti hér verið um að ræða gamlan landamerkjagaráð en einnig gæti garðurinn hafa þjónað sem varnargarður gegn flóðum í Steinslæk eða gegn ágangi búpenings.



Garðlag RA-374:021, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

RA-375 Kálfholt


40 hdr. 1696, 1705. JÁM I, 360. 30 hdr. 1847. JJ, 52. Kirkjustaður. c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 7. [1332]: Máldagi kirkjunnar. "a Þridiung j heimalandi" DI II 698-699 [1367]: Máldagi kirkjunnar: "a heimaland alltt x kyr lx asaudar. iiiij hross" DI III 218 [1371]: Máldagi kirkjunnar. "a heimaland allt" DI III 268. 1386: Máldagi kirkjunnar. "Jtem gaf kolbeinn petursson fertuga grof j krokz jord æfennliga og Þerrivollinn vnder ad frialzu." DI III, 394. 1397: Máldagi kirkjunnar: "a heimaland allt" DI IV 60. 1397: Máldagi kirkjunnar DI IV 87 1398: "Pontianus Ólafsson afhendir Oddi Ásbjarnarsyni, kvikfé og innbú; Staðarafhending." DI III 632. 1439: Pétur Þorsteinsson gefur kirkjunni 4 hdr fjöru tólfræð að helmingi við sig fyrir Þykkvabæ í Holtamannahreppi - með fjörumörkum." DI IV 584. [um 1500]: Máldagi kirkjunnar DI VII 453. 1568: Máldagi kirkjunnar. DI XV 101-102. 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV 659-659. Í Landnámabók segir: "Áskell hnokkan, son Dufpaks Dufnjalssonar, Kjarvalssonar Írakonungs, hann nam <land> milli Steinslækjar ok Þjórsár ok bjó í Áskelshöfða [RA-375:025]." ÍF I, 367. Í Flóamannasögu segir: "Þórey hét kona; hon var Þorvarðsdóttir. Þorfinna hét móðir hennar; hon bjó í Odda. Þorvarðr var andaðr. Þórey var at fóstri á þeim bæ, er heitir í Kálfholti [RA-375:001],[...]." ÍF XIII, 268. 1709 voru Eystri [RA-376:001] og Vestri [RA-375:007] Kálfholtshjáleigur og sú vestari í eyði. Hin var enn í byggð 1847, en 1912 var Fífilbrekka [RA-375:008] byggð 1912-1921. 1709: "Reka á staðurinn fyrri þykkvabæjar landi, og er það rekapláts kallað Kálfholtstfjara. 4 hndr. faðmar tólfræði að lengd, item engjapláts í Sauðholts [RA-374:001] landi (sem áður er reiknað í heyskap jarðarinnar, (kallað Prestengi og Kálfholtssengi)), hvar fyrir koma á mánaðarþing málmytu frá Sauðholti á sumar í Kálfholtst land í bæði mál, eða tveggja mánaða í annað." JÁM I, 360. "Presturinn á frí flutning yfir Þjórsá á Egilstaða ferju [RA-375:018] og "stakkseingi" í Sauðholts landi, mót beit frá Sauðholti í Kálfholtst landi. Staðurinn á líka fertuga gröf í Króks landi og þerri völlu undir að frjálssu; sömuleiðis laxveiði í Þjórsá og fjöru fyrir Þykkvabæjar landi, fjögur hundruð faðma tólfræði." JJ, 52 "Þetta er sú landareign sem kennd er við Áskelshöfða í Landnámu. ... Lækjartún [Kálfholtshjáleiga] og Þjórsártún [RA-375:009] eru byggð úr Kálfholtstlandi. Jörðin er enn víðlend, holt, móar og mýrar en mikið hefur verið gengið á mýrlendið með framræslu og ræktun." SB V, 353. 1709: "Tún eru hjer víða mjög þýfð með steinum jarðföstum og þar fyrir bágt þau að vinna. Engjavegur lángr og blautur." JÁM I, 360. 1920: Tún 5,4 ha, sléttað 2 ha, garðar 1280 m². 1874: "Af túninu fást 140 hestar, og af útheyslægjum 60 hestar; það fóðrar í meðal-ári 5 kýr, 60 fjár fullorðið, 2 gjafarhesta og 12 útigánshross, en ef meira á að halda, verður að kaupa slægjur í Vetleifsholtsmýri." JJ, 52.

Kálfholt

Stærð túna: 5,4 ha

Þar af slétt: 2.0 ha

Stærð matjurtagarða: 1280 m²



Túnakort frá árinu 1920 af Kálfholtstúni

RA-375:001 *Kálfholt* bæjarhóll bústaður

63° 53.905N 20° 39.314V

Í Flóamannasögu segir svo: "Þórey hét kona; hon var Þorvarðsdóttir. Þorfinna hét móðir hennar; hon bjó í Odda. [...] Þórey var at fóstri á þeim bæ, er heitir í Kálfholti [...]. Sörli hét maður; hann bjó skammt burt frá Kálfholti." Í Sunnlenskum byggðum segir: "Það [núverandi íbúðarhúsið í Kálfholti] stendur um 120 m upp frá gamla bæjarstæðinu, sem er vestan við Kálfholtskirkju." Kálfholt var um 20 m norðvestan við Kálfholtskirkju 002 og um 5,2 km suðvestan við Krók RA-377:001. Á þessu svæði er malarbórið bílastæði við Kálfholtskirkju. Gamli bærinn var jafnaður við jörðu um 1976. Síðasti bærinn á þessum slóðum var timburhús á grjóthlöðnum grunni og tvíbýli. Í bæjarröðinni var m.a. smiðja vestan undir húsi og var ris yfir vestari hluta hússins. Inngangur í húsið var bæði austan og vestan megin. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar og virðist bæjarhóllinn að mestu hafa verið sléttður út um leið og bærinn.



*Eldra bæjarstæði Kálfholts RA-375:001,
horft til norðurs*

Heimildir: ÍF XIII, 268-269; Túnakort 1920; SB V, 353

RA-375:002 *Kálfholtskirkja* heimild um kirkju

63° 53.897N 20° 39.282V

Í Sunnlenskum byggðum segir: "Kálfholts getur í Flóamanna sögu og Kirknaskrá Páls biskups getur staðar í Kálfholti um 1200. [...] Kirkjan náði fljótt tangarhaldi á staðnum og var Kálfholt prestssetur í Holtapingum neðri um hundruð ára." Kirkjan í Kálfholti er um 20 m suðaustan við gamla bæjarstæðið 001 og um 300 m VSV við Lækjartún (Kálfholtshjáleigu RA-376:001). Kirkjan stendur í grasigrónum kirkjugarði með limgerði og trjágróður allt í kring um garðinn.

KÁLFHOLT Í HOLTUM (R) -Ólafi c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7.

[1332]: a Þridiung j heimalandi. Þar aa at vera heimilis prestur oc diakni; Máld DI II, 698-699.

[1367]: a heimaland allt x kyr lx asaudar. iiij hross les Vilchinsbok; Hítardalsbók, sjá [1371]; DI III, 218.

[1371]: a heimaland allt; Máld DI III, 268.

1386: Vtskript af þeim maldaga sem liggir j kalfholli fyrer þui sem kirkian hefur att ad fornu. og hun a enn nu. miog rotinn og lasinn. Anno M. ccc. lxxx. sexto reiknast suo mikit kirkiunnar gotz j kalfholli. Þaa er pontianus tok med enn sera jon liet af.

.jc. j metfie og .v hross.

jtem. x. kyr og .xij. kugilldi j asaud.

jtem var stadurinn metinn iafn og þa er sera jon tok.

Jtem gaf kolbeinn petursson fertuga grof j krokz jord æfinnliga og þerrivollinn vnder ad frialzu. og suo frialst ad giora vm kaustu.

Huad kirkiann hefur j þennann fyrskrifadan tijma ätt jnnann sig þat synest mier sumt j burtu skafed. enn sumt er ecki læst. Þui get eg þat ecki skrifad; Staðarafhending DI III, 394.

[Máldagabók Odds biskups frá um 1590, Add. Bristish Mus. 11,245. 4to bl. 225a-b (FM. 402)].

1397: a heimaland allt

fiell nidur oll portio su sem sira Jon hafde tekid firir þau þing sem hann keypti kirkiunni jnnan sig. olukt c.; Máld DI IV, 60.

1397: sjá [1371]; DI IV, 87.

1398: Pontianus Ólafsson afhendir Oddi Ásbjarnarsyni, kvikfé og innbú; Staðarafhending DI III, 632.

18.4.1439: Pétur Þorsteinsson gefur kirkjunni 4 hdr fjöru tólfræð að helmingi við sig fyrir Þykkvabæ í Holtamannahreppi - með fjörumörkum; DI IV, 584

[um 1500]: Máld DI VII, 453

14.5.1568: Máld DI XV, 101-102

1575: Máld DI XV, 659-659

1708: Kirkjustaður og beneficium; JÁM I, 360

16.11.1907: Holtaping lögð niður og Árbæjarkirkja lögð undir Kálfholt; PP I, 68 neðanmálsgrein [lög].

20.5.1908: Áskirkja lögð niður og Árbæjarsókn lögð undir Kálfholt; PP I, 69 neðanmálsgrein [stjórnarráðsbréf].

Núverandi Kálfholtskirkja er bárujárnsklædd timburkirkja á steypum grunni sem byggð á árunum 1978-1979. Kirkjan er um 12 x 6 m að stærð og 5-7 m á hæð. Elsta greinanlega gröfin í kirkjugarðinum í dag er frá því árið 1898. Engin garðlög sjást utan um kirkjugarðinn nema á norðausturhlið hans. Á honum er nú limgerði og hefur garðurinn verið sléttaður að hluta svo hann er frekar lágur. Garðlagið er um 0,6 m hátt, um 2 m á breidd og um 22 m á lengd. Vesturhlið garðlagsins við kirkjuna er grjóthlaðið annars er garðlagið torfhlaðið. Kirkjugarðurinn er um 35 x 50 m að stærð og snýr austur-vestur en hann virðist hafa verið stækkaður til austurs. Kirkjan stendur í vestanverðum garðinum fyrir miðju og snýr hún ASA-VNV. Inngangur í kirkjuna er á VNV-hlið hennar.



Kálfholtskirkja RA-375:002, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: DI XII, 7; DI II, 698-699; DI III, 218; DI III, 268; DI III, 394; DI IV, 60; DI IV, 584; DI VII, 453; DI XV, 101-102; JÁM I, 360; PP I, 68,69; Túnakort 1920; SB V, 353

RA-375:003 heimild um fjós

63° 53.897N 20° 39.331V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 10 m sunnan við bæ 001 og um 35 m vestan við kirkju 002. Á þessu svæði er sléttuð grasigróin brekka sem hallar um 5° í suður og lítill trjálundur. Samkvæmt Jónasi Jónssyni, heimildarmanni, var þarna torfbyggt fjós og hlaða. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-375:004 heimild um fjárhús

63° 53.947N 20° 39.284V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 80 m NNA við bæ 001 og um 90 m NNA við kirkju 002. Á þessu svæði er malbikað vegstæði sem liggur NNV-SSA með sléttað tún til beggja hliða (austur og vestur). Samkvæmt Jónasi Jónssyni, heimildarmanni, var þarna fjárhús og niðurgrafin hlaða byggð úr torfi og grjóti. Ekkert sést til fornleifa vegna vegagerðar og túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-375:005 Hesthúsflöt heimild um hesthús

63° 53.986N 20° 39.229V

"Í Austurtúninu er Hesthúsflöt, [...]" segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 170 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m vestan við Kálfholt II. Þetta hús var horfið er Jónas Jónsson, heimildarmaður, kemur í Kálfholt en samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur í Lækjartúni RA-376:001 er hér um að ræða hesthúsið sem Hesthúsflöt er

skýrð eftir. Á þessu svæði er sléttuð tún. Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur var þarna hesthús og heygarður. Enginn sérstakur hóll er greinanlegur í túninu á þessum slóðum og ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Kálfholt, 2


RA-375:006 gripir

Í lýsingum frá árinu 1864 í Skýrslu um Forngripasafn Íslands I segir m.a.: "Sexboruð SKAFLASKEIFA. Það er dragstappa stór, og miklu þykkvari og járnmeiri, en nú tíðkast. Hún fannst manni í mjaðmarhöfuð niður í jörðu, nálægt Kálfholti." Heimildamenn, Jónas Jónsson og Guðmunda Tyrfingsdóttir, könnuðust ekki við þessa gripi. Nákvæmur fundarstaður óþekktur.

Heimildir: Skýrsla FÍ I, 99

RA-375:007 Pottur bæjarstæði býli

"Pottur var hjáleiga frá Kálfholti og stóð bærinn í fallegri kvos í um 500 m fjarlægð vestur frá kirkjustaðnum. [...] Þarna var smátúnblettur sléttuður og ræktaður. Sennilega hefur ekki verið byggð í Potti síðan 1705." segir í Sunnlenskum byggðum. Beitarhús eru um 500 m vestan við bæ 001 og um 350 m VSV við Bleikju 017 á svæðinu þar sem býlið Pottur stóð áður. Tóftin er á grasgróinni þýfðri brún brekku sem hallar um 30° í VSV og virðist vera mávavarp nálægt tóftinni. Í lýsingum frá árinu 1709 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Var fyrst bygd hjer um 30 árum og varaði sú bygd continue þar til nú fyrir 3 árum, þá lagðist hún í eyði eitt ár, bygdist þá aftur eitt ár landskuldarlaust, síðan hefur hún í eyði verið." Í örnefnalýsingu segir svo: "Í vesturarmi Bæjarholtsins er klettabelti, er heitir Klettur, norður af þeim er Pottur. Þar hafa lengi verið fjárhús. En í fyrndinni er sagt, að þar hafi verið býli, og er sögn um það, að kerling ein, er þar bjó, kom eitt sinn heim að Kálfholti, þá er allt fólkið var við stekk. Stal hún þar vellheitum drafla úr potti, er stóð á hlóðum, og bar brott í svuntu sinni. Við það brendist hún svo mjög að hún sálaðist. [...] (Pottur hafði verið í byggð [um] þrjátíu ára skeið, fyrir og um 1700. Einnig kallað Vestur-Kálfholtshjáleiga, en núverandi hjáleiga Austur-Kálfholtshjáleiga [...]."



Fjárhúsið Pottur RA-375:007

63° 53.885N 20° 39.912V



Pottur RA-375:007, horft til vesturs

hjer um 30 árum og varaði sú bygd continue þar til nú fyrir 3 árum, þá lagðist hún í eyði eitt ár, bygdist þá aftur eitt ár landskuldarlaust, síðan hefur hún í eyði verið." Í örnefnalýsingu segir svo: "Í vesturarmi Bæjarholtsins er klettabelti, er heitir Klettur, norður af þeim er Pottur. Þar hafa lengi verið fjárhús. En í fyrndinni er sagt, að þar hafi verið býli, og er sögn um það, að kerling ein, er þar bjó, kom eitt sinn heim að Kálfholti, þá er allt fólkið var við stekk. Stal hún þar vellheitum drafla úr potti, er stóð á hlóðum, og bar brott í svuntu sinni. Við það brendist hún svo mjög að hún sálaðist. [...] (Pottur hafði verið í byggð [um] þrjátíu ára skeið, fyrir og um 1700. Einnig kallað Vestur-Kálfholtshjáleiga, en núverandi hjáleiga Austur-Kálfholtshjáleiga [...]."

Samkvæmt Jónasi Jónssyni, heimildarmanni, byggði Júníus Ingvarsson þar seinna fjárhús sem síðast voru notuð í kringum 1940. Ekkert sést í dag til gömlu bæjarhúsanna. Fjárhúsið er hlaðið úr torfi og grjóti en lítið af hleðslu er ennþá uppistandandi. Tóftin er um 20 x 20 m að stærð og snýr hún VSV-ANA með inngang inn í fjárhúsið á VSV hlið þess. Í tóftinni eru 5 hól (A-E) og veggir hennar eru 2-3 m

á breidd og 0,6-1 m á hæð. Hólf A er um 15 x 2 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Í miðju hólfinu er grjóthlaðin 1 m breið, um 10 m löng og um 0,3 m há undirstaða undir garða. Trúlega hefur verið timburpil í VSV enda hólfsins. Í suðausturhorni hólfsins er hugsanlega samfallið um 1 m breitt lítið skot eða göng milli hólfa A og B. Hólf B er um 3 m sunnan við hólfa A og snýr einnig ANA-VSV. Hólfið er um 11 x 2,5 m að innanmáli. Um 1 m breiðar og um 9,5 m langar garðaundirstöður eru í hólfinu. Greinilegar grjóthleðslur sjást í veggjum hólfa og undirstöðum garðanna (1-2 umför) og hafa bæði hólfin trúlega verið fjárhúsin. Hólf C er fast NNV við hólfa A og er það um 4 x 2 m að innanmáli og snýr það ANA-VSV. Hólfið er um 1 m á dýpt. Hólf D er um 1 m ANA við hólfa A. Hólfið er um 3,5 x 3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Veggir hólfsins eru 0,3-0,5 m á hæð og 1-2 m á breidd. Engar grjóthleðslur sjást í hólfum C og D því þau eru mjög grasigróin og virðast vera aðeins eldri en hólfa A, B og E. Hugsanlegt er að hér séu leifar af eldri byggingum en eins gæti verið að þessi hólfa hafi verið með torfpaki á meðan hólfa A, B og E höfðu bárujárnsþak. Hólf E er áfast hólfi B en er þó um 0,5 m dýpra og hefur það trúlega verið hlaða. Hólfið er um 3 x 2,5 m að innanmáli og snýr eins og B. Veggir hólfsins eru 1-1,5 m á hæð og 1-2,5 m á breidd en mjög signir.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SB V, 356; JÁM I, 361; Ö-Kálfholt, 3

RA-375:008 *Fífilbrekka* bæjarstæði býli 63° 55.147N 20° 38.831V

"Vestan í Austurás er Sauðaklettur og skammt þar frá, sunnan í ásnunum, var þurrabúð nokkur ár, er kallaðist Fífilbrekka, og heitir svo enn þar sem tóftirnar eru." segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Þetta var smábær, byggður í Kálfholtssandi árið 1912 af Jónasi, f. 1844, Jónssyni bónda í Mykjunesi í Holtum, Jónssonar, og bústýru hans, Sigríði, f. 1854, Gunnarsdóttur bónda í Norður-Áskoti, Guðmundarsonar. Stóð bærinn í lítill kvos syðst í Lónsheiði, um 500 m frá Þjórsártúni. [...] Þau dvöldu í Fífilbrekku til 1921. Fór þá kotið í eyði og hefur engin byggð verið þar síðan." Í Þykkskinnu hinni síðari segir: "Eigi langt frá Þjórsártúni [009], nærri Kálfholtssvegumótum, er ofan við veginn gróin bæjarrúst. Sextíu og átta ára gamall maður, sem ekkert komst nema á tveimur hækjum, reisti þar með eigin höndum - og aðstoðar sextugrar bústýru sinnar, nýbýlið Fífilbrekku. Þar bjuggu þau níu vetur við hófsemd og nægjusemi." Samkvæmt Jónasi Jónssyni, heimildarmanni, var Fífilbrekka um 2,4 km SSV við bæ 001 og um 950 m sunnan við Þjórsártún 009. Um þetta svæði liggur Þjóðvegur 1 og afleggjarinn að Kálfholti. "Þarna ræktuðu þau kálgarð og lítinn túnblett. Einnig heyjuðu þau ofurlítið í mýrarsundinu vestan vegarins. Á þessum heyfeng fóðruðu þau nokkrar kindur og tvö hross." segir í Sunnlenskum byggðum V. Búið er að ryðja burtu Fífilbrekku vegna vegagerðar svo ekkert sést til fornleifa. Bærinn er á mörkum þess að teljast fornleifar samkvæmt reglu um 100 ára lágmarksaldur fornleifa. Ekki tókst að fá staðfest úr hvernig byggingarefni bærinn var byggður en þar sem talið er líklegt að hann hafi verið reistur með gömlu byggingarlagi ef miðað er við lýsingar í Þykkskinnu hinni síðari hér að ofan var ákveðið að hafa hann með í þessari skráningu.

Heimildir: Ö-Kálfholt, 5; SB V, 356; Þykkskinna II, 203

RA-375:009 *Þjórsártún* bæjarstæði býli 63° 55.667N 20° 38.920V

"Þjórsártún stendur á holtinu austan Þjórsár, við Þjórsárbrú, fyrst byggð af Ólafi Ísleifssyni sem nýbýli 1898 og lagt til þess land frá Kálfholti." segir í Sunnlenskum byggðum. Í örnefnaskrá Þjórsártúns segir: "Erfðafestuland Ólafs Ísleifssonar." Þjórsártún er um 3,3 km NNA við Kálfholt 001 og um 5,6 km vestan við Herriðarhól RA-379:001. Á bæjarhólnum er nýtt steinsteypt íbúðarhús, fjárhús og hesthús. Öll útihús eru nýleg eins og íbúðarhúsið sem byggt var 1955. Samkvæmt Kristbjörgu Hrólfsdóttur, heimildarmanni, byggði Ólafur Ísleifsson stórt timburhús 1898 sem einangrað var með torfi. Ekkert hús stóð áður á þessum

stað þar sem land var fyrst tekið úr Kálfholtssandi þetta ár fyrir Ólaf sem lækni fyrir sveitina. Á túnakorti frá árinu 1920 má sjá að heimatúnið hefur verið 5,4 ha, allt sléttað. Öll húsin hafa verið á svæði sem var um 260 m á lengd, um 170 m á breidd og snéri norður-suður. Á



Núverandi íbúðarhús í Þjórsártúni, horft til vesturs


hlaðinu 5-15 m norðaustan við bæ (a) voru, í beinni röð, hesthús (b) og hlaða (b) suðaustast, rétt (c) um 15 m norðvestar og eldhús (d) fast norðvestan við hana. Um 50 m vestan við bæinn austan við Þjóðveg 1 var annað hesthús (e) og um 40 m suðvestan við bæ var brunnur (f). Um 170 m norðan við bæ er á túnakorti einnig hús (g) með óþekkt hlutverk og fast norðan og norðaustan við það hús hugsanlegir kálgarðar eða smærri gerði eða réttir (h,i og j). Samkvæmt Kristbjörgu Hrólfsdóttur ræktaði lækurinn hvönn og aðrar jurtir til lækninga í garðinum en á túnakorti er ekki skráð stærð neinna matjurtagarða. Engar leifar húsa eða annarra mannvirkja frá

þessum tíma eru sjáanlegar í dag vegna sléttunar nema brunnurinn (f) sem ennþá er sjáanlegur í garðinum bak við hús undir stóru barrtré. Brunnurinn er um 1x1 m að flatarmáli en búið er að byrgja hann vegna slyshættu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 362; Túnakort 1920; Ö-Þjórsártún, 1

Þjórsártún
Stærð túna: 5,4 ha
Þar af slétt: 5,4 ha



Túnakort frá árinu 1920 af Þjórsártúni RA-375:009

RA-375:010 heimild um landamerki 63° 53.351N 20° 39.263V
"Austurmörkin [í Kálfholti 001] eru: Fyrst Lónið, sem er djúpt gildrag, er rennur í Þjórásá, og sem áin fyllir upp í stórflóðum og hefir myndað að nokkru leyti. Úr Lónbotnum um Kolavatn í Kálfalæk. Þaðan í vörðu í Langarima og síðan vestur um í Stóraós, sem rennur í Þjórásá." segir í örnefnaskrá. Langirimi er um 1 km sunnan við bæ 001 en nákvæm staðsetning vörðunnar er óþekkt og ekki sjást merki hennar lengur. Á þessu svæði er lækur sem búið er að dýpka með vinnuvélum og grasigrónir og þýfðir móar og rofabörð á bökkum hans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kálfholt, 1

RA-375:011 heimild um traðir 63° 53.943N 20° 39.308V
"Kálfholtstúnið skiptist í Vesturtún og Austurtún. Traðirnar norður úr í miðju [...]" segir í örnefnalýsingu. Traðirnar voru í túni um 70 m NNA við bæ 001 og um 90 m norðan við kirkju 002 og eru þær merktar inn á túnakort frá 1920. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til traða lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kálfholt, 2; Túnakort 1920

RA-375:012 *Heygarður* heimild um heygarð 63° 53.986N 20° 39.229V
"Kálfholtstúnið skiptist í Vesturtún og Austurtún. Traðirnar norður úr í miðju, (kirkjan [002], Lindin [027], húsið [001] og Heygarðurinn miðsvæðis.)" segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur, heimildarmanni, var heygarðurinn á svipuðum stað og hesthús 005 en nákvæm staðsetning hans er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað tún. Enginn sérstakur hóll er greinanlegur í túninu á þessum slóðum og ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kálfholt, 2

RA-375:013 frásögn beitarhús 63° 54.166N 20° 39.827V
Samkvæmt Jónasi Jónssyni, heimildarmanni, voru beitarhús um 630 m NNV við bæ 001 og um 850 m norðvestan við Lækjartún RA-376:001. Á þessu holti er grasigróinn þýfður hagi og sléttað arfagróid plan við nýleg fjárhús sem byggð hafa verið upp á svipuðum slóðum. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-375:014 *Prestgata* heimild um leið 63° 54.034N 20° 39.214V
"Norðaustur Bæjarholtið, upp af Heygarðinum [012] eða Tröðunum [011] í Kálfholti, liggur Prestgata, og við hana er Prestslág og Prestsvarða [015]." segir í örnefnalýsingu. Jónas Jónsson og Guðmunda Tyrfingsdóttir, heimildarmenn, könnuðust ekki við þessi örnefni en töldu líklegt að gatan hefði legið á svæði um 250 m norðaustan við bæ 001. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða hluta af leið RA-365:023 frá Egilsstaðaferju 018 eða götu sem lá úr Þórsártúni 009 að Kálfholtskirkju. Á þessu svæði er malbikaður vegur í gegnum bæjarþyrpinguna í Kálfholti, sléttuð tún og malarborinn skeiðvöllur. Nákvæm staðsetning götunnar er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kálfholt, 2-3

RA-375:015 *Prestsvarða* heimild um samgöngubót 63° 54.034N 20° 39.214V
"Norðaustur Bæjarholtið, upp af Heygarðinum [012] eða Tröðunum [011] í Kálfholti, liggur Prestgata [014], og við hana er Prestslág og Prestsvarða." segir í örnefnalýsingu. Jónas Jónsson og Guðmunda Tyrfingsdóttir, heimildarmenn, könnuðust ekki við þessi örnefni en

töldu líklegt að varðan hefði verið á svæði um 250 m norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er malbikaður vegur í gegnum bæjarþyrpinguna í Kálfholti, sléttuð tún og malarborinn skeiðvöllur. Nákvæm staðsetning vörðunnar er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kálfholt, 2-3

RA-375:016 heimild um stekk

"Í vesturbarmi Bæjarholtsins er klettabelti, er heitir Klettur, norður af þeim er Pottur [007]. Þar hafa lengi verið fjárhús. En í fyrndinni er sagt, að þar hafi verið býli, og er sögn um það, að kerling ein, er þar bjó, kom eitt sinn heim að Kálfholti, þá er allt fólkið var við stekk. Stal hún þá vellheitum drafla úr potti, er stóð á hlóðum, og bar brott í svuntu sinni. Við það brendist hún svo mjög að hún sálaðist." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt sögunni mun hafa verið stekkur í Kálfholti en Jónas Jónsson og Guðmunda Tyrfingsdóttir, heimildarmenn, kannast ekki við þessa fornleif og nákvæm staðsetning stekkjarins er því óþekkt.

Heimildir: Ö-Kálfholt, 3

RA-375:017 Bleikja lind vatnsból

63° 53.911N 20° 39.477V

"Ein af lindunum, sem koma upp sunnan undan Vesturtúninu, heitir Bleikja. Var talið, að vatnið úr henni hefði lækningakraft." segir í örnefnalýsingu. Bleikja er um 140 m VNV við bæ 001 og um 460 m vestan við Lækjartún RA-376:001. Bleikja er um 25 m suðvestan við heimatún Kálfholts. Hún rennur undan skriðu í jaðri túns á tveimur stöðum. Í rofabörðum á svæðinu sjást gömul dekk, málm- og spýtnabrák og bárujárnsleifar. Vatn steymir úr plaströri á einum stað. Svæðið er mjög deigt neðan við lindina og rofið vegna hrossabeitar. Svæðið hallar um 5-10° í suðvestur.



Bleikja RA-375:017, horft til austurs

Hrossaþúfur eru norðvestan og suðaustan við lindina. Vatnshrútur dældi vatni heim að bæ en hann bilaði oft og þá þurfti að sækja vatnið. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kálfholt, 3

RA-375:018 Egilsstaðaferja heimild um ferju

63° 54.329N 20° 41.334V

"Upp af Grjótnesi tekur við meðfram ánni, holt mikið, er heitir Ferjuholt." segir í örnefnalýsingu. Ferjuholt er um 1,8 km VNV við bæ 001 á austurbakka Þjórsár. Samkvæmt Jónasi Jónssyni, heimildarmanni, var á þessu svæði gamall ferjustaður og til eru heimildir um skipaferðir upp Þjórsá. í Ferðabók Hollands segir: "Á ferjustaðnum (Egilsstöðum) [yfir Þjórsá] er áin ekki innan við hálfa mílu á breidd, sennilega þó heldur breiðari, straumþung og mjög djúp. Til gamans mældum við ferjubátinn. Hann var 10 1/2 fet á lengd, 4 fet á breidd, þar sem hann var breiðastur, og 13 þumlungar á dýpt. Hann bar einungis tvo menn í einu auk ferjumannsins, en samtímis voru tveir hestar, sem bundnir voru saman, teymdir á eftir honum." Bakkar Þjórsár eru sendnir og grýttir og frekar auðvelt er að lenda bát á þessu svæði. Ferjuholt gnæfir yfir austurbakka árinna 4 - 6 m hátt og liggur NNA-SSV. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kálfholt, 4; Dagbók í Íslandsferð 1810, 224

RA-375:019 Borgarholt tóftir beitarhús

63° 54.359N 20° 40.522V

"Þegar þeim [Fremri-Hrafnabjörgum] sleppir, tekur við Ferjumýri, mýrarkriki inn í Ferjuholt [018], þá er Þverholt út að ánni, innan við það er Leynir og Leynismýri, að Þvergili, sem er samdráttur úr Borgarholtssundi, en Borgarholt þar sunnan við, og er það nokkurn vegin miðsvæðis í landareigninni." segir í örnefnalýsingu. Tvær greinilegar beitarhústöftir eru um 1,3 km norðan við bæ 001 og um 1,3 km suðvestan við beitarhúsatóft frá Kálfholtshjáleigu RA-376:007 á Borgarholti. Þessar tóftir voru einnig skráðar af Bjarna F. Einarssyni í viðbótardeiliskráningu árið 2003 vegna framkvæmda í landi Kálfholts vegna Urriðafossvirkjunar. Tóftirnar eru á háum náttúrulegum grasigrónum og þýfðum hól í suðvesturenda Borgarholts. Tóftirnar tvær (A og B) eru á svæði sem er um 30 x 20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er tvískipt, um 21 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru 0,2 - 1 m á hæð en útlínur veggja hennar eru mjög óskýrar en hafa trúlega verið 2 - 2,5 m á breidd. Hólf I er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Er það mun skýrara og dýpra en hólf II. Þarna hefur trúlega verið niðurgrafin hlaða. Hólf II er um 3 m norðvestan við hólf I, er um 8 x 4 m að innanmáli og snýr einnig norðvestur-suðaustur. Þarna hefur trúlega verið gripahús. Óljóst er hvort timburþil eða hlaðinn veggur aðskildi hólfina tvö. Um 12 m suðvestan við tóft A er tóft B. Tóft B er einföld, um 5 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru um 1 m á breidd og 0,2 - 0,6 m á hæð. Innanmál hennar er 3 x 2 m. Tóftirnar eru báðar grasigrónar en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og ekki er hægt að greina neina innganga á hvorugri tóftinni vegna þess hversu veggir þeirra eru signir. Björn F. Einarsson taldi sig greina fjórar aðrar rústir suðaustan við tóftirnar hér að ofan í hlíð Borgarholts árið 2003 en skráningarmaður sá engar slíkar fornleifar á svæðinu árið 2007. Lýsingar, teikningar og ljósmyndir af sögðum fornleifum má finna í skýrslu Bjarna F. Einarssonar (14-1 - 14-3). Framkvæma þyrfti mun ýtarlegri rannsókn til að skera úr um hvort um fleiri tóftir er að ræða eður ei þar sem svæðið er að mestu hlaupið í þúfur. Ekki er þó ólíklegt að fleiri fornleifar finndust á svæðinu við slíka rannsókn.



Beitarhúsatóftir RA-375:019 á Borgarholti

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kálfholt, 4; Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar 2003



Beitarhús RA-375:019A (til vinstri) og B (til hægri) á Borgarholti, horft til VNV og SV

RA-375:020 Sauðhúsrimi tóft beitarhús 63° 54.600N 20° 40.696V
 "Innan við Þvergil er mýrarþemba uppfrá ánni, er Bunga heitir, og samhliða Sauðhúsrimi." segir í örnefnalýsingu. Beitarhús (sauðahús) er um 1,7 km NNV við bæ 001 og um 470 m norðan við beitarhús 019. Þessi sauðahús voru einnig skráð af Bjarna F. Einarssyni árið 2001 í vettvangsvinnu í Ásahreppi vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar segir: "7 m SA af girtu túni. Í þýfðum móa." Tóftin er í þýfðum grasigrónum móa um 20 m SSA við sléttað tún. Tóftin er tvískipt og er mjög grasigróin sem gerir hólfi hennar mjög ógreinileg. Hún er um 20 x 15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar er 1,5 - 2 m á breidd og 0,3 - 1,2 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tveir um 1 m breiðir inngangar eru inn í aðalhólfið á norðvesturhlið tóftarinnar og um 1,5 m breiður veggur skiptir hólfinu í tvo jafn stóra hluta sem snúa norðvestur-suðaustur. Hólfið er 11-12 x 10 m að innanmáli. Annað ógreinilegt hólfið sem snýr norðaustur-suðvestur er fast suðaustan við stærra hólfið og er það um 10 x 3 m að innanmáli. Enginn inngangur inn í það er sjáanlegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kálfholt, 4-5; Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar 2001, viðauki



Beitarhús á Sauðhúsrima RA-375:020, ljósmynd tekin í austur

RA-375:021 heimild um sel 63° 55.459N 20° 39.457V
 "Skiptist hún [Heiðin] í Vesturheiði, Miðheiði og Austurheiði. Fram úr henni ganga Selás

vestast, þar var fyrrum sel, en síðar fjárhús [...]." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Karli Ölvirssyni, heimildarmanni, var tóft um 590 m VSV við Þjórsártún 009 og um 2,9 km norðan við bæ 001. Bjarni F. Einarsson skráði tóftina 2001 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Urriðafossvirkjun (nr. 26). Á þessu svæði er þjóðvegur 1 og afleggjari að Þjórsártúni. Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar má finna eftirfarandi lýsingu: "Sunnan undir efri brún hryggjar (Selási), í haga." Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar má finna eftirfarandi lýsingu: "Rúst (beitarhús?). 11 x 17 m (NNV - SSA). Veggir úr grjóti og torfi, 1,5 - 3 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir. Þrjú hólfi eru á rústinni (A - C). Dyr eru á þeim öllum til suðurs. Úr hólfi C eru tvennar dyr inn í hólfi A og B. Hólfi C er hlaða. Eftir endilöngu hólfi A gengur garður (jata). Talsvert er af hellugrjóti í rústinni innanverðri. Eru hellurnar teknar úr hömrum í hryggnum í næsta nágreinni. Á víð og dreif í hólfum A og B eru brot úr bárujárnsplötum. Vesturhlíð hólfs C er illa farin (skeppnur?) og ógreinileg. Ógreinilegt gerði er NA við rústina, áfast rústinni. Í kringum alla rústina eru ógreinileg rústabrot. Hún er vel gróin og nokkuð þýfð. Hryggurinn sem rústin er í heitir Selás. Gæti sel hafa staðið á þessum stað forðum, en rústin byggð ofan á það." Búið er að sprengja upp holtið þar sem selið, og seinna beitarhúsin, stóðu vegna vegastæðis þjóðvegur 1 og vegar heim í Þjórsártún 009 svo ekkert sést til fornleifa á svæðinu. Teikningar og ljósmynd af tóftinni má sjá í skýrslu Bjarna F. Einarssonar í viðauka.

Heimildir: Ö-Kálfholt, 5; Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkunar 2001, viðauki

RA-375:022 gata leið

63° 54.185N 20° 41.187V

Djúpar götur eru um 1,6 km norðvestan við bæ 001 frá Borgarholti í suðvestur yfir á Ferjuholt. Göturnar liggja um þýfða mosa- og lyngigróna móa. Göturnar eru 2-3 og liggja samsíða norðaustur-suðvestur frá beitarhúsum 019 á Borgarholti út á Ferjuholt meðfram Þjórsá. Göturnar eru um 0,4 m á breidd og 0,3 - 1 m á dýpt og rofnar í botninn. Hægt er að rekja þær um 900 m í suðvestur fram af Ferjuholti frá tóftum 019 og í um 450 m í norðaustur út í mýri við norðaustanvert Borgarholt. Í norðaustri hverfa göturnar í mýri í norðaustanverðu Borgarholti og í suðvestri liggja þær niður af Ferjuholti og hverfa í þúfur. Líklega eru göturnar aðeins kindagötur en gætu einnig verið leifar hestagata eftir fólk á leið að ferjustað 018 frá þjóðveginum.

Hættumat: engin hætta

RA-375:023 Lambhústún frásögn lambhús

63° 55.733N 20° 39.029V

"Fyrir neðan veginn er Lambhústún og Suðurtún niður undir Urriðafossi." segir í örnefnalýsingu Þjórsártúns. Samkvæmt Karli Ölvirssyni, heimildarmanni, var lambhús frá Þjórsártúni um 150 m NNV við bæ 009. Var þessi fornleif skráð sér þar sem að hún var utan við heimatún Þjórsártúns og því ekki á túnakorti frá árinu 1920 (sjá einnig 009). Á þessu svæði er sléttuð tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þjórsártún, 1

RA-375:024 tóft þingstaður

63° 55.748N 20° 38.635V

Íþróttavöllur er um 3,5 km NNA við Kálfholt 001 og um 280 m norðaustan við Þjórsártún 009. Á þessu svæði er þýft graslendi og sléttuð tún. Byrjuð eru að myndast rofabörð á svæðinu vegna ábúðar og náttúrulegs rofs. Eftir Jóni M. Ívarssyni, heimildarmanni, eru hafðar þessar upplýsingar um íþróttavöllinn 10. apríl 2008: "Íþróttavöllur Skarphéðins í Þjórsártúni. Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) var stofnað vorið 1910 af ungmennafélögum í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tilgangur þess í upphafi var einkum að halda árlegt íþróttamót á sambandssvæðinu þar sem æskumenn héraðsins gætu reynt með sér í glímu og frjálsíþróttum.

Fyrsta íþróttamótið var haldið 9. júlí 1910 í Þjorsártúni. Það fór fram á túnflöt norðaustan við bæinn og var sannkölluð héraðshátíð. Það sýndi sig að íþróttakeppni á sléttlendi naut sín illa fyrir hina 3000 áhorfendur sem sóttu mótið. Stjórn Skarphéðins ákvað því að láta gera íþróttavöll fyrir mótið 1911 sem bætti úr þessu. Vellinum var valinn staður í allstórri kvos norður af bænum í Þjorsártúni. Afliðandi brekka móti norðaustri myndaði góða yfirsýn fyrir áhorfendur. Jón Jónatansson, búfræðingur og síðar alþingismaður gerði uppdrátt af vellinum og stjórnaði gerð hans en verkið var unnið af tugum ungmennafélaga af Suðurlandi sem reistu völlinn í sjálfböðavinnu vorið 1911. Þegar kom að mótinu höfðu þeir unnið 200 dagsverk af mikilli starfsgleði. Í brekkunni voru hlaðnar bogadregnar setbríkur fyrir allt að 1200 áhorfendur. (Síðar var bætt við sætum svo 2000 gátu setið þar samtímis.) Þar fyrir framan var reistur glímupallur og við hlið hans var hringlaga ræðustóll hlaðinn úr snyddu sem vakti mikla athygli. Beggja megin ræðustólsins voru minni setbækkir ætlaðir íþróttamönnum, dómnefnd og ræðumönnum mótsins. Bygging íþróttavallarins var sannkallað þrekvirki og bar samtakamætti ungmennafélaganna fagurt vitni. Hvergi á Íslandi er að finna sambærilegt mannvirki. Völlurinn var sannarlega ekki líkur íþróttavöllum nútímans. Hringbrautin var sporöskjulöguð, 180 metra löng. Eftir endilöngum vellinum lá 100 metra brautin og á henni miðri var stökkgrýfjan sem hlaupararnir urðu að hlaupa yfir. Dálítill halli var á vellinum en keppendur settu það ekki fyrir sig, enda ýmsu vanir. Þessi íþróttavöllur var vettvangur flestra héraðsmóta Skarphéðins allt fram til 1950 að nýr völlur með nútímasniði var reistur í Þjorsártúni. Glímukeppni, afhending verðlauna og hátíðardagskrá fór þó ætíð fram á gamla vellinum enda staðsetning hans frábær, með stórelfuna framundan, Þjorsárbrú í seilingarfjarlægð og Suðurlandsundirlendi og uppsveitir í sjónhendingu. Árið 1969 var síðasta Þjorsármótið haldið og eftir það hefur gamla íþróttavellinum verið lítill sómi sýndur. Hann er þó enn á sínum stað og er ótrúlega lítið snortinn af tímans tönn. Skráning 2008: Íþróttavöllurinn er um 145 x 110 m að stærð, snýr ANA-VSV og er nálægt því að vera ferhyrndur en ANA-helmingur hans er þó örlítið breiðari en sá VSV. Hlaðið garðlag er umhverfis svæðið og er það 1-1,5 m á breidd, um 1 m á hæð og hefur verið um 470 m á lengd alls. Gengið var inn á völlinn um hlið á garðinum á SSA-hlið gerðisins um 40 m ANA við suðurhorn þess. Skörð hafa myndast í garðlagið á öllum hliðum. Hringbrautin er sporöskjulaga, um 80 x 40 m að stærð og snýr einnig ANA-VSV. Timburpallur er í brautinni suðvestanverðri og er hann um 10 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Áhorfendapallar, um 14 talsins, voru í gerðinu vestanverðu fast sunnan við hringbrautina og hafa þeir verið grafnir inn í afliðandi brekku á svæði sem er um 50 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur. Þetta mannvirki er á mörkum þess að vera fornleif en þar sem hér er um að ræða mikið mannvirki tengt sögu Ásahrepps sem byggt var inn í náttúrulegt umhverfi og að hluta með fornu byggingarlagi var ákveðið að skrá það með.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-375:025 Áskelshöfði tóft óþekkt

63° 53.540N 20° 41.929V

Í Landnámabók segir svo: "Áskell hnokkan, son Dufþaks Dufnialssonar, Kjarvalssonar Írakonungs, hann nam <land> milli Steinslækjar ok Þjorsár ok bjó í Áskelshöfða." ÍF I, 367. Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Í handriti sem varðveitt er í byggðasafninu á Skógum bendir faðir minn, Guðjón Jónsson, fyrrum bóndi í Ási, á stað [þar sem Áskelshöfði gæti verið, sjá annars 672:002] vestur við Þjorsá, um 2 km suðvestur frá Kálfholti, sem nefnist Grjótaness. Það liggur sunnanundir brattri hæð sem Ferjuholt [018] nefnist." Í Þykkaskinnu hinni síðari segir einnig: "Í Landnámu segir að Áskell hnokkan sonar-sonur Kjarvals Írakonungs „nam land milli Steinslækjar og Þjorsár og bjó í Áskelshöfða". Þetta gat Ari fróði frumskráð fyrir miðja 12. öld. Á þeirra dögum þekktu menn Áskelshöfða. En síðar týndist hann fyrir mörgum öldum. Þó sýnist liggja í augum uppi hvar hans er að leita. Á milli Steinslækjar og Þjorsár er aðeins ein jörð sem getur verið arftaki Áskelshöfða. Kálfholt er og hefur verið stærsta og

besta bújörð á því svæði. Prestssetur og sóknarhöfuðból frá fornu fari. Það er að líkindum landnámsjörðin, sem Áskell hnokan átti fyrstur manna. Um 2,5 kílómetra fyrir vestan Kálfholt flýtur Þjorsá fram úr þrengslum og sveigir til suðurs fyrir svonefnt Grjótnes. Þar gæti verið fallegt bæjarstæði. Ég [Helgi Hannesson] fór þangað fyrir mörgum árum, þess erindis að leita Áskelshöfða. Það leynir sér ekki að áin hefur brotið mikið framan af Grjótnesinu. Á því landbroti gæti bær hafa staðið. Þar upp frá ánni er þýfður grasmói sem gæti vel hafa verið tún til forna. En engar minjar mannaverka gat ég fundið þar. Sama er að segja um heiðarmóa, allstóran, ofan við nesið. Að síðustu leitaði ég upp með ánni fyrir innan nesið. Og þar fann ég ævafora tóft af allstóru húsi, í slakka sunnan við vesturhaus á holti, sem nú heitir Langholt og liggur þar meðfram ánni." Tvískipt tóft er um 60 m suðaustan við sendinn bakka Þjorsár og um 2,25 km vestan við Kálfholt 001. Tóftin er í þýfðum mosa- og lyngigrónum móa hátt í bláenda Ferjuholts að vestanverðu SSV í dálitilli dæld undir tveimur litlum klettum sem standa upp úr þúfunum. "Nánari rök Guðjóns fyrir þessari hugmynd eru þau að bæjarnafnið Áskelshöfði bendi til þess að bærinn hafi staðið nálægt hæð. Hún sé fyrir hendi þar sem Ferjuholt rísi þarna í um 40 m hæð, svipaða höfða til að sjá. Landkostir hafa fyrrum óvída verið betri, landið grasi og skógi vafið, stutt til veiðifangs, því í Þjorsá hafi þá sem nú verið lax og selur. Og nefna megi að munnmæli lifi um það að Áskelshöfða bóndinn hafi beitt geldnautum sínum í Kálfholti og sauðum í Sauðholti. Að síðustu vekur Guðjón athygli á því að ósennilegt sé „að nafn landnámsjarðar og stórbýlis glattist og gleymist svo gjörsamlega að ekki lifi örnefni þess þótt bærinn hafi verið færður, ef hann hefir verið á öröskuðum eða óeyddum stað, og það á þeim tíma sem



Tóft RA-375:025



Ljósmynd af tóft RA-375:025 úr bókinni *Sunnlenskar byggðir V* á blaðsíðu 346, horft til norðvesturs

örnefnum hefur verið vel viðhaldið fram á þessa öld. [...] Gömul rúst er sunnan í holtinu ofarlega. Er hún með millivegg um þvert, nálægt miðju. Mjög lausleg könnun á aldri hennar hefur farið fram. Bendir hún til að rústin sé yngir en frá landnámsöld. Reynist það rétt við ýtarlega rannsókn, vaknar sú hugmynd að rústin tengist umferðinni sem þarna var um aldaraðir vegna Egilsstaðferju. Má vera að þarna hafi verið byggt skjól, kannske sæluhús fyrir ferðamenn og hesta þeirra." segir í *Sunnlenskum byggðum V*. Í Þykkuskinnu hinni síðari segir einnig: "Það hús hefur snúið frá austri til vesturs, 12 metra langt og 4 m vítt, tvískipt með þvervegg öðru megin við dyr á suðurvegg. Tóftin var mjög greinileg þótt veggir væru eðlilega signir mjög í jörðu. Flestir torfveggir tófta frá síðari öldum eru jafnaðir við jörðu af völdum búfenaðar. En tóftin undir Langholtshaus hafði fengið að vera í friði fyrir öllum skepnum. Það sýnist sanna mjög háan aldur hennar. Hverkonar hús var það sem þarna stóð? Tóftin minnir vissulega á skála landnámsmanna. Og vel mátti það vera Áskell hnokan, sem reisti það hús við lækjarsytru í rjóðri skammt frá skógarjaðri, nýkominn úr hafi seint á sumri. Og það er um þennan stað að segja að hann gat heitið Áskelshöfði, þótt þessi höfði sé í lægra lagi. Þarna gat

Áskell haft vetrarsetu fyrsta vetur sinn á Íslandi. En reist sér síðan á næsta sumri bæ í Kálfholti." Tóftin er tvískipt, um 16 x 8 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er mjög þýfð og að mestu gróin mosa og lyngi svo ekki er hægt að sjá hvar gengið hefur verið inn í hólfin. Hólfin snúa bæði austur-vestur. Veggirnir eru mjög signir, 0,5-0,8 m háir og 2-3 m á breidd en hér og þar glittir í hleðslugrjót milli þúfa. Hólf I er austar og um 5 x 4 m að innanmáli á meðan hólf II er að vestan og um 4 x 2,5 m að innanmáli. Ekki er mjög líklegt að hér sé um gamlan landnámsskála að ræða þar sem tóftin gæti allt eins verið sel, stekkur eða beitarhús frá Kálfholti eða einhverskonar sæluhús tengt ferðum yfir Þjórsá með Egilsstaðaferju líkt og Guðjón Jónsson stingur upp á.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÍF I, 367; SB V, 345-346; Þykkuskinna II, 293

RA-375:026 *Þjórsárbrú* heimild um brú 63° 55.847N 20° 39.012V

Í Árbók ferðafélags Íslands segir: "[...] nú er hér brú, vönduð og vegleg, var fullgerð 1949. Kom hún í staðinn fyrir gömlu Þjórsárbrúna, er var gerð árið 1895, hengibrú. Var hún lítið neðar en brúin er nú." Gamla brúarstæðið er um 3,6 km NNA við Kálfholt 001, um 340 m sunnan við Þjórsártún 009 og um 20 m neðan við Þjórsárbrúna sem byggð var 1948-1949 sem ekki er lengur í notkun. Bakki Þjórsár er þarna grasgróinn þverhniptur klettaveggur. Í Árbók ferðafélagsins segir einnig: "Hún var mikið mannvirki á sinni tíð og næstum ótrúlegt, að slíkt skyldi vera unnt, er engir voru vegir og klakkhestar einu flutningatækin, en brúarstrengirnir afar þungir." Ekkert sést af gömlu brúnni annað en steypur stöpull á norðurbakka hennar og steypubrot og járnvírar sem standa út úr bakkanum sunnan megin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1966, 14

RA-375:027 *Lindin* lind vatnsból

63° 53.892N 20° 39.311V

"Kálholtstúnið skiptist í Vesturtún og Austurtún. Traðirnar [011] norður úr í miðju, (kirkjan [002], Lindin [027], húsið [001] og Heygarðurinn [012] miðsvæðis.)" segir í örnefnalýsingu. Lindin er um 25 m sunnan við bæ 001 og um 25 m vestan við kirkju 002. Á þessu svæði er lítil laut með hlöðnum steinvegg og malarstíg sem liggur austur-vestur að grjóthlaðinni tjörn. Tjörnin er hlaðin þar sem gamla lindin var áður og er hluti hleðslunnar í tjörninni norðanverðri upprunaleg og um 0,5 m há eða 4-5 umför. Tjörnin er um 4 x 2 m að stærð.



Lindin RA-375:027, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kálfholt, 2

RA-375:028 heimild um kálgarð

63° 53.903N 20° 39.517V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast norðan, sunnan og vestan við bæ 001. Á þessu svæði er malarborið bílastæði. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-375:029 heimild um kálgarð

63° 53.938N 20° 39.282V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast sunnan við fjárhús 004 og um 70 m norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún og malbikað vegstæði. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-375:030 heimild um rétt

63° 53.979N 20° 39.058V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var einhvers konar gerði eða rétt um 140 m ASA við hesthús 005 og um 240 m ANA við kirkju 002. Jónas Jónsson og Guðmunda Tyrfingsdóttir, heimildarmenn, könnuðust ekki við mannvirki á þessu svæði. Á þessu svæði er sandborið sléttað plan fyrir heyrúllur í Lækjartúnslandi. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-375:031 gata leið

63° 53.874N 20° 40.059V

Samkvæmt Jónasi Jónssyni, heimildarmanni, lá gamla leiðin frá þjóðveginum í Sauðholt RA-374:001 norðaustur-suðvestur um 110 m vestan við beitarhúsin í Potti 007 og um 550 m vestan við bæ 001. Er komið var framhjá beitarhúsunum beygði hún til suðurs í átt að Sauðholti og lá meðfram bökkum Þjórsár þar sem hún sést einnig ennþá greinilega. Hefur þessi leið svo trúlega tengst Þrasabraut RA-374:007 suður Ásahrepp yfir að Sandhólaferju og bæja í Ásahreppi suðaustan við Ásana. Leiðin lá um þýfða mosa- og grasigróna móa og deigar mýrar. Enn sjást margir slóðar hlið við hlið á svæði sem er 5 - 8 m á breidd en er þó á stöku stað mjög rofið vegna vatnsrofs og hrossabeitar. Ógreinilegt er hversu margir slóðarnir eru þar sem þeir fléttast mjög sundur og saman. Slóðar þessir eru 0,2 - 0,4 m á breidd og <0,5 m á dýpt. Hægt er að rekja leiðina vestan við bæ um 930 m vegalengd og liggur hún NNA-SSV. Í NNA hverfur leiðin í sléttað tún en í SSV hverfur hún vegna framræsluskurða í deigri mýri. Kemur leiðin aftur í ljós um 750 m SSV og er hún sýnileg þaðan meðfram bökkum Þjórsár alveg suður að Sauðholti um 1,8 km vegalengd.



Leið RA-375:031, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna rasks

RA-375:032 náma mógrafir

63° 53.266N 20° 40.954V

Samkvæmt Jónasi Jónssyni, heimildarmanni, voru mógrafir á bökkum Þjórsár um 1,8 km vestan við bæ á svæði fast vestan við þúst 035. Á þessu svæði er víðáttumikið slétt og þurrt graslendi. Óreglulegar grasigrónar dældir sjást hér og þar á svæði sem er um 200 x 200 m að stærð. Ekki er greinilegt hvort um er að ræða náttúrulegar eða manngerðar dældir. Mýrar eru víðáttumiklar í landi Kálfhólts svo ekki er ólíklegt að mótekja hafi farið fram á fleiri stöðum en þessum.

Hættumat: engin hætta

RA-375:033 garðlag nátthagi

63° 53.263N 20° 39.489V

Torfhlaðið garðlag er um 1,2 km SSV við bæ 001 og um 2,1 m NNA við Sauðholt RA-374:001. Garðlagið liggur um þýfðan mosa- og grasigróinn móa mýri og rofabörð. Garðlagið myndar aflangt, um 330 m langt og 20-100 m breitt hólfið við Kálfalæk sem snýr norðaustur-suðvestur. Garðlagið er torfhlaðið, 1,5 - 2 m á breidd, 0,6 - 1 m á hæð og alls um 400 m á lengd. Garðlagið er rofið hér og þar vegna hrossabeitar. Í suðvestri kemur garðlagið í ljós við bakka Kálfalækjar og liggur hann um 105 m í SSA upp að stórum steini. Á þessu svæði er garðlagið mjög rofið og að meirihluta horfið vegna hrossabeitar. Við steininn beygir garðlagið í norðaustur og liggur það í norðaustur um 230 m. Þá kemur í ljós um 55 m breitt skarð í garðlagið. Garðlagið heldur svo áfram í um 20 m en þá hverfur það aftur. Á þessu svæði hafa verið samskeyti milli tveggja garðlaga. Annað þeirra liggur í NNV og hverfur í Kálfalæk eftir 8 m. Hitt er hluti af aðal garðlaginu sem á samskeitinum hefur beygt í NNA. Garðlagið kemur aftur í ljós 15 m NNA við þar sem það hvarf og liggur áfram í NNA um 35 m áður en það hverfur einnig í Kálfalæk. Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur, heimildarmanni, var á þessu svæði stóðhestagirðing og hugsanlega hefur garðlagið verið hluti af henni. Ekki er alveg ljóst hvort hér er um löglega fornleif að ræða en ákveðið var að taka hana með til vonar og vara.

*Garðlag RA-375:033, horft til vesturs***Hættumat:** hætta, vegna rasks**RA-375:034** garðlag óþekkt

63° 53.880N 20° 39.991V

Garðlag er um 560 m VNV við bæ 001 og um 65 m vestan við beitarhúsatóftirnar í Potti 007. Garðlagið liggur um þýfðan grasigróinn móa. Garðlagið er torfhlaðið, um 2 m á breidd, 0,5 - 1 m á hæð og um 370 m á lengd. Það er grasigróðið, liggur norðaustur-suðvestur en er talsvert rofið hér og þar vegna hrossabeitar. Garðlagið hverfur í rofabörðum á báðum endum. Hugsanlega hefur þetta verið túngarður eða varnargarður tengdur beitarhúsunum í Potti 007.


*Garðlag RA-375:034, horft til NNA***Hættumat:** hætta, vegna rasks**RA-375:035** þúst óþekkt

63° 53.253N 20° 40.894V

Grasigróinn hóll sem hugsanlega gæti geymt fornleifar undir sverði er um 1,8 m VSV við bæ 001 og um 1,4 m suðvestan við Pott 007. Á svæðinu er kargaþýfður grasigróinn mói. Hóllinn er um 1,5 m hár, um 14 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Á toppi hólins er ógreinileg þúst sem er um 8 x 7 m að stærð. Í þústinni miðri er um 0,6 m djúp dæld sem er um 5 x 2 m að innanmáli. Veggir þústarinnar eru mjög signir, þýfðir og ógreinilegir og eru 1,5 - 2 m á

breidd en enginn inngangur er greinanlegur. Ef hér er um tóft að ræða hefur hún verið einföld. Engar heimildir hafa fundist um mannvirki á þessum slóðum og hlutverk þústarinnar er óþekkt. Hóllinn er í víðattumiklu graslendi sem hugsanlega gæti þýtt gamalt heystæði. Einnig gæti hér verið um að ræða gamalt fjárskýli, smalabyrgi eða jafnvel einhvers konar mannvirki sem tengist mógrafasvæði 032.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Þúst RA-375:035, hlutverk óþekkt, ljósmynd tekin í ANA

RA-375:036 þústir óþekkt

63° 54.742N 20° 39.983V


Bjarni F. Einarsson skráði þústir sem hann taldi mögulega eyðibýli þegar hann skráði nokkrar fornleifar í Kálfholti árið 2001 vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Þústirnar eru um 1,6 km norðan við bæ 001 (tóftir 12) í suðvesturenda Fjárhúsholts RA-376:007. Í skýrslunni segir: "Eyðibýlið liggur á dálitlum hól eða upphækkun í mýri. Allt svæðið er afar þýft." Lýsing Bjarna F. Einarssonar hljómar svo: "Vegna þess hve ógreinilegar flestar rústirnar eru voru þær ekki skráðar sérstaklega. Rústirnar dreifast á svæði sem er allt að 100 m í þvermál. Er fjöldi rústanna allavega 6, en eru örugglega fleiri. Allar eru þær sokknar og yfirborð þeirra orðið þúfum að bráð. Seinni tíma framkvæmdir til að ræsa fram mýrina (plógför sýnileg!) virðast ekki hafa skaðað rústirnar. Helsta ógnunin er uppblástur á svæðinu sunnanverðu og ágangur hesta. Um tvær rústaþyrpingar er að ræða, annarsvegar sjálft bæjarstæðið vestast og austast rústaþyrping vestanmegin við mikinn skurð. Þar virðist hafa verið komið fyrir gerði í seinni tíð. Er svæðið mjög traðkað af skeppnum (hestum?). [...] Aðspurðir vissu heimamenn ekki um neitt nafn á þessu eyðibýli." Svæðið var ekki skráð við aðalskráningu 2007.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkunar 2001, viðauki

RA-376 Kálfholtshjáleiga

"Er hjáleiga frá Kálfholti [RA-375:001] og stendur við heimatún staðarins. "hefur byggð verið lengur en menn til muna og er reiknuð með dýrleika heimajarðarinnar." JÁM I, 360. Heitir nú Lækjartún og er þar tvíbýli. Jörðin komin í byggð fyrir 1600. "Frá fornu fari var land hér ýmist móar og mýrar en hefur nú til muna breytt um svip fyrir framræslu og ræktun. " SB V, 354. 1920: Tún 1,9 ha, sléttað 0,5 ha, garðar 760 m².



Túnakort frá árinu 1920 af Kálfholtshjáleigu RA-376

RA-376:001 Kálfholtshjáleiga bæjarhóll bústaður 65° 53.929N 20° 38.926V

Í Sunnlenskum byggðum segir svo: "Lækjartún hét áður Kálfholts-hjáleiga. Nafnbreyting varð 1954. Komin í byggð fyrir 1600 að því er ætla má." Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Eystre Kalfholts Hjáleiga (so kölluð). Er hjáleiga frá Kálfholti og stendur við heimatún staðarins. Hefur byggð verið lengur en menn til muna og er reiknuð með dýrleika heimajarðarinnar." Kálfholtshjáleiga, sem Tyrfingur Tyrfingsson endurskírði svo Lækjartún, var fast ASA við timburhúsið sem fyrrnefndur byggði um 1932 á um 2 m hárra klettabrún, um 320 m austan við Kálfholt RA-375:001 og um 4,5 km suðaustan við Ásmundarstaði RA-364:001. Á klettabrúninni er sléttað malarplan og hænsnakofi þar sem bærinn stóð og kartöflugeymsla þar sem gamla fjósið stóð. Er Tyrfingur Tyrfingsson og fjölskylda fluttu í Kálfholtshjáleigu stóð aðeins timburbyggt fjós enn uppi austast á bæjarröðinni sem einangrað var með reiðingi og lítil kompa þar við hliðina sem nýtt var sem svefnpláss og var hún byggð úr torfi og grjóti. Þak komunnar var fódrað með hálmi og timburbekkir voru út við vegg. Bæjarhóllinn var a.m.k. 20 x 20 m að stærð og snéri VNV-ASA. Þessi hús hafa nú (2007) verið sléttuð. Ekkert er eftir af gamla bænum vegna bygginga



Bæjarstaði Lækjartúns RA-376:001, horft til norðurs

og annars rasks á svæðinu og enginn bæjarhóll er greinanlegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 355; JÁM I, 360

RA-376:002 heimild um hesthús 63° 53.940N 20° 38.861V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús 10 - 20 m austan við bæjarhól 001. Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur, heimildarmanni, var á þessu svæði hesthús um 60 m austan við bæ. Á þessu svæði er mjög þýfður hóll gróinn háu grasi á austurbrún brekku sem hallar um 10° í austur. Hóllinn er 1-1,5 m hár, um 10 m á breidd, um 15 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hesthúsið var byggt úr torfi fyrir 2 hesta og var það uppistandandi er Tyrfingur Tyrfingsson flytur með fjölskyldu sína í Lækjartún um 1930. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:003 heimild um lambhús 63° 53.918N 20° 38.872V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 40 m suðaustan við bæ 001. "Suðaustast í Kálfholtshjáleigutúni er Lambhúshóll." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur var lambhús um 10 m norðvestan við Lambhúshól um 50 m suðaustan við bæ 001 og um 50 m SSV við hesthús 002. Á þessu svæði er sléttað malarplan og gámur. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Kálfholt, 2

RA-376:004 þúst útihús 63° 53.894N 20° 38.866V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 70 m SSA við bæ 001. Á þessu svæði er sléttaður hóll gróinn háu grasi og njóla. Hóllinn er um 10 x 10 m að stærð og 0,4 - 0,8 m á hæð. Ekkert sést til fornleifa en vel er hugsanlegt að leifar af útihúsi finnist í hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:005 heimild um mógrafir 63° 54.222N 20° 39.071V

Í Sunnlenskum byggðum segir að mótak hafi verið til nytja fyrr á árum. "Suðaustur úr Grásteinsholti gengur holtstagl, sem Torfrimi heitir." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur voru mógrafir um 560 m norðan við bæ 001 VSV við Torfrima. Á þessu svæði eru sléttuð tún og garðar þar sem ræktað er grænmeti. Ekkert sést til mógrafa. Hugsanlega hefur mórinn verið þurrkaður á Torfrima.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: SB V, 354; Ö-Kálfholt, 6

RA-376:006 frásögn brunnur 63° 53.939N 20° 38.921V

Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur, heimildarmanni, var brunnur heima í hlaði Lækjartúns um 20 m norðaustan við bæ 001. Nákvæm staðsetning hans er þó ekki alveg ljós í dag vegna breytinga á hlaðinu. Á þessu svæði er malbikað plan í heimreið Lækjartúns. Brunnurinn var hlaðinn og handdæla notuð til að dælda upp vatni. Brunnurinn var færður seinna vegna vatnsskorts (sjá 014).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-376:007 Fjárhúsholt tóft beitarhús 63° 54.857N 20° 39.434V

"Suður frá Fífilbrekku er lágur mói, nafnlaus, og þar er malargryfjan Grúsin, en landið hækkar

brátt til vesturs, og heitir þar Fjárhúsholt. Þar voru sauðahús hjá hjáleigunni." segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóft er um 1,8 km norðan við bæ 001 og um 540 m norðvestan við staðsetningu beitarhúsa 012. Þessi tóft hefur einnig verið skráð í deiliskráningu frá árinu 2001 sem framkvæmd var af Bjarna F. Einarssyni vegna mats á umhverfisáhrifum við Urriðafossvirkjun (tóft nr. 11). Tóft er upp við NNV-brún kletta sem standa upp úr Fjárhúsholtinu sunnanverðu í þýfðum mosa- og grasigrónum móa. Tóftin er tvískipt, um 10 x 9 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hólf tóftarinnar snúa NNV-SSA með um 1 m breiða ógreinilega innganga á NNV-enda. Eystra hólfði er um 4 x 2 m að innanmáli á meðan hið vestara er um 5 x 2 m að innanmáli. Hleðslur veggjanna eru mjög signar en þeir eru 1 - 2,5 m á breidd og 0,3 - 0,6 m á hæð. Lítið sést til grjóthleðslna og er tóftin mjög grasigróin enda notuð fyrir tíð Guðmundu Tyrfingsdóttur. Samkvæmt skráningu Bjarna F. Einarssonar eru einnig tvær hugsanlegar tóftir sunnan í klettunum og í brekkunni NNA við beitarhúsin. Lýsingar hans hljóma svo: "1) Stekkkur. 5,5 x 6,5 m (NA - SV). Veggir úr grjóti, 1 - 1,5 m breiðir og 0,1 - 0,6 m háir. Tvö hólf eru á stekknunum (hólf A og B) og er hólf A vafalaust lambakróin. Dyr eru á hólfi A til suðausturs, en á hólfi B til suðvesturs. NA-veggur hólfs A og NV-veggur hólfs B er hamraveggur. Stekkurinn er vel gróinn í botninn og dálítið úr lagi færður. [...] 3) Ca. 5 - 6 m í þvermál og 0,6 m há. Veggir úr torfi (og grjóti?). Breidd veggja eða nánari lögun er ekki greinanleg." Þessi svæði voru mjög grasigróin er skráning fór fram sumarið 2007 svo skráningarmaður varð ekki var við tóftir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kálfholt, 5-6; Fornleifaskráning við Þjorsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkunar 2001, viðauki



Beitarhús RA-376:007 á Fjárhúsholti, ljósmynd tekin í SSV

RA-376:008 heimild um leið

63° 53.938N 20° 38.893V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 lá gata um 60 m í norðaustur frá bæ 001 út fyrir heimatún Kálfholtshjáleigu. Á þessu svæði er sléttað malbikað plan. Ekkert sést til eldri götu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:009 heimild um kálgarð

63° 53.924N 20° 38.948V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Enn er þarna garður og eru þar gróðursett tré, blóm og rabbabari. Garðurinn er um 9 x 6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Um 1940 hlóð Tyrfingur Tyrfingsson grjótgarð umhverfis garðinn sem stendur

enn í dag. Garðurinn er um 0,8-1,2 m á hæð (3-5 umför) en í dag er aðeins ytri hlið hans sjáanleg. Veggurinn er trúlega um 1,5-2 m á breidd. Í tíð Guðmundu var ræktað grænkál, gulrófur, kartöflur, og fódurnæpur fyrir kýr í garðinum ásamt fleiru og allt var geymt í kjallara gamla bæjarins. Áður en fjölskylda Guðmundu kom voru engin garðlög utan um kálgarðana og líklegt er að garðurinn sem sést í dag sunnan við hús hafi náð áður enn lengra í austur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:010 heimild um kartöflugarð 63° 53.934N 20° 38.962V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast vestan við bæ 001. Á þessu svæði er hálfgrasigróið malarborið húsasund milli gamla bæjarins og nýja íbúðarhússins. Ekkert sést til kálgarðs í dag. Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur, heimildarmanni, voru ræktaðar þar kartöflur í hennar tíð. Engin garðlög voru umhverfis garðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:011 heimild um kartöflugarð 63° 53.930N 20° 38.910V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast austan við bæ 001. Á þessu svæði er bárujárnsklætt fjós. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur voru kartöflur ræktaðar í garðinum í hennar tíð en engin garðlög umhverfis hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-376:012 frásögn beitarhús 63° 54.750N 20° 38.828V

Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur, heimildarmanni, var beitarhús um 1,5 km NNA við bæ 001 og um 540 m suðaustan við beitarhúsatóft 007. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn þýfður mói rétt NNA við sléttað tún. Engin greinanleg hólmyndun sjáanleg. Beitarhúsið var tvískipt og var til staðar er Tyrfingur Tyrfingsson flutti á jörðina um 1930. Á sama stað var þá náttúruleg lind um 25 m ANA við húsin þar sem skepnunum var brynnt. Ekkert sést til rústanna á yfirborði fyrir háu grasi en mjög líklega finnast leifar þess undir sverði.

Hættumat: engin hætta

RA-376:013 frásögn nátthagi 63° 53.942N 20° 38.879V

Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur, heimildarmanni, var nátthagi um 45 m austan við bæ 001 og um 15 m VNV við hesthús 002. Á þessu svæði er nú hálfgrasigróið malarplan þar sem heyvinnutæki eru geymd. Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur var nátthaginn afgirtur með torfhlöðnu garðlagi. Hann var 50 - 100 m á breidd og um 100 m á lengd en nú hefur svæðið alveg verið sléttað svo ekkert sést til þeirra lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-376:014 frásögn brunnur 63° 53.871N 20° 38.957V

Samkvæmt Guðmundu Tyrfingsdóttur, heimildarmanni, var byggður brunnur um 110 m suðvestan við bæ 001. Svæðið þar sem brunnurinn var er fast sunnan undir sléttuðu túni. Það er í þýfðri grasigróinni brún þar sem Lindarsteinn sést ennþá greinilega. Brunnurinn var upphlaðinn og vatnshrútur dældi vatni upp að bæ. Ekkert sést til hans því fyllt var upp í hann vegna slysaheattu. Brunnurinn var gerður eftir að brunnur 006 hætti að geta þjónað þegar fólki og skepnum fjölgaði í Lækjartúni.

Hættumat: engin hætta

RA-377 Krókur

15 hdr 1708, JÁM I, 349. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88. Króks er einnig getið í Jarðabréfum frá 16. og 17.öld: "1692, 2. júní. Hákon Hannesson með samþykki konu sinnar, Þrúðar Björndóttur, selur Torfa Guðmundssyni Krók, 15 hndr. að dýrleika [...]" Jarðabréf, 7. 1708: "Túnnum og engjum spillir sandfjúk frá Þjórsá og sýnist jörðin undir spjöllum liggja árlega." JÁM I, 349. 1920: Tún 2 ha, sléttað 2 ha, garðar 440 m². "Jörðin er víðlend, þurrlandi mikið en einnig mýrar. Landareignin er varin með skurðum og girðingum." SB V, 363.




Túnakort frá árinu 1920 af túni Króks RA-377

RA-377:001 Krókur bæjarstæði bústaður 63° 56.252N 20° 35.843V
"Bæjarins getur í máldaga Oddakirkju 1270. [...] Á síðastliðinni öld fór land að blása upp hjá Króki. Árið 1869 byggði Vigfús Jónsson bæ uppi á Bjallanum ofan bæjarins [001] og nefndi Króksbjalla [002]. Vigfús bjó þarna til 1894 með konu sinni Vilborgu Vigfúsdóttur. Þá var Króksbærinn fluttur upp á hæðina [003], enda þá kominn að því að fara í sand og túnið komið í flag." segir í Sunnlenskum byggðum. Elsta bæjarstæði Króks er hugsanlega í Mýrarvík um 215 m austan við íbúðarhúsið á Króki sem byggt var á árunum 1979 og 1980 og um 190 m austan við gamla bæinn 003. Á þessum stað er tóft. Á flatlendum grasigrónum og sendnum árbakka Þjórsár. Ekki er alveg víst að bærinn hafi staðið hér á þessu svæði upphaflega en talað er um rof og að bærinn hafi verið að "fara í sand" svo þessi staður er mjög líklegur. Er þetta eini staðurinn niðri við Þjórsá þar sem líkleg tóft hefur fundist. Tóftin er mjög rofin, svo rofin að í raun er lítið eftir annað en hrúgur af torfi og grjóti og grjótdreif sem mynda um 25 x 15 m stóran ferhyrning sem líkist frekar bæjartóft frekar en til dæmis fjárhús- eða hesthústóft að mati skráningarmanns. Einnig sjást ryðgaðar leifar bárujárns og rotins viðar í hrúgunum. Bárujárnsleifarar gera það þó að verkum að tóftin gæti verið yngri þar sem ekki var farið að nota bárujárn fyrr en í lok 19.aldar. Hugsanlegt er að gamli bærinn hafi seinna verið nýttur sem útihús og því endurbyggður. Erfitt er að sjá út ákveðin hólf í tóftinni en hún snýr NNV-SSA og þar sem hrúgurnar gætu hugsanlega verið veggjabrot eru þær um 2 m á breidd og 0,3 - 0,8 m á hæð. Annars eru hrúgurnar allar milli 0,2 og 0,8 m á hæð og misjafnlega mikið

grónar. Engin bæjarhólsmyndun er sjáanleg á þessu svæði sem minnkar einnig líkurnar á því að hér sé um gamla bæjarstæðið að ræða. Þó er hugsanlegt að það hafi aldrei náð að hlaðast upp hóll á þessu svæði eða þá að hóllinn sé kominn í kaf vegna sandfoks. Þessi tóft er í mikilli hættu á að hverfa undir vatn ef eitthvað verður af framkvæmdum við Urriðafossvirkjun.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SB V, 363



Hugsanlegar bæjartóftir Króks RA-377:001, ljómynd tekin í NNA

RA-377:002 *Króksbjalli* bæjarstæði bústaður

"Á síðastliðinni öld fór land að blása upp hjá Króki. Árið 1869 byggði Vigfús Jónsson bæ uppi á Bjallanum ofan bæjarins [001] og nefndi Króksbjalla. Vigfús bjó þarna til 1894 með konu sinni Vilborgu Vigfúsdóttur. Þá var Króksbærinn fluttur upp á hæðina [003], enda þá kominn að því að fara í sand og túnið komið í flag." segir í Sunnlenskum byggðum. Nákvæm staðsetning Króksbjalla er óþekkt og engar tóftir fundust á svæðinu. Hugsanlegt er að þegar eða einhvern tíman eftir að Króksbærinn var fluttur ofar (003) hafi Króksbjalli 002 verið nýttur sem útihús og hafi staðið á sama stað og útihús 004 á túnakortinu um 60 m NNA við Krók 003 en engar heimildir hafa fundist um slíkt. Einnig er hugsanlegt að nafninu Króksbjalli hafi aðeins verið breytt í Krókur er bærinn var færður upp á Bjallann og þeir hafi í raun verið einn og sami bærinn. Nákvæm staðsetning óþekkt. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 363


RA-377:003 *Krókur* hús bústaður 63° 56.228N 20° 36.066V

"Á síðastliðinni öld fór land að blása upp hjá Króki. Árið 1869 byggði Vigfús Jónsson bæ uppi á Bjallanum ofan bæjarins [001] og nefndi Króksbjalla [002]. Vigfús bjó þarna til 1894 með konu sinni Vilborgu Vigfúsdóttur. Þá var Króksbærinn fluttur upp á hæðina [003], enda þá kominn að því að fara í sand og túnið komið í flag." segir í Sunnlenskum byggðum. Gamli bærinn á Króki er um 30 m norðaustan við nýjasta íbúðarhúsið sem byggt var 1979 - 1980. Vestan við húsið er malbikað plan, norðan við húsið er steinsteypt hesthús og súrheysturn, sunnan og austan við húsið er sléttað malarborið plan. Húsið og grunnur þess er steinsteypt, klætt með bárujárni og með burstapak úr viði og bárujárni. Litla sem enga uppsöfnun mannvistarlaga má greina á svæðinu. Suðausturendi hússins er fokinn og aðeins grunnur þess hluta hússins eftir. Ef einhvern tíman stóð torfbyggður bær á þessum stað er ólíklegt að

nokkur ummerki um hann finnst. Bærinn er um 20 x 8-11 m að stærð og snýr NNV-SSA.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 363



Næst yngsti bærinn á Króki RA-377:003, ljósmynd tekin í NNA

RA-377:004 heimild um útihús

63° 56.256N 20° 36.031V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 60 m NNA við gamla bæinn 003. Á þessu svæði er steinsteyptur húsgrunnur. Hefur allt svæðið í kring verið sléttað og er hálfgrert malarplan, hálfgróið grasi. Ekkert sést til fornleifa. Hugsanlegt er að þegar eða einhvern tíman eftir að Króksbærinn var fluttur ofar (003) hafi Króksbjalli 002 verið nýttur sem útihús og hafi staðið á sama stað og útihús 004 en engar heimildir hafa fundist um slíkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-377:005 heimild um útihús

63° 56.205N 20° 36.093V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 50 m suðvestan við gamla bæinn á Króki 003, um 2 m SSV við nýjasta íbúðarhúsið sem byggt var á árunum 1979-1980. Á þessu svæði er þýft grasigróið tún. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði en ekki er ólíklegt að einhverjar leifar þess finnst undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-377:006 heimild um ferju

63° 56.472N 20° 36.822V

"Krókur stendur vestur frá Herriðarhóli [RA-379:001] á allbreiðum tanga er gengur norður að Þjórsá. Þarna er forn ferjustaður á ánni." segir í Sunnlenskum byggðum. "Ferjutangi er spölkorn ofan við Djúpadal. Þar er hár klettur, sem skagar út í ána." segir í örnefnalýsingu. Í Sýslu- og sóknarlýsingar Rangárvallasýslu frá því um 1840 segir: "Fyrir rúmum 30 árum var ferja um tíma á Króki, en lagðist af, þegar báturinn fórst." Ferjutangi er nes út í Þjórsá um 900 m norðvestan við bæjartóft 001 og um 770 m norðvestan við gamla bæinn uppi á Bjallanum 003. Á þessu svæði er sendinn bakki Þjórsár og rofabörð ofan við árbakkann. Bakkinn er lágur og auðvelt að komast þarna á land. Engin mannvirki sjást þarna sem tengst

gætu gamla ferjustaðnum. Þetta svæði á það á hættu að fara undir vatn ef verður af byggingu Urriðafossvirkjunar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SB V, 363; Ö-Krókur, 2; SSR, 202

RA-377:007 heimild um mógrafir

Í Sunnlenskum byggðum segir að næg mótekja hafi verið á jörðinni. Nákvæm staðsetning óþekkt. Engin ummerki um mótekju fundust en nóg er af deigu mólendi á landareigninni sem hægt hefur verið að nýta á slíkan máta.

Heimildir: SB V, 363

RA-377:008 bæjarstæði býli

63° 56.091N 20° 36.107V

"Kotsklettur er í suður frá bænum. Þar var áður býli." segir í örnefnalýsingu. Býlið Kotsklettur hefur verið um 420 m suðvestan við elsta bæjarstæðið á Króki 001 og um 290 m SSV við það yngsta 003 austan við klettana. Á þessu svæði er sléttað tún í órækt og djúpur vegslóði sem liggur norður-suður meðfram klettunum. Ekkert sést til minja á yfirborði en ekki er ólíklegt að einhverjar leifar býlisins finnist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Krókur, 1

RA-377:009 Borgarholt þúst fjárskýli

63° 55.877N 20° 35.435V

"Þar austur af [Gjánni sem er austar og ofar en Stekkatún 010] og ofar eru Melar, en þá kemur Borgarholt. [...] Vestast í Borgarholti er Sauðhóll, en austan við það Galtarholt, en milli þeirra mýrarsund, Borgarholtssund. Vestan í því er hvilft, Borg [...]." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt lýsingunni hér að ofan er Borgarholt skýrt eftir hvilft sem kallast Borg en þó er einnig hringlaga þúst efst á holtinu vestanverðu sem hugsanlega gæti hafa verið fjárborg. Þústin er um 775 m sunnan við elsta bæjarstæði á Króki 001, um 830 m SSA við gamla bæinn uppi á Bjallanum 003 og um 450 m SSV við Réttarbakka 022. Þústin er í þýfðri hálfþurri mýri. Þústin er þýfður grasi- og mosagróinn, hringlaga hól. Hóllinn er um 14 x 12 m að stærð og 0,4 - 1,4 m á hæð. Lítil sem engin dæld er í hólnum og er toppur hans nokkurn veginn flatur fyrir utan nokkrar lágar þúfur sem hugsanlega mynda lítið hól um 3 x 3 m að stærð. Á suður-, suðaustur-, austur- og norðausturbrún hólsins er óljós hryggur sem gæti verið leifar garðlags. Hryggurinn er um 1 m á breidd og 0,2 - 0,6 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hringlaga lögunin gefur til kynna að hugsanlega hafi þarna verið fjárborg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krókur, 1



Hugsanlegt fjárskýli RA-377:009 á Borgarholti, ljósmynd tekin í NV

RA-377:010 *Stekkatún* örnefni stekkur 63° 56.053N 20° 35.806V

"Svartibakki var syðst við Fífublett, rofabakki, nú að mestu eyddur. Austan Fífubletts er Stekkatún." segir í örnefnalýsingu. Stekkatún er um 370 m SSV við elsta bæjarstæðið 001 á Króki og um 390 m SSA við gamla bæinn uppi á Bjallanum 003. Stekkatún er sléttað tún í órækt sem nú er smáþýft og rofið vegna hrossabeitar. Örnefnið Stekkatún gefur til kynna að einhvern tíman hafi verið stekkur á svæðinu en ekkert sést til fornleifa svo nákvæm staðsetning hans er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Krókur, 1

RA-377:011 *tóft* óþekkt 63° 56.332N 20° 36.070V

Bjarni F. Einarsson skráði tóft með óþekkt hlutverk um 230 m norðvestan við elsta bæjarstæðið á Króki 001 árið 2001. Skráningin var gerð vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Þessi tóft (nr. 25) er á svæði um 230 m norðvestan við elsta bæjarstæðið á Króki 001 og um 190 m norðan við það yngsta 003. Í skýrslu segir svo: "Í sunnanverðri brekku í móa." Lýsing Bjarna F. Einarssonar á tóftinni hljómar svo: "Ger[ð]i. 4 x 6 m (N - S). Veggir úr torfi, 0,3 - 1 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir. Rústin er talsvert eydd. Ekki sést hvar hlið hefur verið." Lítið annað er við þessa lýsingu að bæta annað en það að nákvæmt hlutverk tóftar óþekkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkunar 2001, viðauki

RA-377:012 *Siggutóft* heimild um óþekkt

"Norðvestur frá bænum er allstórt holt, Lambhagi, og Lambhagahóll hæst í holtinu. Sunnan til í Lambhaga er Siggutótt, en Byrgi [013], nú tættur, heitir utan í klettum norðan til í Lambhaganum." segir í örnefnalýsingu. Gengið var um allan Lambhagann en tóftin fannst ekki. Mikinn hluta af þessu svæði er búið að slétta í tún. Á þessu svæði er nú (2007) verið að gera vegi og reisa sumarhús. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks


Heimildir: Ö-Krókur, 2

RA-377:013 *Byrgi* tóft fjárskýli 63° 56.318N 20° 36.654V

"Norðvestur frá bænum er allstórt holt, Lambhagi, og Lambhagahóll hæst í holtinu. Sunnan til í Lambhaga er Siggutótt [012], en Byrgi, nú tættur, heitir utan í klettum norðan til í Lambhaganum." segir í örnefnalýsingu. Grjóthlaðið fjárskýli er um 670 m VNV við tóft 001 og um 500 m norðvestan við bæ 003. Fjárskýlið er á sléttum bakka undir klöpp í þýfðu graslendi. Skýlið er grjóthlaðið og eru veggir þess um 1 m á breidd og 0,3 - 0,4 m á hæð (1-3 umför). Skýlið er um 9 x 3 m að utanmáli og snýr norður-suður. Vesturveggur tóftar er klettaveggur, um 2 m á hæð. Um 1 m breiður inngangur er á norðurenda tóftar upp við klöppina. Lítið sem engar torfhleðslur eru í veggjum. Lítil grjóthlaðinn veggur, um 0,5 m á breidd, myndar lítið hól í suðurenda tóftar sem er um 2 x 1 m að innanmáli og snýr austur-vestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Krókur, 2



Fjárskýli RA-377:013, ljósmynd tekin í suður

RA-377:014 heimild um leið

63° 56.219N 20° 36.060V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 lá heimreið um 60 m í SSA frá bæ niður af Bjallanum út fyrir heimatúnið. Heimreiðin er ennþá á þessum stað en hún er malbikuð með grasigróna þýfða bakka. Ekkert sést til eldri heimreiðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-377:015 heimild um óþekkt

63°56.190N 20°36.079V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 hefur verið mannvirki um 80 m SSV við bæ 003 og um 230 m VSV við tóft 001. Á þessu svæði er grasigróin brekka utan í bæjarhólnum suðaustanverðum sem hallar um 30° til suðausturs. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði en hugsanlegt er að þarna hafi verið lítill kálgarður frekar en útihús vegna hallans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-377:016 heimild um kálgarð

63° 56.234N 20° 36.076V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast norðvestan við bæ 003. Á þessu svæði er grýtt malarplan innan hestagirðingar upp við hesthúsin. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920

RA-377:017 gerði óþekkt

63° 56.289N 20° 35.970V

Gerði er á suðausturbrún norðausturenda Bjallans um 140 m norðaustan við gamla bæ 003 og um 170 m norðaustan við íbúðarhús sem byggt var á árunum 1979 og 1980. Á svæðinu er smáþýft graslendi. Gerðið er mosagróið, um 10 x 8 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir þess eru 0,3 - 0,6 m á hæð og 0,6 - 0,8 m á breidd. Austurhorn gerðisins er mjög rofið. Um 1 m breitt op er á norðausturenda þess og um 0,5 m breytt op á suðvesturenda þess trúlega vegna rofs. Hugsanlegt er að girðing hafi staðið á veggjum gerðisins en engir viðarstaurar eru sjáanlegir. Nákvæmt hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt en hugsanlega er hér um að ræða gerði utan um kálgarð eða einhvers konar aðhald fyrir skepnur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Gerði RA-377:017 á suðausturbrún Bjallans, ljósmynd tekin í norðaustur

RA-377:018 tóft óþekkt

63° 56.389N 20° 36.797V

Bjarni F. Einarsson skráði nokkrar fornleifar í Króki árið 2001 vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Samkvæmt skýrslu er staðsetning tóftar 20 "Ca. 20 m frá hornstaur við tún og ca. 50 - 60 m SV af Þjórsá." Þessi tóft er um 820 m VNV við elsta bæjarstæði Króks 001 og um 180 m norðvestan við Byrgi 013. Í skýrslu segir svo: "Í holti" Lýsing Bjarna F. Einarssonar á tóftinni hljómar svo: "Rúst. 5,5 x 8 m (NA - SV). Veggir úr torfi (og grjóti?). 1,5 - 2 m breiðir og 0,4 - 0,6 m háir. Rústin er mjög þýfð. Dyr ekki sýnilegar, en gætu hafa verið til NA. Undir rústinni og í nánasta umhverfi hennar gætu leynst eldri rústir." Tóftin var ekki skráð við aðalskráningu 2007. Hugsanlega gæti hér verið um Siggutóft 012 að ræða en það er þó ólíklegt þar sem örnefnaskrá staðsetur hana í sunnanverðum Lambhaga á meðan þessi tóft er mjög norðarlega.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkunar 2001, viðauki

RA-377:019 tóft óþekkt

63° 56.313N 20° 35.964V

Tóft er um 180 m norðaustan við bæ 003 og um 210 m norðaustan við nýja íbúðarhúsið. Á þessu svæði er þýft graslandi undir Bjallanum norðaustanverðum. Tóftin er undir um 1,5 m háum klettavegg sem þjónar sem suðvesturveggur hennar. Tóftin er einföld, um 8 x 6 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Torfhlaðnir veggir hennar eru mjög signir, 1 - 2 m á breidd og 0,4 - 1 m á hæð. Um 1 m breiður inngangur er á norðausturhlíð hennar. Tóftin hefur trúlega þjónað sem einhvers konar aðhald fyrir búpening.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Tóft RA-377:019, hlutverk óþekkt, ljósmynd tekin í VNV

RA-377:020 tóft óþekkt

63° 56.341N 20° 36.053V

Tóft er um 210 m NNA við bæ 003 og um 120 m norðan við gerði 017 á Bjallanum. Á svæðinu er þýfður grasi- og mosagróinn mói. Tóftin er einföld og torfhlaðin en mjög óljós. Aðeins SSA- og ANA-hliðar hennar eru greinilegar vegna rofs. Tóftin snýr NNV-SSA og eru veggir hennar 1 - 1,5 m á breidd og 0,4 - 1 m á hæð. Eru þeir mjög signir og frekar rofnir þótt þeir séu grónir. Utanmál tóftar er um 7 x 5 m en óljóst er hvar inngangur hennar hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft RA-377:020, hlutverk óþekkt, ljósmynd tekin í SA

RA-377:021 garðlag óþekkt

63° 56.133N 20° 35.648V

Garðlag er um 300 m sunnan við bæjarstæði 001 og um 400 m SSA við bæjarhús 003. Garðlagið liggur um mýrlendi sem í er mikið af djúpum niðurgröfnum lækjarfarvegum. Garðlagið er torfhlaðið, 0,4 - 1 m á breidd, 0,2 - 0,8 m á hæð og 90 m á lengd. Það liggur ANA-VSV um 60 m áður en það beygir í SSA og heldur áfram um 30 m áður en það hverfur í mýri. Hugsanlega hefur þetta garðlag verið hlaðið undir girðingu en engar leifar af girðingu eru sjáanlegar á svæðinu.




Garðlag RA-377:021, horft til norðurs

RA-377:022 Réttarbakki tóft rétt

63° 56.111N 20° 35.327V

Rétt er á Réttarbakka um 640 m suðaustan við bæ 003 og um 500 m suðaustan við tóft 001. Örnefnið Réttarbakki er skráð á kort af jörðinni sett var saman af fyrrverandi ábúendum og öðrum sem þekkja til svæðisins. Réttin er utan í þýfðri grasigróinni norðvesturhlíð Borgarholts. Réttin snýr norðvestur-suðaustur, hún er einföld og 9-10 x 9 m að utanmáli. Innanmál hennar er um 7 x 5 m. Um 1 m breiður inngangur er á norðvesturhlíð hennar en suðausturveggur hennar er grafinn inn í norðvesturhlíð Borgarholts. Veggir réttarinnar eru 2 - 3 m á þykkt og 1 - 1,2 m á hæð og eru hlaðnir úr torfi og grjóti (4-6 umför). Hér og þar hefur hrunið úr veggjum hennar grjót en að mestu leiti eru veggirnir uppistandandi. Þessi rétt hefur trúlega aðeins verið fyrir heimilið á Króki.

Hættumat: engin hætta

Rétt RA-377:022 utan í norðvesturhlíð Borgarholts, ljósmynd tekin í norðvestur

RA-377:023 garðlag vörslugarður
Torfhlaðið garðlag kemur í ljós um 370 m SSA við og endar um 1,1 km suðvestan við bæ 003. Garðlagið liggur um þýft mosa- og grasigróið tún í órækt, þýft graslendi og fast austan við sléttuð tún í Lambhaga. Garðlagið er torfhlaðið, um 920 m á lengd, 0,5 - 1,5 m á breidd og 0,4 - 1,4 m á hæð. Byrjar í Stekkatúni og er það þar mjög rofið vegna hrossabeitar og mosagróið. Vestsuðvestan við malarveg upp að Króki verður það greinilegra og grasigróið. Hér og þar eru skörð í garðlagið vegna skurða og vegslóða. Garðlagið hverfur svo um 30 m SSA við bakka Þórsár í þýfðu graslendi. Garðurinn gæti hugsanlega hafa verið byggður til varnar búpeningi utan um heimaland Króks.

63° 56.095N 20° 35.731V



Garðlag RA-377:023, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-377:024 tóft beitarhús

63° 55.476N 20° 35.399V

Beitarhúsatóft er um 1,5 km sunnan við bæ 003 og um 450 m NNA við beitarhúsatóftir RA-370:029 í landi Hárlaugsstaða. Tóftin er á VNV-brún Galtarholts í þýfðum grasigrónum móa. Tóftin er líklega tvískipt en mögulegt er að hún hafi verið þrískipt. Tóftin er um 11 x 10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Inngangur var á NNV-enda tóftarinnar (hólfs A) 2 - 3 m frá norðurbrún Galtarholts. Inngangurinn er nú samfallinn en hefur trúlega verið um 1 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru um 1,5 m á breidd og 1,2 - 1,4 m á hæð (4-8 umför). Gripahúsið sjálft (A) er um 6 x 2,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hlaðan (hólf B) er SSA við gripahúsið og er hún 3 x 2 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Trúlega hefur verið viðarþil milli hlöðu og gripahúss en engar leifar af því eru uppistandandi. Mest er hrúnið úr veggjum hlöðu en hún virðist hafa verið grafin dýpra niður en fjárhúsið. Hugsanlega hefur verið lítið hólf (C) fast VSV við aðal tóftina (A). Það hefur verið 4 x 3 m að innanmáli og snúið NNV-SSA en hleðslur þess eru mjög signar og ógreinilegar. Veggir þess eru 1 - 1,5 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Einnig eru hugsanlegar garðahleðslur í hólfinu miðju en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hólfið gæti hugsanlega hafa verið hrútakofi. Öll hólfin eru mjög þýfð að innan.

Hættumat: engin hætta




Beitarhús RA-377:024 á VNV brún Galtarholts, ljósmynd tekin í NNV

RA-377:025 tóft beitarhús

63° 55.380N 20° 35.686V

Beitarhúsatóft er um 1,6 km sunnan við bæjarstæði 001 og um 300 m VSV við beitarhús 024. Tóftin er í þýfðum grasi- og mosagrónum móa. Tóftin er einföld, um 16 x 7 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur í tóftina hefur verið á norðvesturhlið en sú hlið er algjörlega rofin í burtu þar sem stórt rofabarð er fast norðvestan við tóftina. Innanmál hennar er 12 x 3 m að stærð. Tóftin er grasigróin og þýfð en hvergi sést í grjóthleðslur. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og 0,6 - 1 m á hæð en ytri hlið þeirra er mun óskýrari en sú innri. Mjög líklegt er að tóft 025 sé mun eldri en tóft 024 en mjög líklega hefur tóftin einnig verið beitarhús.

Hættumat: hætta, vegna rofs*Beitarhús RA-377:025, ljósmynd tekin í SSV***RA-377:026** gata leið

63° 55.472N 20° 35.389V

Götur liggja á milli beitarhúsatófta 024 og 025 og beitarhúsatófta RA-370:029 og RA-370:030 í landi Hárlausstaða um 1,5 m SSA við bæjarstæði 001. Göturnar liggja í bugðum og beygjum um grasi- og mosagróna þýfða móa. Göturnar eru 0,4 - 0,8 m á breidd, 0,4 - 1 m á dýpt og a.m.k. 500 - 800 m á lengd. Þær hafa ekki verið notaðar lengi þar sem víðir og lyng er búið að fylla upp í þær hér og þar, en sum staðar er botn þeirra rofinn og hliðar þeirra mosagrónar. Hugsanlega eru þetta aðeins kinda og hrossagötur en líkleggra er að þær hafi einnig verið notaðar af bændunum sem nýttu beitarhúsin.

Hættumat: engin hætta*Leið RA-377:026, horft í NNA*